allt

ÞÓRUNN SÆMUNDSDÓTTIR

*Hannar og selur handverk*

bílar ferðir jólin koma

Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁSGEIR KOLBEINSSON

*Hættur sem dagskrárstjóri FM957*

Vill komast í nýtt starfsumhverfi

FÓLK 50









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. desember 2005 — 331. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Hverjir verða hvað?



Krónprinsar og krónprinsessur kynnt til sögunnar. Mun einhver geta toppað Völu Matt?

FÓLK 36

### Svarið skiptir máli

Jón Ormur Halldórsson veltir því fyrir sér hvort það skipti máli að Íslendingar hafi atkvæðisrétt í alþjóðamálum í ljósi þess sem á undan er gengið.

Í DAG 26



### Siglir um fjarlæg höf

Ólafur Kristjánsson Bolvíkingur heldur upp á sjötugsafmælið sitt fjarri heimahögunum.

TÍMAMÓT 28

### Tveggja leikja bann



Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Hauka í körfuknattleik, fékk tveggja leikja bann fyrir stólakastið í Grindavík. Ágúst segir bannið sanngjarnt en þjálfari Grindavíkur er ekki á sama máli.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI FYRIR NORÐAN** en fremur kalt. Skýjað og dálítil væta með austur- og suðausturströndinni, annars úrkomulítið lengst af. Hiti yfirleitt 2-6 stig en kaldara fyrir norðan.

VEÐUR 4

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# Brotist inn í heimabanka og milljónir millifærðar

**Ungur karlmaður er í gæsluvarðhaldi, grunaður um þjófnað úr heimabönkum. Fjögur slík mál eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni í Reykjavík. Það stærsta kom upp í lok sumars, en þá var yfir einni og hálfri milljón króna stolið úr heimabanka. Fólk er hvatt til að fylgjast vel með hreyfingum á reikningum sínum.**

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu og fimm ára karlmaður situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að þjófnaði úr heimabönkum.

Maðurinn var handtekinn í fyrrakvöld og í gærmorgun var hann úrskurðaður af Héraðsdómi Reykjavíkur í gæsluvarðhald í eina viku. Hann virðist tengjast fleiri en einu þjófnaðarmáli úr heimabönkum, því inn á reikninga á hans vegum hafa farið, með millifærslum úr tölvu, talsverðar upphæðir af reikningum annars fólks.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru fjögur einstök þjófnaðarmál úr heimabönkum til rannsóknar hjá lögreglunni í Reykjavík. Hið fyrsta kom upp í lok sumars en það nýjasta í vikunni sem leið. Þær fjárhæðir sem stolið hefur verið af reikningum nema frá 100 þúsund krónum og upp í rúmlega 1,5 milljónir króna.

Í síðustu viku varð ungur maður þess var að 100 þúsund krónur voru horfnar af debetreikningi hans. Hann gerði forráðamönnum bankans viðvart og þeir leituðu til lögreglu, sem þegar hafði fyrri mál til rannsóknar.

Þjófarnir hafa ekki ráðist á tölvukerfi bankanna heldur á einkatölvur fólks og þannig náð út peningum. Lélegar eða engar vírusvarnir eða eldveggir í tölvum auðvelda mönnum slík afbrot. Það getur meðal annars stafað af því að tölvunotendur hafi farið inn á sýktar heimasíður. Einnig getur verið um svokallaðan „trójuhest“ að ræða sem berst í formi tölvupósts og inniheldur viðhengi með vírusum sem reyna að slökkva bæði á veiruvörnum og eldveggjum. Tölvunotendur geta látið fagmenn ganga úr skugga um að öryggisatriði búnaðar þeirra séu í lagi.

Notendur heimabanka geta fylgst grannt með öllum hreyfingum á reikningum sínum með því að fá sendan tölvupóst í hvert sinn sem úttekt er gerð af debetreikningi. Einnig geta þeir fengið yfirlit yfir færslur á kreditkortareikning í lok hvers dags með sama hætti.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, staðfesti að maður sæti í gæsluvarðhaldi af þessum sökum og að rannsókn stæði yfir. Hann kvaðst ekki vilja tjá sig efnislega um rannsóknina meðan hún stæði yfir.

jss@frettabladid.is



**HÉRAÐSDÓMUR PLÁSTRAÐUR** Hópur fólks límdi plástra á húsnæði héraðsdómstóla víðs vegar um landið í gær í þeim tilgangi að vekja athygli á vanheilsu réttarkerfisins. Aðstandendur sextán daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi stóðu að plástruninni. „Þetta var hvergi mjög fjölmennt en alls staðar mjög táknrænt,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf. Átakið er alþjóðlegt og stendur til 10. desember en þá er alþjóðlegur mannréttindadagur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dóni á ferð í Fossvogi:

## Berar sig við börn að leik

**LÖGREGLA** Lögreglunni í Reykjavík barst í fyrrakvöld tilkynning um mann sem beraði sig fyrir fram stúlkur sem spiluðu fótbolta við Grímsbæ í Fossvoginum.

Sjö stúlkur voru við fótboltaiðkun um kvöldmatarleytið þegar þær urðu mannsins varar og tóku samstundis til fótanna. Létu þær foreldra vita, sem kölluðu til lögreglu. Maðurinn var á bak og burt þegar laganna verðir komu á staðinn.

Lögregla hefur ekki haft hendur í hári mannsins en eina lýsingin sem hún hefur á að byggja er að hann var dökkklæddur. Lögreglan segir talsvert vera um að tilkynningar af þessu tagi berist en örðugt sé að finna sökudólgana vegna þess að seint er hringt eða þá að lýsingar séu af skornum skammti. - saj

Condoleezza Rice hitti Angelu Merkel Þýskalandskanslara í gær:

# Leynifangelsum lokað í skyndi

**LEYNIFANGELSI** Condoleezza Rice hóf för sína til fjögurra Evrópulanda í Berlín í gær þar sem hún átti viðræður við Angelu Merkel kanslara. Rice hét því á fundinum að Bandaríkjastjórn myndi bæta úr þeim mistökum sem henni hefði orðið á í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

ABC-sjónvarpsstöðin hermir að bandaríska leyniþjónustan CIA hafi látið loka tveimur leynifangelsum sínum í Austur-Evrópu eftir að ríkisstjórnir í Evrópu kröfðust skýringa á málinu. Ellefu grunaðir al-Kaídaliðar eru sagðir hafa verið fluttir í stöðvar CIA í Norður-Afríku.

Merkel lýsti sig ánægða með þau svör sem Rice hefði gefið sér á fundi þeirra í gær. Rice ítrekaði þar þá yfirlýsingu sem hún gaf í ávarpi á mánudag um að Bandaríkjamenn stunduðu ekki pyntingar á föngum en viðurkenndi þó að mistök ættu sér stað. Þessi orð hennar voru einkum túlkuð sem viðurkenning á því að CIA hefði orðið á mistök er útsendarar hennar rændu þýskum ríkisborgara fyrir tveimur árum og fluttu með leynd til Afganistans. Þegar þeim varð ljóst að þeir hefðu farið mannavillt var honum skilað til Þýskalands svo lítið bar á.

Geir Haarde utanríkisráðherra segir skýringar Rice um fangaflugsmál fullnægjandi en því er stjórnarandstaðan ósammála. „Þegar menn sjá þann feluleik sem er í kringum þetta mál er augljóst að þarna er óhreint mjöl í pokahorninu. Íslensk stjórnvöld geta ekki skýlt sér á bak við það að fá eða fá ekki upplýsingar frá Bandaríkjamönnum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Sjá síður 6, 22 og 22.





JÓLALEST COCA-COLA KEMUR EFTIR

3

DAGA



## SPURNING DAGSINS

*Ágúst, er ekki hægt að stóla á dómarana?*

„Það er nú yfirleitt hægt að stóla á þá en þeir eru samt jafn misjafnir og þeir eru margir.“

Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Hauka í körfuknattleik, þrumaði stól sínum inn á leikvöllinn í hita leiksins um helgina þegar honum var vísað úr húsi. Haukastúlkur unnu sigur.

Aðflug fyrir þyrlur Landhelgisgæslunnar skerðist ef Reykjavíkurflugvöllur flyst:

# Þarf að skríða til Reykjavíkur

**VATNSMÝRIN** „Ef flugvöllurinn fer og þá allur aðflugsbúnaður með er væntanlega ekkert annað að gera en að fljúga aðflugið til Keflavíkur og skríða svo til Reykjavíkur í sjónflugi,“ segir Jón K. Björnsson, flugrekstrarstjóri hjá Þyrluþjónustunni í Reykjavík. Þessi ráðstöfun gæti lengt flugtíma með sjúkling talsvert þar sem sjónflug milli Keflavíkur og Reykjavíkur í slæmum skilyrðum gengur ekki hratt fyrir sig.

Ein lausn á þessum vanda er að setja upp sérstakan aðflugsbúnað í Reykjavík sem eingöngu sinnti þyrlum Landhelgisgæslunnar. „Þetta er ákaflega kostnaðarsamur búnaður, bæði í kaupum og rekstri, sérstaklega þegar verið er að tala um græjur sem sinna Landhelgisgæslunni einvörðungu,“ bætir Jón við.



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Áhyggjur af aðflugi fyrir þyrlur Landhelgisgæslunnar hafa komið upp í umræðum um framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni.

Arngrímur Jóhannsson, flugstjóri og einn eigenda Avion Group, hefur upp á síðkastið ferðast um Norður- og Austurland og kynnt fyrir fólki þær spurningar sem hann telur að þurfi að leita svara við áður en lagt er á ráðin um flutning vallarins. Aðkoma þyrlu í blindflugi er eitt þeirra atriða sem Arngrímur telur að brýnt sé að fólk kynni sér, sérstaklega ef til þess kemur að kosið verði um framtíð flugvallarins. - saj

Íbúðarhús brann á Ísafirði:

# Lést í eldsvoða

**SLYSFARIR** Maðurinn sem lést í eldsvoða í íbúð að Aðalstræti 25 á Ísafirði síðdegis á mánudag hét Magni Viðar Torfason. Hann var 53 ára gamall og lætur eftir sig sambýliskonu og tvö börn, ellefu og þrettán ára.

Eldsupptök eru enn ókunn. Lögreglan á Ísafirði hefur fengið aðstoð frá tæknideild lögreglunnar í Reykjavík við vettvangsrannsókn, en að henni stendur einn rannsóknarlögreglumaður frá Ísafirði og tveir úr Reykjavík.

Magni Viðar átti heima í íbúðinni, en reykkafarar komu að honum látnum þar inni. Lögreglan á Ísafirði segist munu senda frá sér fréttatilkynningu þegar málsatvik skýrist frekar. - óká

Tvítug stúlka úr Reykjavík:

# Stal fyrir tæpa hálfa milljón

**DÓMSMÁL** Tvítugri stúlku var ekki veitt sérstök refsing fyrir innbrot sem hún framdi í Garðabæ í sumar, en kveðinn var upp yfir henni dómur í Héraðsdómi Reykjaness í byrjun vikunnar.

Stúlkan játaði en brotið þótti ekki þess eðlis að leitt hefði til þyngingar á þremur öðrum dómum sem kveðnir voru upp yfir henni í millitíðinni fyrir fleiri þjófnaði. Um miðjan október var hún síðast dæmd í þriggja mánaða fangelsi.

Í Garðabænum spennti stúlkan upp svalahurð og stal úr íbúð Playstation-leikjatölvu, geisladiskum, úri, skartgripum og seðlaveski. Saman voru þessir hlutir metnir á tæpa hálfa milljón króna. - óká

## LÖGREGLA

**Enn á gjörgæslu** Annar drengjanna tveggja sem brenndust illa þegar þeir voru fikta við eldfiman vökva í Grafarvogi fyrir um tveimur vikum liggur enn á gjörgæsludeild Landspítalans. Ástand drengsins er stöðugt en ekki liggur fyrir að svo stöddu hvenær hann verður fluttur á almenna deild.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.



**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON** Framkvæmdastjóri Samiðnar segir að starfsfólk í Eystrasaltslöndunum verði aðstoðað við að ná kjarasamningum við íslenska vinnuveitendur.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Rafiðnaðarsambandið tekur þátt í samstarfinu við Samiðn og Starfsgreinasambandið. Guðmundur Gunnarsson er formaður þess.



**SKÚLI THORODDSEN** Starfsgreinasambandið hefur starfsfólk í matvælafyrirtækjum innan sinna vébanda. Skúli Thoroddsen er framkvæmdastjóri þess.

# Gera ekki samninga í Eystrasaltsríkjum

**Rúmlega tíu prósent af starfsfólki íslenskra fyrirtækja í Eystrasaltslöndunum eru í stéttarfélögum og þá helst starfsmenn matvælafyrirtækja. Kjarasamningar eru fátíðir. Forystumenn þriggja landssambanda hittast í dag til að ákveða aðgerðir.**

**VINNUMARKAÐUR** Rúmlega 360 starfsmenn af þeim tæplega 2.000 starfsmönnum hjá íslensku fyrirtækjunum í Eystrasaltsríkjunum eru í stéttarfélögum. Langflestir þeirra starfa hjá matvælafyrirtækjum, 346 talsins. Nánast óþekkt er að starfsmenn hjá lyfjafyrirtækjum, textílfyrirtækjum eða í byggingageiranum séu í stéttarfélögum.

Íslensku fyrirtækin eru tólf og þau hafa fyrst og fremst starfsemi í Litháen. Fyrirtækin eru timburfyrirtækin Natural, Byko Lat og CED, textílfélögin 66 gráður norður og Hampiðjan, svo er Polyhudun, matvælafyrirtækin Baltic Seafood, EuroFood, Gutta, Leima, Staburadze og lyfjafyrirtækið Ilsanta. Langstærsti vinnuveitandinn er Norvik, sem á bæði Byko Lat og CED. Þessi fyrirtæki hafa samtals ríflega fjórðung allra starfsmannanna, rúmlega 500. Starfsmenn þeirra eru ekki í stéttarfélögum.

Fyrirtækið Leima, sem er matvælafyrirtæki í eigu Nordic Group, er mjög stórt, með 407 manns í vinnu. Rúmur helmingur starfsmanna þess er í stéttarfélögum. 279 starfa hjá matvælafyrirtækinu Leima, en helmingur starfsmanna þess er í stéttarfélögum.

„Við ætlum að aðstoða verkalýðsfélögin við að koma á kjarasamningum við fyrirtækin en megnið af starfsfólkinu er ekki í verkalýðsfélagi og minnihluti fyrirtækjanna hefur gert kjarasamning við sitt fólk. Þetta er hugsað sem langtímaverkefni og við ætlum að nálgast það á jákvæðum forsendum, fara fram á það við íslensku fyrirtækin að þau geri samning við sitt starfsfólk og taki þátt í að byggja þetta upp,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar.

Samiðn, Rafiðnaðarsambandið og Starfsgreinasambandið standa að þessu verki. Félögin ætla að óska eftir viðræðum við íslensku fyrirtækin eftir áramót, kynna þeim átakið og óska eftir samstarfi. Síðan verður komið upp tenglum við verkalýðsfélög í baltnesku löndunum. Um langtímaverkefni er að ræða. ghs@frettabladid.is

Reyndi að myrða son sinn:

# Setti svefnlyf í bananatertu

**DANMÖRK** Tæplega fertug kona í Óðinsvéum hefur verið handtekin fyrir tilraun til manndráps en hún stakk 16 ára son sinn með hníf í brjóstið.

Konan hefur ítrekað reynt að myrða son sinn, meðal annars hefur hún sett svefnlyf í bananatertu og pottrétt. Ætlan hennar var að kæfa soninn með kodda þegar hann væri sofnaður. Syninum fannst bragðið skrítið og mistókust því tilraunirnar. Konan er vistuð á réttargeðdeild. ■



**HARMUR** Ættingjar árásarmannsins Lofti Abu Saada voru að vonum harmi slegnir þegar þeir fréttu hvað hann hefði gert. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hefndaraðgerðir hafnar:

# Vesturbakka og Gaza lokað

**JERÚSALEM, AP** Ísraelsk yfirvöld höfu í gær refsiaðgerðir gegn Palestínumönnum fyrir sjálfsmorðsárás samtakanna Heilagt stríð í bænum Netanya í fyrradag sem kostaði fimm mannslíf.

Vesturbakkanum og Gazasvæðið voru lokuð af og fimmtán herskáir Palestínumenn voru teknir höndum. Ísraelskir embættismenn segja líklegt að á næstunni verði liðsmenn Heilags stríðs ráðnir af dögum þar sem til þeirra næst. Ísraelska lögreglan sætir gagnrýni fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir árásina á mánudaginn en lögreglumenn voru á staðnum en hikuðu við að skjóta árásarmanninn. ■






Brotið á erlendum starfsmönnum Norðlenska á Húsavík:

# Fengu lægri laun en lofað var

**STARFSMANNALEIGUR** Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir að brotið hafi verið á réttindum átta erlendra starfsmanna Norðlenska á Húsavík og þeir fengið töluvert lægri laun en þeim hafði verið lofað. „Mennirnir komu til Húsavíkur fyrir milligöngu breskrar starfsmannaleigu og unnu við haustslátrun hjá Norðlenska en eru nú farnir af landi brott. Norðlenska hefur sýnt málinu skilning og er fyrirtækið nú að þrýsta á um að við fáum öll nauðsynleg gögn frá starfsmannaleigunni en við munum fylgja þessu máli eftir og sjá til þess að mennirnir fái sín laun,“ segir Aðalsteinn.



**AÐALSTEINN Á. BALDURSSON** Verkalýðsfélag Húsavíkur ætlar að sjá til þess að átta erlendir starfsmenn Norðlenska fái umsamin laun þó þeir séu farnir af landi brott.

Verkalýðsfélag Húsavíkur, og önnur stéttarfélög í Þingeyjarsýslum, hafa varað atvinnurekendur fyrir norðan við að ráða starfsmenn í gegnum starfsmannaleigur nema tryggt sé að kjarasamningar og lög á Íslandi séu virt. „Stéttarfélögin munu taka fast á svona málum sem miða að því að brjóta niður kjarasamningsbundin réttindi en starfsmannaleigur eru almennt á landsvísu að þverbrjóta íslenska kjarasamninga og aðbúnað um hollustuhætti,“ segir Aðalsteinn. - kk

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is




„Unnendur glæpasagna verða ekki sviknir af nornatíma Árna … **kom þessi saga skemmtilega á óvart … eiginlega skelfilega á óvart svo ekki sé meira sagt.**“

Sigríður Albertsdóttir / DV

# ERLENDIR ÚTGEFENDUR SLÁST UM TÍMA NORNARINNAR

**Þegar hefur verið samið um útgáfu í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.**

Samningar við útgefendur víða um heim í deiglunni.

„**Meiriháttar lesning …** gat hreinlega ekki slitið mig frá henni.“

Stefán Þór Sæmundsson / hexia.net

„Tími nornarinnar er fín glæpasaga … **ætti að senda kaldan hroll niður eftir baki einhverra lesenda.**“

Guðrún Lára Pétursdóttir / KISTAN.IS

**„Hörkufín glæpasaga með öllu sem til þarf.“**

Ingvi Þór Kormáksson / BOKMENNTIR.IS

**„Glæsilega fléttuð bók.“**

Jakob Bjarnar / DV

**„Spennandi og trúverðug.“**

Páll Ásgeir Ásgeirsson / RÁS 2

„Góður húmor … **vel skrifuð bók … góður höfundur.**“

Ingo / BLAÐIÐ



## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 6.12.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,42 | 64,72 |
| Sterlingspund | GBP | 111,63 | 112,17 |
| Evra | EUR | 75,77 | 76,19 |
| Dönsk króna | DKK | 10,167 | 10,227 |
| Norsk króna | NOK | 9,611 | 9,667 |
| Sænsk króna | SEK | 8,067 | 8,115 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5313 | 0,5345 |
| SDR | XDR | 91,56 | 92,1 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**107,0113**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Harðar deilur um fjárhagsáætlun Evrópusambandsins:

# Tillögu Breta illa tekið

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Það hitnaði í kolunum í fjárlagadeilu Evrópusambandsins er breska stjórnin, sem fer nú með formennskuna í sambandinu, lagði fram tillögu sína að fjárhagsáætlun þess fyrir tímabilið 2007-2013. Samkvæmt tillögunni á að skera útgjöld úr sameiginlegum sjóðum sambandsins niður um 24 milljarða evra, andvirði um 1.800 milljarða króna. Með því myndu einnig styrkir til nýjustu og fátækustu aðildarríkjanna minnka umtalsvert.

Í því skyni að afla fylgis við tillöguna bjóðast Bretar til að allstór hluti falli niður af umdeildum endurgreiðslum sem þeir fá úr sjóðum ESB samkvæmt samkomulagi sem Margaret Thatcher gerði árið 1984.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, var fljótur að dæma tillöguna ónothæfa. Neikvæð viðbrögð við tillögunni komu líka frá ráðamönnum í Póllandi og fleiri nýju aðildarríkjunum, auk ríkisstjórnar Frakklands og fleiri eldri aðildarríkjanna. Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði í gær að samkvæmt tillögunni ætti að taka fé frá hinum fátækustu og færa þeim ríkustu.

Til stendur að gert verði út um deiluna á leiðtogafundi ESB í lok næstu viku. **- aa**



**VILJA SKERA NIÐUR** Tony Blair og Gordon Brown vilja skera niður útgjöld ESB en tillagan hefur hlotið kaldar móttökur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brutu fiskveiðilöggjöfina:

# Þurfa að borga tæpa milljón

**DÓMSMÁL** Skipstjóri á Suðurnesjum og starfsmaður útvegsfyrirtækis hafa verið dæmdir til að greiða 400.000 krónur hvor um sig fyrir fiskveiðibrot.

Skipstjórinn lét hjá líða að færa í afladagbók afla úr veiðiferð sem farin var í byrjun maí frá Grindavík og passaði ekki upp á að 431 kíló af löngu yrði viktað með öðrum afla á hafnarvikt. Starfsmaður fyrirtækisins sá um að viktaður yrði þorskur sem veiddist en kar með löngunni var sett beint á bíl og ofan á það var sett annað með ónýtum netum. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu urðu vitni að svindlinu og kölluðu til lögreglu. **- óká**



**SVERRIR MAGNÚS** Tilkynnt var á mánudag að prinsinn, sem fæddist á laugardag, fengi nafnið Sverrir Magnús. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýi norski prinsinn:

# Ekki konungleg hátign

**NOREGUR** Nýfæddur sonur norska krónprinsins Hákons og Mette-Marit prinsessu hefur fengið nafnið Sverre Magnus eða Sverrir Magnús upp á íslensku. Hann fær hins vegar ekki titilinn hans konunglega hátign, að því er greint var frá í norskum fjölmiðlum.

Að sögn norska blaðsins Verdens Gang var það ákvörðun Haraldar konungs að prinsinum unga yrði gefinn kostur á að velja sér sína braut í lífinu sjálfur, en í ríkiserfðaröðinni kemur hann næstur á eftir föður sínum og eldri systur, Ingiríði Alexöndru. **- aa**

Íbúasamtök Grafarvogs:

# Horfið verði frá skilyrðum

**SKIPULAGSMÁL** Íbúasamtök Grafarvogs fara þess á leit við þingmenn Reykjavíkur og samgönguráðherra að engin skilyrði verði um hvar fyrirhuguð Sundabraut skuli liggja í lögum um meðferð söluandvirðis Símans. Til stendur að skilyrða ráðstöfun peninganna við svonefnda innri leið en það hugnast Grafarvogsbúum illa. Telja þeir ekki viðunandi að hendur skipulags- og framkvæmdaaðila verði bundnar með slíkum hætti.

Þá er þess óskað í bréfi Íbúasamtakanna til þingmanna að virkt samráð við fulltrúa íbúa verði skilyrt í lögunum. **- bþs**



**ÖNGÞVEITI** Nokkur múgæsing greip um sig við slysstaðinn en lögregla reyndi að koma í veg fyrir að fólkið kæmi of nálægt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Á annað hundrað létust

**Í það minnsta 128 manns biðu í gær bana í flugslysi í Teheran í Íran. Talið er að vélarbilun hafi valdið því að herflugvél rakst utan í fjölbýlishús og hrapaði til jarðar. Mikið öngþveiti skapaðist á slysstaðnum.**

**TEHERAN, AP** Talið er að nærfellt 130 manns hafi beðið bana í gær og níutíu slasast þegar herflugvél hrapaði á íbúðarhverfi í Teheran, höfuðborg Írans. Vélarbilun er sögð skýringin á slysinu.

Auk tíu manna áhafnar voru 84 blaða- og fréttamenn um borð í C-130 herflugvélinni sem var á leið til borgarinnar Bandar Abbas í suðurhluta landsins. Fljótlega eftir flugtak frá flugvellinum í Teheran virðist bilun hafa komið upp í hreyflum vélarinnar og því hrapaði hún. Áður en hún féll til jarðar rakst annar vængurinn utan í tíu hæða fjölbýlishús. Enginn sem var um borð í vélinni komst lífs af, 34 á jörðu niðri létust og níutíu slösuðust.

Lögregla og slökkvilið komu fljótt á vettvang og gekk slökkvistarf ágætlega. Þúsundir manna söfnuðust auk þess saman á vettvangi og kom til uppþota og öngþveitis af þeim sökum. Margir viðstaddra óttuðust um ástvini sína á slysstað og varð lögregla að varna þeim vegarins sem reyndu að komast að byggingunni.

„Þetta var eins og jarðskjálfti," sagði Reza Sadeqi, kaupmaður í nágrenninu sem sá vélina hrapa. „Ég fann hitann af eldinum sem kviknaði í kjölfar slyssins. Þetta var eins og helvíti."

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, var í Sádi-Arabíu í gær en hann sendi samúðarkveðjur sínar og fullvissaði þá sem slösuðust um að um þá yrði séð.

Bandarísku Lockheed-verksmiðjurnar framleiða C-130 flugvélarnar og því telja menn að vélin hafi verið frá því fyrir klerkabyltinguna 1979 þar sem grunnt hefur verið á því góða á milli Írana og Bandaríkjamanna síðan þá.

sveinng@frettabladid.is



**BYGGINGIN BRENNUR** Þótt slökkvistarf hafi gengið vel rauk lengi úr fjölbýlishúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


„... leiftrandi og heillandi"




*„... er opinská, leiftrandi og heillandi ... Hér er vissulega um eigulega bók að ræða, ekki aðeins fyrir aðdáendur Lennons, heldur alla þá sem ... láta sig sögu dægurtónlistar einhverju varða."*

Sveinn Guðjónsson, Mbl.

**Frábær bók sem varpar nýju ljósi á eina helstu rokkstjörnu 20. aldar.**

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KRAFTUR Í ÞESSU**

Lægðin sem sendir til okkar hlýindin er að gera sig klára fyrir nokkur átök. Í dag verður mjög hvasst með suðurströndinni og suðvestan til en á morgun verður vindstrengurinn öllu meiri og þá víðar á landinu. Samfara því gengur vatnsveður yfir landið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Suðaustan strekkingur. Skýjað og úrkomulítið í dag en fer að rigna í kvöld. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvassviðri sunnan og vestan til, annars strekkingur.

*» föstudagur*




Yfirleitt nokkur vindur á landinu.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C heiðskírt | París | 9°C heiðskírt | Alicante | 17°C heiðskírt |
| Osló | 2°C heiðskírt | Berlín | 6°C heiðskírt | Mílano | 7°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C heiðskírt | Frankfurt | 7°C skúrir | New York | 2°C léttskýjað |
| Helsinki | 2°C heiðskírt | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 15 °C skúrir |
| London | 8°C heiðskírt | Barcelona | 12°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 21°C skúrir |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30214 11/2005

## ... en hér á Íslandi er vetur.

Þess vegna **fylgja vetrardekk á felgum** öllum seldum Corolla og Avensis fram til áramóta.



**Avensis**
**Verð frá 2.240.000 kr.**



**Corolla**
**Verð frá 1.685.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>KÓPAVOGUR<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu áhyggjur af kólnandi veðri vegna breytinga á Golfstraumnum?*

| | |
|---|---|
| Já | 57% |
| Nei | 43% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telurðu að utanríkisráðherra Bandaríkjanna hafi gefið fullnægjandi skýringar á meintu fangaflugi?*

43 féllu í sjálfsmorðsárás á meðan réttarhöldin í Bagdad héldu áfram:

# Skelfilegum pyntingum lýst

**BAGDAD, AP** Í það minnsta 43 létu lífið og 73 særðust þegar tveir menn gyrtir sprengjubelti frömdu sjálfsmorðsárás í lögregluskóla í Bagdad í gær. Í fyrstu var talið að konur hefðu verið að verki en þær fregnir voru dregnar til baka.

Uppreisnarmenn í Írak hafa beint spjótum sínum í auknum mæli að lögreglu- og hermönnum í því skyni að spilla fyrir uppbyggingu öryggissveita landsins. Árásin í gær var sú mannskæðasta sinnar tegundar frá því í 28. febrúar en þá dóu 128 manns í bænum Hillah, flestir verðandi lögreglumenn.

Á meðan þessu stóð héldu réttarhöldin yfir Saddam Hussein og sjö samstarfsmönnum hans áfram. Á meðal þeirra sem báru vitni var kona sem var handtekin og pyntuð í bænum Dujail árið 1982. Hún lýsti því grátandi hvernig hún hefði verið afklædd, barin og gefið ítrekað raflost af lögreglumönnum. Hún gaf einnig í skyn að sér hefði verið nauðgað. Saddam hlýddi þögull á vitnisburð konunnar, en hún talaði úr öðru herbergi og hafði rödd hennar verið breytt svo ekki mætti bera á hana kennsl.

Þá birti al-Jazeera sjónvarpsstöðin myndband af bandarískum manni sem virtist vera gísl hermdarverkamanna. Mannrán á útlendingum færast því stöðugt í vöxt en á mánudaginn var frönskum verkfræðingi rænt.

- shg



**Á SJÚKRABEÐI** Hinn slasaði er eitt lögregluþjónaefnanna sem lentu í árásinni í gær. Faðir hans heilsaði upp á hann á sjúkrahúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölskylduhjálp Íslands:

# Úthlutun hafin

**AÐSTOÐ** Fyrsta jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands fer fram í dag frá klukkan þrjú til fimm. Ásgerður Jóna Flosadóttir hjá Fjölskylduhjálpinni segir að einnig verðu úthlutað miðvikudagana 14. og 21. desember.

Matvælum verður úthlutað í húsakynnum Fjölskylduhjálparinnar að Eskihlíð 2-4. Ásgerður Jóna segir að fólk geti valið hvort það vilji hamborgarhrygg, hangirúllu eða lambalæri. Einnig verði úthlutað grænmeti, kartöflum, ís og jólaöli.

Fjölskylduhjálpin tekur við gjöfum á milli klukkan tólf og fimm í dag og næstu miðvikudaga til jóla.

- th



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Heimdallur treystir honum ekki fyrir almannafé.

Heimdallur mótmælir:

## Alfreð ekki treystandi

**STJÓRNMÁL** Stjórn Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, fordæmir að Alfreð Þorsteinssyni, stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur, hafi verið falið að hafa yfirumsjón með byggingu nýs sjúkrahúss í Reykjavík. Í ályktun stjórnarinnar segir að Alfreð hafi sýnt fram á það með störfum sínum hjá Orkuveitu Reykjavíkur að honum sé ekki treystandi fyrir almannafé. „Stórkostleg framúrkeyrsla við byggingu nýrra höfuðstöðva orkuveitunnar um rúm 100 prósent, miðað við upphaflegar áætlanir, er gott dæmi um það og slíkt má alls ekki endurtaka sig," segir í ályktun Heimdallar. ■

### HÉRAÐSDÓMUR

**Skekkti nef tveggja** 22 ára maður fékk svo mánaðarfangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra í byrjun vikunnar fyrir að hafa skallað tvo menn á veitingastaðnum Kaffi Akureyri aðfaranótt sunnudagsins 1. maí í vor. Hann játaði brot sitt, en sagðist hafa verið að verja kærustu sína sem þeir hinir hefðu slegið til. Maðurinn hefur ekki áður hlotið refsidóm og hefur þegar greitt hinum bætur, en nef beggja skekktust.

# Stjórnarandstaðan krefst frekari skýringa

**Steingrímur J. Sigfússon og Mörður Árnason segja að stjórnvöld eigi að rannsaka fangaflug Bandaríkjamanna á eigin forsendum. Guðjón Arnar Kristinsson kallar eftir Norðurlandasamstarfi í málinu og talar um undirlægjuhátt.**

**FANGAFLUG** „Var ekki Condoleezza Rice uppvís að því að fara með lygar gagnvart Írum? Það er búið að staðfesta að Bandaríkjamenn hafi verið með fangelsi í öðrum löndum þar sem þeir stunda það sem þeir kalla háþróaðar yfirheyrsluaðferðir," segir Guðjón Arnar Kristinsson, Frjálslynda flokknum, um þá yfirlýsingu Geirs Haarde utanríkisráðherra að hann sé sáttur við þau svör sem Rice gaf um fangaflug og pyntingar í leynifangelsum á vegum Bandaríkjamanna.

„Það er alltaf sami undirlægjuhátturinn á ferðinni hér ef einhver pótintáti í Bandaríkjunum opnar á sér kjaftinn. Það á alltaf bara að taka það gott og gilt. Mér finnst ekki að við eigum að gera það," bætir Guðjón við.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneytinu hefur komið fram að Geir þyki svörin fullnægjandi og hefur hann sagt að nú sé kominn ákveðinn botn í málið.

Í ræðu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á dögunum sagði hún að allt sem Bandaríkin gerðu í nafni stríðsins gegn hryðjuverkum væri innan ramma laganna en neitaði þó að svara fyrirspurnum um tilvist leynifangelsa.

„Það er furðulegt að reyna að túlka þessa loðmullulegu yfirlýsingu Condoleezzu Rice sem einhverja hreinsun á málinu hvað varðar okkur Íslendinga. Í raun og veru eru bæði Rice og Geir Haarde ótrúlega seinheppin vegna þess að á sama tíma birta bandarískir fjölmiðlar, Amnesty International og Mannréttindavaktin afhjúpandi upplýsingar um málið," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Steingrímur bendir á að staðfestum málum um fangaflug og pyntingum í leynifangelsum á vegum bandarísku leyniþjónustunnar fari sífellt fjölgandi. „Íslensk stjórnvöld geta ekki skýlt sér á bak við það að fá eða fá ekki upplýsingar frá Bandaríkjamönnum. Okkur ber skylda til þess að rannsaka og upplýsa þessi mál," segir Steingrímur.

„Það sýnir ótrúlega sáttfýsi að Geir skuli vera sáttur við þessi orð Rice vegna þess að rannsóknir fjölmiðla benda til alls annars en þess sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna fullyrðir í ræðunni. Krafan er vitaskuld sú að íslensk stjórnvöld rannsaki málið á eigin spýtur en taki ekki athugasemdalaust þeim svörum sem frá Bandaríkjunum koma," segir Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar.

saj@frettabladid.is



MÖRÐUR ÁRNASON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON



GEIR HAARDE



**LANDHELGISGÆSLAN AÐ STÖRFUM** Einar Oddur Kristjánsson sagði í fréttum að Landhelgisgæslan sinnti ekki innheimtu.

Yfirlýsing Landhelgisgæslu:

## Gæslan svarar gagnrýni Einars

**LANDHELGISGÆSLAN** Störf fjármálastjóra Landhelgisgæslunnar koma innheimtu á útistandandi björgunarlaunum ekkert við, að því er segir í tilkynningu sem Landhelgisgæslan sendi frá sér í gær. Tilkynningin er svar við gagnrýni Einars Odds Kristjánssonar þingmanns á fjármálastjóra Landhelgisgæslunnar.

„Landhelgisgæslan telur að þessar fullyrðingar hljóti að byggjast á misskilningi," segir í yfirlýsingunni og er tekið fram að starf fjármálastjóra hafi verið lagt niður.

- saj

### HÉRAÐSDÓMUR

**Með hass í Egilshöll** Átján ára piltur var dæmdur til greiðslu 30.000 króna sektar í Héraðsdómi Norðurlands eystra á mánudag. Hann var staddur á tónleikum bandarísku rokksveitarinnar Foo Fighters í Egilshöll í Reykjavík þegar lögregla hafði af honum afskipti og fann á honum hálft gramm af hassi.

**Fangelsi fyrir skilorðsrof** Þá var 23 ára maður dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir þjófnað, en í haust braust hann inn í kjallaraíbúð á Davík og stal vídeóupptökuvél, stafrænni myndavél og fleiri hlutum. Með brotinu rauf hann skilorð, en maðurinn á sér talsverðan sakaferil, fyrir þjófnaði, fíkniefna- og umferðarlagabrot.






Samdráttur vegna óhagstæðrar gengisþróunar:

# Hjartavernd hægir á rannsóknum

**HEILBRIGÐISMÁL** Samdráttur í tekjum Hjartaverndar leiðir til þess að hægt verður á framkvæmd rannsóknarverkefna félagsins, að sögn Vilmundar Guðnasonar forstöðulæknis. Samdrátturinn stafar einkum af hinni gríðarlega óhagstæðu gengisþróun og kostnaðarhækkunum innanlands.

Í lok janúar næstkomandi verða fimm ár liðin frá því að Öldrunarrannsókn Hjartaverndar hófst. Rannsóknin er samstarfsverkefni Hjartaverndar og bandarískra heilbrigðisyfirvalda og ein stærsta faraldsfræðilega rannsókn á heimsvísu á heilbrigði öldrunar. Í dag hafa hátt í sex þúsund einstaklingar tekið þátt í henni. Á þessari rannsókn verður nú að hægja, sem felur í sér umtalsverða fækkun starfa eða sem nemur 35 starfsmönnum sem nú hefur verið sagt upp.

Hjartavernd er með stærstan hluta sinna tekna í erlendum myntum og nánast allan kostnað í krónum. Hefur þetta meðal annars þau áhrif að þeir fjármunir sem áætlað var að nýta til Öldrunarrannsóknarinnar munu ekki nægja.

„Við erum áfram með nær fjörutíu manns í vinnu, bæði í þessu verkefni og öðrum," segir Vilmundur. „Við erum með margar rannsóknir auk öldrunarrannsóknarinnar. Núna erum við til dæmis að byrja á nýrri áhættuþáttakönnun. Þá erum við með þjónusturannsóknir fyrir aðra. Meginuppistaðan er náttúrlega öldrunarrannsóknin en við þurfum ekki að hætta við neitt af fyrirhuguðum verkefnum, heldur drögum við saman seglin í tíma, svo við förum ekki í kaf."

- jss



**HJARTAVERND** Hægja þarf á rannsóknum vegna minnkandi tekna.



Hagkaup
bjóða einfaldlega meira úrval
Héri
Kengúra
Dúfa
Kanína
Kálfasteik
Dádýr
Andabringur
Kalkúnaskip smjörsprautað
Fasani
Lynghænur
Rjúpa skosk
Akurhæna
Villiönd
Einiberja hátíðarlambalæri
Marineraðar kjúklingabringur
Krónhjörtur
Aligæs
Hreindýrasteik
Fasana bringur
Önd
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ISUZU D-MAX

ISUZU




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



Fáir bílar hafa sannað sig eins vel við íslenskar aðstæður og Isuzu. Þessi sterki og þrautsegi bíll er nú kominn í nýjan og glæsilegan búning. Hann vekur athygli hvert sem hann fer en virðist alltaf passa inn í umhverfi sitt, sama hversu gróft það er.

D-Max var valinn Pick-up ársins 2005 af "4x4" magazine og hlaut gullverðlaun tímaritsins "What Van" 2004.

Komdu til okkar og kynnstu nýjum Isuzu D-MAX.



**Staðalbúnaður í D-MAX:** Vökva- og veltistýri, tveir öryggisloftpúðar, rafdrifnar rúður, útvarp og geislaspilari, snúningshraðamælir, samlæstar hurðir með fjarstýringu, stokkur á milli framsæta, höfuðpúðar í aftursæti, fimm þriggja punkta bílbelti, loftkæling, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakantar, kastarar í framstuðara, leðurklætt stýrishjól, rafstýrðir útispeglar.

Isuzu D-Max, Crew Cab (4 dyra), Sjálfskiptur, 3.0 l. dísil.

2.590.000,-

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is




Framkvæmdir við flugstöð Leifs Eiríkssonar taka lengri tíma en ætlað var:

# Starfsemi Leifsstöðvar raskast

**SAMGÖNGUMÁL** Framkvæmdum á norðurbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar mun ekki ljúka 2006 eins og áformað var. Ekki er búist við verklokum fyrr en 1. mars 2007.

Þetta var tilkynnt á kynningarfundi sem haldinn var í flugstöðinni í gær. Þar kom fram að stækkun og breytingar á norðurbyggingu flugstöðvarinnar hefðu verið endurskoðaðar og að framkvæmdirnar yrðu umfangsmeiri en áður var áformað.

Framkvæmdirnar munu hafa umtalsverð áhrif á starfsemina í flugstöðinni á meðan á þeim stendur. Núverandi inngangi farþega um vopnarleitarhlið á fyrstu hæð, inn í brottfararsal á annarri hæð, verður lokað og jafnframt verður bráðabirgðainngangur fyrir farþega opnaður. Til stendur að hann verði notaður fram á næsta ár.

**- sk**



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Áform um stækkun og breytingar á flugstöðinni hafa verið endurskoðuð.



**KRÖFUGANGA Í MONTREAL** Þúsundir tóku þátt í kröfugöngu í Montreal í Kanada á laugardaginn þar sem varað var við loftslagsbreytingum. Í borginni stendur yfir tíu daga loftslagsþing Sameinuðu þjóðanna, en þar er til umræðu Kyoto-samkomulagið um útblástur gróðurhúsalofttegunda og framhald þess. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stefnir í alvarleg átök í Montreal

**Umhverfisráðherra segir menn farna að takast alvarlega á í Kanada þar sem loftlagsþing stendur yfir. Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands segir Evrópuþjóðir þurfa að standa saman gegn ríkisstjórn Bandaríkjaforseta.**

**UMHVERFISMÁL** Tuttugu og fjórir bandarískir öldungadeildarþingmenn sendu í gær Bush forseta sínum bréf þar sem skorað er á hann að taka af fullum heilindum þátt í samningaviðræðum á loftslagsþingi Sameinuðu þjóðanna sem stendur yfir í Montreal í Kanada.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir ljóst að þrýstingur á stjórn Bandaríkjaforseta sé að aukast, en hún hefur sett sig upp á móti Kyoto-samkomulaginu um takmörkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. „Bush er að einangrast sífellt meira í afneitunarstefnu sinni, sem því miður hefur líka orðið vart á Íslandi," segir hann, en í Montreal var einnig kynnt í gær samþykkt 180 borgarstjóra í Bandaríkjunum um að fara að Kyoto-bókuninni. „Öldungadeildarþingmennirnir eru greinilega að vara Bush við því að brátt verði farið af stað með lagasetningu um bindandi takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda, en slík lög yrðu þá í samræmi við samþykktir rammasamningsins um loftlagsbreytingar sem Bandaríkin eiga þó aðild að."

Árni segir hins vegar alveg ljóst að Bandaríkjastjórn ætli ekkert að gera. „Fylgismenn Bush forseta líta á Kyoto sem blótsyrði og allar takmarkanir á athafnafrelsi mannsins sem kommúnisma. Þess vegna er svo mikilvægt að aðrar þjóðir haldi áfram á braut Kyotobókunarinnar." Hann segir Náttúruverndarsamtökin hafa sent umhverfisráðherra bréf þar sem skorað er á hana að taka af allan vafa um að Ísland fylgi Noregi, Danmörku, Svíþjóð og öðrum ríkjum Evrópu að málum hvað varðar áframhald Kyoto-bókunarinnar.



**ÁRNI FINNSSON** Svartsýnn á að Bandaríkin breyti um stefnu varðandi útblástur gróðurhúsalofttegunda.



**SIGRÍÐUR ANNA** Umhverfisráðherra segir ríða á að fá fleiri þjóðir standi að Kyotobókuninni.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra segir ljóst að við munum eiga auðvelt með að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar. „En síðan finnst mér og mörgum öðrum að nauðsynlegt sé að fá stóru þjóðirnar, svo sem Bandaríkjamenn, að borðinu. Og eins ríki á borð við Indland, Kína og Ástralíu. Við heyrum á embættismönnum okkar sem komnir eru á undan til Montreal að menn séu farnir að takast mjög alvarlega á," segir hún, en í gærkvöldi flaug Sigríður Anna til Kanada með umhverfisráðherra Hollands sem sótti landið heim. „Það sem skiptir mestu máli er að okkar miði fram á veginn á þessum fundi, sem er sá fyrsti sem er haldinn eftir að ljóst var að Kyoto-bókunin tæki gildi," segir Sigríður Anna og kvað einnig horft til þess hvað tæki við þegar fyrsta skuldbindingartímabilinu, 2008 til 2012, lyki. „Og á ég nú von á því að það verði heitasta málið."

**olikr@frettabladid.is**

F-listinn mótmælir sölu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg í Reykjavík:

# Menningarslys í uppsiglingu

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, gagnrýndi sölu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg á fundi borgarráðs Reykjavíkur í gær.

Ólafur finnur sölunni flest til foráttu og segir hana einhverja verstu gjörð sem borgarstjórn Reykjavíkur hafi staðið fyrir um langt árabil enda muni hún valda heilbrigðisþjónustunni í höfuðborginni óbætanlegu tjóni. Þá lýsi salan fullkomnu virðingarleysi fyrir þeirri hugsjón sem leiddi til þess að húsið var byggt á sínum tíma. „Reynslan sýnir að bæði borgarfulltrúar R- og D- lista ganga hart fram gegn hagsmunum almennings og menningarsögu borgarinnar þegar um er að ræða þjónkun við byggingaverktaka. Menningarsögulegt slys virðist þannig í uppsiglingu," segir í bókun Ólafs á fundi borgarráðs í gær.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Segir sölu Heilsuverndarstöðvarinnar einhverja verstu gjörð borgarstjórnar Reykjavíkur um langan tíma.



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN** Hefur verið seld fyrirtækinu Mark-húsi.




* í 84 mánuði m.v. SP bílasamning og 30% innborgun.

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**JÓLALJÓS Í VARSJÁ** Vegfarandi tekur mynd af 72 metra háu jólatré í miðborg Varsjár í gær. Tréð er smíðað úr málmrörum og skreytt með um tveimur milljónum ljósapera. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímaritið Business Week verðlaunar fyrirtæki sem huga að umhverfismálum:

# Álfyrirtækið Alcoa dregur úr útblæstri

**BANDARÍKIN** Bandaríski álrisinn Alcoa, sem byggir álverksmiðju á Reyðarfirði, er í fimmta sæti á nýjum lista tímaritsins Business Week yfir þau fyrirtæki sem þykja hafa staðið sig best þegar kemur að því að draga úr útblæstri lofttegunda sem meirihluti vísindamanna telur sannað að hafi mikil áhrif á hlýnun jarðar.

Viðurkenninguna fær Alcoa fyrir að minnka útblástur PFC-gass frá álbræðslum sínum um áttatíu prósent en í efsta sæti listans er iðnaðarframleiðandinn DuPont, sem notar í dag sjö prósentum minni orku til framleiðslu sinnar en árið 1990.

Hin þrjú fyrirtækin á topp fimm eru evrópsk; Olíurisinn breski BP, hið þýska Bayer og BT í Bretlandi.

Bæði Alcan, sem á og rekur álverið í Straumsvík, og Alcoa eru einnig ofarlega á lista Business Week yfir þau fyrirtæki sem leggja hvað mesta áherslu á umhverfismál og taka alvarlega á þeim innan síns fyrirtækis. **- aöe**



**RÚSSLAND AFTARLEGA Á BÁTI** Mengun á borð við þá sem er í St. Pétursborg í Rússlandi er algeng en sífellt fleiri fyrirtæki hafa tekið umhverfismál alvarlegum tökum og hafa minnkað mengun og eða nýta endurnýjanlega orku eins og hægt er. AFP.NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherra Svíþjóðar:

## Ósamkvæmur sjálfum sér

**SVÍÞJÓÐ** Þrýstingur á Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, um að segja af sér fer vaxandi eftir að yfirvöld voru gagnrýnd fyrir að bregðast ekki nógu hratt við flóðbylgjunni í Indlandshafi í fyrra.

Sænskir fjölmiðlar vitnuðu í gær í ævisögu hans frá árinu 1997 þar sem hann ræðir um það hvers vegna stjórnmálamenn eigi að segja af sér eða ekki. „Við erum mörg, bæði stjórnendur og stjórnmálamenn, sem höfum fengið á baukinn og samt setið áfram. Það væri betra ef fólk tæki hatt sinn og staf og segði af sér. Oft tekur þá við betra líf,“ segir hann í bókinni.

Persson hefur lýst því yfir að hann segi ekki af sér í framhaldi af gagnrýni undanfarinna daga. ■

Kjarasamningar Blaðamannafélags Íslands:

## Aðeins einn sagði já

**KJARAMÁL** Aðeins einn félagi í Blaðamannafélagi Íslands greiddi atkvæði með nýjum kjarasamningi félagsins við 365 ljósvakamiðla. Alls tóku fjórir þátt í atkvæðagreiðslunni og skiluðu hinir þrír auðu. Það var þó ekki þetta eina atkvæði sem réði því að samningarnir voru samþykktir því tuttugu prósenta kjörsókn þarf svo að greidd atkvæði ráði niðurstöðum.



**ARNA SCHRAM** Formaður Blaðamannafélags Íslands.

Þar sem kjörsókn var nokkuð fjarri þeim mörkum skoðast samningurinn samþykktur. Ræður því reglan: Þögn er sama og samþykki.

Heldur fleiri greiddu atkvæði um samning Blaðamannafélagsins við 365 prentmiðla og Árvakur þó kjörsókn væri aðeins rétt yfir löglegum mörkum. 204 voru á kjörskrá og greiddu 57 atkvæði eða 28 prósent. 42 (73,5%) sögðu já en 14 (24,5%) sögðu nei. Einn seðill var auður.

Arna Schram, formaður Blaðamannafélagsins, segist gjarna viljað að fleiri hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni en lítur svo á að félagsmönnum hafi almennt hugnast samningurinn. „Ég geri ráð fyrir að félagsmenn hafi kynnt sér samninganna fyrir fram og hlýt að líta svo á að þögn sé sama og samþykki.“ **- bþs**






**SIGURGLEÐI** David Cameron fagnar úrslitunum í leiðtogakjörinu í gær ásamt eiginkonu sinni Samönthu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Cameron blæs til sóknar

**Hinn 39 ára gamli David Cameron var í gær kjörinn leiðtogi breska Íhaldsflokksins. Hann blés strax til sóknar gegn Verkamannaflokknum.**

**BRETLAND, AP** David Cameron var í gær kjörinn leiðtogi breska Íhaldsflokksins. Við kjör hans binda flokksmenn vonir um að eiga betri möguleika á sigri í næstu þingkosningum, eftir að hafa tapað þrisvar í röð fyrir Verkamannaflokkinum með Tony Blair í broddi fylkingar.

Cameron er 39 ára að aldri og þar með einn yngsti flokksleiðtoginn í sögu Íhaldsflokksins en hann er sá fimmti sem fer fyrir flokknum í átta ár. Hann er einkaskólagenginn sonur verðbréfamiðlara. Cameron var kokhraustur í fyrstu yfirlýsingum sínum í hinu nýja hlutverki; hann lýsti ríkisstjórn Verkamannaflokksins sem „mönnum gærdagsins“ og hét því að koma henni frá.

„Við höfum á brattann að sækja,“ sagði hann þó, með eiginkonuna Samönthu sér við hlið, en hún gengur með þriðja barn þeirra hjóna. „En ef við stöndum saman, ef við höfum skýra sýn á það hverju þarf að breyta ... getum við verið uppbyggileg stjórnarandstaða og við getum verið sú góða ríkisstjórn sem þetta land sárlega vantar,“ sagði hann.

Keppinautur hans um leiðtogasætið, David Davis, fékk innan við þriðjung atkvæða í póstkosningunni sem fram fór meðal 250.000 almennra félagsmanna í flokknum. Hann tók ósigrinum með ró og lýsti Cameron tilvonandi forsætisráðherra.

Verkefnið sem bíður Camerons er að reyna að endurheimta fyrri sess Íhaldsflokksins, sem hélt um stjórnartaumana í Bretlandi megnið af 20. öldinni. Margir álíta flokkinn hafa staðnað og ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á bresku þjóðfélagi. Stjórnmálaskýrendur telja nokkra áhættu í því fólgna fyrir flokkinn að velja Cameron til forystu í von um að hann sé fær um að breikka fylgi flokksins. Forréttindauppeldi hans í vel þénandi menntamannafjölskyldu og mennтun í Eton og Oxford þykja síður til þess fallin að höfða til alþýðunnar. Eiginkona hans er af aðalsættum. Sem stjórnmálamaður hefur hann hins vegar sýnt að hann kann lagið á að tala til fólks og pólitískar áherslur hans þykja miðjusæknar. „Við verðum að breytast til að fólk geti treyst okkur,“ sagði hann um eigin flokk. Til dæmis væri það forgangsmál að fjölga konum í honum.

**audunn@frettabladid.is**

# í jólaskapi




## „INDIA" BORÐSTOFUBORÐ + 6 „INDIA" STÓLAR

Glæsilegt borð með antík áferð. Stærð 90x180 sm. Borð **19.900,-**
Stóll 7.990,- Borð + 6 stólar **59.900,-**




### „MADRID" GLERSKÁPUR

Flottur skápur með gleri, spegli og fjórum glerhillum.
St. B:50 x H:204 x D:40 sm

### „MADRID" OG „SEVILLA" HORNSKÁPAR

Glæsilegur hornskápur með gleri, spegli og fimm glerhillum. Þessi skápur smellpassar í hvaða horn sem er. Fáanlegur kastanýjubrúnn og antikrauður
St. B:55 x H:196 x D:50 sm

### „MADRID" OG „SEVILLA" SKÁPAR

Glæsilegir glerskápar með spegli og fjórum glerhillum og tveimur skúffum.
Fáanlegur kastanýjubrúnn og antikrauður
St. B:50 x H:204 x D:40 sm




### „BERLIN" 3 + 2 SÓFASETT

Einfalt og stílhreint sófasett úr bycast leðri. Fáanlegt í svörtu og dökkbrúnu.
St. 2ja sæta 144x83x83,5 sm. St. 3ja sæta 203x83x83,5 sm.

**ÞÚ KAUPIR PLUS B20 90 X 200 SM OG ÞÚ FÆRÐ 250GR. AF KONFEKTI Í KAUPÆTI.**




### PLUS B20 BOXDÝNA

Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. m2 og í neðra lagi eru 150 BONELL-gormar pr. m2. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretansvampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.

Bonell | Poka | Þægindasvæði | Miðlungs | 15 ára ábyrgð | Dönsk gæðaframleiðsla

**ÞÚ KAUPIR „FOUR SEASON" ST. 153 EÐA 193 OG GRIND OG ÞÚ FÆRÐ 970GR. AF KONFEKTI OG SÆNGUVERASETT Í KAUPÆTI.**




### „FOUR SEASONS" VÖNDUÐ AMERÍSK DÝNA

806 gormar í dýnunni. Sérstakar hliðastyrkingar og einstakur stuðningur við brúnir sem eykur endingu dýnunnar.

**ÞÚ KAUPIR PLUS B20 140 X 200 SM OG ÞÚ FÆRÐ 500GR. AF KONFEKTI OG LAK Í KAUPÆTI.**




### PLUS B20 BOXDÝNA

Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. m2 og í neðra lagi eru 150 BONELL-gormar pr. m2. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretansvampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.

Bonell | Poka | Þægindasvæði | Miðlungs | 15 ára ábyrgð | Dönsk gæðaframleiðsla

-góð kaup

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



**AÐSKILNAÐARSAMTÖK BASKA LÁTA AÐ SÉR KVEÐA** Sex sprengjur sprungu í gær á A-6 hraðbrautinni sem liggur til Madrid. Ónefndur aðili sem sagðist vera frá aðskilnaðarsamtökum Baska hafði varað við sprengjunum áður og því urðu engin slys þar sem lögregla lokaði veginum.
AFP.NORDICPHOTOS/AFP

Skýrsla Stefáns Ólafssonar um versnandi kjör öryrkja rædd á Alþingi:

# Getum gert betur segir Halldór

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gerði nýja skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors um kjör öryrkja að umtalsefni í upphafi þingfundar í gær.

„Öryrki sem er einstætt foreldri hefur hækkað um þrjátíu prósent meðan aðrir njóta fimmtíu prósenta hækkunar,“ sagði Ingibjörg.

„Þessar tölur koma mér á óvart því það er staðreynd að kaupmáttur bóta sem ríkið greiðir hefur hækkað á síðastliðnum tíu árum um 58 prósent á sama tíma og kaupmáttur almennra launa hefur hækkað um 37 prósent,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í svari sínu og gat þess að lífeyrissjóðir hefðu einnig skert greiðslur sínar. „En við getum gert betur, líka gagnvart eldri borgurum,“ sagði forsætisráðherra.

Ingibjörg Sólrún gagnrýndi stefnu stjórnvalda gagnvart öryrkjum. „Það er áfellisdómur að þeir skuli dragast aftur úr. Þetta er ríkisstjórn ójafnaðar.“

- jh



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** segir kaupmátt bóta hækkað meira en launa.

Fórnarlömb heimilisofbeldis:

## Elska menn sína áfram

**SPÁNN** Yfir áttatíu prósent þeirra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi af höndum eiginmanna sinna eða kærasta á heimilum sínum á Spáni telja ekki að ást eiginmanna sinna sé nokkuð minni fyrir vikið.

Fyrst og fremst eru það ungar stúlkur, um og undir þrítugsaldrinum, sem eru á þessari skoðun en heimilisofbeldi gegn þeim hefur vaxið hvað hraðast í landinu á undanförnum árum. Ekki aðeins á það við um Spán heldur er vandamálið víðar. Sérstaklega er heimilisofbeldi stórt vandamál í löndum Suður-Ameríku og látast þar fleiri hundruð konur á ári hverju vegna ofbeldis.

- aöe

Nýrnadeild Landspítalans:

## Sjúklingar láta til sín taka

**HEILBRIGÐISMÁL** Á fjórða tug sjúklinga blóðskilunardeildar Landspítalans skora á yfirstjórn spítalans að draga til bara breytingar á vaktafyrirkomulagi hjúkrunarfræðinga deildarinnar sem taka eiga gildi um áramót.

Hluti hjúkrunarfræðinga ætlar að hætta á deildinni vegna breytinganna og óttast sjúklingarnir mjög um sinn hag vegna þessa.

„Þrátt fyrir nauðsyn á sparnaði og breytingum hlýtur frumskylda þeirra er reka sjúkrahús fyrst og fremst vera að tryggja öryggi sjúklinga sinna,“ segir í tilkynningu sem 33 sjúklingar skrifa undir.

Blóðskilun er nýrnasjúklingum lífsnauðsynleg og störf hjúkrunarfræðinganna mjög sérhæfð, en um ár tekur að þjálfa nýtt fólk í starfið. Sjúklingarnir eiga ekki í önnur hús að venda, en vika til hálfur mánuður án blóðskilunar gætu reynst þeim banvæn.

- óká

### HÉRAÐSDÓMUR

**Á tvöföldum hámarkshraða**

Tvítugur Suðurnesjamaður var sviptur ökurétti í tvo mánuði í Héraðsdómi Reykjaness á mánudag, auk þess að vera gert að greiða 60.000 krónur í sekt. Hann mældist á rúmlega tvöföldum hámarkshraða á Reykjanesbraut við gatnamót Vogavegar mánudagskvöldið 11. apríl. Þar má aka á 70 kílómetra hraða en maðurinn ók á 143 kílómetra hraða samkvæmt mælingu lögreglu.

# Prófin verða endurskoðuð

**Menntamálaráðherra kveðst hafa efasemdir um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólunum og boðar endurskoðun þeirra. Þingmönnum þykir prófin fela í sér of mikla miðstýringu og þau séu varla mælikvarði á gæði skólanna.**

**MENNTAMÁL** Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, kvaddi sér hljóðs í upphafi fundar á Alþingi í gær um framkvæmd samræmdra stúdentsprófa. Hann sagði þau fela í sér allt of mikla miðstýringu, taka sjálfstæði af skólunum og draga smám saman úr sérkennum þeirra. „Þau ná því hvorki að mæla gæði skólanna né nýtast þau sem inntökupróf í háskólana þar sem slíkar prófa er krafist... Sterk rök hníga því að því að hverfa frá samræmdum stúdentsprófum.“

Björgvin benti á að í sumum framhaldsskólanna hefðu sjötíu til áttatíu prósent nemenda skilað auðu í samræmdum stúdentsprófum. „Enda telja nemendur sig hafða að fíflum með prófunum.“

Björgvin spurði Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra hvort hún hygðist beita sér fyrir afnámi umræddra prófa.

Þorgerður Katrín sagði að þingmenn allra flokka hefðu verið fylgjandi því að taka upp samræmdu prófin árið 1996. „Það eru efasemdir í mínum huga varðandi samræmd próf. Ég hef sagt að þau feli í sér ákveðna miðstýringu og þau stuðli ekki að þeirri fjölbreytni sem við viljum öll... Engu að síður vó það mjög þungt á sínum tíma að háskólarnir báðu sérstaklega um þetta. Ég er með eins árs gamalt bréf frá deildarforsetum Háskóla Íslands þar sem hvatt er til þess að halda samræmdu prófunum og helst fjölga þeim.“

Þorgerður Katrín kvaðst ætla að kalla til fundar fulltrúa þeirra aðila sem málið snertir, nemenda, kennara, skólastjórnendur, háskólamenn og fleiri, svo sem Námsmatsstofnun, til þess að fara yfir málið. „Það er alveg ljóst framkvæmd samræmdu prófanna á undanförnum dögum hefur ekki tekist sem skyldi,“ sagði Þorgerður.

Dagný Jónsdóttir, Framsóknarflokki, sagði það vera á stefnuskrá flokksins að endurskoða framkvæmd samræmdu prófanna. Hún teldi að farsælla gæti verið að leggja eins konar könnunarpróf fyrir nemendur og tengja þau alls ekki við útskrift stúdenta.

Katrín Júlíusdóttir, Samfylkingunni, spurði menntamálaráðherra hvort ekki yrði að svara því afdráttarlaust hvort samræmdu prófin yrðu lögð fyrir framhaldsskólanema næsta vor.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kvaðst efast um að prófin yrðu lögð aftur fyrir óbreytt en breyta yrði lögum.

johannh@frettabladid.is



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra segist hafa efasemdir um samræmdu prófin.






**GJÖFIN AFHENT** Fulltrúar frá Fræþingi, Virkjum alla og Sparisjóði Suður-Þingeyinga ásamt tveimur fulltrúum frá skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík, en stéttarfélögin voru fyrst til að nýta tölvuverið.
FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Verkefnið Virkjum alla styrkir Fræþing:

## Gáfu tíu fartölvur og fylgihluti

**GJÖF** Verkefnið Virkjum alla – rafrænt samfélag hefur fært Fræðslumiðstöð Þingeyinga að gjöf færanlegt tölvuver sem samanstendur af tíu fartölvum og öllum nauðsynlegum fylgihlutum. Sparisjóður Þingeyinga veitti styrk til kaupa á flutningskössum undir tölvurnar en heildarkostnaður við tölvuverið og flutningskassana var um ein og hálf milljón króna.

Virkjum alla er þriggja ára samstarfsverkefni Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps, Þingeyjarsveitar og Byggðastofnunar með það að markmiði að tryggja íbúum sveitarfélaganna aðgang að rafrænni þjónustu.

Susan Martin, verkefnisstjóri Virkjum alla, segir að með tilkomu tölvuversins verði grundvallarbreyting á fræðslustarfsemi í Suður-Þingeyjarsýslu því að nú hafi allir íbúar sýslunnar aðgang að tölvuverinu. „Fyrirhafnarlítið er hægt að fara með tölvurnar um allt héraðið og setja upp námskeið á vinnustöðum, í skólum eða hvar sem óskað er,“ segir Susan.

- kk




# Blómaval Skútuvogi
## ...heillandi heimur









**Komdu og upplifðu!**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



# GERÐU VEL VIÐ ÞIG OG ÞÍNA UM JÓLIN




Pioneer

**PIONEER PDP–506XDE/FDE PLASMASKJÁR**
Skjá stærð 127 cm (50 tommur). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4.000:1
Eisaverðlaun 2005–2006
**Verð frá: 499.900**




Pioneer

**PIONEER PDP–436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 tommu). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3.000:1
**Verð frá kr.: 399.900**

Pioneer LOEWE.

# VIÐ BJÓÐUM **GÆÐI** O




SAMSUNG

**SAMSUNG PS-42V6SX**
42" Plasmasjónvarp
Upplausn 852 x 480
Skerpa 10.000:1
Birta 1500cd/m2
Sjónarhorn 175° 175°
**Verð: 219.990**




SAMSUNG

**SAMSUNG LE-40R51B**
40" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 299.990**



SAMSUNG

**SAMSUNG LE-32M51B**
32" LCD sjónvarp
Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 3000:1
Birta 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SrS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 199.990**




SAMSUNG

**LR-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 179.990**



SAMSUNG

**SAMSUNG LE-40M51B**
40" LCD sjónvarp
Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 3000:1
Birta 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SrS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 329.990**

Pioneer




**PIONEER DVR–530**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
DVD upptökutæki með 160GB harðum diski
Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn
Allt að 24 tíma upptaka á einn dual–layer DVD disk
(12 tímar á venjulega diska)
DV inn– og útgangur
48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
Chase Play: samhliða afspilun og upptaka
Ný og betri MPEG–2 þjöppun með VBR (Variable bit–rate)
Spilar og skrifar DVD–Video, DVD–R/RW, DVD+R/RW, Dual–layer DVD–R, CD, VCD, SVCD, CD–R/RW,MP3, WMA og JPEG
Eisaverðlaun 2005–2006
**Verð kr.: 69.900**


BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800
SMÁRALIND · SÍMI 530 2900
LOEWE.
LOEWE SHEROS MASTERPIECE
32 tommu LCD skjár,
Verð: 259.900
LOEWE.
LOEWE XELOS
32 tommu LCD skjár,
Verð: 259.900
LOEWE.
LOEWE CONCEPT
32 tommu LCD skjár,
Verð: 49.900
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu
SAMSUNG
SHARP
G 3JA ÁRA ÁBYRGÐ
SHARP
SHARP LC-26GA6E
HD -Ready
26 tommu LCD veggsjónvarp
Upplausn: 1366 x 768
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
Verð: 149.900
SHARP
SHARP LC-32P50E
PAL-optimal
32 tommu LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
HDMI tengi
Verð: 159.900
SHARP
SHARP LC-37P50E
PAL-optimal
37 tommu LCD veggsjónvarp
Upplausn: 960 x 540
Glampavarinn skjár
Skerpa: 800:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
Virtual Dolby Surround hljóðkerfi
HDMI tengi
Verð: 259.900
SHARP
SHARP LC-15SH2E
15 tommu Svartur TFT LCD skjár,
flöktfrír m/glampavörn
Upplausn 640 x 480
Skerpa 500:1
Birta 430 cd/m2
OPC sjálfvirk birtustýring
Sjónsvið 170°/ 170°
Verð: 49.900
Pioneer
PIONEER DVR–433
DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI
• DVD upptökutæki með 80GB hörðum diski
• Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn
• Allt að 24 tíma upptaka á einn dual–layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
• DV inn– og útgangur
• 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
• Chase Play: samhliða afspilun og upptaka
• Ný og betri MPEG–2 þjöppun með VBR (Variable bit–rate)
• Spilar og skrifar DVD–Video, DVD–R/RW, DVD+R/RW, Dual–layer DVD–R, CD, VCD, SVCD, CD–R/RW, MP3, WMA og JPEG
Verð kr.: 59.900
5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON
MERKJAVARA ER MÁLIÐ



**FRAMLEIÐSLU HRAÐAÐ** Flugvélar af Airbus-tegund eru framleiddar í fjórum löndum. Þjóðverjar framleiða skrokk vélanna, Bretar leggja til vængi, Spánverjar smíða innviði og hlutarnir eru svo fluttir til Toulouse í Frakklandi þar sem vélarnar eru settar saman. NORDICPHOTOS/AFP

Vísindarannsókn á uppeldi samískra og norskra barna:

# Samísku börnin sögð harðari

**NOREGUR** Samísk börn eru sögð harðari af sér en önnur norsk börn. Niðurstöður doktorsrannsóknar benda til að þau þoli líkamlegan sársauka mun betur en jafnaldrar þeirra í Noregi. Þetta kom fram á fréttavef norska blaðsins Dagbladet.

Samísku börnin voru alin upp í fjölskyldum þar sem haldið var fast í hefðir Sama og því nefnd eftir fullorðnum ættingjum eða vinum. Þetta fólk er virkt í uppeldi barnanna ásamt foreldrunum.

„Niðurstöðurnar sýna að í fjölskyldum þar sem foreldrarnir eru harðir við börn sín veita þessir fjölskylduvinir þeim mýkt og ástúð. Þeir veita líka foreldrunum aðhald í foreldrahlutverkinu,“ segir vísindamaðurinn sem gerði rannsóknina.

Samísk börn una sér vel ein án þess að finnast þau einmana en í norskum leikskólum er börnum kennt að vera með öðrum. „Einmanaleikinn er svo nokkuð sem mörg þeirra takast á við allt sitt líf,“ segir höfundur rannsóknarinnar. - ghs



**SAMI MEÐ HREINDÝR** Samísku börnin hafa marga fullorðna í kringum sig sem allir láta að sér kveða í uppeldinu í samræmi við hefðir Samanna.

Svíar brydda upp á nýjung:

# 750 bókatitlar í bókasjálfsala

**SVÍÞJÓÐ** Svíar eru líklega fyrsta Evrópuþjóðin til að setja upp bókasöfn í sjálfsölum.

Borgarbókasafnið í Stokkhólmi ætlar að koma sér upp slíkum sjálfsölum á nokkrum stöðum þar sem umferð er mikil. Þetta kom fram á vefútgáfu Svenska dagbladet í gær.

Hugmyndin kemur frá bókasafninu í Lidingö, þar sem einfaldir bókasafnssjálfsalar hafa verið settir upp í vegg, svipað og hraðbankar. Titlarnir eru um 750 og um 500 bækur hafa verið teknar að láni að meðaltali í hverjum mánuði. - ghs

Uppljóstrun í Noregi:

# Seldu Ísraelum þungt vatn

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld vissu af áformum Ísraela um að koma sér upp kjarnavopnum áður en samkomulag náðist milli þjóðanna um sölu á þungu vatni til Ísraels árið 1959. Þungt vatn er notað til að framleiða kjarnavopn.

Dagblaðið Dagens Nyheter fjallaði á dögunum um málið og í frétt blaðsins er meðal annars vísað í hálfrar aldar gömul leyniskjöl sem sýna að norsk stjórnvöld fengu upplýsingar um það til hvers átti að nota þunga vatnið áður en sala á tuttugu tonnum fór fram.

Árið 1959 gátu aðeins Bandaríkjamenn og Norðmenn selt þungt vatn í miklu magni. Bandaríkjamenn vildu á þessum tíma ekki selja Ísraelsmönnum vatnið og Norðmenn hafa þrætt fyrir að hafa gert það. - ghs

# Segir hlutafélag um RÚV vera svik Framsóknarflokks

**Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, segir Framsóknarflokkinn hlaupinn frá loforðum um að breyta ekki Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Deilt var á menntamálaráðherra á þingi fyrir að kynna frumvarp um RÚV fyrst í fjölmiðlum. Þorgerður Katrín segir málið í eðlilegum farvegi og mál séu oft kynnt á slíkan hátt.**

**STJÓRNMÁL** Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra harðlega í upphafi þingfundar í gær fyrir að kynna frumvarp um Ríkisútvarpið í fjölmiðlum í fyrradag áður en það var kynnt á Alþingi. Frumvarpinu var dreift í þinginu seint í gær.

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, talaði um kynningarátak menntamálaráðherra og útvarpsstjóra þar sem þau hefðu látið í sjónvarpsþætti sem málið væri fullfrágengið. „Ég á enn eftir að sannfærast um að svo sé. Ég á enn eftir að trúa því að Framsóknarflokkurinn geti hlaupið þetta langt frá gefnum loforðum og fyrirheitum. Framsóknarflokkurinn hefur lofað því, kjósendum sínum, flokksmönnum sínum og Alþingi Íslendinga að Ríkisútvarpið yrði ekki hlutafélagavætt. Eru engin takmörk fyrir því hve mikið þessi stjórnmálaflokkur getur lyppast niður?“ spurði Ögmundur.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, kvað ekkert við það að athuga að kynna lagafrumvarp í fjölmiðlum með áðurgreindum hætti og benti á að stjórnarandstöðuflokkarnir kynntu oft þingmál sín með svipuðum hætti, jafnvel áður en þingstörf hæfust.

Kolbrún Halldórsdóttir sagði að framkoma menntamálaráðherra væri vanvirðing við störf þingsins og spurði hvort úti væri um allt samráð og samstarf um málefni fjölmiðla eins og Þorgerður hefði beðið um í umræðunni um eignarhald á fjölmiðlum.

Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, sagði gagnrýnivert að það skyldi hafa tekið hálft ár að koma frumvarpinu aftur inn í þingið. „Hvað hefur menntamálaráðuneytið verið að gera allan þennan tíma?“ spurði Magnús.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði stjórnarandstöðuna óttalega viðkvæma enda setti hún eigin mál fram með svipuðum hætti. „Málið er í eðlilegum farvegi. Það var fyrst kynnt í ríkisstjórn, síðan þingmönnum stjórnarflokkanna, sem hafa samþykkt það, þannig að málið hefur ekki verið á neinum þvælingi úti í bæ þegar háttvirtur þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson tjáði sig um það í morgun.“ johannh@frettabladid.is



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Ráðherra segir málið fyrst hafa verið kynnt í ríkisstjórn, síðan þingmönnum stjórnarflokkanna.



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR** Kolbrún spurði hvort menntamálaráðherra væri afhuga umbeðnu samráði og samstarfi um málefni fjölmiðla.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** „Ég á enn eftir að trúa því að Framsóknarflokkurinn geti hlaupið þetta langt frá gefnum loforðum og fyrirheitum.“

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Alvöru amerískir

GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.
Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur GE kæliskápa í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

GE kæliskápar með klakavél, köldu vatni, stálhöldum og stálhurðum.
Verð frá kr. 219.000 stgr.

HEKLA ELECTRIC RAFTÆKJAVERSLUN

General Electric

EIRVÍK – hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

vilborga@centrum.is



**Í LJÓSABORG** Kennarar og nemendur létu ljós sitt skína þegar Ljósaborg var tekin formlega í notkun.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

# Skólinn blessaður

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Mikið var um dýrðir á Borg í Grímsnesi á föstudag en þá var tekinn formlega í notkun grunnskólinn Ljósaborg og skrifstofur sveitarfélagsins. Innan við ár er frá því að fyrsta skóflustungan var tekin.

Sigurður Sigurðsson, vígslubiskup í Skálholti, blessaði bygginguna og Kammerkór Biskupstungna söng nokkur lög en grunnskólabörnin sáu um að tendra ljósin áður en gengið var í kringum jólatré.

Alls stunda 34 börn nám í Ljósaborg. Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri var hin kátasta og segir hún að mikillar uppbyggingar sé að vænta í hreppnum. - jse

Mörg asísk ungmenni á Íslandi hafa ekki náð að festa rætur hér:

# Ungmennin leyfa sér ekki stóra drauma

**INNFLYTJENDUR** Fjöldi annarrar kynslóðar innflytjenda á Íslandi hefur ekki náð að festa rætur hér og í nýlegri rannsókn á viðhorfum ungra Víetnama til menntakerfisins kemur fram að ungmennin eru varkár þegar kemur að því að láta sig dreyma stórt um framtíðina. Þau telja aðstæður sínar ekki með þeim hætti að vonir um menntun séu raunhæfar. Talsmenn verkefnisins Framtíð í nýju landi telja íslenskukennslu vera eitt helsta tækið til að bæta aðstöðu þessa hóps.

Haldið var upp á eins árs afmæli verkefnisins á föstudag. Af því tilefni var heimasíða verkefnisins opnuð á vef Alþjóðahúss, www.ahus.is. Verkefnið er þriggja ára tilraunaverkefni sem miðar að því að styðja við bakið á asískum ungmennum á Íslandi. Það byggir á samstarfi Alþjóðahúss, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Rauða kross Íslands, Reykjavíkurborgar og Velferðarsjóðs barna. Ungmennin eru aðstoðuð við að setja sér einstaklingsbundin markmið um menntun og þeim hjálpað við að öðlast færni og aðlagast íslensku samfélagi. - sk


**VERKEFNIÐ KYNNT** Talsmenn verkefnisins Framtíð í nýju landi telja íslenskukennslu vera helsta tækið til að bæta aðstæður ungra Víetnama sem telja vonir um menntun óraunhæfar.


**STJÖRNUHRAP** Íbúar áströlsku borgarinnar Perth urðu vitni að mikilli ljósadýrð á næturhimninum á laugardagskvöldið þegar loftsteinn brann upp í gufuhvolfinu yfir Vestur-Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**FORSTJÓRI OPERA SOFTWARE** Jón S. von Tetzchner segir nýjan vafra færa netið í flesta farsíma.

Opera fær sænsk verðlaun:

## Besta forritið fyrir farsíma

**UPPLÝSINGATÆKNI** Norski farsímanetvafrinn Opera mini fékk fyrir helgi gullverðlaun sem besta farsímaforritið á árvissri farsímaráðstefnu í Svíþjóð.

Auk Opera hlutu verðlaun Sony Ericsson K750i sem besti myndavélafarsíminn og Motorola Razr V3 síminn fyrir bestu hönnunina. „Verðlaunin gleðja okkur mjög, ekki síst fyrir þær sakir að notendur kjósa sjálfir,“ segir Jón S. von Tetzchner, forstjóri Opera Software. „Verðlaunin endurspegla hversu vel fólki líkar að geta vafrað um vefinn allan í farsímum sínum.“

Verðlaunavafrinn gengur í flestar gerðir farsíma sem fólki standa nú til boða og er hannaður með það í huga að færa netið í síma sem alla jafna væru ófærir um að bjóða upp á netvafur. Hægt er að kynna sér vafrann betur á *www.opera.com/mini*. - óká

Brasilíumenn vilja flytja burt:

## Bandaríkin og Bretland heilla

**BRASILÍA** Tæplega 82 prósent íbúa í héraðinu Cono Sur í Brasilíu dreymir um að flytjast búferlum til útlanda og þá sérstaklega til Bandaríkjanna, Bretlands eða Ítalíu.

Þetta kemur fram í viðamikilli könnun sem virt þarlend stofnun hefur gert og sýnir að yfir 1,5 milljónir íbúa myndu grípa tækifærið til að búa í Evrópu eða Bandaríkjunum til langframa. Þykir höfundum skýrslunnar líklegt að sama viðhorf sé við lýði annars staðar í landinu. Það er í hróplegu ósamræmi við drauma íbúa í flestum öðrum löndum Suður-Ameríku, sem vilja gjarna búa í Brasilíu. ■

## HÉRAÐSDÓMUR

**Sviptur til þriggja ára** 22 ára maður hefur verið sviptur ökuréttindum í þrjú ár og dæmdur til að greiða 160.000 króna sekt fyrir að hafa ekið fullur á Akureyri aðfaranótt sunnudagsins 9. október síðastliðins. Um var að ræða ítrekaðan ölvunarakstur mannsins, en árið 2002 var hann sviptur ökuréttindum í hálft ár fyrir sama brot. Dómur var upp kveðinn í Héraðsdómi Norðurlands eystra á mánudag.

**Missti próf í eitt og hálft ár** Jafnaldri þess sem sviptur var í þrjú ár missti sama dag í sama dómi prófið í eitt og hálft ár og þurfti að greiða 130.000 krónur í sekt. Sá ók fullur um Akureyrarbæ á laugardagskvöldi í mars og svo aftur í ágústlok. Hann hefur ekki áður hlotið refsidóm.




## „ORÐRÉTT“

*Bjartsýni er dyggð*

**„Ingibjörg á eftir að leiða Íslendinga inn á nýjar brautir. Það munu fjölmargir bætast í fylgishópinn á næstunni, jafnframt því sem margir eiga eftir að ganga til liðs við flokkinn í pólitísku starfi.“**

**Stefán Jóhann Stefánsson Samfylkingarmaður um flokk sinn og formann í grein í Fréttablaðinu.**

*Vanda sig*

**„Hann [Viðar Eggertsson útvarpsmaður] kallar Lúðvík jafnan „Lúdwig“. Ríkisútvarpið verður að vanda framburð sinn.**

**Pétur Pétursson þulur í bréfi í Morgunblaðinu.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON SVEITARSTJÓRI

# *Framsóknarlegt og fínt í hreppnum*

„Það er allt gott að frétta héðan úr Hrunamannahreppi,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi. „Það eru spennandi tímar fram undan hérna hjá okkur og mikill uppgangur. Mjólkurframleiðendur hér eru heldur betur að láta til sín taka. Það eru í það minnsta tíu ný fjós í byggingu eða nýbyggð og þau líkjast nú frekar íþróttahúsum en hefðbundnum fjósum eins og við þekkjum þau frá því í gamla daga.“ Ísólfur Gylfi segir að það séu ekki bara kúabændur sem séu áberandi í sveitarfélaginu. „Hér er náttúrlega líka fjöldi garðyrkjubænda sem framleiða mjög góða vöru. Á Melum verður haldið upp á 25 ára afmæli garðyrkjustöðvarinnar næstu helgi. Þannig að þetta er allt mjög framsóknarlegt og fínt hérna hjá okkur,“ segir Ísólfur Gylfi og hlær.

Auk þess að sinna starfi sveitarstjóra er Ísólfur Gylfi varaþingmaður fyrir Framsóknarflokkinn. En saknar hann þess tíma þegar hann var þingmaður í fullu starfi? „Já, þingið er auðvitað mjög lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Ég neita því samt ekki að stundum er ég ósköp feginn að vera laus, sérstaklega þegar ég minnist leiðinlegu tímanna.“

Það er greinilega nóg að gera hjá Ísólfi Gylfa í vinnunni. En er hann farinn að undirbúa jólin nú þegar rétt tæpar þrjár vikur eru til jóla? „Það fer nú lítið fyrir því ennþá. Ég er nú samt búinn að setja upp eina og eina jólaseríu. Það sem gerir jólaundirbúninginn svolítið erfiðan er að ég á þrjú heimili; á Hvolsvelli, Flúðum og í Reykjavík. Sem betur fer á ég afskaplega duglega og góða konu sem hjálpar mér við þetta.“

Aðspurður hvort hann hafi einhvern tíma til að sinna áhugamálum segir Ísólfur Gylfi svo vera. „Ég hef mjög gaman af tónlist og hef sem betur fer svolítinn tíma til að sinna því áhugamáli mínu. Ég syng með Karlakór Hreppamanna og í fyrsta sinn frá stofnun kórsins héldum við opinbera tónleika í Skálholtsdómkirkju fyrsta sunnudaginn í aðventu og um síðustu helgi sungum við á aðventuhátíð á Flúðum.“





**Á BÓLAKAFI** Jólasveinninn í Japan man eftir öllum, líka fiskunum í Sædýrasafninu í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Léttklæddar komnar á ról

**Söngkonurnar í kvennakór Hornafjarðar fara ekki hefðbundanr leiðir við fjáröflunina í ár. Þær hentu kórkjólunum til hliðar og drifu sig í myndatöku djarflega klædddar. Myndirnar prýða dagatal kórsins, sem væntanlega mun hanga uppi víða í Skaftafellssýslu á nýju ári.**

„Þetta hafði verið að gerjast með okkur í nokkurn tíma, samt meira svona í djóki, en þegar Sigurður Mar Halldórsson ljósmyndari tók svona vel í þetta varð ekki aftur snúið,“ segir Áslaug Íris Valsdóttir kórfélagi. Sala er nú hafin á dagatalinu og hafa viðbrögðin verið góð en hvað segja bæjarbúar á Hornafirði um framtakið? „Það hafa flestir tekið þessu mjög vel, það er frekar á þann veginn að menn bjuggust við því að sjá meira hold því það var búið að gefa ýmislegt í skyn,“ segir Áslaug Íris. En hvernig telur hún að eiginmenn kórkvenna taki því þegar þeir fara að rekast á myndir af léttklæddum konum sínum á veggjum hér og þar um bæinn? „Ég held að þeir geti bara verið stoltir af sínum eiginkonum svo það verða engin vandræði með það,“ svarar Áslaug Íris örugg með sig líkt og söngdíva er háttur. Sigurður Mar er henni alveg sammála. „Þær verða ekki litnar öðrum augum hér á Hornafirði eftir þetta framtak,“ segir hann. „Þær eru glæsilegar á þessum myndum en það vissu það allir fyrir sem eitthvert skynbragð bera á kvenlega fegurð að þetta eru glæsilegar konur. Ég er bara sérlega stoltur yfir því að þær skyldu treysta mér í þetta verkefni,“ segir ljósmyndarinn.



**KVENNAKÓR HORNAFJARÐAR** Svona líta þær út á dagatalinu og svo er það bara spurning hvernig þær mæta til leiks á jólatónleikunum í Nýheimum í kvöld.

En ekki er dagatalið einungis fyrir fagurkera sem vilja vita hvað tímanum líður því inn á það verða merktir ýmsir atburðir sem munu eiga sér stað í Skaftafellssýslu. „Þannig að þetta dagatal er bæði til gagns og gamans,“ segir Áslaug Íris og hlær.

En ekki hafa þær kórkonur gleymt hinu eiginlega hlutverki kórsins og munu þær því halda jólatónleika í Nýheimum í kvöld. Hvort þær verði í kórkjólunum eða eitthvað léttklæddari lætur Áslaug Íris ósvarað.

**jse@frettabladid.is**

Jólabókasalan hófst fyrir alvöru í Bókhlöðunni Pennanum á Ísafirði um helgina:

# Harry Potter vinsælastur vestra

Harry Potter og Blendingsprinsinn hefur selst allra bóka mest í Bókhlöðunni Pennanum á Ísafirði það sem af er jólabókasölunni þetta árið. Jónas Gunnlaugsson bóksali segir fólk á öllum aldri kaupa þessa nýjustu bók um galdradrenginn Harry og að spennan vegna hennar sé svipuð og vegna fyrri bókanna.

Á hæla Harry kemur bók sem einnig tilheyrir bókaflokki, nefnilega 101 ný vestfirsk þjóðsaga eftir Gísla Hjartarson. Áttunda bókin er nú komin út. „101 ný vestfirsk þjóðsaga selst alltaf vel,“ segir Jónas og bætir við að þar sem hún sé á hóflegu verði, 1.900 krónur, sé hún oft látin fljóta með í jólapakkana til brottfluttra.

Vetrarborg Arnaldar Indriðasonar og Fíasól í hosilo eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttir eru svo í næstu sætum yfir mest seldu bækurnar í Bókhlöðunni Pennanum á Ísafirði.





**HARRY POTTER OG BLENDINGSPRINSINN** Mest selda bókin á Ísafirði.



**BÓKHLAÐAN VIÐ SILFURTORG** Jónas bóksali segir Glapræði Eiríks Bergmanns Einarssonar skemmtilega bók. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jónas bóksali hefur lesið talsvert á síðustu dögum og líst ágætlega á það sem hann hefur lesið. „Ég er núna að glugga í Leiðina að heiman eftir Ara Trausta og nýlega las ég Glapræði eftir Eirík Bergmann Einarsson. Mér fannst hún skemmtileg lesning, svo sem ekkert bókmenntaverk en sem afþreying fannst mér hún bara skemmtileg og ég held að hún endurspegli ákveðinn hluta þjóðfélagsins,“ segir Jónas. Hann veit sem er að Glapræði hefur fengið heldur slælega dóma hjá sumum gagnrýnendum en er ósamála þeim. „Ég hafði gaman af að lesa þessa bók.“

Jónas nefnir líka Bæjarins verstu eftir Hrein Vilhjálmsson, sem hefur marga fjöruna sopið á lífsleiðinni. „Í bókinni eru ansi krassandi lýsingar á því samfélagi sem sumir okkar samborgara búa í,“ segir hann um Bæjarins verstu.

Jónas og samstarfsfólk hans reyna að lesa sem flestar bækur til að geta miðlað upplýsingum til viðskiptavina sinna en á þann veg er þjónustan í Bókhlöðunni á Ísafirði, sem varð 85 ára í ágúst.



LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# Jólaboð Fjölbreytt úrval af gjafavörum



## L'Oréal Men Expert

Ný og frábær herralína fyrir allan aldur. Húðin verður unglegri á að líta.

**frá 689 kr.**



**5.490 kr.**

## Joe Boxer dömunáttföt

Falleg náttföt á dömur.



**1.999 kr.**

## Naomi Campell

Naomi Campell ilmirnir eru flottir og vinsælir, henta nútímadömum.



**5.490 kr.**

## Nuddpúði

Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði fyrir fætur og bak. Rafhlöður fylgja ekki með.



## L'Oréal húðvörur

**1.329 kr.**

Gelkornamaski fyrir líkama sem skrúbbar og mýkir.

**959 kr.**

Húðmjólk sem gerir húðina mjúka og áferðarfallega.



**1.939 kr.**

## Beetween Sheets

Van Gils gjafakassar, henta herrum á öllum aldri.




**3.760 kr.**

## Beurer hitapúði fyrir háls og bak

3 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 90 mínútur.



## Úrval geisladiska

**frá 1.699 kr.**

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana. Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

12 Tónar

Plan B

**Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.**



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

**GJAFAPOKI FYLGIR**

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 30479 12/2005

## SVONA ERUM VIÐ

**Meðalfjöldi fanga 1995-2004**




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** RAMSEY CLARK

# Ráðherrann sem varð verjandi vafasamra

Í réttarhöldunum yfir Saddam Hussein og nokkrum samherjum hans í Írak hefur vakið athygli að meðal verjenda fyrrverandi einræðisherrans er Bandaríkjamaðurinn Ramsey Clark, sem var dómsmálaráðherra Bandaríkjanna á sjöunda áratugnum.



**Hver er Ramsey Clark?**
William Ramsey Clark fæddist í Dallas í Texas 18. desember 1927. Hann gegndi herþjónustu í landgönguliðasveitum Bandaríkjahers árin 1945 og 1946 en nam síðan lögfræði. Hann hóf lögmannsstörf í Texas árið 1950 og hæstaréttarlögmannsréttindi hlaut hann árið 1956. Hann var aðstoðardómsmálaráðherra Bandaríkjanna á árunum 1961 til 1967. Í mars 1967 skipaði Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseti hann dómsmálaráðherra. Clark gegndi því embætti uns kjörtímabili Johnsons í Hvíta húsinu lauk í janúar 1969. Í dómsmálaráðherratíð Clarks fengu borgararéttindasamtök sem meðal annars. börðust gegn kynþáttaaðskilnaði ýmsum af helstu baráttumálum sínum framgengt. Í framhaldi af ríkisstjórnarsetu sinni starfaði Clark sem lagaprófessor og var virkur í hreyfingu andstæðinga Víetnamstríðsins. 1974 var hann frambjóðandi Demókrataflokksins til öldungadeildar Bandaríkjaþings fyrir New York, en tapaði fyrir frambjóðanda repúblikana.

**Hví er Clark umdeildur?**
Á síðustu árum hefur Clark orðið umdeildur fyrir stjórnmálaskoðanir sem stinga mjög í stúf við meginstraum bandarískra stjórnmála. Hann var til að mynda mjög andsnúinn hernaðaríhlutun Bandaríkjamanna bæði í Kúveit árið 1991 og í nú í Írak. Hann hefur jafnframt verið lögfræðilegur ráðgjafi ýmissa manna sem komist hafa upp á kant við yfirvöld í forysturíkjum Vesturlanda. Þar á meðal eru Charles Taylor, fyrrverandi stríðsherra í Líberíu, Elizaphan Ntakirutimana, foringi hútúa sem frömdu þjóðarmorð á tútsum í Rúanda, Karl Linnas, sem stýrði fangabúðum nasista í Eistlandi á stríðsárunum, Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu sem ákærður er fyrir stríðsglæpi, og Radovan Karadzic, fyrrverandi foringja Bosníu-Serba sem er eftirlýstur fyrir stríðsglæpi.
Og nú er Clark í verjendaliði Saddams Husseins.

## SPURT & SVARAÐ

FJÁRNÁM

### Hefur fækkað



**GUÐRÚN HÓLMSTEINSDÓTTIR**
Forstöðumaður innheimtusviðs.

Þegar talað er um fjárnám er átt við kröfu á hendur skuldara um greiðslu peninga eða annarra eigna. Sá sem skuldar getur greitt upp kröfuna til að forðast frekari innheimtuaðgerðir. Guðrún Hólmsteinsdóttir er forstöðumaður innheimtusviðs hjá Tollstjóranum í Reykjavík.

**Eru fjárnám algeng á Íslandi miðað við í nágrannalöndum okkar?** Ég hef ekki nákvæman samanburð á því. Það er kannski mikið gert af fjárnámum á Íslandi en það hefur hins vegar dregið úr því.

**Hvernig fer fjárnám fram?** Það byrjar á því að við sendum aðfararbeiðni til sýslumanns, sem boðar síðan skuldara í fjárnámsgerð. Lögfræðingur frá kröfuhafa mætir og málið er tekið fyrir. Málinu lýkur oftast með fjárnámi sem oftast er fjárnám í eign eða þá að fjárnámið er árangurslaust.

**Hvað er gert ef fjárnám er árangurslaust?** Árangurslaust fjárnám veitir kröfuhafa heimild til þess að biðja um gjaldþrot hjá skuldara. Það er næsta skref, en slík aðgerð er kostnaðarsöm þannig að það er metið hvort fara skuli þá leið.

# Rice viðurkennir mistök

**Condoleezza Rice hóf för sína til fjögurra Evrópulanda í Berlín í gær þar sem hún átti viðræður við Angelu Merkel kanzlara. Rice hét því á fundinum að Bandaríkjastjórn myndi bæta úr þeim mistökum sem henni yrði á í „stríðinu gegn hryðjuverkum“. Merkel sagðist eftir fundinn vænta þess að leikreglur lýðræðisins væru virtar í baráttunni gegn hryðjuverkahættunni. Hún lýsti sig ánægða með þau svör sem Rice hefði gefið.**



**RICE OG MERKEL** Á svip gestsins og gestgjafans á blaðamannafundi að loknum viðræðum þeirra í Berlín í gær mátti sjá að engin gamanmál voru þar á dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erindi Rice í Berlín var ekki sízt að undirbúa heimsókn nýja kanzlarans í Hvíta húsið sem stendur til að verði af fljótlega. En hvað sem bandaríski utanríkisráðherrann hefði annars óskað sér að ræða við Merkel og aðra evrópska ráðamenn sem hún hittir í vikunni eru það önnur og óþægilegri mál sem hún þarf að svara fyrir; hún fær ekki undan því vikizt að reyna sitt ítrasta til að lágmarka skaðann sem þegar er skeður fyrir ímynd Bandaríkjastjórnar í Evrópu vegna ásakana um að vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA séu rekin leynifangelsi í Austur-Evrópulöndum þar sem erlendum mönnum, sem grunaðir eru um að vera hryðjuverkamenn eða tengjast hryðjuverkasamtökum, sé haldið föngnum á laun og yfirheyrslur stundaðar yfir þeim. Ásakanirnar snúa líka að því að í nafni reglna um „sérstakt framsal“ (*extraordinary rendition* eins og bandarískir ráðamenn kjósa að kalla það) séu slíkir fangar fluttir með leynd landa og heimsálfa á milli - jafnvel til landa þar sem pyntingar á föngum viðgangast - og flugvélarnar sem notaðar séu í þessum tilgangi hafi ótal sinnum farið um lofthelgi og flugvelli bandalagsríkja Bandaríkjanna í Evrópu.

### Í hlutverki eldingavara

Þessar ásakanir fengu byr undir báða vængi þegar The Washington Post birti í byrjun nóvember greinar þar sem þær eru hafðar eftir núverandi og fyrrverandi leyniþjónustumönnum frá Bandaríkjunum og fleiri löndum. Þar til Rice lagði upp í Evrópuförina á mánudag hafði enginn háttsettur talsmaður Bandaríkjastjórnar viljað tjá sig meira um málið en að staðfesta hvorki né neita hinum framkomnu ásökunum. Það má því segja að hún sé nú lent í hlutverki „eldingavara“ sem spennan út af þessum ásökunum afhleðst í.

Í ávarpi sem hún flutti við brottförina frá Andrews-herflugvellinum utan við Washington á mánudag reyndi hún sitt bezta til að kveða niður hina harkalegu gagnrýni. „Bandaríkin nota ekki lofthelgi né flugvelli neins lands til flutninga á nokkrum fanga ef við höfum ástæðu til að ætla að hann verði pyntaður,“ sagði hún. Hún sagði ennfremur að hið svokallaða „sérstaka framsal“ væri lögmætt tæki í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í viðræðum sínum í Berlín í gær ítrekaði hún þá staðhæfingu að bandarísk stjórnvöld virtu öll gildandi lög og alþjóðasamninga í þessari baráttu.

Um þá staðhæfingu eru ekki allir Evrópubúar sannfærðir. Jafnvel þótt efasemdir vaxi um að evrópskir stjórnmálamenn og leyniþjónustumenn hafi ekki verið upplýstir um hið umdeilda fangaflug CIA eru áhyggjur vaxandi meðal ráðamanna Evrópuríkjanna um að það kunni að teljast brot á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og því hafið rannsókn á málinu. Ásakanirnar um meint leynifangelsi hafa einnig hrint af stað rannsókn bæði á vegum Evrópuráðsins og Evrópusambandsins.

Frá Berlín hélt Rice til Rúmeníu í gær, en getgátur hafa verið uppi um að þar hafi eitt hinna meintu leynifangelsa verið að finna. Rúmensk yfirvöld neita því. Næsti viðkomustaður er Kíev í Úkraínu og loks Brussel í Belgíu.

### Viðurkennir mistök

Rice ítrekaði í viðræðum sínum í Berlín í gær þá yfirlýsingu sem hún gaf í ávarpinu á mánudag um að Bandaríkjamenn stunduðu ekki pyntingar á föngum og liðu þær ekki. En hún viðurkenndi að mistök ættu sér stað. „Þegar og ef mistök gerast leggjum við hart að okkur að bæta úr þeim,“ sagði hún á blaðamannafundi með Merkel.

Þessi orð hennar voru einkum túlkuð sem viðurkenning á því að CIA hafi orðið á mistök er útsendarar hennar rændu Khaled al-Masri, þýzkum ríkisborgara af líbönskum uppruna, í Makedóníu fyrir tveimur árum og fluttu með leynd til Afganistans þar sem reynt var að þvinga út úr honum upplýsingar. Þegar þeim varð ljóst að þeir hefðu farið mannavillt var al-Masri skilað heim til Þýzkalands svo lítið bar á. Mannréttindasamtök í Bandaríkjunum ætla fyrir hans hönd í mál við CIA.

Á fundinum lét Merkel ekki í ljósi neina gagnrýni á Bandaríkjastjórn og hvorki hún né Rice létu nokkuð uppi sem varpað gæti ljósi á hvað hæft væri í ásökununum um leynifangelsi CIA í Evrópu eða hvort fangar hefðu verið fluttir um þýzka flugvelli. Rice gaf í skyn í ávarpi sínu á mánudag að ef eitthvert Evrópuríki skyldi hafa lagt til aðstöðu undir leynifangelsi þá hefði það gerzt með vitund og vilja þarlendra stjórnvalda. Rice tók fram að það væri „undir stjórnvöldum í þessum löndum komið að ákveða hversu mikið af viðkvæmum upplýsingum þau geta birt“. Með þessu var Rice greinilega að varpa ábyrgð yfir á evrópska ráðamenn að upplýsa almenning um þær aðferðir sem þeir taka þátt í að beita í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is




Risajól
MEDION®
42" Plasmasjónvarp MD35798
• Mynd í Mynd (PIP)
• Tveir sjónvarpsmóttakarar
• Mikil skerpa, 5000:1
• Birta 1000cd/m2
• Textavarp með 2100 síðna minni
• HDTV stuðningur, 720p, 1080i
• HDCP stuðningur
• Innbyggðir víðóma hátalarar
• Vönduð ál yfirbygging
• Styður PAL/NTSC/SECAM
• DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
• 2 EURO SCART tengi
• Composite video tengi (RCA)
• S-Video tengi (MINI DIN)
• Þyngd án stands: 38kg
• Þyngd með standi: 42kg
Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndarinnar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár.
WIDE SCREEN
HDTV READY
Þýsk gæði!
Jólapakki fjölskyldunnar
Vinsælasta plasmasjónvarpið í ár er Medion
BT
42" Plasmasjónvarp
Lækkað verð
16.666 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
199.992
STAÐGREITT
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
VISA
MasterCard
Bættu við kr. aðeins 1.999 á mánuði og fáðu Sony heimabíó og 14 DVD myndir*
*gildir með Medion MD35798, JDV42" og JDV32"
330 RMS wött
SONY
DAV-SB100 - heimabíókerfi með DVD spilara
Gildir fyrir öll sjónvörpin á síðunni
Tilboð!
Tilboð!
42" Plasmasjónvarp
Hægt að taka hátalarana af!
Þetta er aðeins brot af úrvalinu
Tilboð!
13.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
167.988
STAÐGREITT
JDV
JDV42 Plasmasjónvarp
• 42" SAMSUNG V4 SKJÁR • BIRTA 1000 CD / M2 • UPPLAUSN 852(H) x 480(V) WXGA • SKERPA 3000 : 1
• LITIR 16.77 MILLJÓN • VIÐBRAGÐSTÍMI 8ms • HLJÓÐ (8W x 8W) RMS • HD TILBÚINN 1080i * 1920
• 160° SJÓNHORN • GRÁTT / SILFUR HÖNNUN • FJARSTÝRING FYLGIR • Hægt að tengja beint við tölvu með DVI tengi
• VEGGFESTINGAR FÁANLEGAR
32" LCD sjónvarp
Vinsælasta 32" LCD sjónvarp Íslands
Bestu jólapakkarnir eru í BT
Mynd í mynd!
WIDE SCREEN
Tilboð!
10.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
131.988
STAÐGREITT
JDV
JDV 32" LCD flatsjónvarp
• Upplausn 1366 X 768 • Mynd í Mynd (PIP) • Contrast 800:1 • Birta 550cd/m2
• HD samhæft - styður 1080i/720p/576p/480p • Textavarp - 120 síðna minni • Magnari og hátalarar 2x 7W RMS SRS
• Tengi: 2 Scart / RGB / S-VHS / Component • DVI / PC-inngangur / Tengi fyrir heyrnatól • Fjarstýring
BT
JÓLADAGATALIÐ!
AÐALVINNINGUR ER JÓLAPAKKI
10. hver vinnur!
Sendu SMS skeytið BT RVK á númerið 1900 og þú gætir unnið!
Við sendum þér spurningu tengda BT og jólunum sem þú svarar með SMS skeyti BT A, B eða C á númerið 1900.
10. hver vinnur eitthvað af þessu hér:
MEDION V8 X2 tölvur • PANASONIC heimabíó • Denver DVD spilarar • PANASONIC miniDV tökuvélat • Sony Stafrænar myndavélar • GSM símar • Jólaís Kjörís • PSP tölva • Sony MP3 spilarar • Konfekt frá Nóa Síríus • PlayStation 2 tölvur • Bíómiðar fyrir tvo á The Family Stone • Fullt af geislaplötum • CocaCola kippur • Fullt af DVD • Víking Malt kippur • Fullt af tölvuleikjum • Frí ADSL áskrift hjá BTnet!
Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# Pyntingar eða háþróaðar yfirheyrslur?

**Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, viðurkenndi að CIA flytti grunaða hermdarverkamenn án dóms og laga á milli landa til yfirheyrslna en þvertók fyrir að þeir væru pyntaðir. Yfirheyrsluaðferðir CIA eru hins vegar vafasamar svo ekki sé meira sagt.**



**VAKTI AÐDÁUN FYRIR ÞOLGÆÐIÐ** Fangaverðir CIA voru undrandi yfir því hversu lengi Khalid Sheikh Mohammed þoldi við á vatnsbrettinu svonefnda. Mohammed var handtekinn í Pakistan í mars 2003 og hefur verið í haldi Bandaríkjamanna síðan. Hann er sagður hafa fengið hugmyndina að því að fljúga farþegaþotum á bandarískar byggingar og svo skipulagt árásirnar 11. september 2001. Auk þess er honum gefið að sök að hafa sjálfur tekið bandaríska blaðamanninn Daniel Pearl af lífi í Pakistan sama ár. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríska ABC-sjónvarpsstöðin birti í fyrradag fréttir um að bandaríska leyniþjónustan CIA hefði lokað tveimur fangelsum í Austur-Evrópu í síðasta mánuði í kjölfar ásakana Mannréttindavaktarinnar um að stofnunin stæði í slíkum rekstri í Póllandi og Rúmeníu. Að sögn heimildarmanna stöðvarinnar hafa ellefu grunaðir hermdarverkamenn - sagðir hættulegustu al-Kaídaliðarnir sem Bandaríkjamenn hafa í haldi sínu - verið fluttir þaðan til nýs fangelsis CIA í eyðimörkum Norður-Afríku. Þessir menn hafa allir verið handsamaðir á síðustu misserum og hafa síðan sætt linnulausum yfirheyrslum um fortíð sína og frekari áform al-Kaída. Tíu þessara manna hafa verið beittir því sem CIA kallar háþróaðar yfirheyrsluaðferðir (enhanced interrogation techniques) en Bandaríkjastjórn telur þessar aðferðir ekki til pyntinga.

**Engin vettlingatök**

Fyrir tæpum mánuði birti ABC-stöðin aðra frétt þar sem nokkrum þeirra yfirheyrsluaðferða sem CIA beitir var lýst. Heimildarmenn stöðvarinnar koma úr röðum leyniþjónustunnar en með uppljóstrununum vildu þeir upplýsa almenning um þá leið sem stofnunin hefur ákveðið að feta. Frásagnir þeirra koma heim og saman við vitnisburð fanga sem CIA hefur haft í haldi í Afganistan. Stjórnendur CIA vildu ekki staðfesta fréttina þegar hún var borin undir þá, en þeir fengust heldur ekki til að neita því sem þar kom fram.

Eins og sjá má af lýsingunum hér til hliðar eru þessar aðferðir misharkalegar, sú síðasttalda þó sýnu grófust. Þeir CIA-menn sem heimiluðu að láta binda sig á vatnsbrettið entust að meðaltali í fjórtán sekúndur á því áður en þeir gáfust upp. Khalid Sheikh Mohammed, sem handtekinn var í Pakistan 2003, er sagður hafa uppskorið aðdáun fangavarða sinna þegar hann hélt út í tvær og hálfa mínútu undir vatnsflaumnum en svo grátbað hann um að fá að játa.

Erfitt er að greina hvar skilin á milli þessara aðferða og pyntinga liggja, að minnsta kosti er John Sifton hjá Mannréttindavaktinni ekki í neinum vafa um að vatnsbrettið sé í síðarnefnda flokknum. „Sá sem sætir þessu telur að verið sé að drepa hann. Því jafngildir þetta sýndaraftöku, sem er bönnuð samkvæmt alþjóðasáttmálum.“

**Allir á einum stað**

Notkun þessara „háþróuðu yfirheyrsluaðferða“ er háð ströngum starfsreglum CIA. Í hvert og eitt skipti þarf að fá leyfi til að beita þeim en ekki er þó vitað til að slíkum beiðnum hafi nokkru sinni verið hafnað. Einungis fjórtán CIA-menn hafa heimild til að beita fanga í haldi stofnunarinnar aðferðunum og þeir hafa fengið sérstaka þjálfun í notkun þeirra.

Fyrir nokkrum misserum dó fangi úr lungnabólgu eftir að hafa verið látinn standa rennblautur og kviknakinn á ísköldu gólfi yfir nótt í fangelsi í Afganistan en þeim pyntingum stýrði herforingi sem ekki hafði heimild til þess arna. Tvö önnur dæmi tilfærir ABC um fanga sem dóu eftir yfirheyrslur, báðir í íröskum fangelsum.

Leynifangelsi CIA eru ekki mörg, raunar eru þau sem eru í notkun á hverjum tíma teljandi á fingrum annarrar handar. Þau er yfirleitt að finna í herstöðvum sem stundum eru ekki einu sinni lengur í notkun, til dæmis þær í Austur-Evrópu sem sagðar eru frá því á Sovéttímanum.

Venjan er að geyma stóra fangahópa saman því þannig er hægt að yfirheyra einn fanga og fá upplýsingarnar sem hann lætur í té staðfestar hjá þeim næsta.

**Deilur innan CIA**

Heimildarmenn ABC ítreka hins vegar að deildar meiningar séu um aðferðirnar innan stofnunarinnar og eru nokkrir CIA-menn sagðir hafa hafnað að fá heimild til að beita þeim. Þeir telja að játningar sem fengnar séu með pyntingum séu ekki áreiðanlegar heldur játi margir á sig nánast hvað sem er til að sleppa við frekari misþyrmingar. Þannig er Ibn al-Shaykh al-Libi, einn hinna grunuðu al-Kaídamanna, sagður hafa gefið sig eftir að hafa verið bundinn á vatnsbrettið og síðan látinn standa nakinn og blautur í klefa sínum yfir nótt. Á grundvelli þeirra játninga rökstuddi Bandaríkjastjórn ásakanir sínar um að al-Kaídaliðar fengju þjálfun í Írak í notkun sýklavopna, sem síðar hefur komið á daginn að enginn fótur var fyrir.

Sumir telja þó réttlætanlegt að beita hörku þegar talið er að koma megi í veg fyrir hryðjuverk en tíminn er naumur. Eftir sem áður er þó engin trygging fyrir því að þær upplýsingar sem fanginn greinir frá séu í raun og veru réttar eða að hann viti yfirleitt eitthvað um málið.

**Orðhengilsháttur gagnrýndur**

Í þessu ljósi eru yfirlýsingar Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í fyrradag athyglisverðar. Aðspurð neitaði hún hvorki né játaði að leynifangelsin væru til en ítrekaði þó að Bandaríkjastjórn pyntaði engan eða flytti nokkurn mann til staða þar sem pyntingar væru stundaðar.

Mary Robinson, fyrrverandi yfirmaður mannréttindamála hjá Sameinuðu þjóðunum, gagnrýndi Rice fyrir orðhengilshátt og sagði loðin svör stjórnarinnar mjög til vansa. Greinilegt væri að þeir lögfræðilegu ráðunautar sem hún ráðfærði sig við „hefðu tilhneigingu til að nota óljóst orðalag þegar þeir skilgreina pyntingar“.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is

**HÁÞRÓAÐAR YFIRHEYRSLUAÐFERÐIR CIA**

*Fréttastofa ABC-sjónvarpsstöðvarinnar hefur heimildir fyrir sex ólíkum brögðum sem sérfræðingar bandarísku leyniþjónustunnar CIA eru sagðir beita þá fanga sem taldir eru sérstaklega hættulegir.*

**Skyrtutakið** Leyniþjónustumaðurinn hrifsar í skyrtu fangans og hristir hann harkalega.

**Kinnhesturinn** Fanginn sleginn utanundir með flötum lófa til að hræða og meiða hann.

**Magahöggið** Fanginn sleginn föstu höggi með flötum lófa í kviðinn. Höggið er sársaukafullt en af því hljótast ekki innvortis meiðsli. Læknar CIA eru sagðir hafa mælt gegn hnefahöggum þar sem þau geta eyðilagt líffæri.

**Sístaðan** Þessi aðferð er sögð ein sú áhrifamesta. Fanginn er þá hlekkjaður á höndum og fótum og neyddur til að standa grafkyrr í allt að fjörutíu klukkustundir. Þreyta og svefnleysi brjóta hann fljótlega niður.

**Kæliklefinn** Fanginn stendur nakinn í tíu gráðu heitum fangaklefa. Með reglulegu millibili er ísköldu vatni sprautað á hann.

**Vatnsbrettið** Fanginn er hlekkjaður við borð og eru fætur hans látnir standa hærra en höfuðið. Plasti er vafið utan um höfuðið og síðan er vatni sturtað yfir hann. Þessi aðferð kallar fram heiftarlega köfnunartilfinningu og geta fáir fangar staðist þessa raun nema í örskamma stund.

**Þessir al-Kaídamenn eru í haldi Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra**



**ALI ABDUL RAHMAN AL-GHAMDI** Þótt al-Ghamdi sé ekki nema 31 árs barðist hann í Tsjetsjeníu og Afganistan. Honum hefur verið lýst sem höfuðsmanni al-Kaída í Sádi-Arabíu og er hann grunaður um að bera ábyrgð á sprengjutilræðum í Ríad árið 2003. Í kjölfar árásanna gaf hann sig fram við yfirvöld. NORDICPHOTOS/AFP



**RAMZI BINALSHIBH** Jemeninn á að hafa gegnt veigamiklu hlutverki í Hamborgarsellu al-Kaída sem sögð er hafa skipulagt hryðjuverkin 11. september 2001. Binalshibh er jafnframt grunaður um að hafa stýrt árásinni á bandaríska herskipið USS Cole í Aden árið 2000. Hann hefur verið í haldi Bandaríkjamanna síðan 2002. NORDICPHOTOS/AFP



**ABU FARAJ AL-LIBBI** Al-Libbi var handsamaður í Pakistan í maí á þessu ári. Hann er sagður hafa tekið við verkefnum Khalid Sheikh Mohammed þegar hann var gómaður árið 2003. Al-Libbi á að hafa skipulagt tvö banatilræði við Pervez Musharraf, forseta Pakistans. NORDICPHOTOS/AFP



# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum sófasettum
á frábæru verði o.m.fl.



Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt



Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt



Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt



Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og ljóst



Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Rauðbrúnt



Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt, koníaksbrúnt og ljóst

## Opið sunnud. 13-16

**Mikið úrval af hornsófum, sófasettum og hvíldarstólum**

## Kíktu í dag...

**Opið**

Virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16
Sunnud. kl.13-16

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.157 -0,12%**

**Fjöldi viðskipta:** 225
**Velta:** 1.294 milljónir

MESTA HÆKKUN
**Bakkavör +1,00%**
**SÍF +0,72%**
**HB Grandi +0,53%**

MESTA LÆKKUN
**Össur -1,33%**
**Flaga -1,20%**
**Mosaic Fashions -1,16%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 46,20 +0,40% ... Bakkavör 50,50 +1,00% ... FL Group 16,40 +0,00% ... Flaga 4,95 -1,20% ... HB Grandi 9,55 +0,50%... Íslandsbanki 16,70 -0,60% ... Jarðboranir 24,10 +0,00% ... KB banki 662,00 +0,00% ... Kögun 60,00 +0,30% ... Landsbankinn 23,80 -0,80% ... Marel 65,20 +0,00% ... SÍF 4,18 +0,70% ... Straumur-Burðarás 15,50 +0,00% ... Össur 111,50 -1,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

### Spádómsgáfa Greenspan

Greiningardeild KB banka rifjar upp að 5. desember voru níu ár frá því að Alan Greenspan, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, lét þau orð falla að hlutabréfamarkaðurinn stjórnaðist af óskynsamlegri bjartsýni. Síðustu hundrað ár hefur nafnvöxtun hlutabréfa verið 10,1 prósent á ári, en frá því að orð Greenspan féllu hefur Nasdaq vísitalan hækkað um 6,3 prósent á ári, Dow Jones um 5,95 prósent og S&P um 6,23 prósent. Hærri ávöxtunarkrafa er gerð til hlutabréfa en skuldabréfa, en þegar Greenspan lét orð sín falla var ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa 6,23 prósent. Greining KB banka segir að ekki verði annað séð en að orð Greenspan hafi staðist tímans tönn. Það verður eftirsjá af þessum spámannlega vaxna öldungi þegar hann stígur úr stólnum sínum um næstu áramót.



### Ford lúffar fyrir afturhaldi

Bílaframleiðandinn Ford hefur hlotið mikla gagnrýni fyrir ákvörðun um að hætta að auglýsa í tímritum homma og lesbía. Ford lét undan þrýstingi afturhaldssamra samtaka um fjölskyldugildi og vísar til þess að fyrirtækið ráði því sjálft hvar það auglýsi. Samtök homma og lesbía hafa mótmælt harðlega og meðal þeirra sem hafa krafið fyrirtækið svara eru samkynhneigðir starfsmenn fyrirtækisins. Stjórnendur félgasins fullyrða að þrátt fyrir þessa ákvörðun sé engrar stefnubreytingar að vænta í starfsmannastefnu fyrirtækisins í sömu átt. Eina bílamerkið sem er undanskilið varðandi auglýsingar í tímaritum homma og lesbía er Volvo. Ekki kemur fram hvers vegna það er undanskilið, en Volvobílar höfða til þeirra sem setja öryggið á oddinn.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Kanada hækkaði stýrivexti úr 3% í 3,25%. Segir bankinn að jafnvel þurfi að hækka vexti enn frekar til þess að draga úr verðbólgu. Búist er við að Seðlabanki Bandaríkjanna geri slíkt hið sama á næstunni.

Á þriðja ársfjórðungi 2005 námu tekjur af erlendum ferðamönnum alls 18,8 milljörðum króna og hafa þær aldrei verið jafn miklar. Þar af voru 12,7 milljarðar króna neysla þeirra hérlendis og fargjaldatekjur námu 6,1 milljarði króna.

Gengisvísitala krónunnar hækkaði um 0,28 prósent í gær og veiktist krónan sem því nemur. krónan hefur lækkað töluvert að undanförnu og stendur vísitala hennar nú í 107,20 stigum.

# Framleiðniaukning í Bandaríkjunum

Framleiðni í Bandaríkjunum jókst meira en væntingar stóðu til um á þriðja ársfjórðungi þessa árs, um 4,7 prósent. Þetta er mesti framleiðnivöxtur þar vestra í tvö ár. Athygli vekur að þessi mikli framleiðnivöxtur verður þrátt fyrir að að þúsundir starfa hafi tapast eftir að fellibylirnir Ríta og Katrín riðu yfir suðurströnd Bandaríkjanna.

Bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur hækkað hagvaxtarspá sína og er nú gert ráð fyrir 4,3 prósenta hagvexti á árinu. Fyrri spá hljóðaði upp á 3,8 prósenta hagvöxt. Þessi kröftugi framleiðnivöxtur hefur þó ekki leitt til aukins launakostnaðar en tólf mánaða launakostnaður lækkaði um eitt prósent á þriðja ársfjórðungi. ■

# Stór hluti greiðir niður íbúðalánin

„Aðgangur að lánsfé og kjör er snerta húsnæðiskaup eða bygginga hafa ekki áður verið betri hér á landi. En hinu er ekki að leyna að stór hluti bankakerfisins er sennilega að greiða niður húsnæðislán sín um þessar mundir,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri á fundi Viðskiptaráðs á mánudaginn.

Davíð sagði að þetta kynni auðvitað að vera meðvituð áhætta og lánveitendur gætu hagnast vel þegar vextir hér yrðu líkir því sem annars staðar gerðist. **- bg**



**DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI**



**GUNNLAUGUR M. SIGMUNDSSON, FORSTJÓRI KÖGUNAR, SEGIR KÖGUN STEFNA HÁTT** Meðal viðskiptavina nýja fyrirtækisins eru nöfn sem allir Íslendingar þekkja.

# Kögun kaupir hugbúnaðarfyrirtæki í Bandaríkjunum

Kögun hf. hefur skrifað undir samning um kaup á bandarísku hugbúnaðarfyrirtæki.

Ekki hefur verið greint frá nafni fyrirtækisins. Það verður ekki gert fyrr en áreiðanleikakönnun hefur verið framkvæmd af hálfu endurskoðenda og lögfræðinga Kögunar. Gert er ráð fyrir að endanlega verði gengið frá samningnum í lok desember.

Fyrirtækið, sem er í einkaeign, hefur verið starfrækt frá árinu 1979 og hjá því starfa um þrjátíu manns. Það er sérhæft í sölu og innleiðingu viðskiptahugbúnaðar Microsoft og er á miklu vaxtarsvæði í Bandaríkjunum. Kaupverð á fyrirtækinu er trúnaðarmál en að sögn Gunnlaugs M. Sigmundssonar, forstjóra Kögunar, er fyrirtækið í góðum rekstri og ýmis nöfn meðal viðskiptavina þess sem allir Íslendingar þekkja.

Gunnlaugur segir þetta aðeins fyrstu fjárfestingu af mörgum í Bandaríkjunum og fyrirtækið stefni á mikinn vöxt þar. „Við erum að kaupa okkur móðurskip til að byrja á. Fleiri kaup munu fylgja í kjölfarið á og innan tveggja ára verðum við komin með almennilega veltu í Bandaríkjunum.“

Kögun stefnir hátt á sviði viðskiptalausna og hefur það að markmiði að verða meðal þeirra fimm stærstu í Bandaríkjunum á því sviði. Hann bendir á að Kögun sé ekki ókunnug Bandaríkjamarkaði enda hafi fyrirtækið verið stofnað í Los Angeles og fyrstu árum í rekstri þess eytt þar. Það renni því ekki blint í sjóinn með markmið sín. Það sé hins vegar ekki ætlunin að fara í útrás með þeim hætti að setja sjálft upp útibú í Bandaríkjunum. Frekar verði fjárfest í vel reknum bandarískum fyrirtækjum í sóknarhug og þau sameinuð með tímanum. **- hhs**


# Smásjár á tilboði







**Tölvutengjanleg myndavélasmásjá. Tilboðsverð: 12.796,-**

**Smásjá með ljósi Tilboðsverð: 2.396,-**

**Mikið úrval af þroskandi jólagjöfum.**



**Vefverslun á www.skola.is**

Skólavörubúðin

**Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is**


# Erlendar skuldir aukast milli mánaða

Í lok september námu erlendar skuldir hagkerfisins 2.334 milljörðum króna, sem er fjögurra prósenta aukning milli mánaða, samkvæmt nýjum tölum frá Seðlabankanum. Hálf fimm fréttir KB banka greina frá þessu. Það sem af er ári hafa erlendar skuldir þjóðarbúsins aukist um fjórutíu prósent en frá árinu 2003 hafa þær aukist um 98 prósent. Það má að miklu leyti rekja til mikillar aukningar erlendra skulda hjá innlánsstofnunum. Þær hafa aukist um rúm fimmtíu prósent frá áramótum og um 157 prósent frá lok ársins 2003. Stærsti hluti þess er skuldabréfaútgáfa innlendu bankanna erlendis sem hefur tæplega tvöfaldast frá áramótum og nemur nú tæpum 1.500 milljörðum króna. Erlendar skuldir hins opinbera hafa hins vegar dregist saman um sextán prósent. Erlendar skuldir þjóðarbúsins nema nú um 235,3 prósentum af vergri landsframleiðslu samanborið við tæp 200 prósent við lok ársins 2004. Umtalsvert flæði erlends gjaldeyris inn í hagkerfið hefur hjálpað til við að halda gengi krónunnar sterku og greiða fyrir methalla á viðskiptum við útlönd.

Hrein staða við útlönd, erlendar eignir að frádregnum erlendum skuldum, er hins vegar neikvæð upp á 858 milljarða króna en hallinn hefur aukist um tæp 25 prósent milli ára og er nú um 89 prósent af vergri landsframleiðslu. ■

# Hækkanir á mörkuðum

Evrópskar kauphallir náðu í gær hæstu gildum í meira en þrjú og hálft ár en einnig hækkuðu hlutabréf í Bandaríkjunum.

Olíuverð hefur haldist undir sextíu dölum á fatið, sem sem hefur jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaði, en einnig voru birtar tölur um 4,7 prósenta framleiðniaukningu í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi, sem er mesta hækkun í tvö ár.

Hlutabréf í Ericsson hækkuðu um fjögur prósent vegna risasamnings við Hutchison's - þriðju kynslóðar fjarskiptafyrirtækisins.

Bankar og smásalar eins og Next og Royal Bank of Scotland hækkuðu á breska markaðnum. Kuldakast í Bretlandi hefur örvað smásölu til muna og hækka kaupmenn því útsöluverð. **- eþa**

# "Bókin sem hittir í mark"

Eyjólfur Sverrisson,
landsliðsþjálfari í knattspyrnu



Með Lífið að láni er eftir sálfræðingana Jóhann Inga Gunnarsson og Sæmund Hafsteinsson sem eru sannkallaðir meistarar á sínu sviði.




**1.999kr**

"Bókin með lífið að láni hvetur lesendur til að staldra við og meta stöðuna í lífinu. Hún byggir á langri reynslu höfunda við að hlusta á og aðstoða fólk sem vill öðlast betri skilning og færni til að takast á við verkefni lífsins."

Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor,
Háskólinn í Reykjavík

"Sjálfstraust í samskiptum er lykilatriði, Jóhann Ingi og Sæmundur fjalla um það á mannamáli í þessari góðu bók. "

Sigmar Vilhjálmsson
Dagskrárgerðarmaður

"Með Lífið að láni er kærkominn leiðarvísir fyrir alla sem vilja rækta sinn innri mann og ná raunverulegum árangri í lífinu. Við hjá Toyota ákváðum strax að gefa öllu okkar starfsfólki eintak af bókinni. Kjarninn í góðri mannauðsstefnu er samankominn í þessari bók."

Fanný Bjarnadóttir, starfsmannastjóri Toyota

"Bókin gefur góð ráð varðandi ákvarðanatöku og markmiðasetningu sem ég get tekið undir heilshugar, að kunna að setja sér markmið er forsenda velgengni á öllum sviðum."

Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu

Bókin er auðveld aflestrar, grípandi og gagnleg. Þar má má finna lifandi og hnitmiðaðar lýsingar á spurningum, viðfangsefnum og aðferðum sem skipt geta sköpum í lífi þínu.

Með lífið að láni er kærkominn leiðarvísir fyrir alla sem hafa metnað til að ná árangri og njóta lífsins til fulls.







Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Sóðaskapur og ógæfufólk á aðalverslunargötunni:

## Verjum Laugaveginn

Undanfarna tvo daga hafa birst hér á síðum Fréttablaðsins ógeðfelldar lýsingar á ástandinu á Laugavegi í kjölfar þess að ráðist var á mann þar snemma að laugardagsmorgni. Verslunareigendur og kaupmenn við götuna gefa ófagra lýsingu á ástandinu þar, einkum um helgar. Vilja þeir meina að ástandið megi rekja til bara sem starfræktir eru við götuna. Pétur Arason býr við Laugaveg og varð nýlega fyrir því að ráðist var á hann um hábjartan dag með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði. Hann lýsir ástandinu svo: “Stór hluti af vandamálinu er barir þarna á svæðinu. Þar fer fram fíkniefnasala eins og um hverja aðra kjörbúð sé að ræða.“ Hann segir að lögreglunni hafi margsinnis verið bent á þetta, en þessi starfsemi hafi viðgengist þarna i mörg ár. Auk þess að benda lögreglunni á þetta hafi hann rætt vandamálið við borgarfulltrúa en án árangurs.

Þetta er ófögur lýsing á ástandinu við Laugaveg, aðalverslunargötu höfuðborgarinnar, og þarna þurfa borgaryfirvöld og lögreglan greinilega að taka til hendinni. Laugavegurinn hefur verið á uppleið að undanförnu og þar eru fyrirhugaðar miklar framkvæmdir varðandi uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

*Ef allir leggjast á eitt um að bæta ástandið og hlúa að götunni getum við áfram fengið okkur göngutúr á Laugaveginum, ekki síst nú í aðdraganda jólanna,en hvergi er að finna skemmtilegri stemningu í borginni en einmitt þar.*

Borgaryfirvöldum ber að verja og vernda Laugaveginn og stuðla að uppbyggingu. Þar hefur heilmikið verið gert á undanförnum árum og nú síðast var kaflinn á milli Barónsstígs og Snorrabrautar tekinn í gegn, auk þess sem þar var tekið í notkun nýtt bílageymsluhús á móti gamla Röðli og færi vel á því að húsið bæri það nafn. Þeir sem reka þarna atvinnustarfsemi og búa við Laugaveginn og í nágrenni hans þurfa líka að leggja sitt af mörkum. Íbúarnir verða að gera sér grein fyrir því að með því að velja það að búa í eða við miðbæjarkjarna og njóta alls þess sem slík hverfi hafa upp á að bjóða verða þeir líka að sætta sig við tilveru veitingahúsanna á kvöldin og um helgar. Ógæfufólk á þar hins vegar ekki heima og það hlýtur að vera sérstakt verkefni yfirvalda að sjá svo um að það sé ekki þarna. Þetta vandamál er ekki einskorðað við Laugaveginn, heldur vel þekkt í borgarkjörnum víða, og ættum við að geta lært af reynslu annarra í þessum efnum. Fótgangandi lögregluþjónar á þeim tímum sem mest er um að vera á Laugaveginum hafa áreiðanlega sitt að segja til að leysa vandamálið og öflugt hreinsunarstarf borgaryfirvalda ætti að vera sjálfsagt mál um helgar.

Það væri sannarlega skref afturábak ef öll hin líflega starfsemi sem skotið hefur rótum við Laugaveginn á undanförnum árum legðist af. Gatan hefur breyst úr því að vera mikil verslunargata í það að vera aðlaðandi borgarhluti með veitingastöðum og sérverslunum líkt og víða í nágrannalöndunum. Ef allir leggjast á eitt um að bæta ástandið og hlúa að götunni getum við áfram fengið okkur göngutúr á Laugaveginum, ekki síst nú í aðdraganda jólanna,en hvergi er að finna skemmtilegri stemningu í borginni en einmitt þar.

Fjalakötturinn á aðventunni
Ljúffengur jólamatseðill
Forréttir
Kjúklingalifra parfait með fíkjumauki og rauðvíns gljáa og reyktur áll með hrærðum eggjum
Milliréttur
Heimalöguð síld með ísköldu ákavíti
Aðalréttir
Andabringa og foie gras fyllt ravioli með soðgljáa eða svínalund fyllt með ávöxtum og hnetum með sveppa ragú og portvínssósu
Desert
Crêpes Suzette með rum og rúsínu ís
Vín mánaðarins er Stone Cellars Chardonnay eða Merlot
Aðeins 5300,- pr. mann
Borðapantanir í síma 514-6060
Fjalakötturinn - Hótel Reykjavík Centrum
Aðalstræti 16 Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Viltu kaffið eða kaffihúsið væni?

Danir hafa verið að gantast með það að Íslendingar séu að kaupa upp Danmörku eftir kaupin á Illum og Magasin du Nord. Þeir hafa þó greinilega mikinn húmor fyrir þessu því Íslendingur sem var staddur í Kaupmannahöfn nú um helgina lenti í því sakleysislega athæfi að kaupa sér kaffi á kaffihúsi þar í borg. Þegar hann reiddi fram greiðslukortið sitt spurði afgreiðslumaðurinn hann ósköp rólega; „Ertu að borga fyrir veitingarnar, eða ætlarðu að kaupa kaffihúsið?“



### Valdalaust í Hafnarfirði

Sú einkennilega staða virðist vera komin upp í Hafnarfirði að hinar hefðbundu valdaættir eru að missa völdin í bænum úr höndunum á sér. Það er að segja ef litið er til bæjarstjórnar. Hafnarfjörður er nokkuð tvískipt bæjarfélag, sem á sinn suðurbæ og norðurbæ, Hauka og Fimleikafélag og pólitíkin skiptist á milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

### Pólitískar fjölskyldur

Valdaætt Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði hefur verið Mathiesen-ættin. Síðasta vígi þeirrar ættar í bæjarstjórn féll þegar Valgerður Sigurðardóttir lenti í öðru sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna og dró framboð sitt í kjölfarið til baka. Mathiesenarnir verða því að láta sér nægja fulltrúa í ríkisstjórninni sem sér um fjármál ríkisins. Guðmundur Árni Stefánsson hefur tilheyrt annarri valdaætt, en tilheyrir Samfylkingunni. Hann var lengi bæjarstjóri í Hafnarfirði og er sonur annars fyrrum bæjarstjóra í bænum. Þegar hann fluttist búferlum til Svíþjóðar fór Jóna Dóra Karlsdóttir, eiginkona hans, með. Hún hefur setið í bæjararstjórn en hætti þar til að verða sendiherrafrú. Önnur sterk krataætt í bænum er fjölskylda Harðar Zophaníassonar og frúar. Annar sonur þeirra, Tryggvi, er nú bæjarstjóri á Seyðisfirði og hinn, Ólafur, er meira að rannsaka pólitíkina í Háskólanum.



svanborg@frettabladid.is

## Svarið skiptir máli

Í DAG
ALÞJÓÐAMÁL

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON



Það var ekki matnum að þakka að ég man eftir máltíð sem ég snæddi vestur í Tennessee fyrir mörgum árum. Ég hafði orðið svangur á óheppilegum stað og farið inn á veitingahús við þjóðveginn. Þar horfðu menn á sjónvarp á meðan þeir borðuðu. Heimurinn utan Tennessee hafði slæðst í fréttir í fylkinu þennan dag.

Það sem gerði málið enn óvanalegra var að löng umræða fylgdi með frétt um fjarlæga atburði. Ég þekkti eitthvað til málsins sem sagt var frá en mér hefði þó líklega fyrirgefist að halda um stund að rætt væri um annað pláss en ég þekkti og annað fólk en ég vissi að væri til. Auðvitað eru margar hliðar á hverju máli en það sem blasti við í sjónvarpinu þennan dag var ekki hlið á neinu máli heldur bein afskræming á veruleikanum sem ég sá svo endurtekna dagana á eftir. Þessi afskræmda mynd sagði ekkert um veruleikann en passaði svo vel við ríkjandi hugmyndafræði þarna langt inni í Bandaríkjunum að sumum sessunauta minna á fánum skrýddum veitingastaðnum hlaut að hlýna um hjartarætur enda fátt notalegra en að fá fordóma sína staðfesta.

Nú er það auðvitað svo að allar þjóðir koma sér upp myndum af veruleikanum sem fólk í öðrum samfélögum kannast illa við. Þetta getur verið mjög til gamans fyrir þá sem ferðast og er oftast jafn saklaust og venjulegur skáldskapur. Íslendingar heima og erlendis hafa til dæmis létt mörgum lund með sögum sínum af afrekum landsmanna og óumbeðnum upplýsingum um almennt mikilvægi landsins.

Það voru heldur ekki sérkenni hinnar bandarísku heimsmyndar sem trufluðu mig við að borða vondan mat. Bandaríkjamenn hafa auðvitað rétt til sinnar sérstöku myndar af sjálfum sér og heiminum rétt eins og hver önnur þjóð. Það sem olli mér hugarangri þarna við þjóðveginn í Tennessee var sú staðreynd að ég var eini maðurinn þarna inni sem ekki hafði kosningarétt í alþjóðamálum.

*Það sem olli mér hugarangri þarna við þjóðveginn í Tennessee var sú staðreynd að ég var eini maðurinn þarna inni sem ekki hafði kosningarétt í alþjóðamálum.*

Á þessum tíma gramdist mér eitthvað dálítið að Vestfirðingar höfðu fimmfaldan atkvæðisrétt á við okkur sunnanmenn í kosningum á Íslandi en einhvern veginn varð mér alveg sama um það þarna í Tennessee. Mennirnir sem sátu í kringum mig og hlustuðu á einfaldanir, útúrsnúninga og blekkingar um málefni hinum megin á hnettinum höfðu kosningarétt í alþjóðamálum. Fylkið þeirra kaus George W. Bush forseta ekki löngu síðar og hvað sem um þann mann má segja hafa verk hans skipt máli fyrir marga utan Bandaríkjanna.

Ég hef hins vegar ekki atkvæðisrétt í heimsmálunum frekar en nokkur annar sem les þessa grein, ólíkt því sem er um íbúa Tennessee. Aðeins örfá ríki veraldar hafa nokkur umtalsverð áhrif á gang mála í alþjóðakerfinu umfram þau sem snúa beint að þeim sjálfum. Það kemur þó fyrir að smáríki geta fengið stærri ríki til að taka eftir afstöðu sinni til stórra alþjóðlegra deilumála. Þetta gerist ekki oft. Menn geta til dæmis lesið bestu blöð heimsins árum saman án þess að sjá svo mikið sem einu sinni vikið að atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. En þetta gerðist í aðdraganda innrásarinnar í Írak. Svar okkar þá hafði auðvitað engin efnisleg áhrif en svona uppá framtíðina þurfum við að skilja hvers vegna við brugðumst við þessu óvanalega tækifæri með þeim hætti sem við gerðum. Trúðu menn virkilega áróðri hugmyndafræðinga hægri manna í Bandaríkjunum sem var svo augljóslega mótsagnakenndur, falskur og illa undirbyggður að fólk með lítilsháttar þekkingu á alþjóðamálum, nútímasögu og Miðausturlöndum átti auðveldlega að sjá í gegnum hann? Nenntu menn ekki að kynna sér óvanalega samhljóma viðvaranir fræðimanna um allan heim sem eitthvað þekktu til Írak? Eða skoða pólitískar rætur áhugans á innrás í Írak?

Írak er ekki dæmi um mál þar sem auðvelt er að vera vitur eftir á. Þarna var auðvelt að vera vitur fyrirfram. Eða snerist þetta um hagsmuni og vigtaði vilji manna til að halda í fjórar af tíu þúsund herþotum Bandaríkjamanna þyngra en hundrað ára heitstrengingar um Íslendinga sem vopnlausa, löghlýðna og friðsama þjóð? Svarið skiptir máli því það segir okkur hvort það væri til einhvers að við hefðum atkvæðisrétt í alþjóðmálum. ■

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 11.01 13.19 15.37
Akureyri 11.12 13.04 14.56
Heimild: Almanak Háskólans

# allt

[ **bílar** o.fl. — **COCA-COLA** Árleg bílalest BLS. 3
**JÓLASVEINAR** Gjafakaupin undirbúin BLS. 4
**ferðir** o.fl. — **TENERIFE** Slær í gegn BLS. 8 ]

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

*Góðan dag!*

Í dag er miðvikudagurinn 7. desember, 341. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Matthías að föndra með sonunum Arnari Páli sem er þriggja ára og Sigurði Páli sem verður eins árs í febrúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Föndrar mikið með strákunum

***Matthías Matthíasson reynir að hafa það rólegt um jólin. Honum finnst jólagjafakaup ekki stressandi og vill hafa gjafirnar persónulegar.***

Það sem einkennir helst aðventuna hjá Matthíasi Matthíassyni tónlistarmanni er að hann leggur allt kapp á að gera hana algjörlega stresslausa. „Eftir að ég hætti að vinna í verslun til fimm á aðfangadag hef ég reynt að búa til rosaleg góða stemningu heima fyrir svo það einkennist ekki af stressi og peningalykt heldur notalegheitum," segir Matthías. „Ég föndra til dæmis með strákunum mínum. Þeir eru nú ekki mjög gamlir svo það snýst aðallega um að lita, leira og perla."

Blaðamaður spyr hvort liður í þessari aðgerð sé að kaupa pakkana snemma. „Nei, mér finnst ekki vera stress að kaupa pakka. Ég legg ekki upp úr stórum gjöfum heldur vil hafa þær persónulegar. Ég er þó búinn að mestu fyrir Þorláksmessu."

Eina hefð höfðu hjónin haft þar til synirnir komu í heiminn. „Við höfum alltaf labbað niður Laugaveginn og droppað eitthvert inn í heitt kakó. Við ætlum að reyna að gera það þessi jól, vorum einmitt að græja tvíburakerruna."

Það virðist þó ekki vera alveg stresslaust hjá Matthíasi þessi jól. „Ég var að gefa út nýja sólóplötu í síðustu viku sem ég mun kynna nánast fram á aðfangadagsmorgun. Þetta eru allt ný lög eftir Magnús Þór Sigmundsson, Hreim og Kalla Olgeirs en ég gerði textana sjálfur. Platan er mjög ólík öllu sem ég hef áður gert. Hún er róleg og ég uppgötvaði allt í einu að ég hef ekki sungið ástarlag inn á plötu síðan árið 1995. Það er kominn tími á ástina hjá mér," segir Matthías um plötuna, sem er greinilega í anda jólanna.

*mariathora@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

**[JÓL BÍLAR FERÐIR]**

**Ný kynslóð** af Ford Fiesta bílnum er nú komin á markaðinn. Nokkrar útlitsbreytingar hafa verið gerðar á bílnum, bæði að innan og utan. Hægt er að fá bílinn frá 1,3 lítra vél og upp í 2,0 lítra. Einnig er hægt að fá bílinn með 1,4 lítra dísilvél. Bíllinn er nú á kynningarverði hjá Brimborg.



**Þrjár jólagjafir** verða veittar til styrktar Mæðrastyrksnefnd með hverjum seldum nýjum bíl hjá Toyota fram til 20. desember. Gjafirnar sem Mæðrastyrksnefnd fær eru matarkarfa, gjöf fyrir stúlku og gjöf fyrir dreng. Toyota hvetur einnig önnur fyrirtæki og einstaklinga til þess að láta gott af sér leiða.

**Áramótaferð í Bása** er nú á boðstólum hjá ferðafélaginu Útivist. Farið er 30. desember frá BSÍ og gist í Básum í Goðalandi og komið aftur 1. janúar. Kveikt verður í álfabrennu og skotið upp flugeldum. Fararstjóri er Ingibjörg Eiríksdóttir og sérstakur tónlistarstjóri er Sigurður Úlfarsson.

**Talandi um góðverk,** þá verður Blóðbankabíllinn með blóðsöfnun við KFC í Reykjanesbæ í dag klukkan 10-17. Allir sem eru heilsuhraustir á aldrinum 18-60 ára (65 ára fyrir vana blóðgjafa) eru velkomnir. Það er alltaf nauðsyn fyrir blóðgjafir og nú geta íbúar Reykjanesbæjar og nágrennis látið gott af sér leiða.

Einhyrningurinn minn
Undarlegir atburðir

Fjórða bókin í vinsælum flokki




Er draugagangur í kofanum í skóginum? Lára vill komast að því hvað þar er á seyði. Spennandi saga!

Kókoshneta byrjar í skóla

Verðlaunahöfundurinn Ingo Siegner segir frá Kókoshnetu elddreka og vini hans Óskari rándreka.




Gamansöm saga og skemmtilegar myndir.
Gefin út í fjölda landa.

Kossinn sem hvarf
eftir metsöluhöfundinn David Melling
– sem nefndur var til Kate Greenaway-verðlaunanna fyrir bókina).

Yndisleg bók fyrir prinsa og prinsessur!
“Þetta er dásamleg saga.




Myndskreytingar Mellings eru eins snjallar og smellnar og texti hans.”
*The Guardian*

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

**Jólaskraut**
getur lífgað upp á bílinn yfir hátíðirnar. Það er til dæmis hægt að fá alls kyns jólaljós til þess að hafa á mælaborðinu. Jólasveinar, jólatré og aðventuljós geta verið skemmtilegt skraut í bílinn.


**Jólapakkar**


Rafmagnshlaupabretti
15km hámarkshraði
12.995,-

ÁG MOTOR SPORT


Hitaáklæði í bílinn
12V
4.900,-

**ÁG Mótorsport** - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**

PRAMAC GROUP
**Staflarar**
*einnig úrval af pallettutjökkum*
Sturlaugur Jónsson & Co ehf
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is

**allt tilboð**
Alla föstudaga


# Skafið af bílnum

***Það er farið að frysta oftar á nóttunni og bíleigendur geta alltaf búist við því að þurfa að byrja daginn á því að skafa af bílnum.***

Sköfur eru nauðsynlegar í alla bíla og fást á öllum bensínstöðvum. Það er misjafnt hvernig sköfur hverjum og einum finnast bestar en mörgum finnst þó betra að hafa þær með sæmilega löngu skafti svo að snjórinn fari ekki á vettlingalausar hendur. Skaftið má þó ekki vera of langt því þá er ekki hægt að ná nógu góðu átaki þegar skafið er. Þar sem sköfur fást í mismunandi stærðum og gerðum ættu allir að geta fundið sköfu við sitt hæfi. Ef engin skafa er í bílnum má líka alltaf notast við það sem hendi er næst, hvort sem það er geisladiskahulstur eða debetkort.


Rúðusköfur fást á bensínstöðvum.


Þó að hægt hafi verið að finna nánast allt sem viðkemur ferðamennsku á sýningunni eru vélsleðarnir enn þá miðpunkturinn. MYND/HALLDÓR ARINBJARNARSON

# Metaðsókn á Vetrarsport 2005

***Stærsta sýningin frá upphafi og sú nítjánda í röðinni.***

„Í upphafi snerist sýningin aðallega um vélsleða og eitthvað um jeppa," segir Björn V. Magnússon, formaður Félags vélsleðamanna í Eyjarfirði, en hann var sýningarstjóri Vetrarsport 2005 sem fram fór á Akureyri á dögunum. Þetta var í nítjánda sinn sem slík sýning er haldin norðan heiða og aldrei hafa fleiri sýnendur tekið þátt eða jafn margir gestir mætt.

„Sýnendum hefur fjölgað og nú er þarna að finna nánast allt sem tengist vetrarsporti og í raun ferðamennsku allt árið. Þær vörur og sú þjónusta sem þarna er til sýnis er mun víðtækari en var í upphafi, þó svo að sleðarnir séu alltaf ákveðinn miðpunktur. Fyrst voru þetta aðallega sleðaumboðin með nýjustu árgerðirnar en nú tengist þetta ekki endilega vélsleðum eða jeppum, heldur alls kyns ferðamennsku og þjónustu."

Í gegnum árin hafa verið tvær sýningar á ári, ein fyrir sunnan og önnur fyrir norðan. Í ár var engin sýning fyrir sunnan og telur Bjarni að það hafi skilað fleiri gestum en áður. „Sýningin var töluvert stærri núna en undanfarin ár. Gestir voru á milli 3.000 og 3.500 og sýnendur voru um 35," segir Björn.

Í ár var boðið upp á þá nýjung að fyrirlesarar voru fengnir til að fjalla um fræðslu- og öryggismál eða segja ferðasögur á meðan sýningunni stóð. „Þetta mældist vel fyrir og við reiknum með að gera meira af þessu. Það er mikil umræða í gangi núna meðal sleðamanna allt sem tengist öryggismálum. Það finnum við úti um allt," segir Björn.

Veturinn á Norðurlandi hefur verið með betra móti fyrir sleðamenn. „Hér snjóaði snemma og við vorum farin að brúka sleðana mun fyrr en undanfarin ár. Hér er nægur snjór í fjöllum," segir Björn. Alls eru um 140 manns í Félagi vélsleðamanna í Eyjafirði en félagið stóð að baki sýningarinnar. Á næsta ári verður 20 ára afmælissýning og Björn hvetur alla til að mæta. Þar verður skorið við nögl. „Á þessa sýningu eiga allir erindi sem stunda einhverskonar útiveru og ferðalög, hvort sem það er um vetur eða sumar," segir Björn að lokum.

einareli@frettabladid.is


Sýnendur voru um 35 og sýndu allt frá fullbreyttum jeppum og yfir í skíðagleraugu. MYND/HALLDÓR ARINBJARNARSON


**100% lán og allt að 400.000 kr afsláttur.**

*Hér má sjá lítinn hluta glæsilegra bíla á söluskrá okkar*


*Alfa Romeo 156 1.8*
*Skr. 01/2003 Ekinn 54.000km*
*100% lán og 420.000kr. afsl*
*Tilboðsverð 1.090.000kr.*


*Alfa Romeo 156 2.0 sjálfsk.*
*Skr. 07/2000 Ekinn 76.000km*
*100% lán og 400.000kr. afsl.*
*Tilboðsverð 950.000kr.*


*Alfa Romeo 156 2.0*
*Skr. 05/1998 Ekinn 90.900km*
*100% lán og 410.000kr. afsl*
*Tilboðsverð 590.000kr*


*Fiat Stilo 1.6*
*Skr. 05/2005 Ekinn 54.900kr*
*100% lán og 400.000kr. afsl*
*Tilboðsverð: 1.050.000kr.*


*Fiat Stilo station 1.6*
*Skr. 05/2004 Ekinn 45.300km*
*100% lán og 400.000 kr. afsl*
*Tilboðsverð 1.090.000kr*




FIAT PTT

*Fiat umboðið S: 570 9900*

# Jólalestin brunar

***Coca-cola jólalestin heldur í sína árlegu jólaferð á laugardaginn. Páll Ólafsson, stjórnandi lestarinnar, segir það ávallt hátíðlega stund þegar lestin málar bæinn rauðan.***

Páll segir að í lestinni verði einum bíl færra en í fyrra en það komi ekki að sök. „Þetta árið verðum við með fjóra bíla en við erum í staðinn með stærri bíla þannig að lestin styttist ekki neitt,“ segir Páll en þetta er í tíunda sinn sem Vífilfell sendir út jólalest sína. Hugmyndin kviknaði út frá erlendri auglýsingu og að sögn Páls var Vífilfell fyrst allra til þess að senda sína eigin jólalest. „Þetta vakti strax mikla lukku og við ætlum ekki að hætta þessu á meðan fólki finnst þetta enn gaman.“

Leiðin sem farin verður í ár er þannig skipulögð að fyrst verður stoppað í Spönginni í Grafarvogi, svo verður keyrt um nokkur hverfi áleiðis að Laugaveginum. Þaðan verður haldið í Vesturbæinn og síðan endar lestin í Smáralind þar sem hún er hluti af jólaskemmtun.

Páll segir að það sé afar ánægjulegt að fá að stýra lestinni. „Það er svo gaman að sjá gleðina úr andlitum fólks og að það hafi gaman af þessu. Lestin virðist oft á tíðum koma fólki í almennilegt jólaskap,“ segir Páll að lokum. ■



Það gleður mörg hjörtun að sjá jólalest Coca-Cola rétt fyrir sjálf jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.





VERÐMUNUR

Eigum **2006 Kia Sorento** í fjórum litum á lager



Bjóðum nýja bíla á lægra verði!

**Okkar verð á 2006 Kia Sorento EX Luxury 3.250 þús.**
Listaverð hjá umboði á Kia Sorento EX Luxury 3.730 þús.
**Okkar verð á 2006 Kia Sorento EX 3.150 þús.**
Listaverð hjá umboði á Kia Sorento EX 3.485 þús.

Þriggja ára Evrópskverksmiðju ábyrgð.

**www.sparibill.is**

SPARI bill
Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

NOTUÐ TÆKI



**Hyundai 170**
árg.2004 Vst.2.440



**JCB JS330 Beltavél**
árg.1999 Vst.7.600



**MAN TG-A 26-510**
Með ADR búnaði og tvöfaldri vökvadælu
árg.2003



**JCB 3CX**
árg.1999 Vst.5.100



**JCB 8018**
árg. 1999 Vst.2.400

VÉLAVER HF
**Símar 588 2600 og 893 1722**
**www.velaver.is**



Eva Ásrún Albertsdóttir söngkona. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Afmælisveislur í desember

***Það er ekki nóg með að söngkonan Eva Ásrún Albertsdóttir haldi jól í desember eins og flestir aðrir landsmenn, heldur stendur hún líka fyrir fjórum afmælisveislum á aðventunni.***

„Ég á tvo litla menn sem eiga afmæli í desember og núna eru þeir orðnir svo stórir að ég get ekki lengur haldið eina afmælisveislu fyrir þá báða og þar sem ég held alltaf eina veislu fyrir vinina og bekkjarfélagana og aðra fyrir fjölskylduna eru þetta stundum fjórar afmælisveislur sem ég held í desember," segir Eva Ásrún Albertsdóttir.

Yngri sonur hennar, Guðmundur Þórir, verður átta ára 13. desember og sá eldri, Valdimar, verður ellefu ára á Þorláksmessu, svo að jólahaldið hefur verið með breyttu sniði síðasta rúma áratuginn hjá Evu Ásrúnu.

„Maður bara bætir þessu á allt hitt, það er ekkert um annað að ræða, og fyrir vikið verða jólin aðeins öðruvísi," segir hún.

Eldri siður í fjölskyldu Evu Ásrúnar er laufabrauðsgerð.

„Við erum fjórar systurnar og við vorum vanar að hittast alltaf og búa til laufabrauð fyrir jólin, en síðustu árin hefur bara verið svo mikið að gera hjá okkur að við höfum einfaldlega ekki haft tíma til þess," segir Eva Ásrún og bætir við að samt sem áður sé nú alltaf laufabrauð á borðum um jólin heima hjá henni.

*smk@frettabladid.is*

## Til styrktar fjölskyldu

JÓLATÓNLEIKAR VERÐA HALDNIR Í LANGHOLTSKIRKJU Á SUNNUDAGINN OG VERÐUR ÁGÓÐANUM VARIÐ TIL STYRKTAR BÁGSTADDRI ÍSLENSKRI FJÖLSKYLDU.



Kristjana Stefánsdóttir er ein þeirra sem fram koma á tónleikunum.

Eyjólfur Kristjánsson, Stefán Hilmarsson, Kristjana Stefánsdóttir og Fjórar klassískar eru meðal margra tónlistarmanna sem troða upp á jólatónleikum í Langholtskirkju á sunnudaginn klukkan fjögur. Einnig mun Gunnar Eyjólfsson leikari flytja hugvekju. Tilgangur tónleikanna er að safna fyrir ungri íslenskri fjölskyldu sem á í miklum erfiðleikum um þessar mundir. Heimilisfaðirinn, sem á þrjú börn, greindist með krabbamein í andliti fyrir tveimur árum og hefur verið frá vinnu síðan og gengist undir margar erfiðar aðgerðir og meðferðir. Kona hans hefur líka stopult getað stundað sína vinnu á tímabilinu. Það eru vinir þeirra og velunnarar sem gangast fyrir tónleikunum.

## á jóladöfinni }

### 7. desember

Aðventu- og jólatónleikar Kammerkórs Hafnarfjarðar klukkan 20 í Hásölum í Hafnarfirði. Gestur er Bergþór Pálsson barítón.

Smekkleysa SM efnir til útgáfuhátíðar kl. 21 á NASA við Austurvöll.



Þórarinn St. Halldórsson, nýr eigandi Hjá Magna, með íslenska spilið Hnefatafl í fanginu.

# Í það minnsta kerti og spil

***Fjölskylduspil eru sívinsælar jólagjafir, sérstaklega þegar kemur að því að senda gjafir til íslenskra vina og ættingja erlendis.***

„Það eru margir sem kaupa spil til að senda til Íslendinga erlendis og núna er til dæmis tuttugu ára afmælisútgáfan af Trivial Pursuit mjög vinsæl," segir Þórarinn St. Halldórsson, nýbakaður eigandi Frímerkja- og myntverslunar Magna á Laugaveginum. Þórarinn tók yfir af fyrrverandi eiganda í október, en verslunin hefur verið á Laugavegi 15 síðan árið 1979.



Tuttugu ára afmælisútgáfa Trivial Pursuit.

Íslensku spilin Popppunktur, Hnefatafl og Kviktmyndaspilið standa alltaf fyrir sínu. Önnur vinsæl spil sem eru til í íslenskri útgáfu eru Partý & Co. og Mónópólí. Ný spil sem hafa vakið athygli þessi jólin eru til dæmis Sudoko spilið og Músagangur.

Fjölskylduspilin kosta á milli 1.500 krónur og 6.000 krónur.

„Það eru þó nokkrir sem hafa komið til að kaupa spil, þetta eru auðvitað þeir sem eru snemma í því að kaupa jólagjafirnar," segir Þórarinn. Ef fólk ætlar að senda spilin til útlanda verður það að fara að flýta sér því síðasti sendingardagur til útlanda var í gær samkvæmt Íslandspósti. ■


Viltu veita þér og þínum forskot í námi eða starfi?

Minnum á hin vinsælu gjafabréf Hraðlestrarskólans

"Enginn ætti að láta þetta framhjá sér fara. Á skipulegan og skjótvirkan hátt er hægt að margfalda lestrarhraða án þess að það bitni á skilning. Samfara lestri er námstækni sem nýtir aukin afköst lesturs og tryggir að það sem lesið er gleymist ekki."

*Þorvaldur H., 24 ára lögfræðinemi.*

Gjafabréfið gildir á eitthvert þeirra námskeiða sem haldið verður 2006 og hverju gjafabréfi fylgir 3.000 kr. inneign inn á bók frá JPV-útgáfu.

JPV ÚTGÁFA

Hægt er að panta gjafabréfið í síma 586-9400 og á www.h.is

...næsta námskeið 5. janúar 2006

HRAÐLESTRARSKÓLINN





**FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM**

Innritun í Framhaldsskólann á Laugum fyrir vorönn 2006 lýkur 10. desember n.k.

**Innritað er á:**
Félagsfræðibraut
Náttúrufræðibraut
Íþróttabraut
Almenna námsbraut

Á Laugum er öflugt félagslíf og íþróttastarf. Heimavistaraðstaða er með því besta á landinu.

Allar nánari upplýsingar eru á vefsíðunni **www.laugar.is** og í síma 464-6300.







Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum

Móðurást

Hamraborg 7 • Kópavogi • Sími 564 1451
www.modurast.is


















Þórunn Sæmundsdóttir er ein fjögurra lista- og handverkskvenna sem selja vörur sínar í Textílgalleríi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ull þæfð á silki

***Textílgallerý er verkstæði og verslun nokkurra valinkunnra lista- og handverkskvenna. Þar er að finna ýmislegt skemmtilegt í fjölmarga jólapakka.***

„Við erum með alveg rosalega skemmtileg sjöl þessi jólin, úr ull sem búið er að þæfa á silki. Þau eru mjög flott og eru ný hjá okkur,“ segir Þórunn Sæmundsdóttir, ein fjögurra kvenna sem selja verk sín í Textílgalleríi. Hinar konurnar eru Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir, Jóna Kristín Snorradóttir og Sigrún Óskarsdóttir en allar vinna þær í textíl. Þórunn og Jórunn Dóra nýta sér jafnframt verkstæðið sem er baka til í Textílgalleríi en verslunin hefur verið starfrækt á þriðja ár.

„Einnig erum við með bútasaumsvörur. Það er hvergi bútasaumur til sölu, ekki svona ekta bútasaumur, nema hjá okkur. Þetta eru alls konar vörur, bæði jóladúkar, löberar og fleira,“ segir Þórunn, sem er höfundur bútasaumsverkanna og framleiðir þau undir nafninu Hjá Tótu.

Auk þess selur Textílgallerý húfur og peysur úr soðinni ull, töskur úr leðri, ýmis konar flíkur og aðrar vörur. Heimilisvörurnar í Textílgalleríi eru mjög fallegar og íslenska yfirbragðið fer ekki fram hjá neinum enda er efniviðurinn oft selskinn, ull og fiskroð í bland við leður og önnur efni.

Textílgallerý er til húsa í Skipholti 21, við Nóatún, og er opið alla virka daga frá 11 til 18 og á laugardögum frá 11 til 15. „Það hefur háð okkur svolítið að fólk leitar að okkur í Skipholtinu en við erum við Nóatún,“ áréttar Þórunn. ■



Ýmiss konar fatnað og töskur er að finna í Textílgalleríi.

Margar konur geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Textílgalleríi.

Silkisjöl með þæfðri ull eru nýjung í Textílgalleríi þessi jólin.








Svali í jeppanum sínum þar sem hann segir að ríki oft mikil jólastemning. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Skoðar oft inn í kirkjur

***Sigvaldi Kaldalóns, eða Svali á FM, hugar að ýmsu í jólamánuðinum. Hann segist meðal annars labba mikið um miðbæinn til þess að koma sér í jólastemningu.***

Svali segist reyndar ekki hafa neinar sérstakar hefðir í kringum jólin en reyna þó eftir fremsta megni að undirbúa þau vel. „Ég er búinn að kaupa jólagjafirnar fyrir yngstu meðlimi fjölskyldunnar. Ég reyni alltaf að vera búinn að kaupa allt áður en langt er liðið á desember en enda alltaf með því að klára þetta á síðustu dögunum, alveg sama hversu háleit markmið ég set mér.“ Jólaskrautið er hins vegar komið upp að sögn Svala, það var hengt upp þann fyrsta.

„Ég ætla líka alltaf að skrifa jólakort og geri það jafnvel mjög oft en ég sendi þau bara aldrei,“ segir Svali og því geta þeir sem vilja sótt jólakortin heim til hans. Svali prófaði að baka fyrir þessi jól en segir að það hafi gengið hörmulega. „Þessi jól verðar bara keyptar smákökur eins og venjulega, lengi lifi bakarameistarinn!“

Til þess að koma sér í jólastemningu segist Svali rölta mikið um miðborgina og fá sér kannski kaffi og með því með vinum og kunningjum. „Með því að skoða jólaljósin og skreytingarnar kemst maður oft í góðan jólafíling. Ég fer líka stundum og kíki í kirkjur. Mér finnst reyndar ekkert sérstakt í messum en ef ég er í miklu jólastuði kíki ég oft inn í kirkjur, þá bara til þess að skoða þær.“

Í jólafríinu nýtir Svali gjarnan tímann til þess að fara í jeppaferðir enda annálaður bíladellukall. Segist hann jafnvel hafa haldið heilu jólin í jeppanum. „Það er mjög gaman að vera í góðra vina hópi í jólafríinu, jafnvel einhvers staðar uppi á jöklum, til dæmis hjá Grímsvötnum, enda geri ég pottþétt eitthvað slíkt núna í ár,“ segir Svali að lokum og er greinilega að komast í jólaskap. ■


allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.


Úrval af myndlistarvörum í pakkann
LITIR OG FÖNDUR
SMIÐJUVEGI 4 • SÍMI 552 2500
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 • SÍMI 552 1412
www.litirogfondur.is


ÉG C
GLERAUGNAVERSLUN
HAMRABORG 10
SÍMI 554 3200
flott gleraugu
sjónmælingar

Pantið jólamyndirnar tímanlega

MYND Hafnarfirði sími 565 4207
Ljósmyndastofa Kópavogs
sími 554 3020
www.ljosmynd.is




birta


Ný sending
Jólaföt
Jólagjafir
Sængurgjafir
IANA
Laugaveg 53, s. 552 3737 • Opið til 18 laugard. og sunnud. kl. 13 -18

**Jólagjafir**

geta tekið mikið pláss í ferðatöskunum hjá þeim sem fara til annarra landa til að vera með fjölskyldunni yfir jólin. Þeir sem ekki nenna að ferðast með margar töskur geta valið um það að minnka við sig annan farangur eða senda gjafirnar bara út á undan sér.




Ford KA eða sambærilegur

Vika í Þýskalandi

frá 19.300 kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta

www.hertz.is

Hertz

Sími: 50 50 600

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 30009 10/2005





allt markvissar auglýsingar

...um bíla

á laugardögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"

Síminn er 550-5000




Ferðasýningin World Travel Market var haldin í London í síðustu viku. Fimmtán íslenskir sýningaraðilar tóku þátt og fengu þeir góð viðbrögð sýningargesta.

# Aukinn áhugi á ferðum til Íslands

***Fimmtán íslensk fyrirtæki tóku þátt í ferðasýningunni World Travel Market sem haldin var í London fyrir skömmu. Sýningin var sú stærsta frá upphafi og íslensk fyrirtæki vöktu mikla athygli á vöru sinni.***

Sýningin þótti takast mjög vel og merktu íslenskir ferðaaðilar sem tóku þátt í sýningunni aukinn áhuga á ferðalögum til Íslands. 5.200 fyrirtæki tóku þátt í sýningunni og um 45 þúsund gestir komu á sýninguna, bæði sérhæfðir kaupendur í ferðaþjónustu ásamt almenningi. Í þá fjóra daga sem sýningin stóð er áætlað að gerð hafi verið viðskipti fyrir um 33 milljarða punda. Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs Íslands, segir á heimasíðu Ferðamálaráðs að ein af ástæðunum fyrir velgengni Íslendinga á sýningunni



Fyrirhugað áætlunarflug British Airways til landsins hefur skapað aukinn áhuga ferðamanna á komu til Íslands.

hafi verið að margir íslensku þátttakendanna eru beinir söluaðilar í ferðaþjónustu, það er flugfélög, hótel, bílaleigur og þess háttar. Þetta eru aðilar sem kaupendur koma fyrst og fremst til að hitta og eiga viðskipti við, að sögn Ársæls. Einnig hefur fyrirhugað flug British Airways hingað til lands, sem hefst í vor, skapað mikinn áhuga á Íslandi.

Íslendingar geta því verið ánægðir með árangurinn og farið að búa sig undir komu ferðamannafjöldans.

# Flugfélag Íslands hækkar fargjöld

***Flugfélag Íslands hefur ákveðið að taka upp eldsneytisgjald vegna mikilla hækkana á flugvélaeldsneyti.***

Í tilkynningu frá Flugfélaginu segir að félagið hafi í lengstu lög reynt að forðast auka gjaldtöku til að vega á móti hækkun á eldsneyti. Flest flugfélög hafa tekið upp sambærilegt gjald fyrir þó nokkru.

Á þessu ári hefur eldsneytisverð hækkað um fjórutíu prósent og hefur kostnaður Flugfélags Íslands aukist sem nemur um 100 milljónum króna samhliða þessum hækkunum. Sé litið til þróunar eldsneytisverðs síðustu tvö árin hefur verðið hækkað meira en 100 prósent.

Flugfélag Íslands hefur því lagt 300 króna gjald á hvert fargjald aðra leiðina. Breytingin tók gildi þann 28. nóvember en gjaldið fellur ekki á þær bókanir sem gerðar voru fyrir þann tíma.




Flugfélag Íslands leggur 300 króna eldsneytisgjald á hvert fargjald aðra leiðina vegna hækkana á eldsneyti.


Fyrst í fjallið



Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn hérna heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvellinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn bíður eftir þér.

**Sviss - verð frá kr. 28.000 á viku**

m.v. K flokk - Opel Astra station eða sambærilegan. Innifalið: ótakmarkaður akstur, kaskó og þjófatrygging, flugvallargjald og skattar.

We try harder.

Við leggjum okkur fram

AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

hausverk / SÍA / 6339




Strandlífið heillar Íslendinga að vetrarlagi.

# Lúxusferð á aðventunni

***Nær tvö þúsund Íslendingar verða á Kanaríeyjum á vegum Sumarferða um jól og áramót. Nýr áfangastaður, Tenerife, hefur mælst mjög vel fyrir. Boðið er upp á lúxusferð þangað í viku 15. desember.***

„Tenerife er besti fjölskyldustaður sem við höfum verið með," segir Helgi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Sumarferða. „Við byrjuðum að fljúga þangað síðastliðinn vetur og staðurinn hefur mælst afar vel fyrir." Sumarferðir bjóða upp á spennandi nýjung á aðventunni. 15. desember verður haldið í viku lúxusferð til Tenerife og komið heim 23. desember, mátulega fyrir jólin.

Tenerife er ein af Kanaríeyjum en hún hefur ekki staðið Íslendingum til boða í áratugi. „Það eru mjög góð hótel á Tenerife," segir Helgi. „Veðrið er líka mjög milt og gott allan ársins hring þar." Helgi segir hótelin á Tenerife vera mörg í betri gæðaflokki en á Gran Canaria, þeirri eyju í Kanaríeyjaklasanum sem flestir Íslendingar þekkja. Sumarferðir bjóða einnig upp á ferðir þangað í vetur. Alls eru um 1.700 manns á vegum Sumarferða á Kanaríeyjum yfir jólin og áramót og því óhætt að segja að Kanaríeyjar heilli landann um hátíðarnar.

Nánari upplýsingar um ferðir Sumarferða er að finna á vefnum www.sumarferdir.is. ■

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 7. desember 2005 – 36. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa


Forstjóri KB banka

Rísandi stjarna



2




Mikið tap á Yankees

Launakostnaður íþyngjandi



6



Fréttablaðið/Stefán

**JÓN KARL ÓLAFSSON, FORSTJÓRI ICELANDAIR** Fær nýjan kauprétt á genginu 13,6 og nýtti sér eldri kauprétt á genginu 5,97 sem hann seldi að hluta fyrir 55 milljónir króna.

## Stjórnendur í FL Group fá kauprétt

Kaupréttur fimmtán starfsmanna hækkar um 800 milljónir á tveimur árum.

FL Group hefur gert kaupréttarsamninga við átta lykilsstarfsmenn fyrir 203 milljónir króna að nafnvirði. Koma hlutirnir til innlausnar á næstu þremur árum. Kaupgengið er 13,6 krónur á hlut sem er sama gengi og fjárfestum bauðst að kaupa á í nýafstöðnu hlutafjárútboði. Hlutabréf í FL Group hafa hækkað um fimmtung frá útboði og því er ljóst að ávinningur starfsmanna getur orðið verulegur ef gengið helst hátt.

Heildarupphæð samninganna nema því 2.761 milljónum króna en markaðsvirðið er nokkuð hærra eða 3.329 milljónir króna.

Kaupréttur hvers stjórnanda er mismunandi. Þannig fær Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestingasviðs, að kaupa um 51 milljón hluta á genginu 13,6 en Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, um 18 milljónir hluta.

Jafnframt hafa þrír framkvæmdastjórar hjá FL Group, Jón Karl, Magnús Kr. Ingason og Halldór Vilhjálmsson, ásamt tólf öðrum starfsmönnum, nýtt sér kauprétt að 77 milljónum hluta á genginu 5,97. Mismunur á kaupverði og núverandi markaðsvirði er því um 800 milljónir króna og hafa þessir þrír aðilar selt bréfin að hluta. **- eþa**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Sneiða hjá yfirtöku** | Yfirtökunefnd telur að Venus sé skylt að gera yfirtökutilboð í Hampiðjuna. Fjármálaeftirlitið mun líklega skera úr um málið.

**Hækka verðmat** | Citigroup hefur hækkað verðmat sitt á easyJet úr 280 pensum á hlut í 400 pens. Baugur Group og KB banki eru meðal hluthafa í easyJet.

**Fellur frá kauprétti** | Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hefur fallið frá rétti sínum til að kaupa 2,9 milljónir hluta í bankanum og fær laun sem nemur mismuninum.

**Kaupir söluaðila** | Össur hf. hefur keypt breska stuðningstækjafyrirtækið IMP fyrir um 1,2 milljarða íslenskra króna og hefur þegar tekið við rekstrinum.

**Hækkar stýrivexti** | Evrópski seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti um 0,25 stig. Standa þeir í 2,25 prósentum og hafa ekki verið svo háir síðan í október 2000.



**Novator kaupir** | Novator, eignarhaldsfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur eignast allan hlut Viva Ventures í búlgarska fjarskiptafélaginu BTC.

**Bættur rekstur** | Hagnaður Icelandic Group eftir skatta á þriðja ársfjórðungi var 289 milljónir króna. Það er ívið betra en spár greiningaraðila sögðu til um.

**Standa við verðmat** | KB banki vísar á bug gagnrýni Atorku Group um að vinnubrögð bankans vegna greiningar á Jarðborunum hafi verið ófagleg.

**Stjórnendur hagnast** | Átta stjórnendur KB banka hafa grætt á kaupum á hlutabréfum í bankanum fyrir 232 milljónir. Markaðsvirði hlutanna er 262 milljónir.

# Íslenskum bönkum vel tekið í Bandaríkjunum

KB banki og Íslandsbanki hafa sótt sér fé með skuldabréfaútgáfu á Bandaríkjamarkaði. Kjörin voru sambærileg við fyrri kjör bankanna og hækkun á eftirmarkaði í Evrópu hafði því ekki áhrif á bandarísku útboðin.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Hækkun skuldabréfa KB banka á eftirmarkaði í Evrópu hafði ekki áhrif á útboð bankanna á skuldabréfum í Bandaríkjunum. Íslandsbanki og KB banki gáfu út skuldabréf í Bandaríkjunum og voru kjörin í samræmi við þau kjör sem bankarnir hafa fengið í fyrri skuldabréfaútboðum. Útboð KB banka er það stærsta sem íslenskur banki hefur ráðist í hingað til eða fyrir hátt í hundrað milljarða íslenskra króna. Desember er talinn erfiður mánuður á skuldabréfamörkuðum, þar sem margir fjárfestar taka til í söfnum sínum fyrir áramót.

KB banki gaf út víkjandi skuldabréf sem færast á eiginfjárþátt A í samræmi við reglur um fjármálastofnanir. Bréfin voru seld sterkum bandarískum fjárfestum og er ekki eftirmarkaður með þau. Þau eru án tímamarka, en eru innkallanleg að tíu árum liðnum. „Við fengum sambærileg kjör í þessu útboði og við höfum fengið í útboðum á Evrópumarkaði fyrr,“ segir Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar KB banka. Hann segir því að umræða og hækkun á skuldabréfum íslensku bankanna á eftirmarkaði hafi ekki haft áhrif á þetta útboð. „Við ætluðum að sækja 150 milljónir bandaríkjadala í þessu útboði, en enduðum í 165. Við erum mjög ánægðir með þessa niðurstöðu sem sýnir að sú umræða sem verið hefur um skuldabréf bankanna hefur ekki haft nein áhrif á kjör okkar.“

Fyrir utan útgáfu sem telst til eiginfjárþáttar A gaf bankinn út önnur skuldabréf fyrir 1,25 milljarða dala og nam útgáfa bankans öll því um 1,4 milljörðum bandaríkjadala eða hundrað milljörðum króna sem er stærsta útgáfa íslensks banka á þessum markaði og stærsta útgáfa íslensks banka hingað til. „Útgáfan er af svipaðri stærðargráðu og hjá meðalstórum evrópskum bönkum og greinilegt að Bandaríkjamarkaður meðhöndlar okkur eins og hvern annan traustan evrópskan banka.“ Hann segir svo stóra útgáfu sýna mikinn stuðning fjárfesta.

Íslandsbanki gaf út bréf fyrir 200 milljónir dala og eru kaupendur þeirra aðilar sem ekki hafa fjárfest áður í útboðum bankans. Ingvar Heiðar Ragnarsson, forstöðumaður fjárstýringa Íslandsbanka, segir þessa tilteknu útgáfu tilkomna að frumkvæði bandarískra fjárfesta sem höfðu áhuga á að kaupa skuldabréf bankanum. „Kjörin sem við fengum eru sambærileg við fyrri útgáfur á þessum markaði.“ Íslandsbanki var fyrstur íslensku bankanna til að fara á Bandaríkjamarkað síðasta sumar og hefur síðan gefið út skuldabréf fyrir á annan milljarð bandaríkjadala.

# Stefna á yfirtöku Whitthard

Baugur og Pálmi Haraldsson hyggjast gera yfirtökutilboð í sælkeraverslanakeðjuna Whitthard of Chelsea. Verðmætið er ríflega tveir milljarðar króna.

Fjárfestar undir forystu Baugs og Pálma Haraldssonar vinna samkvæmt heimildum að yfirtökutilboði á Whitthard of Chelsea sem er verslanakeðja með te, kaffi og sælkeravörur. Fyrir á Baugur ásamt Pálma sælkerakeðjuna Julian Graves, en samkvæmt þeim sem þekkja vel til smásölumarkaðar passar rekstur Whitthard og Julian Graves vel saman.

Gengi bréfa Whitthard tók kipp á markaði í gær og sendi stjórn félagsins tilkynningu um að aðilar hefðu sýnt yfirtöku áhuga. Pálmi Haraldsson er stjórnarformaður Julian Graves. Hann hvorki neitaði né játaði því að hann ásamt Baugi væri aðili að tilboði í Whitthard.

Gengi bréfa Witthard hækkaði snarlega í gær og hafði hækkað í 93 pens á hlut þegar það fór hæst í gærmorgun. Það gengi er samkvæmt heimildum mun hærra en það sem hugsanlegt yfirtökutilboð gæti hljóðað upp á. Líklegt er að yfirtökutilboð muni verða á gengi milli áttatíu og níutíu pens á hlutinn.

Baugur hefur haft augastað á Whitthard um tveggja ára skeið, en gengi bréfa félagsins hefur lækkað verulega síðastliðið ár. Það stóð í um 190 pensum fyrir ári síðan, en stóð í 75 pensum við opnun markaða í gærmorgun. Markaðsvirði félagsins er ríflega tveir milljarðar króna. **-hh**


GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember–1. desember 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 3% | 27% |
| Bakkavör Group | 5% | 105% |
| Flaga Group | 1% | -19% |
| FL Group | 5% | 64% |
| Grandi | 1% | 18% |
| Íslandsbanki | 4% | 50% |
| Jarðboranir | -2% | 19% |
| Kaupþing Bank | 3% | 50% |
| Kögun | 2% | 29% |
| Landsbankinn | 3% | 96% |
| Marel | 2% | 33% |
| SÍF | -1% | -15% |
| Straumur | 1% | 62% |
| Össur | 2% | 46% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

# Seljanlegri skuldabréf

Sænski skuldabréfamarkaðurinn er að nokkru leyti seljanlegri en sá íslenski segir í sérefni sem greiningardeild KB banka sendi frá sér í gær. Munurinn á seljanleikanum er þó ekki mikill í tilviki verðtryggða markaðarins að mati starfsmanna greiningardeildarinnar en heldur meiri ef litið er til óverðtryggða markaðarins.

„Seljanleiki á íslenskum skuldabréfamarkaði hefur aukist mikið á undanförnum árum. Markaðurinn hefur stækkað í kjölfar aukinnar útgáfu verðtryggðra bréfa auk þess sem umbætur hafa átt sér stað á markaðinum sem stuðlað hafa að auknum seljanleika,“ segir í grein KB banka. Þetta skipti miklu máli til dæmis fyrir erlenda fjárfesta sem vilja ekki lokast inni á íslenska skuldabréfamarkaðnum. – bg



**ERLENDAR FJÁRFESTINGAR** Seljanleiki skiptir máli til að fá erlent fjármagn inn í landið.

# Fáir samningar um tvísköttun

## Gildir tvísköttunarsamningar við önnur ríki eru 23.

„Því miður fellur Ísland í þann flokk ríkja sem hafa gert fáa tvísköttunarsamninga við önnur ríki þó þeir séu á þriðja tug,“ segir í riti sem Viðskiptaráð Íslands hefur tekið saman og er unnið af Jóni Elvari Guðmundssyni.

„Enn hefur ekki tekist að gera tvísköttunarsamninga við öll ríki ESB og gildir samningar eru 23. Ríki sem hafa staðið sig vel í þessum efnum hafa gert um eða yfir eitt hundrað tvísköttunarsamninga. Því er lagt til að áhersla á gerð tvísköttunarsamninga verði aukin, sérstökum starfsmönnum í stjórnkerfinu falið að vinna eingöngu í því og að samráð verði haft við aðila úr atvinnulífinu við undirbúning og gerð slíkra samninga,“ segir í greininni. – bg



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Það er á höndum fjármálaráðuneytisins að gera tvísköttunarsamninga við önnur lönd.

# Hreiðar rísandi stjarna

## Forstjóri KB banka álitinn áhrifamikill á evrópskum fjármálamarkaði.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, er í 22. sæti á nýjum lista Financial News yfir hundrað rísandi stjörnur. Listinn var birtur samhliða lista tímaritsins yfir 100 áhrifamestu einstaklinga á evrópskum fjármagnsmörkuðum. Listinn gerir grein fyrir þeim aðilum undir fertugu sem tímaritið telur líklegt að muni verma FN100 í framtíðinni.

Financial News leit til fjögurra þátta við val og uppröðun á listann. Hvað menn höfðu áorkað í starfi, hver hafði leiðbeint þeim að komast þangað, hvaða auðlindir viðkomandi höfðu til umráða og hversu líklegt þætti að þeir kæmust á FN100 listann. Heildartölunni var svo deilt með aldri viðkomandi og sætið þannig fundið út miðað við hversu hratt er þotið upp metorðastigann. - hhs



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KB BANKA** Er á lista Financial News yfir rísandi stjörnur á evrópskum fjármagnsmarkaði.

# Aðstæður kalla á varfærni

## Seðlabankastjóri hvetur fjármálastofnanir til að fara varlega. Markaðurinn geti verið kvikur.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á fundi Viðskiptaráðs á mánudaginn það vera sitt mat að stjórnendum Seðlabankans væri ekki síst borgað fyrir að gefa áhættuþáttum efnahagslífsins gaum. Það væri fullkomlega eðlilegt að framsæknir bankar í örum vexti, sem skynjuðu að hinn smái íslenski markaður þrengdi að þeim, leituðu allfast eftir erlendu fjármagni í viðleitni sinni til útrásar og ábata. Innri styrkur bankakerfisins væri í góðu horfi.

„En vandinn er bara sá, að það er ekki endilega öruggt að á hverjum tíma ráði þessar mikilvægu forsendur einar ferðinni. Það gera þær eingöngu meðan allt er með felldu á markaðnum. En markaðurinn getur verið kvikur, ekki síst þegar ójafnvægi ríkir í heimsbúskapnum,“ sagði Davíð.

Sem dæmi nefndi Davíð að sparnaður væri í lágmarki í Bandaríkjunum, fjárlagahalli mikill og viðskiptahalli slægi nýmet. Evrópa hefði ekki enn náð sér á strik og nýleg vaxtahækkun evrópska seðlabankans hefði verið gagnrýnd.

„Allir þessir þættir í umhverfi okkar kalla á eðlilega varfærni, ekki síst þegar útgáfa skuldabréfa íslenskra fjármálastofnana hefur vaxið svo hratt og orðið svo fyrirferðarmikil á markaði.“ – bg



**SEÐLABANKASTJÓRI** Davíð Oddsson gefur áhættuþáttum efnahagslífsins gaum.

# Sóst eftir Low&Bonar

Magnús Jónsson, forstjóri Atorku Group, vill ekki tjá sig um það hvort Atorka eigi í viðræðum við stjórn Low & Bonar um yfirtöku á því. Stjórn Low & Bonar greindi frá því í síðustu viku að ónefndur aðili hefði sett sig í samband við hana og lýst yfir áhuga á að eignast félagið.

Félagið hefur hækkað um tæp 20 prósent á einum mánuði.

Atorka á um fimmtungshlut í breska fyrirtækinu sem sérhæfir sig meðal annars í framleiðslu á gólfefnum, garni og vefnaði. Low & Bonar er með höfuðstöðvar í London en rekur dótturfélög víðs vegar um heiminn. - eþa

# Sjö milljarða stækkun mætir farþegafjölgun

## Framkvæmdir eru hafnar við stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þær munu kosta sjö milljarða og áætlað að þeim ljúki vorið 2007. Gert er ráð fyrir að farþegar verði 3,2 milljónir árið 2015.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Allt stefnir í að farþegar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði 1,8 milljónir í ár, en þeir voru 460 þúsund þegar skóflustunga var tekin að flugstöðinni árið 1983. Áætlanir gera ráð fyrir að farþegar verði 3,2 milljónir árið 2015.

Í gær voru kynntar áætlanir um stækkun norðurbyggingar flugstöðvarinnar á næstu árum og á að hraða framkvæmdum eins og kostur er. Stækkunin er til að bregðast við sívaxandi farþegafjölda næstu ára.

Sjálft athafnarýmið til verslunar og þjónustu við farþega stækkar mikið. Þjónusta við farþega verður stóraukin og bætt með ýmsu móti. Nýr tæknibúnaður eykur afkastagetu flugstöðvarinnar, ekki síst á það við um öflugt farangursflokkunarkerfi sem sett verður upp og tekið í notkun árið 2007.

Flugstöðvarbyggingin verður stækkuð til suðurs og skipulagi fyrstu og annarrar hæðar jafnframt breytt svo mikið að líkja má við umbyltingu. Framkvæmdir sem eru þegar hafnar verða í tveimur áföngum og er áætlað að þeim ljúki vorið 2007.

Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri flugstöðvarinnar, segir nýbygginguna eiga að duga til ársins 2015. „Við vitum að það geta alltaf verið frávik í svona spám og fylgjumst við með þróuninni.“ Farþegum hefur fjölgað um fimmtíu prósent frá árinu 2002.

Þegar hefur verið fjárfest í stækkun fyrir tvo milljarða króna, en gert er ráð fyrir að fimm milljarðar fari í verkið til viðbótar að meðtöldum búnaði. Í nýrri byggingu verður fullkominn flokkunarbúnaður fyrir farangur.

Höskuldur segir að þegar í svo stóra framkvæmd sé ráðist fari ekki hjá því að röskun verði á starfseminni. Þegar næsta fimmtudag verður inngangur brottfararfarþega færður. Áætlað er að fyrsta áfanga ljúki í upphafi næsta sumars.

Eftir stækkun verður heildarstærð flugstövarinnar 55 þúsund fermetrar. Gert er ráð fyrir að breytingarnar hafi í för með sér fjölgun verslana um tíu til tólf og að þær fyrstu taki til starfa vorið 2006.



**FRAMTÍÐ Í FLUGSTÖÐINNI** Farþegum hefur fjölgað um helming frá árinu 2002. Gert er ráð fyrir að 1,8 milljónir farþega fari um Flugstöð Leifs Eiríkssonar á þessu ári og þeim fjölgi í 3,2 milljónir til ársins 2015.

# Óttast framtíð fiskmarkaða

## Framboð afla minnkar vegna flutnings kvóta á færri hendur.

Stjórnendur Fiskmarkaðar Íslands óttast framtíð fiskmarkaða vegna mikils flutnings veiðiheimilda yfir á færri hendur.

„Það hefur verið mikil sala bæði í krókaaflamarki og aflamarki. Kvótinn hefur hækkað um 50 prósent á einu ári á sama tíma og fiskverð hefur lækkað eins og sést á uppgjörum okkar. Margir einyrkjar, sem selja á markaðina, hafa verið að yfirgefa greinina en þeir sem hafa verið að kaupa heimildirnar hafa að mestu verið stórar útgerðir. Þetta er slæmt fyrir fiskmarkaðina og þá sem þurfa að byggja sína hráefnisöflun á kaupum á fiskmörkuðum,“ segir Tryggvi Leifur Óttarsson, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Íslands.

Samþjöppun á aflaheimildum í krókaaflamarkskerfinu, það er „litla kerfinu“, er að þróast á sama veg og hefur verið um langt skeið í stóra kerfinu – aflamarkskerfinu. Framboð afla á fiskmarkaði hefur þar af leiðandi minnkað, enda kjósa margir þessara kaupenda að verka sinn fisk sjálfir í stað þess að selja hann á markaði.

„Í sjálfu sér erum við uggandi yfir þessari þróun því hún er alvarleg. En við ætlum ekki að leggja árar í bát og gefast upp. Við verðum þá bara að finna okkur eitthvað annað að gera ef við fáum minna af fiski í sölu.“ - eþa

„Ég verð aldrei neitt án þín.“
Mótframlagið þitt
Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Lifeyrissparnaður Landsbankans
GOTT FÓLK McCANN




# ÞEIR SEM TAKA **KB ÍBÚÐALÁN** Í DAG GREIÐA SÖMU VEXTI NÆSTU 40 ÁRIN

Kynntu þér málið í næsta útibúi, á kbbanki.is eða í síma 444 7000.

KB BANKI
– kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA / NM19395

# Hrósar Reyka Vodka



**„BRAGÐGÓÐUR OG FRUMLEGUR"** Töluvert hefur verið fjallað um Reyka vodka í fjölmiðlum vestanhafs að undanförnu.

Fjallað hefur verið um Reyka vodka, sem skoska fyrirtækið William Grant & Sons framleiðir á Íslandi, í ýmsum fjölmiðlum vestanhafs að undanförnu. Í grein sem birtist í Star Tribune segist greinarhöfundur hafa efast um að þörf væri á fleiri vodkategundum á markaðinn. Séu þær hins vegar eins bragðgóðar og frumlegar og Reyka vodka megi endilega halda framleiðslunni áfram. Hann hrósar umbúðum Reyka vodka jafnt sem innihaldi og lýsir því hvernig íslensk náttúra er notuð við framleiðsluna. - hhs

# Baugur orðaður við French Connection

### Orðrómur um að Baugur hafi bætt við sig hlutabréfum í bresku tískuvöruverslanakeðjunni French Connection hefur hækkað verð hlutabréfanna.

Hlutabréf í bresku tískuverslanakeðjunni French Connection hafa verið að hækka vegna orðróms um að Baugur Group hafi bætt við hlut sinn eftir heimildum Guardian. Baugur er næststærsti hluthafinn í French Connection með nærri fjórtán prósenta hlut en stærstur er eftir sem áður Stephen Marks, stofnandi félagsins og stjórnarformaður þess.



**SLAGORÐ FRENCH CONNECTION** Baugur er sagður vera á höttunum eftir tískuverslunarkeðjunni sem hefur orðið fyrir barðinu á erfiðum markaðsaðstæðum í Bretlandi.

Guardian greinir frá því að gengi bréfa í keðjunni hafi verið um 500 pens á hlut fyrir ári síðan en standi nú í 270 pensum. Marks seldi um 10 prósenta hlut vegna skilnaðar um það leyti sem bréfin tóku að lækka í verði. French Connection hefur orðið illilega fyrir barðinu á erfiðum markaðsaðstæðum, samdrætti í sölu og lækkandi framlegðar. Margir kenna einnig stofnandanum um hver staða fyrirtækisins er í dag og segja að fyrirtækið lifi á fornri frægð.

Markaðsvirði French Connection er um þrjátíu milljarðar króna. - eþa

# Lægri laun í iðnaði

### Hlutfall yfirvinnustunda hátt á Íslandi.

Samanborið við önnur Evrópulönd eru árslaun á Íslandi há í verslun, viðgerðarþjónustu og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Í iðnaði eru árslaun heldur lægri.

Í þessum þremur atvinnugreinum er tímakaup á Íslandi ekki eins hátt í samanburði við Evrópulönd og skýrist það aðallega af því að vinnuvikan er lengri á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Á þetta einkum við um byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Jafnframt er hlutfall yfirvinnustunda af heildarfjölda greiddra vinnustunda hátt á Íslandi. Laun eru einnig borin saman að teknu tilliti til verðlags í löndunum. Í öllum tilvikum raðast Ísland neðar á lista við samanburð á launum þegar tekið hefur verið tillit til verðlags enda er verðlag á Íslandi hátt í samanburði við flest Evrópulönd.


**IÐNAÐARMENN** Árslaun í iðnaði eru lægri á Íslandi samanborið við önnur Evrópulönd.

Á vef Hagstofunnar er greint frá þessari könnun sem framkvæmd var af Hagstofu Evrópusambandsins þar sem borin eru saman laun landa innan Evrópusambandsins auk Rúmeníu og Búlgaríu. -aa

# Fylgjast spenntir með Hampiðjunni

Næststærsti hluthafinn í Hampiðjunni, Atorka Group, fylgist spenntur með framvindu mála í Hampiðjunni eftir að Yfirtökunefnd komst að þeirri niðurstöðu að aðilar í hluthafahópi í Hampiðjunni, sem tengjast Vogun og Venus, hafi gerst yfirtökuskyldir. „Við munum skoða málið í ljósi þessara frétta og sjá hvað opinberir aðilar hyggjast gera," segir Magnús Jónsson, forstjóri Atorku.

Yfirtökunefndin telur að Fiskveiðihlutafélagið Venus beri að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Venus, sem á um tólf prósent í Hampiðjunni, er enn fremur stærsti hluthafinn í Vogun sem er stærsti eigandi Hampiðjunnar. Magnús segir áform stjórnar Hampiðjunnar um að afskrá félagið úr Kauphöll Íslands og færa bréfin yfir á nýja fjármálatorgið hljóti að breyta miklu fyrir alla hluthafa félagsins, sérstaklega þegar það er gert á þessum tímamótum.

Atorka Group eignaðist yfir fimmtungshlut í Hampiðjunni á haustdögum þegar nokkrir lífeyrissjóðir seldu bréf sín.

Verði af yfirtöku er líklegt að yfirtökugengið verði 8,6 krónur á hvern hlut. - eþa

# Vilja stöðva kaup Íslandsbanka á Norse

### Fjárfestar í Noregi töldu sig vera að kaupa verðbréfafyrirtækið Norse þegar það var skyndilega selt Íslandsbanka. Ætla þeir að koma í veg fyrir að viðskiptin gangi í gegn.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Norskir fjárfestar eru ósáttir við að aðaleigandi norska verðbréfafyrirtækisins Norse hafi ákveðið að selja það Íslandsbanka. Þeir hafi sjálfir verið í viðræðum um kaup á félaginu. Ekki sé hægt að selja sama fyrirtækið tvisvar. Ætla þeir að höfða mál til að koma í veg fyrir söluna og verður lögbannsbeiðni tekin fyrir í Osló á morgun, fimmtudag. Þetta kom fram í norska blaðinu Dagens Næringsliv í gær.

Íslandsbanki gaf út tilkynningu í kjölfarið og sagðist ekki vera aðili að þessu máli. Það hefði engin áhrif á fyrirhuguð kaup bankans á Norse Securities. Kaupin njóti stuðnings starfsmanna félagsins, stjórnenda þess og hluthafa. Niðurstöðu megi vænta fyrir jól.


**FORSTJÓRINN HRÆÐIST EKKI ÓLÆTIN** Bjarni Ármannsson telur ekki ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af látum í norskum blöðum vegna kaupa Íslandsbanka á Norse.

Vala Pálsdóttir, fjárfestatengill hjá Íslandsbanka, segir að stjórnendur bankans hafi verið að skoða Norse frá því í september 2004. Þá hafi þeim þótt fyrirtækið heldur dýrt og ákveðið að bíða. Breytt staða Íslandsbanka í Noregi hafi síðan gert Norse að ákjósanlegum fjárfestingakosti. Því hafi viðræður hafist aftur og niðurstaða náðst um kaupin.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins voru fulltrúar B2 Holding í viðræðum við Stig Rognstad, hluthafa í Norse, um kaup á félaginu. Viljayfirlýsing þess efnis hafi verið undirrituð. Tímamörk voru útrunnin og því taldi Rognstad sér fært að selja Íslandsbanka hlutinn. Á það verður reynt fyrir norskum dómstólum að því er fram kemur í Dagens Næringsliv. Telur stjórnarformaður B2, Jon H. Nordbrekken, sig aldrei hafa upplifað aðra eins framkomu og Rognstad sýndi honum. Með honum stendur norski fjárfestirinn Øystein Stray Spetalen. Hann vildi samt ekki tjá sig við norska blaðið í gær.

Í greininni kemur fram að Íslandsbanki hafi keypt Norse á 130 milljónir norskra króna sem jafngildir um 1.200 milljónum króna miðað við gengið í gær. Áður en Rognstad hafi skipt um skoðun og selt fyrirtækið Íslandsbanka hafi B2 og Spetalen ætlað að kaupa það á 115 milljónir norskra króna. Íslandsbanki hefur ekki gefið upp kaupverðið.

spron
VERÐBRÉF
- Verðbréfasjóðir
- Verðbréfaþjónusta
- Eignastýring
- Lífeyrir
- Fjármálaráðgjöf
– leið til árangurs
Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is




1 af 61
excelairways.com
excel
G-XLAB
Stærð er styrkur. Avion Group samanstendur af afkomusviðum sem tengjast flug- og sjóflutningum, flutningsþjónustu og leiguflugi. Þannig eru til að mynda yfir 60 flugvélar innan vébanda Avion Group. Með stærðinni samnýtum við sérþekkingu, stjórnun og rekstur – og höldum áfram að dafna sem eitt framsæknasta fyrirtæki Evrópu.
AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim
www.aviongroup.is
Himinn og haf / SÍA

## Mikið tap á NY Yankees



**Hið fræga hafnaboltalið NY Yankees tapaði um fimm milljörðum króna á árinu eftir því sem bandarískir fjölmiðlar komast næst. Er það töluvert meira tap en á síðasta ári þegar það nam um 2,3 milljörðum króna.**

**Þetta gerist á sama tíma og yfir fjórar milljónir áhorfenda mæta á leiki liðsins og tekjur félagsins af sjónvarpssamningi við sjónvarpsstöðina YES Network Major League gefi því nærri fjóra milljarða á ári. Flest bendir til þess að hafnaboltadeildin Major League Baseball fari í saumana á rekstri Yankess sem verður George Steinbrenner, eiganda liðsins, til lítillar ánægju.**

**Launakostnaður leikmanna hefur sitt að segja en talið er líklegt að hann hafi numið tólf milljörðum króna á síðustu leiktíð.**

## Branson styður yfirtökutilboð

### Stærsta kapalstöð Bretlands vill taka yfir Virgin Group Ltd.

Richard Branson, stjórnarformaður Virgin Group Ltd., hvetur aðra hluthafa í Virgin Mobile Holdings Plc. til að samþykkja 835 milljóna punda, eða rúmlega 93 milljarða króna, yfirtökutilboð NTL Inc. NTL, sem er stærsta kapalstöð í Bretlandi, vill bæta farsímaþjónustu við internet-, sjónvarps- og fastlínupakka sinn. Stjórnendur fyrirtækisins hafa í hyggju að nota Virgin-vörumerkið með öllum vörutegundum NTL. Á fréttasíðu Bloomberg er haft eftir Branson að hann styðji tilboðið en það sé ekki hans heldur fyrirtækisins að ákveða hvort tilboðið er sanngjarnt. Komi til samþykktar tilboðsins mun Branson verða stærsti hluthafi í NTL




**RICHARD BRANSON, STJÓRNARFORMAÐUR VIRGIN GROUP LTD.** Hvetur aðra hluthafa í Virgin Mobile Holdings til að samþykkja yfirtökutilboð NTL Inc..

með 14 prósenta hlut í NTL og Telewest Global Inc. NTL keypti Telewest fyrir sex milljarða dollara, eða 388 milljarða íslenskra króna, í október síðastliðnum. Talið er líklegt að Vodafone Group Plc. og France Telecom geri einnig tilboð í Virgin Group. - **hhs**

# Körfuboltaæði grípur um sig í Kína

## Spáð að velta NBA verði meiri þar en í Bandaríkjunum.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

NBA-æði hefur gripið um sig í Kína en talið er að eitt hundrað milljónir Kínverja fylgist með deildarkeppninni. Svo mikil er sala á körfuboltavarningi sem ber merki NBA að forráðamenn deildarinnar telja að innan skamms verði hún orðin meiri en í Evrópu. Adam Silver, forstjóri NBA entertainment, gengur svo langt að spá því að markaðurinn í Kína verði stærri en sá bandaríski áður en langt um líður.

Forráðamenn NBA-deildarinnar hafa ekki viljað gefa upp veltuna í Kína en segja að hún hlaupi á tugum milljóna bandaríkjadala. Á síðasta ári jókst sala á NBA-varningi um helming. Reebok, Adidas, McDonald's og Budweiser njóta einnig góðs af þessum gríðarlega áhuga í gegnum samstarfssamninga við NBA-deildina og leikmenn hennar. China Mobile hefur gert samning við NBA um að vera einn af stuðningsaðilum deildarinnar.

„Í raun og veru sjáum við engan endi á vextinum hér," segir Mark Fischer, sem fer fyrir NBA-deildinni í Kína.

McDonald's hefur góða sögu að segja af áhuga Kínverja af NBA. Fyrirtækið fór af stað með markaðsherferð þar sem viðskiptavinir fengu NBA-bolla með hverri keyptri Big Mac-máltíð. Bollarnir kláruðust á fjórum vikum – nokkuð sem enginn bjóst við.




Fréttablaðið/AFP

**LYKILLINN AÐ KÍNA** Yao Ming er gríðarlega vinsæll íþróttamaður í Kína og NBA-deildin nýtur góðs af því.

Samstarf NBA og Kínverja nær aftur til 9. áratugarins en það er ekki fyrr en í seinni tíð sem sókn körfuboltans hófst þar í landi. Ástæðan er auðvitað Kínverjinn Yao Ming. Þessi 225 sentimetra hái miðherji, sem leikur með Houston Rockets, er eins konar Eiður Smári þeirra í Kína. Kappinn er fastamaður í Stjörnuliðinu og mikil fyrirmynd innan sem utan vallar. Frá því að hann hóf að spila með Houston fyrir tveimur árum hefur áhorfið margfaldast.

Nú eru NBA-leikir sýndir á 23 sjónvarpsstöðvum, þar á meðal á íþróttastöð ríkisins. Allt að 20 milljónir manna horfa á stórleik sem sýndur er að morgni.



Það er eins og að allir íbúar meðalstórs Evrópuríkis væru að horfa á sama leikinn. Innan NBA er mikill áhugi fyrir því að spila deildarleiki í Kína og býst Fischer við því að fyrsti leikurinn fari fram árið 2007.

**Byggt á Fortune og www.nba.com**




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn". Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka aksturseiginleika. Volvo XC70.

**Þú nýtur verndar**

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

**Umhverfið nýtur verndar**

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## Vetrarverslun vel af stað

Kuldakast var meðal þeirra þátta sem ýttu undir smásölu á verslunargötum Bretlands í nóvember sem var 0,8 prósentustigum meiri en í nóvember í fyrra. Þetta kemur fram í mánaðarlegri könnun BRC, samtökum breskra smásöluaðila, sem birt var á vefsíðu BBC. Þetta var fyrsta sinn síðan í mars á þessu ári sem aukning varð í smásölu miðað við sama mánuð árið á undan. Nóvember í fyrra var ekki góður mánuður í breskri smásölu en hins vegar var salan nú betri en margir áttu von á. **- hhs**

## Sögulegur samningur



Sænska fyrirtækið Ericsson hefur gert stærsta þjónustusamning í sögu fyrirtækisins við breska fjarskiptafyrirtækið 3 UK. Samningurinn felur í sér að Ericsson mun reka netkerfi 3 UK og sjá um viðhald þess og útþenslu. Ericsson horfir til vaxtar í þessum geira samhliða hefðbundnu hlutverki fyrirtækisins að selja útvarps- og útsendingatækja til þjónustuaðila. Meira en þrjú þúsund starfsmenn netkerfa og upplýsingatækni munu flytjast frá 3 UK yfir til Ericsson. **- hhs**



**KÍNVERJAR KAUPA FLUGVÉLAR** Samningur evrópska flugvélaframleiðandans Airbus og Kína hljóðar upp á tíu milljarða bandaríkjadali.

# Áfangasigur Airbus

### Kínverjar panta 150 farþegaflugvélar í einu lagi.

Kínverska ríkið lagði á mánudag fram pöntun á 150 farþegaflugvélum af gerðinni A320 frá evrópska flugvélaframleiðandanum Airbus. Flugfélögin Air China, China Eastern Airlines, China Southern Airlines, Sichuan Airlines, Shenzhen Airlines og Hainan Airlines munu skipta með sér flugvélunum. Þar að auki gerði Airbus samning sem gæti orðið til þess að fyrirtækið opnaði samsetningarverksmiðju í Kína. Það væru tímamót hjá fyrirtækinu en hingað til hafa slíkar verksmiðjur eingöngu verið starfræktar í Þýskalandi og Frakklandi.

Þetta eru meira en tvisvar sinnum fleiri vélar en kínverska ríkið pantaði frá bandaríska flugvélaframleiðandanum Boeing í síðasta mánuði. Sé miðað við listaverð hljómaði sá samningur upp á fjóra milljarða bandaríkjadala eða 260 milljarða íslenskra króna. Samningurinn nú er nærri 10 milljarða bandaríkjadala virði sem jafngildir um 615 milljörðum íslenskra króna. Pöntunin er sú stærsta sem Airbus hefur fengið frá því að fyrirtækið fór inn á Kínamarkað fyrir tveimur áratugum. Fram að þessu hefur Boeing átt um sextíu prósent allra nýrra pantana frá Kína en Airbus ekki nema um þriðjung. Þetta er því áfangasigur fyrir Airbus sem reynir nú að hasla sér frekari völl í Kína sem vex hraðast allra flugmarkaða. Að því stuðlar mikill hagvöxtur í Kína, auk þess að flugfargjöld eru nú ódýrari og lög um ferðalög Kínverja rýmri en áður. **- hhs**

SÖGUHORNIÐ

## Árásin á Perluhöfn

Að morgni þessa dags árið 1941 gerði japanski herinn árás á flotahöfn og herflugvelli Bandaríkjamanna á eyjunni Ohau í Hawaii-eyjaklasanum, fyrirvaralaust og án formlegrar stríðsyfirlýsingar. Þetta varð til þess að Bandaríkin drógust inn í síðari heimsstyrjöldina. Við árásina létust færri en hundrað Japanar en meira en 2.400 Bandaríkjamenn. Daginn eftir árásirnar lýsti Roosevelt Bandaríkjaforseti yfir stríði á hendur Japönum.

Á 4. áratug síðustu aldar stefndu Japanar að því leynt og ljóst að verða stórveldi við Kyrrahaf. Þeir hertóku Mansjúríuhérað 1931 og réðust inn í Kína 1937. Í september árið 1940 gengu þeir í bandalag Öxulveldanna, Þýskalands og Ítalíu, og í júlí 1941 lögðu þeir undir sig frönsku Indó-Kína, þar sem nú er Víetnam. Bandarísk stjórnvöld brugðust við með efnahagsþvingunum gegn Japönum og að lokum algeru banni við olíusölu til landsins. Þetta var kornið sem fyllti mælinn að mati japönsku stjórnarinnar því Japan var fyrst og fremst sjóveldi með stóran og öflugan flota. Ef Japanar ætluðu sér að verða óumdeilanlegt stórveldi við Kyrrahaf, þurfti flotinn að hafa olíu.

Baráttan við Perluhöfn hafði sögulegar afleiðingar í för með sér. Áhrifin voru tiltölulega lítil hernaðarlega séð en urðu til þess að Bandaríkin drógust hratt og örugglega inn í síðari heimsstyrjöldina sem leiddi til ósigurs öxulveldanna í kjölfarið. Sigur bandamanna í stríðinu og tilkoma Bandaríkjanna sem leiðandi heimsveldis í kjölfarið hefur síðan mótað alþjóðapólitík.

**Heimild: Wikipedia og Vísindavefur Háskóla Íslands**




**BANDARÍSKT ÁRÓÐURSPLAKAT** Bandarískur almenningur flykktist að baki stjórnvalda eftir árásina á Perluhöfn.



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

rimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

# Safnað til mögru áranna

## Norski olíusjóðurinn bólgnar hratt út. Hann var settur á fót til að halda olíupeningum fyrir utan norska hagkerfið. Sjóðurinn hefur fjárfest í þrjú þúsund félögum um allan heim með það að markmiði að ávaxta peningana vel og með ábyrgum hætti. Það tekst hins vegar ekki alltaf eins og *Eggert Þór Aðalsteinsson* komst að raun um.

Norski olíusjóðurinn hefur vaxið gríðarlega frá því að Norðmenn hófu að leggja olíupeninga í hann árið 1996. Knut Norheim Kjær, yfirmaður hans, segir að sá mikli vöxtur sem einkenni þetta ár megi annars vegar þakka góðri ávöxtun á fjármálamörkuðum og hins vegar miklum olíuverðshækkunum.

Heildarverðmæti norska olíusjóðsins eru komnar í tæpa þrettán þúsund milljarða íslenskra króna sem jafngildir því að hvert mannsbarn í Noregi eigi um 2,8 milljónir króna í sjóðnum. Til samanburðar var hrein eign íslensku lífeyrissjóðanna um 1.123 milljarðar króna í lok september sem þýðir að hver Íslendingur átti að meðaltali um 3,8 milljónir króna.

Olíusjóðurinn stóð í rúmum tíu þúsund milljörðum króna í upphafi árs og hefur hækkað um 2.650 milljarða frá áramótum. Af þessari upphæð eru 1.660 milljarðar komnir til vegna olíutekna til ríksins en 920 milljarðar vegna ávöxtunar á eignum sjóðsins. Í síðustu viku var greint frá því að sjóðurinn hefði hækkað um 970 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi vegna hás olíuverðs og góðrar ávöxtunar á hlutabréfamörkuðum. Japönsk hlutabréf, sem eru í eigu sjóðsins, hækkuðu til dæmis yfir fimmtung á fjórðungnum.

Ávöxtun sjóðsins á þriðja árshluta nam um 3,2 prósentum en innkoma olíupeninga gerði það að verkum að sjóðurinn stækkaði um átta prósent á tímabilinu.

### FORÐABÚR NORÐMANNA

Í stofnskrá sjóðsins frá árinu 1991 stendur að tekjur norska ríkisins af olíuframleiðslu skuli ávaxtaðar til langframa með áherslu á sem mesta ávöxtun með sem minnstri áhættu. Stjórnmálamenn vildu ekki að olíupeningurinn rynni inn í hagkerfið og ylli þar með ójafnvægi. Einnig litu menn á olíuna sem takmarkaða auðlind sem myndi ganga til þurrðar innan ákveðins árafjölda en Noregur er þriðja mesta olíuframleiðsluríki heims á eftir Sádi-Arabíu og Rússlandi.

Sjóðurinn er varaforði Norðmanna til að fjármagna lífeyriskerfi og heilbrigðiskerfi framtíðarinnar. Lítil sjóðasöfnun á sér stað í norska lífeyriskerfinu þar sem það er gegnumstreymiskerfi og því er ljóst að sjóðurinn mun koma að góðum notum seinna meir. Aðeins verður gengið á höfuðstólinn ef norska Stórþingið ákveður svo.

Þar með er ekki sagt að fullkomin samstaða ríki um þetta fyrirkomulag. Sumir stjórnmálamenn á hægri vængnum og ýmsir fræðimenn hafa oft gagnrýnt þessa auðsöfnun og telja óhætt að hluti olíugróðans renni inn í efnahagslífið, enda hafi olíuverð hækkað umfram það sem reiknað var með og því hafi forsendur fyrir þessari miklu auðsöfnun breyst.

Tekjur sjóðsins eru tvenns konar: Annars vegar olíutekjur sem renna til norska ríkisins í formi skatta á olíuframleiðslu og mengunarskatts á olíufyrirtæki, einkaleyfa og tekna, arðgreiðslna og söluhagnaðar frá beinni þátttöku ríkisins í olíuframleiðslu o.s.frv. Norska ríkið er mjög umsvifamikið í olíu- og orkuframleiðslu og á meðal annars stóra hluti í Statoil og Norsk Hydro.

Frá framlaginu dregst kostnaður sem fellur á ríkið vegna reksturs norska Olíutryggingasjóðsins og fjárfestinga norska ríkisins í olíustarfsemi.

Í annan stað stækkar sjóðurinn vegna fjárfestingastarfsemi. Ávöxtunin byggist annars vegar á kaupum í erlendum verðbréfum (sjóðurinn fjárfestir ekki í norskum hluta- eða skuldabréfum) og hins vegar á fastri innkomu til dæmis af bankainnistæðum og skuldabréfum með föstum tekjum.

### ÞRJÚ ÞÚSUND FYRIRTÆKI

Norski olíusjóðurinn heyrir undir fjármálaráðuneytið sem leggur línurnar um hver markmið sjóðsins eigi að vera og hvernig fjárfestingum skuli háttað.

Norska seðlabankanum hefur verið falið að annast daglega stjórnun hans en innan hans er sérstakt fjárfestingateymi sem annast verkefnið. Skrifstofur olíusjóðsins eru í Osló, Lundúnum og New York og um 130 manns starfa á vegum hans.

Einnig hefur sjóðurinn gert samninga við fjölda utanaðkomandi sjóðstjóra með það að markmiði að ná til fleiri sérfræðinga og fjölbreyttari þekkingar.

Hlutabréfasafn Norska olíusjóðsins samanstendur af þrjú þúsund fyrirtækjum frá 27 löndum. Um helmingur safnsins er evrópsk hlutabréf, þriðjungur bandarísk hlutabréf en um sjö prósent frá Japan. Langflestir eignarhlutir eru í bandarískum og japönskum fyrirtækjum en af Evrópuríkjunum er sjóðurinn með flestar stöður í breskum félögum. Olíusjóðurinn á hlutabréf í velflestum stórfyrirtækjum heims bæði vestan sem austan Atlantsála og er áberandi meðal annars í bönkum, olíufélögum og hátæknifyrirtækjum. Um síðustu áramót voru verðmætustu hlutabréfin í franska olíufélaginu Total, Vodafone, BP og bandaríska bankanum Citigroup.

Eitt íslenskt félag var í hlutabréfasafninu um síðustu áramót en það var Burðarás. Markaðsvirði hlutarins var þó ekki nema tuttugu þúsund krónur.

Ekki er hægt að segja að markmið sjóðsins sé að hafa áhrif á sínar fjárfestingar í gegnum stjórnir þeirra félaga sem hann fjárfestir í. Eignarhlutirnir eru oftast undir einu prósenti og liggja oftast á bilinu 0,3 til 0,7 prósent. Þegar rennt er augum yfir hlutabréfasafnið nær eignarhluturinn sárasjaldan tveimur prósentum. Sjóðurinn er því fyrst og fremst arðsemisfjárfestir.

**Stækkar hratt**

**Heildareignir norska olíusjóðsins í byrjun hvers árs og spár um stækkun hans**

| Ár | Heildareignir ** |
|---|---|
| 1996 | 480 |
| 1997 | 1.130 |
| 1998 | 1.720 |
| 1999 | 2.220 |
| 2000 | 3.860 |
| 2001 | 6.140 |
| 2002 | 6.090 |
| 2003 | 8.450 |
| 2004 | 10.160 |
| 2005 | 12.810* |
| 2006 | 13.350 |
| 2007 | 16.700 |
| 2008 | 20.410 |
| 2009 | 24.220 |
| 2010 | 27.950 |

** Staðan 30. september*

*** í milljörðum íslenskra króna*



**ÞRIÐJA MESTA OLÍURÍKIÐ** Olíutekjum Norðmanna er haldið utan við hagkerfið og þær settar í sjóð sem vex óðfluga. Honum er ætlað að fjármagna lífeyris- og heilbrigðiskerfi framtíðarinnar.

### UMDEILDAR FJÁRFESTINGAR

Stundum hafa fjárfestingar sjóðsins valdið miklu fjarðrafoki í Noregi bæði af siðferðislegum og pólitískum ástæðum. Rík áhersla er lögð á að sjóðurinn vinni ábyrgt starf sem þjóni hagsmunum Norðmanna og leiði gott af sér á þeim stöðum þar sem fjárfestingin á sér stað – bæði á samfélög og umhverfi. Í þessu sambandi er vert að minnast á að starfsmenn sjóðsins vinna eftir sérstökum siðareglum.

Fyrir tveimur vikum var greint frá því að sjóðurinn ætti hlutabréf í bandaríska fyrirtækinu Pioneer Natural Resources sem metin eru á einn milljarð króna. Vakti þetta athygli fyrir þær sakir að fyrirtækið stundar olíuleit fyrir utan strendur Vestur-Sahara sem er hertekið af Marokkó. Marokkóska hernámsliðið er sakað um að beita heimamenn miklu harðræði og hafa þúsundir manna flúið land. Í júlí krafðist Per-Kristian Foss, þáverandi fjármálaráðherra, þess að sjóðurinn losaði sig við hlutabréf í olíufélaginu Kerr-McGee sem var og gert og fyrirskipaði að ekki skyldi fjárfest í olíufélögum sem ættu í samstarfi við það. Kerr-McGee leitar nú að olíu í Vestur-Sahara í samstarfi við Pioneer Natural Resources

Einnig vakti það mikið umtal að Olíusjóðurinn hefði fjárfest í helmingshlut í vopnaframleiðandanum Nammo. Mannréttindasamtök brugðust ókvæða við og sökuðu forsvarsmenn Olíusjóðsins og ráðherra um tvískinnungshátt.

### TVÖFALDAST FYRIR 2010

Reiknað er með að olíusjóðurinn vaxi jafnt og þétt á næstu árum. Árið 2001 var ávöxtun sjóðsins afar slæm vegna óhagstæðra skilyrða á hlutabréfamörkuðum en fyrir utan það hefur sjóðurinn ávaxtast ágætlega. Því er spáð að hann vaxi um 25 prósent á næsta ári og verði kominn í tæpa 17.000 milljarða króna í lok árs og stækki að jafnaði um 3.000 milljarða króna til ársins 2010. Þá er áætlað að höfuðstóllinn verði kominn í 28.000 milljarða króna. Það er ljóst að þetta ár ætlar að verða afar gott, enda gerast aðstæður ekki betri: Hátt olíuverð og miklar hækkanir á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
8,0%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. nóv. 2005 - 30. nóv. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðassjóða síðustu 3,6 og 12 mánuði skv. www.sjodir.is
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.


# Við viljum fá þig til að prófa þjónustuna okkar

## *Við bjóðum fyrirtækjum frían bíl í heila viku*

**Þjónusta er aðalsmerki Avis og til að leyfa þér og fyrirtæki þínu að upplifa hana af eigin raun bjóðum við ykkur án nokkurs kostnaðar afnot af bíl úr bílaflota Avis í 7 daga. Við erum þess fullviss að við eigum eftir að eiga gott og farsælt samstarf í kjölfarið og þú munir kunna að meta þjónustu okkar eins og fjölmörg önnur fyrirtæki gera.**

Skýrr

Ferðamálaráð Íslands

Íslandsbanki

Norðurorka

Hagkaup

Atlantsskip

Frjálsi fjárfestingar -bankinn

Samkaup

Fasteignamat ríkisins

Landsteinar Strengur

Actavis

Reiknistofa bankanna

Garðabær

VST

IMG

Opin Kerfi

Íslenska járn -blendifélagið

Félagsmála -ráðuneytið

Hafrannsóknar -stofnun

Hampiðjan

We try harder.®

*Við leggjum okkur fram*

*Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is*

**AVIS**

hausverk / SIA / 6320



**SAMSTILLTIR VIÐ TILKYNNINGU UM HÆKKUN STÝRIVAXTA** Eftir lokun markaða á föstudaginn tilkynnti Davíð Oddsson ákvörðun bankastjórnar að hækka stýrivexti. Tók hækkunin gildi í gær. Þróun vaxta og krónunnar næstu vikurnar skiptir miklu máli fyrir næstu stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans 26. janúar á næsta ári. Meta fleiri það þannig að Seðlabankanum sé ennþá full alvara í að ná niður verðbólgu. Spurningin sé hve langan tíma það taki og hversu hart verði gengið fram.

# *Seðlabankinn* slær nýja

Það er mikilvægt fyrir Davíð Oddsson að nýleg vaxtaákvörðun bankastjórnar Seðlabankans sé ekki túlku markmið bankans er að halda verðbólgu sem næst 2,5 prósentum. Seðlabankastjóri sagði á mánudaginn ans hálfu um að ná verðbólgunni niður stæðu óhaggaðar. Einhverjir efast um það en *Björgvin Guðmunds* un vaxtaákvörðunardaga hafi verið mikilvæg til að varðveita trúverðugleika bankans. Stefnan sé óbreytt

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, bað menn á fundi Viðskiptaráðs á mánudaginn að gá að því að hækkun stýrivaxta um 0,75 prósentur væri undantekning en ekki regla. Hækkun vaxta um 0,25 prósentur á eftir 0,25 prósentu hækkun væri ekki mikil. Hins vegar væri 0,25 prósentu hækkun í beinu framhaldi á 0,75 prósentu hækkun ekki lítil. Menn verða að skoða þetta allt saman í samhengi,“ sagði Davíð.

Viðmælendur Markaðarins telja að Seðlabankinn hafi ekki breytt um stefnu og horfið frá verðbólgumarkmiðum sínum þrátt fyrir að hækkun stýrivaxta væri ekki jafn mikil og margir spáðu. Þetta hafi verið ákveðin málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða. Þar togast á viðhorf þeirra sem horfa eingöngu á þróun verðbólgunnar, eins og Seðlabankanum ber að gera samkvæmt lögum, og hinna sem vilja huga samhliða að pólitískum hagsmunum. Það eru þá helst hagsmunir stjórnmálamanna sem þurfa að svara fyrir stjórn efnahagsmála gagnvart kjósendum sínum.

Til að sætta þessi sjónarmið hefur Davíð Oddsson ákveðið að hækka vexti einungis um 0,25 prósentur í þessari atrennu. Standa stýrivextirnir nú í 10,5 prósentum. Um leið boðar hann að sex formlegir vaxtaákvörðunardagar verði teknir upp þar sem Seðlabankinn þurfi að rökstyðja óbreytta stýrivexti, hækkun þeirra eða lækkun. Það gerist næst 26. janúar. Sú ákvörðun hefur mælst vel fyrir og eykur gagnsæi í stjórnun bankans.

Er það skoðun þeirra sem Markaðurinn ræddi við að vextir verði hækkaðir næstu mánuðina í smáum skömmtun þangað til hámarkinu er náð. Þeir fari samt ekki langt yfir 11 prósent á næsta ári áður og haldist lengur háir en áður var spáð.

Mikilvægt er að þessar vaxtahækkanir skili árangri og dragi úr eftirspurn á markaðnum og slái á verðbólgu. Til þess þurfa þeir sem á markaðnum starfa að hafa trú á því að Seðlabankinn ætli að hækka vexti til að ná niður verðbólguvæntingum. Það tókst sæmilega þó að gengi krónunnar hafi veikst og langtímavextir lækkað á mánudaginn – fyrsta



## Prófraun Seðlabankans

„Á næstu árum verða aðstæður í þjóðarbúskapnum óvenju erfiðar frá sjónarhóli peningastefnunnar. Hvernig tekst að beita henni til þess að koma í veg fyrir að verðbólga umfram markmið festi rætur verður nokkur prófsteinn á hve vel núverandi umgjörð hennar hentar litlu, opnu hagkerfi. Seðlabankinn telur brýnt að peningastefnan standist þessa prófraun og að verðbólga víki ekki nema skamma hríð umtalsvert frá verðbólgumarkmiði hans. Að öðrum kosti er hætt við að trúverðugleiki bankans og peningastefnunnar bíði skaða sem erfitt getur reynst að endurheimta,“ sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, þegar hann kynnti 0,75 prósentu hækkun stýrivaxta 29. september síðastliðinn.

**„Og svo eins og kokteilber á kökuna er launþegum bætt verðbólgan sem stafar af því að fasteignir þeirra flestra hafa hækkað í verði án þess að þeir beri af því kostnað,“ sagði Davíð Oddsson.**



Fréttablaðið/Stefán

# n takt

sem stefnubreyting. Megin-
að heitstrengingar af bank-
*on* segir fleiri telja að fjölg-
g takturinn hraðari.

viðskiptadag eftir að tilkynnt var um stýrivaxtahækkunina. Er það vísbending um minni tiltrú á stefnufestu Seðlabankans. Hægt var að sjá þær vísbendingar á markaðnum þegar líða tók á síðustu viku og langtímavextir lækkuðu.

**MARKMIÐIÐ NÁIST 2008**

Að óbreyttum stýrivöxtum og gengi er gert ráð fyrir í verðbólguspá Seðlabankans að markmið hans um 2,5 prósenta verðbólgu náist ekki fyrr en á árinu 2008. Greiningardeild KB banka segir að vaxtahækkunin nú sýni að bankinn miði frekar við að verðbólgan verði nálægt efri mörkum markmiðsins eða 4 prósentum. Er þá gefið í skyn að slakað hafi verið á kröfu bankans um að ná verðbólgunni niður í 2,5 prósent á næstu tveimur árum.

Greiningardeild Íslandsbanka segir þessa stýrivaxtahækkun Seðlabankans litla sé horft á verðbólguspá bankans sjálfs. Spáin bendi til að verðbólgan verði langt yfir markmiði bankans sé litið eitt til tvö ár fram í tímann og þeirrar óvissu sem í spánni er vegna stöðu krónunnar. Telja margir að gengi krónunnar muni lækka á næsta ári sem muni auka verðbólguna. Davíð sagði þó mikilvægt að aðlögun gengisins yrði yfir einhvern tíma. Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir óbreyttu gengi og stýrivöxtum. Er hans spá um verðbólgu langt undir því sem greiningardeildir bankanna spá fyrir um. Að meðaltali munar það um heilt prósentustig.

Davíð Oddsson sagði á fundi Viðskiptaráðs Íslands um efnahagsvandann á mánudaginn að einhverjir hefðu kannski búist við meiri vaxtahækkun nú en raunin varð. Þeir kynnu að hafa lesið það út úr skrifum bankans í tengslum við ákvörðun vaxta. „Engar slíkar ákvarðanir voru skráðar í þau skrif, en á hinn bóginn voru þar skýrar heitstrengingar af bankans hálfu að hann tæki lögskipað hlutverk sitt mjög alvarlega og myndi ekki hika við að beita sér að fullum þunga til að fylgja því eftir. Þær yfirlýsingar standa óhaggaðar.“

**ÓHEPPILEG UMMÆLI**

Það er mikilvægt fyrir Davíð að þagga niður í þeim röddum sem vildu túlka þessa stýrivaxtahækkun sem stefnubreytingu. Voru þar forystumenn ríkisstjórnarflokkanna fremstir í flokki í fjölmiðlum. Þetta var óheppilegt því trúverðugleiki Seðlabankans er hluti af stjórntækjum hans. Fólk verður að trúa því að hann ætli sér að ná niður verðbólgu eins og Birgir Ísleifur hamraði á í september. Aðeins þannig nær bankinn að slá á verðbólguvæntingar og hafa áhrif á langtímavextina. Það er mikilvægt til að ná eftirspurninni í jafnvægi og halda verðlagi í skefjum.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur meðal annars sagt opinberlega að hann sjái ekki þörf á frekari vaxtahækkunum. Gagnrýndi hann meðal annars Seðlabankann fyrir hækkunina í september. Í orðum hans felst að Seðlabankinn eigi að láta baráttuna við verðbólguna vera og leyfa henni að grassera þangað til niðursveiflu í efnahagslífinu fer að gæta.

Davíð varaði eindregið við því „verðbólgunni yrði hleypt í gegn“ eins og hægt er að kalla leiðina sem Halldór talar fyrir. Gerði hann það bæði þegar vaxtahækkunin var kynnt á föstudaginn og á fundi Viðskiptaráðs á mánudaginn. Þar sagði hann: „Þetta er óraunhæfur kostur. Slík stefnubreyting Seðlabankans myndi umsvifalaust skila sér í hærri verðbólguvæntingum, ýta undir enn meiri launahækkanir og leiða til gengislækkunnar og aukinnar verðbólgu. Á endanum þyrfti enn meiri hækkun stýrivaxta til þess að kveða verðbólguna niður.“

**KOKTEILBER Á KÖKUNA**

Stýrivextir á Íslandi eru háir í alþjóðlegum samanburði og sagði Davíð að þeir gætu hvergi speglað sig. Myndin á Íslandi væri einstök og flestum þætti jafnvel metnaðarfull markmið að halda verðbólgunni sem næst jafnvægi. „Í fyrsta lagi stendur nú yfir stærsta einstaka framkvæmdaskeið í sögu þjóðarinnar,“ sagði hann og margir væru í framkvæmdahug.

„Í öðru lagi upplifum við á sama tíma mestu útrás íslenska bankakerfisins með langmestu skuldasöfnun þess erlendis og tilheyrandi innstreymi fjár. Í þriðja lagi er í sömu svifum stofnað til umbyltingar á lánsfjármarkaði þjóðarinnar, þar sem öllum sem geta hreyft sig er boðið upp í dans. Í fjórða lagi eru skattar lækkaðir eða slík lækkun boðuð á næstu mánuðum. Og svo eins og kokteilber á kökuna er launþegum bætt verðbólgan sem stafar af því að fasteignir þeirra flestra hafa hækkað í verði án þess að þeir beri af því kostnað,“ sagði hann.

Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka, sagði í pallborðsumræðum á fundi Viðskiptaráðs á mánudaginn að Seðlabankinn yrði að vera tilbúinn til að gefa aftur í í stjórn peningamála í janúar skilaði þessi vaxtahækkun sér ekki. Ingólfur Bender, hjá Íslandsbanka, gagnrýndi mest litla hækkun stýrivaxta. Sagði að minni trú á verðbólgumarkmiðum Seðlabankans myndi birtast í væntingum á markaði. Í síðustu Peningamálum hefði verið talað um að hækka þyrfti vexti mera en í síðustu uppsveiflu. Núverandi hækkun muni líklega ekki leiða til þess.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður hjá greiningardeild Landsbankans, segir enga auðvelda kosti í stöðunni og tók undir með Þórði sem sagði það skaðlegt til lengri tíma að „hleypa verðbólgunni í gegn“. Hún lagði hins vegar mestu áhersluna á að stefna Seðlabankans væri nokkurn veginn í takt við væntingar og fæli ekki í sér neina stefnubreytingu.

**EKKI LÍTIL HÆKKUN**

Davíð sagði hræringar á markaðnum jákvæða fyrir almenning en það reyndi á peningamálastefnuna þegar allir hlutir dembdust yfir í einu. Seðlabankinn væri að reyna að búa í haginn svo aðlögun gengis krónunnar og viðskipta við útlönd yrði þolanleg.

Seðlabankastjóri bað menn að gá að því að 0,75 prósenta hækkun stýrivaxta væri undantekning en ekki regla. Menn skyldu líka gá að því að 0,25 prósentu hækkun eftir 0,25 prósentu hækkun væri ekki mikil. Hins vegar væri 0,25 prósenta í beinu framhaldi á 0,75 prósentu hækkun ekki lítil. „Menn verða að skoða þetta allt saman í samhengi,“ sagði Davíð Oddsson.

## Þróun efnahagsmála

### Þættir sem hafa áhrif á hvernig framvindan í efnahagslífinu verður.

Jón Sigurðsson, einn þriggja seðlabankastjóra, útskýrði fyrir fundarmönnum hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga á föstudaginn, sama dag og stýrivaxtahækkunin var tilkynnt, hvert hlutverk Seðlabankans væri. Meginhlutverkið væri að tryggja stöðugt verðlag og sem jafnasta þróun þess. Fór hann yfir nokkra þætti efnahagsmálanna sem þar hefðu áhrif.

**1** Í fyrsta lagi er vísitala neysluverðs, sem mælistika á verðlagsþróun, grundvöllur allra umræðna um efnahagsmál, stöðu, þróun og horfur.

**2** Í öðru lagi skiptir gengisvísitalan meginmáli, en hún sýnir sameiginlegt vegið gildi erlendra gjaldmiðla andspænis íslenskri krónu.

**3** Í þriðja lagi er atvinnuástandið í landinu, en það hefur áhrif á framvindu launamála og almennrar neyslu og á framvindu verðbólgunnar. Af atvinnuástandinu má einnig draga ályktanir um hvað framundan er í efnahagsmálum.

**4** Í fjórða lagi veldur útlánaþróun fjármálastofnana miklu um framvindu efnahagsmála. Aukning eða samdráttur útlána er mikilvæg vísbending um hagþróunina framundan.

**5** Í fimmta lagi er að nefna þróun eignaverðs og umsvif á þeim vettvangi. Þetta er alkunn vísbending um komandi verðbólgu framundan. Þessi þáttur skýrir mestan hluta verðbólgunnar á þessu ári.

**6** Í sjötta lagi eru umsvif ríkissjóðs og hlutföll milli tekna og útgjalda hans, helstu ríkisstofnana og stærstu sveitarfélaga. Hér er ekki aðeins um ríkissjóð að ræða, heldur einnig t.d. Landsvirkjun og Íbúðalánasjóð, og öll stærstu sveitarfélögin.

**7** Í sjöunda lagi er viðskiptahallinn, en hér hefur lengi verið viðskiptahalli og aldrei meiri en um þessar mundir. Um það bil helmingur viðskiptahallans tengist stórframkvæmdum, en hitt tengist beint aukinni einkaneyslu.

**8** Í áttunda lagi eru flestar breytur í efnahagsmálum samanburður og hlutföll. Meðal annars berum við okkur saman við aðstæður erlendis. Vaxtastig hérlendis borið saman við vexti í viðskiptalöndum gefur mikilvægar upplýsingar, og gengi íslenskrar krónu byggist meðal annars á gengisþróun viðmiðunargjaldmiðlanna.

## Fleiri hækka vextina

Seðlabanki Kanada hækkaði vexti sína um 0,25 prósentur 18. október síðastliðinn. Seðlabanki Bandaríkjanna hélt einnig áfram taktföstum vaxtahækkunum og hækkaði stýrivexti sína í 4% 1. nóvember. Seðlabanki Noregs hækkaði vexti degi síðar um 0,25 prósentur. 1. desember hækkaði seðlabankinn í Danmörku vexti sína um 0,25 prósentur sem og seðlabanki Evrópu. Hafa vextir á evrusvæðinu verið óbreyttir, eða 2 prósent, síðan um mitt ár 2003.

Vaxtamunur á milli Íslands og annarra landa hefur þó vaxið vegna hækkunar stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Vaxtamunur, mældur í mun vaxta á þriggja mánaða lánasamningum á millibankamarkaði, jókst úr 6,44 prósentum í byrjun september í 7,01 prósent um miðjan nóvember að því er fram kemur í Peningamálum, riti Seðlabankans.

AURASÁLIN



# Gott auðvald

**Aurasálin er mjög hugsi** eftir lestur Lesbókar Morgunblaðsins um helgina. Þar var meðal annars að finna grein um hina nýríku og muninn á hinu góða auðvaldi og því vonda. Aurasálin tekur heils hugar undir það með fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins að núverandi auðmenn kunni alls ekki nógu vel að vera ríkir.

**Það er er óþolandi** við þetta nýríka fólk er hversu augljóslega það hefur gaman af peningum – en æðstuprestar gömlu ættarveldanna koma Aurasálinni ætíð fyrir sjónir eins og þeir hörmuðu það hlutskipti sitt að vera ríkir. Fyrir þeim var auðurinn áþján – plikt sem örlögin höfðu áskapað þeim. Þetta gamla góða auðvald hafði vit á því að láta sem heimsins áhyggjur hvíldu á herðum þeirra og kunni að fara með völd og ábyrgð.

**Alþýðufólk öfundaði ekki** góða auðvaldið því að mörgu leyti var svo augljóst að stórbokkarnir voru venjulegu fólki fremri að andlegu og líkamlegu atgervi auk þess sem engum venjulegum manni datt það í hug að reyna að verða ríkur. Miklu betra var að vera sæll og glaður eignaleysingi heldur en að tilheyra stétt hinna brúnaþungu og vansælu auðmanna.

**En nú er öldin** heldur betur önnur, eftir tóma pretti og tál – eins og skáldið sagði. Nýja auðvaldið leikur sér að peningunum sínum eins og lítil börn. Það kaupir snekkjur, sumarhallir og sportbíla og einn mun víst hafa keypt tíu milljóna króna leðurjakka. Þetta nýja (og vonda) auðvald virðist þar að auki svo smekklaust á list og kúltúr að í stað þess að einbeita sér að menningu sem er ofar skilningi alþýðunnar þá mæti þetta lið án þess að skammast sín á popptónleika og fótboltaleiki og hegðar sér eins og unglingar.

**Svo vílar þetta nýríka lið** það ekki fyrir sér að gera tilraunir til þess að kaupa sér völd og áhrif. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að kaupa fjölmiðla! Aurasálin á vart orð yfir hversu illa þetta fólk kann sig. Hefur enginn sagt þeim að fjölmiðlar og völd eru hlutir sem menn erfa – en ekki kaupa?

# Mikið gerst í Magasin du Nord

**Birgir Þór Bieltvedt er á fleygiferð í dönsku viðskiptalífi. Hann er einn fjárfestanna í Magasin du Nord og Illum og er einnig stofnandi Domino's Pizza í Danmörku. Hafliði Helgason ræddi viðskipti í Danmörku og ganginn í Magasin við Birgi yfir hádegisverði.**



Fréttablaðið/Hafliði Helgason

**BIRGIR ÞÓR BIELTVEDT** Birgir Þór segir Magasin du Nord hafa verið illa rekið og nýir eigendur hafi sett sér skýr markmið um reksturinn sem allt bendi til að náist. Hann segir mikilvægt að það takist að sýna fram á að vel sé hægt að reka Magasin du Nord.

Birgir Þór Bieltvedt hefur undanfarin ár verið í viðskiptum í Danmörku. Hann stofnaði Domino's Pizza í Danmörku, en hann hafði áður byggt upp slíka starfsemi hér á landi. Hann hefur reyndar selt meirihlutann í Dominos's og látið af framkvæmdastjórn í fyrirtækinu, en sinnir stjórnarformennsku í Domino's í Danmörku. Birgir Þór komst hins vegar í sviðsljósið þegar hann ásamt Baugi og Straumi keypti krúnudjásn danskrar verslunar. Sjálft Magasin du Nord, en flaggskip þess fyrirtækis stendur við Kóngsins Nýjatorg í Kaupmannahöfn.

Birgir hafði haft augastað á Magasin og kom að máli við forsvarsmenn Baugs með hugmyndina. Ákvörðunin var tekin og kaupin vöktu gríðarlega athygli. „Það er gegnum gangandi í skoðunum og viðhorfum fólks, að kaupin á Magasin du Nord eru þau viðskipti sem allir tala um. Magasin kostaði hálfan milljarð danskra króna, en KB banki keypti FIH á hátt í átta milljarða danskra til samanburðar. Ég vissi að þetta myndi vekja athygli hérna, en mér datt aldrei í hug að þetta yrði svona stórt."

**Birgir Þór Bieltvedt**
Starf: Fjárfestir í Danmörku
Fæðingardagur: 15. desember 1967
Maki: Eygló Björk Kjartansdóttir
Börn: Stella Rín f. 1993, Birgir Þór f. 1999 og Anna Karin f. 2002

### MAGASIN ILLA REKIÐ

Kaupin voru viðkvæm fyrir suma Dani og myndin sem máluð var af hópnum sem keypti Magasin var sú að þarna færu fjárvana ævintýramenn sem væru einhvers konar afsprengi íslenskrar hlutabréfabólu sem væri við það að springa. Birgir Þór segir enga ástæðu til að fara í vörn yfir slíkri umræðu. Umræðan hafi líka breyst og verið allt önnur þegar sami hópur keypti vöruhúsið Illum.

„Fyrir okkur snýst þetta um að láta verkin tala og sýna að það sé hægt að reka Magasin. Fyrirtækið er 140 ára gamalt og var mjög illa rekið síðustu ár. Staðsetning verslananna er mjög góð og þetta er eitt þekktasta merkið í smásölu á Norðurlöndunum." Birgir segir mikið hafa gerst á þeim rúmu tólf mánuðum sem hafa liðið frá því að Magasin var keypt. „Við settum okkur skýr markmið og okkur hefur tekist að ná þeim nánast öllum." Hann segir að meðal mikilvægra áfanga sé frágangur á sölu fasteignarinnar við Kongens Nytorv og samvinna við Magasin du Nord sjóðinn sem er í eigu fjölskyldu stofnendanna. „Ég held að það sé mjög mikilvægt bæði út á við og fyrir okkur að halda tengslum við fjölskylduna. Við héldum líka stærstu útsölu sem haldin hefur verið í Magasin síðastliðinn janúar og náðum að minnka vörulagerinn gríðarlega. Við losnuðum við vörur sem voru búnar að fara á milli verslana með miklum tilkostnaði." Hann segir að burt séð frá kostnaði við þennan þvæling á vörunni sé það lykilatriði að taka inn nýjar vörur. „Maður missir kúnnana ef ekki eru nýjar vörur í búðunum."

### MIKIÐ GERST Á ÁRINU

Birgir Þór segir að þetta hafi verið eitthvað sem menn hefðu átt að vera löngu búnir að gera. „Það skipti máli að þetta var skráð félag og menn höfðu áhyggjur af því að selja vöru undir kostnaðarverði og sýna tap. Það skipti okkur engu máli. Við vildum losa fé og losna við vöruna til þess að geta komið með nýja vöru inn. Síðan fórum við í að loka búðum sem höfðu tapað gríðarlega miklum peningum og við töldum ekki falla að okkar hugmyndum um framtíðarreksturinn. Kostnaðurinn við það nam svipuðu og því sem búðirnar töpuðu á einu ári." Hann segir að einnig hafi verið farið í gegnum stjórnendateymið og sterkir stjórnendur verið ráðnir inn. Þar við bætist inntaka nýrra búða, ný vörumerki. „Við höfum líka lagt mikla fjármuni í endurbætur á lykilverslunum okkar við Kongens Nytorv."

Birgir Þór segir samsetningu hópsins hafa skipt miklu hversu vel kaupin gengu. „Það skipti máli fyrir þá sem seldu að í hópnum væri reynsla af verslun. Þannig skipti Baugur miklu. Straumur kom með fjármögnunina og þeir eru öflugir og gott að vinna með þeim. Svo held ég að það hafi líka skipt máli að hafa einn sem býr hér og hefur reynslu af rekstri í Danmörku; að hafa einhvern sem var á staðnum og þekkti menninguna. Þetta hefur verið mjög gott samstarf."

Hann segir að stefnt sé að því að sjóðstreymi verði jákvætt á næsta ári. „Okkur mun takast það," segir hann.

Illum var keypt síðsumars. Hann segir unnið að samstarfi Illum og Magasin. „Þessar búðir eiga að vera sjálfstæðar, en um leið að ná fram hagræðingu sem liggur í samspili fyrirtækjanna." Illum er ólíkt Magasin og er meira fasteignafélag sem leigir frá sér verslanarými en verslun. „Við veljum hins vegar hverjum við hleypum inn í Illum og metum hvort menn falla að heildarhugmyndinni um vöruhúsið."

### DANSKA REKSTRARUMHVERFIÐ ERFIÐARA

Birgir Þór byrjaði með Domino's á Íslandi 1993. „Árið 1996 fannst mér þetta komið á það stig að ég gæti farið frá því." Hann flutti út 1997 og hóf uppbyggingu Domino's í Skandinavíu. „Markmiðið var að koma þessu af stað en það gekk illa að finna góða aðila til að reka þetta. Það bitnaði svo á þeim hugmyndum okkar að fara áfram til Svíþjóðar. Danska rekstrarumhverfið var erfiðara en við áttum von á og sú þekking sem við komum með frá Íslandi og Bandaríkjunum nýttist ekki eins og vonir stóðu til. Það má því segja að við höfum þurft að læra þetta allt aftur." Hann segir uppbygginguna Domino's hafa gefið sér mikla reynslu í viðskiptaháttum Dana. „Danir eru íhaldsamir og varkárir sem þarf ekki endilega að vera slæmt. Þeir spá mjög mikið í krónur og aura sem aftur er ekki ókostur. Ef við tökum Domino's sem dæmi, þá eru allir sammála um það að við erum með langbestu pitsurnar, mestu gæðin, alvöru ost og alvöru álegg. Sama fólk segir pitsurnar úti á horni óætar, en þar sem það munar tuttugu til þrjátíu dönskum krónum á verðinu, þá eru þær frekar keyptar. Hins vegar við sésstök tækifæri eins og afmæli og fleira, þá kaupa þeir okkar pitsur." Hann segir margt af Dönum að læra. „Maður lærði það hér að fara með innkaupapoka út í búð. Ég hafði aldrei gert það á Íslandi." Hann segist stundum spurður að því hvernig sé að búa í Danmörku þar sem skattar eru háir. „Ég er auðvitað ósáttur við þessa háu skattlagningu en ég sé allavega hvernig þeim er varið. Ég sé að landið og borgin eru hrein. Fólkið er opið og þeir kunna sig sósíalt og börnin eru glöð. Samfélagið er gott og fínt að búa hérna fyrir mann eins og mig sem er til í að grípa tækifærin sem Danir sjá en hika við að taka sénsinn á."

Hann segir Íslendinga meira horfa á gæði og þjónustu. Munurinn er á fleiri sviðum eins og framrásin í Danmörku hefur sýnt. „Við erum sólgnari í tækifærin. Síðasta ár hefur verið okkur Íslendingum gott. Það er einu sinni þannig að mesti ávinningurinn fæst þegar maður tekur sénsa. Það segir sig sjálft að eitthvað mun mistakast. Þá spyr maður sig hvort betra sé að hafa tíu spennandi verkefni í gangi og ef til tvö ganga ekki upp, eða að vera fastur í sömu sporunum."

**HÁDEGISVERÐURINN**

*Með Birgi Þór Bieltvedt*
*fjárfesti í Danmörku*

*Hádegisverður fyrir tvo á Norma*

*Eplaskífa með lifrarkæfu*
*Gufusoðinn léttsaltaður þorskur*
*Svínalundir*

Drykkir
*Sódavatn*
*Bjór*
*Kaffi*
*Verð danskar krónur 595*



BESTA RÁÐIÐ

# Að koma vel fram við aðra

„Að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig," segir Guðmundur Bjarnason, fyrrum þingmaður og ráðherra Framsóknarflokksins og Núverandi forstjóri Íbúðalánasjóðs. „Þetta ráð frá móður minni hefur reynst mér sérstaklega vel í gegnum lífið. Í stjórnmálum kemur eðli málsins samkvæmt oft upp ágreiningur um málefni, ef hins vegar aðilar sýna hvor öðrum sanngirni og gagnkvæma virðingu má oft leysa hin erfiðustu mál. Hroki og slæm framkoma gagnvart náunganum er ekki líkleg til árangurs og þeir sem þannig haga sér ná síður árangri. Ókurteisi og slæm framkoma á það til að koma í bakið á mönnum síðar meir," segir Guðmundur



**GUÐMUNDUR BJARNASON** Forstjóri Íbúðalánasjóðs er þekkt prúðmenni, enda hefur hann að leiðarsljósi það ráð að koma fram við aðra eins og hann vill að komið sé fram við sig.

# Aukin umsvif IMG

IMG hefur keypt ráðgjafarfyrirtækið KPMG Advisory, dótturfélag KPMG endurskoðunarskrifstofunnar í Danmörku, í samvinnu við stjórnendur og lykilstarfsmenn danska fyrirtækisins. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu er þetta í fyrsta sinn sem íslenskt ráðgjafarfyrirtæki haslar sér völl erlendis með þessum hætti. Með kaupunum tvöfaldast ársvelta IMG og starfsmenn samstæðunnar verða 200 í tveimur löndum. Félagið hefur fyrirætlanir um frekari útfærslu starfseminnar og áframhaldandi vöxt á Norðurlandamarkaði.

Advisory, sem verður nú dótturfyrirtæki IMG, býður ráðgjöf á sviði fjármála, stjórnendaupplýsinga, flutningamála, kostnaðareftirlits og rekstrar, sem að mörgu leyti er viðbót við starfsemi IMG hér á landi. IMG býður nú þjónustu á sviði rannsókna, stefnumótunar og áætlanagerðar, fjármála, stjórnendaupplýsinga, mannauðs-, markaðs-, sölu- og þjónustumála.

Auk ráðgjafarstarfseminnar er í bígerð að byggja ný svið innan Advisory í Kaupmannahöfn, til dæmis rannsóknar- og ráðningarþjónustu sem fæst við mönnun og starfsmannaval. Á sama hátt stendur til að breikka og styrkja þjónustuframboð íslenska fyrirtækisins.



**IMG HEFUR KEYPT RÁÐGJAFARFYRIRTÆKIÐ KPMG ADVISORY** Með kaupunum tvöfaldast ársvelta IMG og starfsmenn verða 200 í tveimur löndum.









MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Nýr seðlabankastjóri byrjar vel og talar skýrt.

# *Ráðherrar þurfa að vanda sig*

**Hafliði Helgason**

Margir biðu þess spenntir að sjá hvernig fyrrverandi forsætisráðherra myndi fóta sig á nýjum vettvangi í stól bankastjóra Seðlabankans. Davíð Oddsson fylgdi úr hlaði útgáfu peningamála og vaxtaákvörðun Seðlabankans síðasta föstudag. Hækkun stýrivaxta var minni en flestir bjuggust við og fyrstu viðbrögð á markaði voru veiking krónunnar og lækkun langtímavaxta. Það eru kannski ekki nein óskaviðbrögð þeirra sem vilja halda aftur af þenslu efnahagslífsins.

Nýjum seðlabankastjóra virðist láta ágætlega að tala af myndugleik fyrir stefnu Seðlabankans og virðist fóta sig vel á nýjum velli. Viðbrögð forystumanna ríkisstjórnarinnar orka hins vegar tvímælis. Forsætisráðherra fagnaði því sem hann kallaði stefnubreytingu Seðlabankans þegar vaxtaákvörðun lá fyrir. Formaður Sjálfstæðisflokksins tók í sama streng, þótt hann tæki vægar til orða. Ummæli forsætisráðherra sem er yfirmaður efnahagsmála eru vafasöm og til þess fallin að grafa undan trúverðugleika peningastjórnar Seðlabankans. Í því ljósi var afar mikilvægt að nýr formaður bankastjórnar Seðlabankans talaði skýrt um það á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs að Seðlabankinn hygðist ekki hvika frá því marki sínu að halda verðbólgu sem næst verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Að óbreyttu aðhaldi í ríkisfjármálum og þeirra aðila sem undir ríkisstjórnina heyra þýðir það að vextir munu þurfa að hækka töluvert enn áður en það markmið næst.

**Fái markaðurinn þá tilfinningu að Seðlabankinn sé að slaka á stefnu sinni og skilgreindum markmiðum getur það leitt til þess að væntingar markaðar til verðbólgu hækki.**

Forsætisráðherra hefur varið yfirlýsingar sínar með þeim orðum að hann sem stjórnmálamaður hafi rétt til þess að hafa skoðanir á efnahagsmálum. Það má rétt vera, en þær skoðanir sem hann setur fram eru ekki á efnahagsmálum almennt heldur á tilteknu svæði þeirra, stjórn peningamála. Þar liggur fyrir rækilega skilgreint markmið sem er að halda verðbólgu sem næst 2,5 prósentum á ári. Til þess að ná því markmiði hefur Seðlabankinn fyrst og fremst eitt tæki sem eru stýrivextir bankans. Með ummælum sínum er forsætisráðherra annaðhvort að hvetja Seðlabankann til þess að hvika frá því markmiði eða að gefa í skyn að þeir sérfræðingar sem ráða för í bankanum kunni ekki hagfræðina sína. Það má efast um hvor skilaboðin til markaðarins eru verri.

Fái markaðurinn þá tilfinningu að Seðlabankinn sé að slaka á stefnu sinni og skilgreindum markmiðum getur það leitt til þess að væntingar markaðar til verðbólgu hækki. Það myndi þýða að stýrivextirnir bitu verr en áður og bankinn þyrfti að hækka vexti enn meir til að endurheimta trúverðugleika sinn. Varla getur það verið tilgangur yfirmanns efnahagsmála með ummælunum.

Seðlabankinn hefur fjölgað vaxtaákvörðunardögum í sex á ári. Jafnframt hefur verðbólguspám bankans verið fækkað úr fjórum í þrjár á ári. Sú fækkun kann að orka tvímælis í ljósi þess að mikil óvissa ríkir um þróun næstu mánaða og mikið í húfi. Fjölgun vaxtaákvörðunardaga er hins vegar til bóta. Það má gagnrýna bankann fyrir að tala ekki skýrar á föstudaginn í Peningamálum, sérstaklega þegar horft er til ummæla forsætisráðherra. Síðari ummæli formanns bankastjórnarinnar eru til þess fallin að taka af vafa um það að bankinn muni hækka vexti í samræmi við markmið sín. Það er vel, því efi um sjálfstæði og stefnufestu bankans kann að verða dýru verði keyptur.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is


Verndum heyrn
Skoðaðu úrval af heyrnahlífum
á www.66north.is/heyrn
66° NORÐUR
66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

# Ósýnilegur ríkisrekstur upplýsingatækni

ORÐ Í BELG



Eftir Helgu Árnadóttur
markaðsstjóra
Hugar hf.

Á sama tíma og stjórnvöld hafa unnið markvisst að einkavæðingu ríkisfyrirtækja skýtur skökku við að enn sé verið að sinna verkefnum innan stofnana ríkisins, sem eiga betur heima í höndum einkaaðila. Samtök upplýsingatæknifyrirtækja vöktu athygli á þeirri staðreynd að umsvifamiklar tölvudeildir eru reknar innan fjölmargra ríkisstofnana, þegar þau kynntu hugmyndir um hvernig auka má hlut upplýsingatækni í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum landsins, síðastliðið vor. Samtökin bentu meðal annars á að margvíslegur ávinningur væri af því að flytja verkefni á sviði upplýsingatækni frá hinu opinbera til einkaaðila; hægt væri að ná umtalsverði hagræðingu, efla upplýsingatækniiðnaðinn og auka möguleika á útflutningi.

**TÆKIFÆRI TIL HAGRÆÐINGAR**

Innan fjölmargra ríkisstofnana eru reknar tölvudeildir sem sinna verkefnum sem eiga betur heima hjá einkaaðilum. Þessi þróun er öndverð þeirri sem hefur átt sér stað meðal einkafyrirtækja sem eru í auknum mæli að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni og leita til sérhæfðra fyrirtækja þegar þörf er á þjónustu er tengist þróun hugbúnaðar og rekstri tölvukerfa. Ástæða þess er meðal annars sú að fyrirtækjum er kostnaðarsamt að fjárfesta í og viðhalda þeirri nauðsynlegu sérfræðiþekkingu og sérhæfingu sem slík verkefni þarfnast. Hið sama á að sjálfsögðu við um hið opinbera og því ættu stjórnvöld að vinna markvisst að því að leggja niður allar opinberar tölvudeildir og bjóða starfsemina út eða semja beint við einkafyrirtæki á markaðinum, eins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja hafa lagt til. Það myndi bæði leiða til mikilvægrar hagræðingar í opinberum rekstri og styrkja upplýsingatækni hér á landi.

**AUKNIR ÚTFLUTNINGSMÖGULEIKAR**

Flutningur verkefna frá ríkisstofnunum til einkaaðila hefur einnig þær jákvæðu afleiðingar að fleiri hugbúnaðarlausnir geta þróast sem mögulegar útflutningsvörur. Það er ekki hlutverk hins opinbera að þróa staðlaðar hugbúnaðarlausnir, sem hafa tækifæri á erlendri grundu, þannig að mikil sérfræðiþekking og snjallar lausnir sem verða til innan tölvudeilda ríkisins leiða ekki til aukins útflutnings á upplýsingatækni. Hið sama á að sjálfsögðu við um rekstur tölvukerfa, en með því að ríkisvaldið dragi sig út úr slíkri starfsemi er stutt við að til verði öflugri fyrirtæki á sviði rekstrar tölvukerfa og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja hafa bent á að stórauka mætti hýsingu hér á landi á upplýsingakerfum fyrir erlenda aðila.

**ENDURSKOÐUN TÍMABÆR**

Sjónum hefur ekki verið beint nægilega að samkeppnisrekstri innan ríkisstofnana á sviði upplýsingatækni, enda er slíkur rekstur ekki jafn sýnilegur og beinn rekstur ríkisfyrirtækja. Það er þó tímabært að bragarbót verði gerð þar á enda er endurskoðun á rekstri tölvudeilda innan stofnana ríkisins löngu tímabær. Slík endurskoðun er jafnframt í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla upplýsingatækni- og þekkingariðnaðinn hér á landi og stjórnvöldum ætti því ekki að vera neitt til fyrirstöðu að hefjast handa.



**Sjónum hefur ekki verið beint nægilega að samkeppnisrekstri innan ríkisstofnana á sviði upplýsingatækni, enda er slíkur rekstur ekki jafn sýnilegur og beinn rekstur ríkisfyrirtækja. Það er þó tímabært að bragarbót verði gerð þar á enda er endurskoðun á rekstri tölvudeilda innan stofnana ríkisins löngu tímabær.**

UM VÍÐA VERÖLD

## *Auknar álögur á breskan olíuiðnað*

**Financial Times** | Fjármálaráðherra Breta, Gordon Brown, varði á mánudag ákvörðun sína að hækka skatta á breska olíuiðnaðinn. „Staðreyndin er sú að á síðustu tveimur árum hefur fatið af olíu hækkað úr 25 dollurum í 55 dollara þannig að hagnaður olíuframleiðenda hefur aukist gríðarlega. Með skattinum er ég að reyna að koma á jafnvægi milli kaupenda og seljanda og mun nýta skattinn til að niðurgreiða olíu til bótaþega," var haft eftir honum í Financial Times. Brown gerir sér vonir um að leiða Verkamannaflokkinn eftir næstu kosningar og vonast eftir auknum vinsældum almennings vegna þessara skattahækkana. Sérfræðingar telja skattahækkunina hins vegar algjört glapræði vegna þess hve viðkvæmur olíuiðnaðurinn er í Bretlandi og skatturinn muni letja fjárfesta í að setja peninga í leit að nýjum olíulindum.

## *Uppgangur í Austur-Evrópu*

**Der Spiegel** | Með stækkun Evrópusambandsins til austurs heyrðust margar svartsýnisraddir um að ódýrt vinnuafl úr austri myndi flæða til vesturs. Í grein í Der Spiegel kemur fram að þessar áhyggjur hafi reynst ástæðulausar. Þess í stað fluttu hundruð þúsunda Úkraínubúa og Rússa til Póllands og annarra landa Austur-Evrópu sem gengu í Evrópusambandið, þar sem lífskjör fara sífellt batnandi. Samkvæmt mati þýsku hagfræðistofnunarinnar hafa 100-150 þúsund manns flutt frá nýju Evrópusambandslöndunum til vesturs, sem er aðeins brot af því sem ráð var gert fyrir. Að hluta til er skýringin sú að Þjóðverjar og Austurríkismenn hafa nýtt sér reglugerð sem gerir þeim kleift að opna landamæri sín hægum skrefum. Aðalástæðan fyrir minni fólksflutningum til Vestur-Evrópu er hins vegar síbatnandi efnahagur þessara nýju Evrópusambandslanda í austri.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vaxtamunurinn breytist ekki í bráð

Stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands var minni en markaðsaðilar bjuggust við. Flestir bjuggust við 50 til 70 punkta hækkun. Niðurstaðan var 25 punktar eða sama hækkun og Seðlabanki Evrópu ákvað daginn á undan. Vaxtamunur milli Íslands og Evrusvæðisins jókst því ekki, en vaxtamunur milli Íslands og viðskiptalanda þrýstir upp gengi íslensku krónunnar. Greining Íslandsbanka fjallaði um vaxtamuninn:

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

„Munur á innlendum og erlendum skammtímavöxtum hefur lítið sem ekkert breyst í kjölfar hækkunar Seðlabanka á föstudag. Aukinn vaxtamunur ætti að öðru óbreyttu að styðja við gengi krónu og gefur því þróun hans vísbendingu um gengisþróun. Munur 3ja mánaða vaxta á peningamarkaði hérlendis og í helstu viðskiptalöndum okkar náði hámarki eftir vaxtahækkun Seðlabanka í septemberlok, og var hann þá tæplega 7,2%. Síðan þá hefur munurinn minnkað nokkuð og er nú rétt um 7%. Skiptasamningar vegna erlendrar útgáfu hafa myndað þrýsting niður á við á lengri enda peningamarkaðar undanfarið, og þannig unnið gegn miðlun stýrivaxtahækkunar um vaxtarófið. Hugsanlegt er þó að vextir á þessum markaði hækki eitthvað næstu daga.“

„Evrópski seðlabankinn (ECB) hækkaði stýrivexti sína um 25 punkta síðastliðinn fimmtudag en það er fyrsta hækkun bankans frá árinu 2000. Fastlega er búist við að bandaríski seðlabankinn hækki vexti sína um 25 punkta 13. desember og aftur í janúarlok. Í stórum dráttum má því segja að vaxtahækkun Seðlabanka Íslands á föstudag hafi ekki aukið við væntan vaxtamun næstu tvo mánuði. Ekki er því að vænta frekari stuðnings við gengi krónu úr þeirri átt næsta kastið.“

**Evrópski seðlabankinn (ECB) hækkaði stýrivexti sína um 25 punkta síðastliðinn fimmtudag en það er fyrsta hækkun bankans frá árinu 2000. Fastlega er búist við að bandaríski seðlabankinn hækki vexti sína um 25 punkta 13. desember og aftur í janúarlok. Í stórum dráttum má því segja að vaxtahækkun Seðlabanka Íslands á föstudag hafi ekki aukið við væntan vaxtamun næstu tvo mánuði.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Flugið bjargar lífeyrissjóðunum

Hvar sem hjól lyftast frá flugbraut, þá er líklegta að Íslendingur sé einhverstaðar á hluthafaskrá eigenda flugvélarinnar. Þessi bransi sem íhaldsamir fjárfestar forðast eins og heitan eldinn er mikið áhugamál Íslendinga.

Við eigum sjálfir okkar skerf af íhaldsmönnum sem hafa spáð illa fyrir þessum flugáhuga. Menn voru tortryggnir á kaup FL Group í easyJet. Nýleg greining easyJet virðist hins vegar benda til þess að menn þar á bæ hafi vitað hvað þeir voru að gera. Straumur er að bæta við sig í Finnair. Sterling er komið í hús og Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson eru stærstu hluthafarnir í Flyme. Þar við bætist Avion Group sem er ekkert smáræðis félag.

Flugrekstur er áhættusamur, en ávinningsvonin mikil ef vel tekst til. Fleyg eru orð Richards Branson, eiganda Virgin-flugfélagsins, að leiðin til að verða milljónamæringur sé að verða fyrst milljarðamæringur og kaupa síðan Flugfélag.

Hitt sem gjarnan er nefnt er að á meðan skipakóngar verði níræðir (og þá gjarna kvæntir konum sem eru í það minnsta hálfri öld yngri en þeir), þá verði eigendur flugfélaga rúmlega sextugir (og væntanlega fráskildir). Það er sannleikskorn í því, því eigendur flugfélaga verða sífellt að halda vöku sinni og bregðast við breyttum aðstæðum sem vissulega tekur á taugarnar. Sjálfur er ég til í að taka þátt í þessu ævintýri sem farþegi í hluthafahópnum og sleppa þar með við því að fylgjast með hverri hreyfingu á markaðnum.

Annars heyrir maður gjarnan lífeyrissjóðina kvarta undan því að aukin örorka og hærri lífaldur sé að valda þeim vandræðum. Það er kannski lausn fyrir lífeyrissjóðina að þjóðin sé að stórum hluta til að verða eigendur flugfélaga. Samkvæmt kenningunni um aldursmun á skipakóngum og flugkóngum verða þeir því færri sem ná eftirlaunaaldri.

Sjálfur er ég vel eignadreifður með mitt á hreinu, mæti í ræktina og held ró minni. Þannig hyggst ég lifa eins og skipakóngur í ríki mínu í að minnsta kosti hálfa öld í viðbót.

**Spákaupmaðurinn á horninu**




Dynamic
Data center

**Ráðstefna á Grand Hótel 8. desember**

Tæknival og samstarfsaðilar bjóða þér að kynnast háþróuðum gagnavinnslulausnum fyrir Dynamic Data Center. Kynntu þér lausnir sem geta aukið afköst, skilvirkni, sveigjanleika, dregið úr kostnaði og bætt rekstur tölvukerfisins til muna.

Ráðstefnan fer fram á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 8. desember kl. 12:00 - 18:00 og er öllum opin.
**Ekkert þátttökugjald.**

Skráning fer fram með tölvupósti á netfangið halla@taeknival.is. Nánari upplýsingar á heimasíðu Tæknivals **www.taeknival.is** og í síma 550 4000.

**Dagskrá**
**11:15** Skráning
**11:50** Setning
**12:00** Overview of EMC deployment at Danfoss Group
**12:40** New Architectures for Backup, Recovery and Archiving
**13:20** Content Archiving & Retention Strategies
**14:00** Advanced System Control Center and Dynamic Datacenter
**14:40** **Kaffihlé**
**15:00** Microsoft Storage Server
**15:40** Exchange 2003 deep integration with EMC
**16:20** Solutions and Hardware within the Dynamic Datacenter
**17:00** EMC hjá Toyota Motor Sports, Myndband
**17:30** **Jólahlaðborð í boði Tæknivals**

FABRIKAN

Fujitsu Siemens Computers — Microsoft Gold Certified Partner — EMC² where information lives — Cisco Systems

Tæknival
– sterk heild
SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taeknival.is



Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir
Fíton/SÍA F1014416



**STAÐFESTA SAMKOMULAG UM FRÉTTAMIÐLUN TIL STARFSFÓLKS BANKANS** Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlavaktarinnar, Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri upplýsingamiðlunar KB banka, og Helena Jónsdóttir, forstöðumaður á markaðssviði.

# Upplýsingamiðlun stóraukin

### Fjölmiðlavaktin og KB banki gera samning.

Fjölmiðlavaktin og KB banki hafa undirritað samning um víðtæka upplýsingamiðlun til alls starfsfólks bankans. Samningurinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi og er til þess gerður að starfsfólk hafi yfirsýn yfir umfjöllun fjölmiðla um fyrirtæki og samkeppnisumhverfi þeirra.

Samningurinn byggir á því að Fjölmiðlavaktin mun senda framkvæmdastjórum, útibússtjórum og öðrum lykilstarfsmönnum afrit af öllum fréttum prent- og ljósvakamiðla sem fjalla um KB banka og tengda starfsemi.

Reglulega munu allir starfsmenn bankans fá sent til sín sérstök fréttayfirlit þar sem aðalatriði allrar fjölmiðlaumfjöllunar eru dregin saman. Þá munu tveir efnisflokkar Fjölmiðlavaktarinnar, Fjármagnsmarkaður og Efnahagsmál, birtast á innra netkerfi bankans, en að jafnaði birtast yfir eitt þúsund fréttir í hverjum mánuði í þessum tveimur efnisflokkum. Ýmis sérþjónusta á vegum Fjölmiðlavaktarinnar verður einnig sniðin að einstökum deildum og útibúum bankans, svo sem sérvöktun á fyrirtækjum eða málefnum.

Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum
Hvað get ég gert fyrir þig?
-20% afsláttur af heilsárs -og nagladekkjum

| | |
|---|---|
| Bón og alþrif | á tilboði |
| Smurþjónusta | á tilboð |
| Rafgeymar | á tilboði |
| Sækjum og sendum | 10% afsl. |
| Bremsuklossaskipti | gerum tilboð |
| Dekkjahótel | 2000 kr. 4 stk. |

Vaxtalausar léttgreiðslur!
BÍLKÓ bilko.is - Betri verð!
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



**NÝTT VÖRUHÚS EIMSKIP TRANSPORT AB** Fyrirhuguð er bygging nýs vöruhúss fyrir starfsemina sem meira en tvöfaldar geymslurými félagsins.

# Auka umsvifin í Svíþjóð

### Eimskip Transport AB byggir 7000 fermetra vöruhús

**Eimskip Transport AB, dótturfélag Eimskips í Svíþjóð, hefur stóraukið umsvif sín. Nýlega festi Eimskip kaup á WLC Transport & Spedition í Helsingborg. Rekstur WLC er hliðstæður því sem er hjá Eimskip Transport AB og rekur WLC einnig sitt eigið vöruhús. Rekstur félaganna hefur nú verið sameinaður og samið hefur verið um byggingu á nýju og fullkomnu vöruhúsi fyrir starfsemina. Það meira en tvöfaldar geymslurými Eimskip Transport AB og verður tekið í notkun næsta haust. Heildarstærð nýja vöruhússins er um 7.000 fermetrar og að auki verða um 500 fermetrar nýttir undir skrifstofuhúsnæði. Eimskip Transport AB er með rekstur bæði í Gautaborg og Helsingborg en Eimskip siglir til Gautaborgar í áætlunarsiglingum. Starfsemi Eimskips í Helsingborg hefur undanfarið falist í rekstri vöruhúss, bæði fyrir þurrvöru og kælivöru, landflutningum, tollafgreiðslu, umboðsmennsku og almennri flutningsmiðlun.**

Markaðs- og sölustjóri
fyrir alþjóðlegt fyrirtæki

Pyrotek-Inc leitar að öflugum einstaklingi með mikið frumkvæði til að stjórna sölu og markaðssetningu á framleiðsluvörum sínum á Íslandi.

Pyrotek

Pyrotek-Inc er fyrirtæki með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum sem framleiðir sérhannaðan háhitabúnað fyrir iðnað og selur á alþjóðamarkaði. Meðal viðskiptavina á Íslandi eru Alcan, Norðurál og Alcoa.

www.pyrotek-inc.com

Starfssvið
- Í upphafi er gert ráð fyrir að starfið felist að mestu í sölu og markaðssetningu á framleiðsluvörum fyrirtækisins en með tímanum mun viðkomandi bera ábyrgð á stjórnun og rekstri starfsemi Pyrotek-Inc á Íslandi.

Hæfniskröfur
- Tæknimenntun eða tækniþekking er nauðsynleg
- Reynsla af sölu og markaðsstörfum
- Mikil samskipta- og skipulagshæfni
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** og skulu ferilskrár á ensku sendar til Alberts Arnarsonar, albert@hagvangur.is, sem einnig veitir nánari uppplýsingar um starfið. Umsóknarfrestur er til 12. desember nk.

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

# Kate's Cakes fyrirtæki ársins í Sussex

Kökuframleiðandinn Kate's Cakes hlaut viðurkenningu sem fyrirtæki ársins í Sussex. Kate's Cakes var stofnað árið 1989 og hefur allt frá stofnun verið í stöðugum vexti. Fyrirtækið hefur byggt upp gott orðspor og er þekkt fyrir að vera framsækið félag sem sérhæfir sig í gerð á hágæða handgerðum kökum. Í haust kom Íslandsbanki að fjármögnun kaupa stjórnenda á Kate's Cakes ásamt því að eignast hlut í félaginu. Conor Byrne hjá Skuldsettri fjármögnun, Íslandsbanka, var viðstaddur afhendingu verðlaunanna og sagði að fyrirtækið væri vel að þessum verðlaunum komið.

Kate's Cakes framleiðir meðal annars fyrir Marks & Spencer, Pret A Manger, Starbucks, Caffe Nero og Waitrose. Um 330 manns starfa hjá fyrirtækinu, sem er í vesturhluta Sussex. Einkunnarorð fyrirtækisins eru einföld: að framleiða bestu kökurnar og notast aðeins við fersk gæðahráefni við framleiðslu og forðast gerviefni og aukaefni.




**STJÓRNENDUR KATE'S CAKES VIÐ VERÐLAUNAAFHENDINGU** Í haust kom Íslandsbanki að fjármögnun kaupa stjórnenda á Kate's Cakes ásamt því að eignast hlut í félaginu.



**FLUTNINGSGETA STÓRAUKIN** EDGE-tæknin gerir GSM-notendum kleift að miðla gögnum, ljósmyndum, hreyfimyndum eða vafra á internetinu á þrisvar til fjórum sinnum meiri hraða en mögulegt hefur verið hingað til.

# Ný tækni tekin í notkun

## Margfaldar flutningsgetu í farsímum viðskiptavina Og Vodafone.

Og Vodafone hefur tekið í notkun svokallaða EDGE-tækni sem margfaldar flutningsgetu í farsímum viðskiptavina fyrirtækisins. EDGE nær fyrst um sinn til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði. Tæknin gerir GSM-notendum meðal annars mögulegt að miðla gögnum, ljósmyndum, hreyfimyndum eða vafra á Internetinu á þrisvar til fjórum sinnum meiri hraða en mögulegt hefur verið hingað til. Og Vodafone hefur að nokkru leyti byggt virðisaukandi þjónustu sína á svonefndri GPRS-tækni sem býr yfir flutningshraða sem nemur 52 Kb/s. Með tilkomu EDGE margfaldast afkastageta í GSM-kerfi Og Vodafone og eykur vöruframboð til notenda. Má þar nefna Vodafone Mobile Connect-gagnakortið fyrir fartölvunotendur og Vodafone live! sem er fjölbreytt efnisveita fyrir GSM-notendur. Vodafone live! gerir notendum kleift að sækja sér myndskeið af mörkum úr ensku úrvalsdeildinni og Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu, hágæðatölvuleiki, MP3-hringitóna, fréttir og annars konar afþreyingarefni með meiri hraða og í betri gæðum en áður hefur þekkst.

Og Vodafone er dótturfélag Dagsbrúnar eins og 365 miðlar sem gefa út Fréttablaðið.












# Framtíðarsýn gerð að veruleika

**TÖLVUPÓSTURINN**

**Til Guðrúnar Högnadóttur**

*þróunarstjóra stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík*



**Hvað er Coaching?**
Coaching er einstaklingsmiðuð leiðtogaþjálfun sem miðar að því að laða fram það besta með skilvirkri samtalstækni, verkefnum og fræðslu sem er sniðin að veruleika viðmælenda. Um er að ræða langtímasamband sérþjálfaðs einkaráðgjafa og stjórnanda sem byggir á faglegri nálgun og öflugum stuðningi við markmið einstaklinga og fyrirtækja. Coaching er hlutlaus og uppbyggilegur vettvangur til þess að þekkja og nýta betur styrkleika og tækifæri viðmælenda, kortleggja væntingar og fá stuðning við að gera framtíðarsýn að veruleika með raunhæfum og árangursríkum úrræðum. Einkaráðgjöf getur einnig beinst að því að stuðla að lausnum á afmörkuðum vandamálum innan fyrirtækja og stofnana.

**Hvernig fer Coaching fram?**
Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík býður viðskiptavinum sínum upp á Executive Coaching í áskrift sem nær til dæmis yfir þriggja mánaða tímabil. Coaching byggir á hnitmiðuðum og vekjandi spurningum, viðtölum, verkefnum, prófum, æfingum, 360° mati og fræðslu þar sem stjórnandinn er í brennidepli. Samtölin fara fram á skrifstofu viðmælenda, í fundarherbergjum okkar, í síma eða í undantekningartilfellum um netið.

**Fyrir hverja?**
Framúrskarandi íþróttamenn fara ekki á ólympíuleikana án þjálfara. Þeir treysta á þjálfarann til að fylgjast með og styðja við árangur, koma með ábendingar um betri frammistöðu og hvetja áfram innan vallar sem utan. Með aðferðum einkaráðgjafar ávinnst það sama: hvatning til að ná sem lengst, forskot á keppinauta og hámarksárangur. Coaching er fyrir þá sem vilja byggja á eigin styrkleikum og ná enn meiri árangri í lífi og starfi. Fyrirtæki kaupa yfirleitt coaching fyrir þá starfsmenn sem hafa skarað fram úr og eru lykilstarfsmenn til framtíðar. Talið er að allt að 70 prósent æðstu stjórnenda Fortune 1000-fyrirtækja nýti sér coaching.

**Hver er árangurinn?**
Rannsóknir hafa sýnt umtalsverðan árangur af coaching sem meðal annars kemur fram í auknum gæðum og framleiðni, aukinni festu starfsmanna, auknum hagnaði og starfsánægju (Business Wire 2001). Mat Public Personnel Management sýndi fram á 88 prósenta framleiðniaukningu þeirra sem fengu fræðslu og coaching samanborið við 22,4 prósenta aukningu þeirra sem hlutu eingöngu fræðslu. Sérstaða Coaching er sú að hér er einstaklingurinn í fyrirrúmi – þjálfunin er sniðin að persónulegum þörfum hvers og eins líkt og þjálfun fremstu íþróttamanna heims. Þjálfunin er mjög árangursmiðuð og grundvallast á stefnu, sýn og brag fyrirtækis. Coaching styður einstaklinga við að finna eigin svör við áskorunum sem þeir standa frammi fyrir í lífi og starfi.

**Hvernig standa málin á Íslandi?**
Vaxandi áhugi hefur verið um heim allan á virði coaching. Íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli að nýta sér aðferðir coaching. Mikil eftirspurn er eftir einkaþjálfun í fjármála- og tryggingageiranum, sem og hjá fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtækjum og víðar. Einnig eru opinber fyrirtæki að kynnast kostum coaching. Góð aðsókn hefur verið í vinnustofur Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík „Coaching Clinic – Að laða fram það besta“ þar sem stjórnendur fá þjálfun í að nýta aðferðafræði coaching við eigin störf.

# Einkaþjálfun fyrir stjórnendur

**Það færist í aukana að íslensk fyrirtæki ráði til sín nokkurs konar einkaþjálfara til að hámarka frammistöðu stjórnenda sinna, fyrirtækinu og þeim sjálfum til hagsbóta. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* kynnti sér hugmynda- og aðferðafræðina sem liggur að baki Coaching-stjórnendaþjálfun.**

Coaching hefur verið þýtt á ýmsa vegu á íslensku en markþjálfun, stjórnendaþjálfun og leiðtogaþjálfun eru meðal þeirra hugtaka sem helst eru notuð eftir því við hvers lags þjálfun er átt við. Í íþróttum er það þekkt að nauðsynlegt er að hafa þjálfara til að ná ákveðnum markmiðum. Einkaþjálfun er jafnframt velþekkt aðferð við að ná árangri á sviði líkamsræktar. Stjórnendaþjálfun gengur út á það sama. Að baki hennar er ákveðin aðferðafræði sem snýst fyrst og fremst um að virkja þann sem fær þjálfun í stað þess að honum sé sagt hvernig hann á að leysa vandamálin.

Þjálfunin miðar að því að virkja getu og laða fram kjörframmistöðu einstaklinga í lífi og starfi. Hún byggir á samstarfi þjálfara og stjórnanda, faglegri nálgun og öflugum stuðningi við markmið stjórnanda og fyrirtækis. Þjálfararnir hlusta, greina og laga aðferðir sínar að þörfum hvers einstaklings og vinnuumhverfis. Starfinu er gjarnan lýst sem samblandi af starfi stjórnunarráðgjafa, einkaþjálfara og leiðsögumanns. Þjálfarinn hjálpar viðkomandi að teygja sig enn lengra en hann hefur áður talið sig geta og víkkar þannig sjóndeildarhringinn. Þetta nýtist öllum, viðkomandi og fyrirtækinu sem hann starfar hjá.

Coaching-stjórnendaþjálfun er beitt í vaxandi mæli víða um heim og er að hasla sér völl hér á landi. Þeir sem veita slíka þjálfun þurfa að fylgja ákveðnum siðareglum og starfa í algjörum trúnaði gagnvart viðskiptavinum sínum. International Coach Federation vinnur að því að tryggja heilindi og gæði þjónustunnar.

Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Corporate Coach U (CCU) býður upp á þjálfun fyrir stjórnendur á sviði Coaching til viðbótar við þjónustu sem seld er fyrirtækjum í áskrift á sviði Executive Coaching. Um er að ræða tveggja daga þjálfun fyrir stjórnendur undir nafninu „Coaching Clinic – að laða fram það besta“ þar sem þessari hugmyndafræði er beitt.

**MARKMIÐ NÁMSKEIÐSINS ERU ÞRJÚ:**

1. *Að veita þátttakendum fræðilega innsýn í nýjungar og bestu framkvæmd á sviði leiðtogaþjálfunar.*
2. *Að þjálfa lykilstarfsfólk í aðferðafræði coaching og veita því tækifæri til að beita nýrri færni við dagleg störf.*
3. *Að virkja og varðveita frumkvæði starfsmanna og vinna að stöðugum umbótum með sannreyndum og áhrifaríkum aðferðum.*

Guðrún Högnadóttir er leiðbeinandi námskeiðsins en hún er þróunarstjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík og sérfræðingur við viðskiptadeild skólans. Hún hefur lengi starfað við stjórnunarráðgjöf en árið 2004 lauk hún Associate Certified Coach prófréttindum frá CCU og er annar tveggja Íslendinga sem lokið hafa þeirri prófgráðu. Auk starfa við kennslu starfar hún sem executive coach hér heima og með viðskiptavinum erlendis.

Högni Óskarsson er einn þeirra sem starfa sem stjórnendaráðgjafi á Íslandi og hefur líkt og Guðrún lokið Associate Certified Coach prófréttindum frá CCU. Hann er geðlæknir og hefur frá upphafi ferils síns unnið með dýnamísk kerfi í sinni vinnu, þ.e. fjölskyldur, teymi og hópa, svo og önnur tilfelli þar sem samskipti einstaklinga eru skoðuð og greind. Hann hefur nú bætt stjórnendaráðgjöf við menntun sína og starfar sem stjórnendaþjálfi samhliða, en óháð, geðlækningunum.



**MATILDA GREGERSDOTTER OG BERGSTEINN ÍSLEIFSSON, STOFNENDUR LEIÐTOGA EHF.** Vorið 2006 mun Leiðtogi ehf. bjóða menntun í samstarfi við Coachutbildning Sverige fyrir þá sem hafa hug á að starfa sem persónulegir þjálfarar. Námið hentar einnig stjórnendum sem vilja nýta sér aðferðafræði coaching-stjórnendaþjálfunar í starfi.

**MÁLIÐ ER** *Coaching*

Högni vinnur ýmist með einstökum stjórnendum eða eftir samningi við fyrirtæki. Er þá unnið með hópi stjórnenda, til dæmis til að gera breytingaferli skilvirkara. Oft á tíðum þurfa stjórnendur hjálp við að átta sig á eigin blindu blettum, ýmsu hamlandi í eigin stjórnunarstíl eða persónuleika sem þeir sjá ekki, þótt aðrir sjái. Algengur vandi er að æðstu stjórnendur fái ekki þá gagnrýni sem þeir þurfa þar sem undirmennirnir segja oftar það sem þeir telja yfirmanninn vilja heyra í stað þess sem hann þarf að heyra. Stjórnendaþjálfunin nýtist stjórnandanum við að fá skarpari sýn á sjálfan sig í vinnuumhverfinu.

Leiðtogi ehf. mun vorið 2006 í samstarfi við Coachutbildning Sverige bjóða menntun fyrir þá sem hafa hug á að starfa sem persónulegir þjálfarar og hljóta alþjóðlega viðurkenningu hjá International Coach Federation. Námið hentar einnig stjórnendum sem vilja nýta sér aðferðafræði coaching-stjórnendaþjálfunar í starfi. Stofnendur Leiðtoga eru þau Matilda Gregersdotter og Bergsteinn Ísleifsson sem bæði starfa sem stjórnendaþjálfar. Nú þegar eru nokkrir starfandi ráðgjafar á Íslandi. Menntun í ætt við þá sem Leiðtogi er að hefja veitir þeim möguleika á að verða viðurkenndir innan ICF. Menntunin veitir staðfestingu á hæfni og þann verklega reynslutíma sem þörf er á til að fullnægja fræðilega hluta viðurkenningarinnar. Leiðtogi býður einnig reglulega upp á styttri námskeið fyrir stjórnendur sem vilja tileinka sér aðferðafræði coaching-stjórnendaþjálfunar í starfi og einkalífi.

Kannanir sýna að töluverður árangur hljótist af því að nýta aðferða- og hugmyndafræði Coaching-stjórnendaþjálfunar. Sumar þeirra sýna að ROI (return on investment) geti verið meira en 6/1 sem þýðir að útlagður kostnaður skilar sér að minnsta kosti sexfalt. Það fer þó eftir aðstæðum en það er mat margra að coaching sé eitt öflugasta stjórnunartól sem fram hefur komið lengi. **- hhs**


HÁGÆÐA SKJÁVARPAR OG FLATSKJÁIR FYRIR HEIMILI OG FYRIRTÆKI

Vönduð vörumerki á einstöku verði



TOSHIBA TDP-S25 skjávarpi
Góður í heimabíóið
- Upplausn: SVGA 800x600.
- Ansi Lumen 1800.
- Myndtækni: DLP.
- Lampaending: 4000 klst.
- Inngangar: 2xVGA, Composite, S-Videomonitor out, Audio out.
- Ábyrgð: Tvö ár/þrír mán. á lampaeiningu.

Tilboðsverð 89.900 kr.
Verð 99.900 kr.



SONY VPL-CX20 skjávarpi
Flottur og nettur
- Upplausn: XGA 1024x768.
- Ansi Lumen: 2000.
- Myndtækni: LCD.
- Lampaending: 3000 klst.
- Inngangar: VGA og hljóðinngangur.
- Þyngd: 1,9 kg.
- Ábyrgð: Tvö ár/þrír mán. á lampaeiningu eða 300 klst.

Tilboðsverð 159.900 kr.
Verð 179.900 kr.

SONY FWD-42PV1S flatskjár
Hagkvæmur fyrir auglýsingakerfi
- 42" plasmaskjár.
- Upplausn: 852x480.
- Inngangar: VGA, Audio in.
- Speaker out 2x7w, RS232, Control-S.

Tilboðsverð 189.900 kr.
Verð 199.900 kr.





NEC PX-42VR5G flatskjár
Fyrir heimabíó og auglýsingakerfi
- 42" plasmaskjár.
- Upplausn: 853x480.
- Inngangar: VGA, DVI, Composite, S-video, Audio in.
- Speaker out 2x12w, RS232, Control-S.

Tilboðsverð 199.900 kr.
Verð 219.900 kr.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is




JÓLAGJAFIR FYRIR FAGURKERA

epal

Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**160** milljarða kaup félags Björgólfs Thors Björgólfssonar í evrópskum símafyrirtækjum.

**10,5%** Stýrivextir Seðlabanka Íslands eftir hækkun á þriðjudag.

**30** milljóna hagnaður lykilstjórnenda KB banka af 232 milljóna kaupum á hlutabréfum bankanna.

## BANKAHÓLFIÐ



### Toppurinn að vera í teinóttu

Davíð Oddsson þykir hafa komið mynduglega fram í nýju hlutverki seðlabankastjóra. Merkja menn að það sé létt yfir honum um leið og hann þykir tala af festu um stefnu bankans. Öll sólarmerki eru um það að hann kunni vel að meta nýtt hlutverk og verður spennandi að fylgjast með því hvort honum tekst með tíð og tíma að öðlast Greenspanska vigt sem yfirmaður peningastjórnarinnar á Íslandi. Annars hafa menn ekki tekið eftir neinni stökkbreytingu í fari þessa fyrrverandi forsætisráðherra landsins, nema hvað að hann er kominn í teinótt jakkaföt, en sem ráðherra var Davíð venjulega í einlitum fötum. Teinótt er tákn bankamannsins og hefur enginn gengið lengra í því en Björgólfur Guðmundsson sem hefur tommu á milli teina. Davíð er reyndar ekki enn svo langt genginn á teinum bankaheimsins.

### Krjúpa á kné

Þótt flestir séu sammála um að Davíð Oddsson seðlabankastjóri hafi komið tiltölulega vel út þegar hann kynnti stýrivaxtahækkun Seðlabankans síðasta föstudag og á fundi Viðskiptaráðs á mánudaginn, heyrast auðvitað raddir sem gagnrýna að ekki var gengið lengra í þetta sinn. Verðbólgan sé langt fyrir ofan verðbólgumarkmið bankans og nauðsynlegt hefði verið að fylgja síðustu vaxtahækkun betur eftir. Víki verðbólgan langt frá markmiðum þarf Seðlabankinn að senda ríkisstjórninni skriflegar skýringar. Í gamni er bent á að nær væri að Davíð og félagar kæmu fram opinberlega, leggðust á hnén og bæðu þjóðina afsökunar. Þá hefðu stýrivextir bankans verið hækkaðir um eitt prósentustig en ekki 0,25.

### Hin gömlu kynni

Fjárfestingar Íslendinga erlendis hafa á sér ýmsar hliðar. Ein skondin og skemmtileg birtist í Manchester Evening News. Þar greinir frá því hvernig þrír fyrrum vinnufélagar hjá GMCA hafa sameinast á ný eftir að starfsframinn hafði borið þá burt hver frá öðrum. Ástæðan er að Landsbankinn hefur hafið starfsemi í Manchester og þegar tveir félaganna voru komnir til starfa var auðvelt að ná í þann þriðja. „Fyrirheitin um að sameinast gömlum félögum í frumkvöðlastarfi var of gott til að sleppa því,“ segir David Lomax, sá sem síðast réð sig til Landsbankans í viðtali við Manchester Evening News.

ÁSKRIFTAR LEIK LOTTÓ LÝKUR Í DAG

Þú getur látið villtustu drauma þína rætast ef þú vinnur í Lottó. Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú auk þess hreppt einn af 30 glæsilegum aukavinningum.

Taktu LOTTÓ Í ÁSKRIFT á lotto.is og þú gætir unnið:

- árskort í líkamsrækt
- borgarferð fyrir tvo
- DELL fartölvu
- kvöldverð fyrir tvo

World Class Iceland · Icelandair · EJS

lotto.is

Nöfn vinningshafa verða birt á lotto.is. Dregið verður kl. 17.00, miðvikudaginn 7. desember.

„Samband okkar er 13.301.556 króna virði.*“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 | 98,9 Bylgjan | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | Vísir

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun? Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000.
**Fréttablaðið.**

Valex útdraganlegar bútsagir.
**Þór, Ármúla.**

Valex súluborvélar.
**Þór, Ármúla.**

Fyrsti vinningur gæti orðið 165 milljónir.
**Víkingalottó**

100% ánægjakynningarafsláttur í Útilífsbúðunum fram að áramótum á Adidas hlaupaskóm.
**Útilíf.**

Ríta auglýsir! Flauelspils, sparipils, samkvæmispils.
**Ríta Bæjarlind, Ríta Eddufelli.**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis.**

Jakkaföt
**Herrafataverslun Birgis.**

Síðasti öruggi skiladagur á jólakortum utan Evrópu er fimmtudagurinn 8. desember. Komdu tímanlega með jólakortin.
**Pósturinn.**

Balletvörur
**Ástund, Austurveri.**

Jólahlaðborð fjölskyldunnar. Bókanir í síma 575-7800.
**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin?
**Jólahappaþrennan er komin á sölustaði.**

Skíði í jólapakkann.
**Útilíf.**

Manchestervörur
**Ástund, Austurveri.**

Nýtt frá Alain Mikli.
**Linsan Aðalstræti.**
~~Framkollun.is~~

Pallbílaréttindi.
**ekill.is**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Ríta auglýsir! Svartir síðkjólar.
**Ríta Bæjarlind, Ríta Eddufelli.**

Gæða reiðtygi.
**Ástund, Austurveri.**

Aigle fatnaður.
**Ástund, Austurver.**

Stígvél í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Jólakort með mynd.

**Framkollun.is**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Skrautlegar!
**Húfur sem hlæja, Laugavegi 70.**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Peysur
**Herrafataverslun Birgis.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler-í-gegn.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði. Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

AIGLE dúnkápur.
**Ástund, Austurveri.**

Jólagjöf hestamannsins.
**Ástund, Austurveri.**

Reiðfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Hensongallar.
**Ástund, Austurveri.**

Líf og fjör á skíðasvæðinu í TIndastól.
**Ólafshús, skagafjordur.is**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Netverslun Tæknivals: tæknival.is Opið allan sólahringin, netverslun Tæknivals. tæknival.is
**Tæknival.is Frábær netverslun.**

Vertu þú sjálf.
**Vertu Belladonna.**

Glæsilegar konfektkörfur.
**Vínberið Laugavegi.**

Húfur, vettlingar og treflar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Flíspeysa í jólapakkann.
**Útilíf.**

Álfabikarinn.
**Móðurást, Hamraborg.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Löng, flott hálsmen og krossar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Vertu Belladonna
**um jólin.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

Nýjir kjólar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Jólafötin á litla barnið.
**Móðurást, Hamraborg.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Hárspangirnar fást í
**Skarthúsinu Laugavegi.**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

Stuttfrakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakir jakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Glerlist.is
**Gler-í-gegn**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Flauelsbuxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Gæða hnakkar.
**Ástund, Auturveri**

Jazzfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

### Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

## KONUR HLUSTA

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**







**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði. Snyrtilegir og auðveldir í notkunn. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.



Ísbjarnarklær sem hálsmen. Verð frá 6.900.- kulusukart.com S. 893 6262



Frábærar gjafavörur fyrir öll tilefni opið alla daga í des. Ljós og ilmur Bíldshöfða 12 www.Loi.is s. 517 2440.



Jólasveinabúningar leiga/sala. Seljum einnig laus skegg og húfur með hári. S. 845 2510.






Grænlenskar selskinnstöskur og pokar. Verð frá 11.500 kulusukart.com S. 893 6262

**Spánn!**
Til sölu fallegar fasteignir á góðu verði við Costa Blanca ströndina (Torrevieja). Uppl. www.hh-properties.com eða halla í s. 0034 666818619.

42" JVC PLASMA SKJÁR. VERÐHUGMYND 110 000KR.

**Trésmíðavélar**
**Til sölu (verkstæði). Verkstæðið er í fullum rekstri. Uppl. í s. 892 8413.**

Íssk. 175 cm tvískiptur á 12 þ. 140 cm á 10 þ. 104 cm og 85 cm á 8 þ. Olíukamína á 15 þ. Barnakerra á 4 þ. Barnabílstóll á 2 þ. Örbylgjuofn á 2 þ. Línuskautar á 4 þ. S. 896 8568.

## Gefins

Par sem er að byrja að búa óskar eftir ísskáp (ca. 140-150 cm, á h) með frysti og þvottavél í fínu standi, helst gefins gegn því að vera sótt. S. 699 2778.

Border Collie/Labrador hvolpar fást gefins, 4ra mán. S. 690 9575, Hörður.

Óska eftir gefins hamstri og búri. Uppl. í s. 895 6307.

## Heimilistæki



**LauraStar.**
Gufustraujárn með gufuþrýstingi. Tækni atvinnumannsins fyrir heimili. Alver ehf. S: 511 4100.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

Píanó til sölu, Baldwin 28 ára. Uppl. í s. 89 76298 & 554 3548.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Til bygginga







## Verslun



**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.




## Hreingerningar




**Heimilisþrif**
Tökum að okkur vikuleg heimilisþrif. Upplýsingar í síma 824 1455.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Ræstingar

**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur, teppahreinsun, bónvinna. og fl. Húsfélagaþjónustan ehf s: 863 8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reiknishald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

## Málarar

MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ
malarar.is
S: 568 1165
Er málarinn þinn Meistari?

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ
Er málarinn þinn Meistari?
malarar.is
S: 568 1165

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Uppl. í s. 896 6148.

**Vantar þig málara?**
Get bætt við mig verkum, endurmálun á íbúðina, stigagangana eða gluggana. Örugg og vönduð vinna. Uppl. í s. 821 1333.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars.
S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

STEINSTEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf
Bæjarflöt 8 112 RVK
www.sagtaekni.is
S. 567 4262 & 893 3236

Bortækni
S:892-7544
Allhliðar Þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. s. 616 1569.

Tökum að okkur allskonar húsaviðgerðir, málum og garðvinna. Gerum tilboð strax. S. 844 6653.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Snyrting



**Betri Gjöf.**
Lúxus meðferð m/hljóðbylgjum. Greifynjan Hraunbæ 102, sími 587 9310.

## Spádómar

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot-lestur og Kristalkúla
566 7311 905 2005

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.
**Tímapantanir í síma 555 2927.**

Nympha-dora
Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211 904 1414

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímapantanir í síma 555 2927

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín**
Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 16:00 til kl. 24:00.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Alspá 908 6440.**
Spil, bolli, hönd, tarrot, trans, miðlun. Huglækningar. Finn týnda muni. 908 6440.

## Múrarar

VANTAR ÞIG
MÚRARA
S:511-1707
Hverfisgata 103
101 Reykjavík
HANDLAGINN
www.handlaginn.is

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

VANTAR ÞIG
SMIÐ
S:511-1707
Hverfisgata 103
101 Reykjavík
HANDLAGINN
www.handlaginn.is

## HEILSA

## Heilsuvörur




**Megrunar og lífstíls Vinaklúbburinn**
Viltu hafa einhvern til þess að tala við? Njóta stuðnings þeirra sem hafa nú þegar aðlagað sig að breyttum lífstíl. Eignast nýjan vin? Komdu þá í hópinn okkar kv/. Hanna og stelpurnar s: 8924284
Uppl: www.didrix.is

**Didrix spa**
www.didrix.is
Nýr vefur um allt það sem að þig langaði að vita um snyrtingu skoðaðu og fáðu hugmyndir

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Margrét s:899 7114

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

## Snyrting



**Betri Gjöf.**
Anís fótadekur fyrir betri fætur. Greifynjan snyrtistofa sími 587 9310. Hraunbæ 102. Opið frá kl 9-22.

**Andlitsböð og húðhreinsun á frábæru verði.**
Tilvalið að láta dekra við sig fyrir jólin. Höfum opið á laugardögum í desember frá kl. 12-16.00.
**Snyrtistofan Mandý, s. 552 1511.**




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED
Systems Administrator

Microsoft kerfisstjóranámið fyrir MCP og MCSA próf hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186.

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa, stóla og borðstofustóla. Sófalist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofalist.is Sími 553 0444.



Glerskápur úr Línunni Sem nýr. Upplýsingar í S:822-5268



Stofuskápur úr Línunni sem nýr . Upplýsingar í S:822-5268

Queen Size rúm 1 1/2 árs gamalt úr Svefn og Heilsu. Kostar áður 70-80 þús. Fæst á 25 þús. S. 663 7789.

Til sölu dökkur veggskápur með ljósum undir efri skápum og 2 borðlampar. Selst ódýrt. Uppl. í s. 897 0112 & 565 6539.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



**Ný Disel sending**
.Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Barnagæsla

Vantar góða barnapíu í Hlíðunum fyrir 2 stóra stráka. S. 691 8991.

## Dýrahald



**Fiskabúr.is**
Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is



Hvolpa- og hundagrindur með og án hurða. 3 stærðir, Dýrabær Hlíðasmára 9. www.dyrabaer.is

**Gæludýrabúr 50% afsláttur.**
Öll fuglabúr, hundabúr, nagdýrabúr, kattarbúr og fiskabúr með 50% afslætti. Allar aðrar vörur 30% afsláttur. Full búð af nýjum vörum.
**Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj.**

Skemmtilegan og blíðan kettling vantar nýtt heimili. Er 7 mánaða svartur fress. Bólusettur, hreinsaður og geltur, allt dótið hans fylgir honum ef vill - semsagt mjög praktískt stig ef þig langar í yndislegt gæludýr einmitt núna. S. 5667270

## TÍSKUVÖRUR

**Ný tískuvöruverslun opnuð í Grafarholti**
**Hi-thin**
Kirkjustétt 2-6
**Frábær opnunartilboð 20-80% afsláttur af öllum vörum.**

# FASTEIGNASTOFAN




## Skemmtileg íbúð á góðum stað

Um er að ræða mjög vel skipulagða þriggja hæða íbúð í góðu fjölbýli við Breiðvang í Hafnarfirði. Íbúðin er björt og opin. Útgengt frá stofu á suðursvalir. Vandað eikarparket er á stofu og í eldhúsi sem er búið ljósri innréttingu og nýjum tækjum. Baðherbergi er nýlega uppgert, með náttúruflísum á gólfi og nýjum tækjum. Útsýni er gott og húsið er vel staðsett. Göngustígur liggur að skóla og leiksvæði í hrauninu. Verð 13,5 milljónir. Nánari upplýsingar fást hjá Fasteignastofunni í síma 565 5522.

*Nánari upplýsingar og myndir á www.fasteignastofan.is*

---

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17




## Asparholt

**Stærð í fermetrum: 96**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Teg. eignar: Sérinngangur**
**Verð: 22.500.000**

**HÚSEIGN KYNNIR: FALLEG 3ja HERBERGJA ÍBÚÐ MEÐ SÉR INNGANGI OG MEÐ FRÁBÆRU ÚTSÝNI YFIR SJÓIN OG SNÆFELLSJÖKUL Í BARNVÆNU UMHVERFI.** Gengið er inn gang með parketi(hlyn) Barnaherbergið er með parketi á gólfi og góðum skáp. Hjónaherbergið er rúmgott með miklu skápaplássi og parketi á gólfi(hlyn).Baðherbergið er mjög fallegt með baðkari og upphengdri sturtu flísum í hólf og gólf og fallegri innréttingu. Stofan er rúmgóð með frábæru útsýni í vestur, parket er á gólfi. Eldhúsið er með sérsmíðaðri innréttingu úr hlyn frá Fagus, keramik helluborði háfur þar yfir og stæði fyrir uppþvottavél, náttúrusteinn (mustang) á gólfi. Eignin er eins og flestir vita í mjög góðu og rólegu umhverfi með þjónustu á næsta horni, sundlaug, íþróttarhús, leikskóli, grunnskóli.

***Sölumaður: Ástþór Helgason GSM: 898 1005***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

---

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17




## Blásalir 201 Kóp.

**Stærð í fermetrum: 112**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Teg. eignar: Endasérhæð**
**Verð: 28,300,000**

**HÚSEIGN KYNNIR FALLEGA 4 HERBERGJA EFRI SÉRHÆÐ Í FJÓRBÝLI MEÐ GÓÐU ÚTSÝNI.** Nánari lýsing: Forstofan er með fallegum skáp. Hjónaherbergið er með parketi á gólfi og fallegum rúmgóðum skápum. Baðherbergið er fallegt með flísum í hólf og gólf, baðkari og sturtu og fallegum innréttingum með halogen lýsingu. Barnaherbergin eru tvö og eru þau bæði með skápum og parket á gólfi. Eldhúsið er mjög smekklegt með fallegri innréttingu, tengi er fyrir uppþvottavél og eyju í miðju eldhúsinu með keramik helluborði. Borðstofan og stofan eru mjög rúmgóðar með parketi á gólfi. Þvottahúsið er rúmgott. Suðursvalir. Húsið er allt klætt að utan með viðhaldslítilli klæðningu. Geymsla fylgir eigninni. Eignin er í barnvænu hverfi.

***Sölumaður: Ástþór Helgason GSM: 898 1005***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

---

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17




## Fífuvellir

**Stærð í fermetrum: 208,8**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Teg. eignar: Endaraðhús**
**Verð: 32.500.000**

**HÚSEIGN KYNNIR FALLEGT NÝTT OG GLÆSILEGT 165 fm ENDARAÐHÚS** á tveimur hæðum með 43,1 fm innbyggðum bílskúr á góðum stað á Völlum í Hafnarfirði, samtals 208,8 fm. Eignin sem um ræðir er tveggja hæða endaraðhús um 208 fm með glæsilegu útsýni staðsett á góðum stað í vallarhvefinu.Á neðri hæðinni er rúmgott forstofu herbergi, anddyri og gestasalerni, 2 rúmgóðar stofur og eldhús. Á efri hæð eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og opið rými. Rúmgóður bílskúr fylgir einginni ásamt geymslu. Eignin afhendist fullbúin án innréttinga, gólfefna og hreinlætistækja ***TILBÚIÐ UNDIR TRÉVERK.***

***Sölumaður: Ástþór Helgason GSM: 898 1005***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

---

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17




## Flétturimi 113 Rvík

**Stærð í fermetrum: 108,9**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Teg. eignar: Íbúð**
**Verð: Tilboð**

**TILBOÐ ÓSKAST FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR. HÚSEIGN KYNNIR!** Mjög góð 93,2 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð MIKIL LOFTHÆÐ ásamt 15,7 fm stæði í lokaðri bílageymslu, samtals 108,9 fm. Forstofan: er með parketi á gólfi og góðum sérsmíðuðum skápum. Eldhúsið með hvítri og beyki innréttingu, Blomberg eldavél og vifta, t.f. uppþvottavél, góður borðkrókur, parket á gólfi. BARNAHERBERGI með parketi á gólfi og skápum. SVEFNHERBERGI með parketi á gólfi og góðum skápum. Sér GEYMSLA með hillum ásamt sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu. Sameign er mjög snyrtileg. Húsið er í góðu ástandi, snyrtilegur garður. Stæði í bílskýli með þvotta aðstöðu. ***ÍBÚÐIN ER LAUS VIÐ KAUPSAMNING.***

***Sölumaður: Ástþór Helgason GSM: 898 1005***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

---

**HÚSEIGN** Fasteignamiðlun

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17




## Sjávargrund 210 Gbæ

**Stærð í fermetrum: 135,5**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Teg. eignar: Íbúð**
**Verð: 28.900.000**

**HÚSEIGN KYNNIR GLÆSILEGA ÍBÚÐ Í BARNVÆNU UMHVERFI MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU.** Flísalagt anddyri með góðum skápum. Parket er á gólfum, forstofuherbergi sem nýtt er í dag sem vinnuherbergi, stórt hol, stór setustofa og góð borðstofa(sólstofa) ,stórt baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf með góðri innréttingu, sturtuklefi og baðkar, gott hjónaherbergi með góðum skápum og útgengi á verönd í suður. Stórt og gott eldhús, góð innrétting með barborði í borðkrók og útgengi á verönd. Parketlagður stigi á neðri hæð. Stórt alrými með skápum, gott þvottahús, útgengi í bílgeymslu. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílgeymslu. Dekkjageymsla og sameiginleg geymsla 20fm með 2 íbúðum. Mjög fallegur garður er fyrir framan eignina með gosbrunni, sem og hellulögð verönd fyrir aftan hús þar sem mikil veðurblíða er á sumrin.

***Sölumaður: Ástþór Helgason GSM: 898 1005***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

---

# Sýningarhelgi næstkomandi laugardag og sunnudag kl. 14 - 17

HÓLL www.holl.is

## Glæsilegar nýstandsettar íbúðir í lyftuhúsi í hjarta Akureyrar

### Til sölu einstaklings og 2ja herbergja íbúðir í gamla Tónlistarskólahúsinu í Hafnarstræti á Akureyri

Stærð íbúðanna er frá 35 fm og uppí 70 fm
Allar íbúðirnar eru útbúnar glæsilegum innréttingum
frá HTH (Hvítuð eik) með tækjum frá Rönning.
Baðherbergin eru með HTH innréttingum og góðum tækjum.
Parket og flísar eru á gólfum í öllum íbúðum og allur frágangur er fyrsta flokks.
Íbúðirnar skilast fullbúnar um miðjan desember 2005.
Frágangur að utan og lóð klárast næsta vor.











Nánari upplýsingar gefur
**Hóll Akureyri**
**461-2010**

**Einstaklingsíbúðir - Tilvalið fyrir skólafólk !**
Verðdæmi á 7 milljón kr eign
10% útborgun: 700.000.-
90% lán hjá lánastofnun : 6.300.000.-
Afborgun pr mán : 27.700 auk verðbóta

**2ja herbergja íbúð**
Verðdæmi 14 milljón kr. eign
10 % útborgun : 1.400.000.-
90 % lán hjá lánastofnun: 12.600.000.-
Afborgun pr mán : 55.440 auk verðbóta

• Ármann Sverrisson viðskiptafræðingur og lögg. fasteignasali

www.godverk.is




# paradís á jörð







**Fasteignastofan** í Hafnarfirði verður með opið hús og kynningu á eignum við Miðjarðarhafsströnd Tyrklands, á skrifstofu sinni **að Reykjavíkurvegi 60, laugardaginn 10. desember frá kl. 13-16.**

**Vertu velkominn, við tökum vel á móti þér.**

Eignirnar verða **einnig kynntar** í Fasteignasjónvarpinu miðvikudaginn 7. desember, fimmtudaginn 8. desember og föstudaginn 9. desember **kl. 16.55 á RÚV og 19.20 á Skjá einum.**

**Í stuttu máli:**
Glæsilegar fullbúnar íbúðir
Tyrkneska rívíeran
330 sólardagar á ári
Stutt á strönd
Stutt á glæsilegt golfsvæði
Stutt á skíðasvæði á veturna

***Frábært tækifæri fyrir einstaklinga og fjárfesta.***
***Mikið úrval eigna. Hagstætt verð.***

Allar nánari upplýsingar veita Ívar og Gaui á Fasteignastofunni í síma **565 5522** eða á **www.fasteignastofan.is**

HOLIDAY·INVEST FASTEIGNASJÓNVARPIÐ **FASTEIGNASTOFAN**

# Samfylkingin mun ná sér á strik



UMRÆÐAN
FYLGI SAMFYLKINGARINNAR

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

*Athyglisvert er að VG hefur treyst sig í sessi sem róttækur flokkur. Svo virðist sem róttæk stefna þeirra hafi hljómgrunn. Gæti það verið Samfylkingunni vísbending um það, að færa stefnuna ekki um of inn að miðjunni.*

Fjölmiðlar hafa tekið andköf vegna útkomu Samfylkingarinnar í Gallup könnun sem birt var 1. desember sl. Samkvæmt þeirri könnun tapaði Samfylkingin 2% stigum frá könnun Gallups einum mánuði fyrr. Þessi breyting á fylgi Samfylkingarinnar milli mánaða er þó ekki meiri en oft á sér stað á fylgi annarra stjórnmálaflokka milli mánaða. Fylgi allra stjórnmálaflokkanna hefur sveiflast nokkuð á yfirstandandi ári.

Vinstri grænir voru t.d. með 19 prósent fyrir réttu ári. En í apríl til júní voru þeir með 15 prósent. Í september fóru þeir aftur upp í 19 prósent en féllu niður í 14 prósent mánuði síðar. Nú hafa þeir aftur náð sér upp.

En þetta eru talsverðar sveiflur og hafa ekki vakið mikið umtal hjá fjölmiðlum. Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur einnig sveiflast mikið. Fyrir 12 mánuðum var flokkurinn með 35 prósent en í kringum landsfundinn hækkaði flokkurinn og komst í 44 prósent í október. Strax mánuði síðar var fylgið komið í 41 prósent. Menn höfðu spáð því, að þegar Davíð hætti mundi fylgið hrynja af Sjálfstæðisflokknum. En það hefur ekki orðið. Þvert á móti jókst fylgið í kringum landsfundinn og við valdatöku Geirs Haarde. Svo virðist sem fylgi Sjálfstæðisflokksins sé nokkuð traust án tillits til foringja. Og mikið umtal eins og virðist vera hringum landsfund og prófkjör hefur meira að segja en hver er foringi. Samfylkingin var með 30 prósent fyrir 12 mánuðum en komst upp í 34 prósent ( í júní) í kringum landsfund flokksins, þegar Ingibjörg Sólrún var kosin formaður. Í október var fylgið komið í 29 prósent og nú mældist það rúmlega 3 prósentustigum lægra. Ég spái því, að Samfylkingin muni fljótlega ná sér á strik og komast í 30 prósent og rúmlega það. Sjálfstæðisflokkurinn mun einnig fljótlega hjaðna á ný þegar nýjabrumið er farið af eftir formannsskiptin.

Athyglisvert er að VG hefur treyst sig í sessi sem róttækur flokkur. Svo virðist sem róttæk stefna þeirra hafi hljómgrunn. Gæti það verið Samfylkingunni vísbending um það, að færa stefnuna ekki um of inn að miðjunni.

Ingibjörg Sólrún hefur staðið sig vel sem formaður Samfylkingarinnar. Það er því ekki unnt að kenna henni um tímabundna niðursveiflu Samfylkingarinnar eins og miklir hægri pennar vilja gera. Ef Samfylkingin heldur sömu stefnu og áður og daðrar ekki við Sjálfstæðisflokkinn fær hún fljótlega sitt fyrra fylgi og rúmlega það.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# *Börn eru ekki saltfiskur*



UMRÆÐAN
SKÓLAGANGA

LÚÐVÍK GIZURARSON

Verkfalli kennara er lokið fyrir nokkuð löngu. Sæmilegur friður kominn á aftur. Samt er rétt að hugleiða hvort heimilt var að reka skólabörn heim í verkfallinu og loka oft skólunum fyrir þeim. Hver var lagalegur réttur til þess af hendi kennara? Var hann e.t.v. ekki til eða alla vega mjög vafasamur?

Í sjónvarpi sagði kennari í verkfallinu að líklega skaðaði lokun skólanna heilsu einhverra barna og bætti við: „en saltfiskur skemmdist líka í verkföllum“ síðustu aldar. Eru skólabörn þá lík „saltfiski“ þegar verkfall er?

Þessu verður að svara neitandi enda skólabörn vernduð með margvíslegri löggjöf, frá sérlögum um barnavernd upp í almenn hegningarlög. Slík lög ber að virða gagnvart börnum með öllum hætti, þótt verkfall sé. Það réttlætir ekki hugsanleg lögbrot gegn skólabörnum að kennarar gera verkfall. Er úrelt hugsun.

Fólk virðir ekki áunninn rétt skólabarna á síðustu árum til að eiga annað heimili í skóla sínum auk heimilis hjá foreldrum. Mörg börn treysta orðið á það að geta farið í skólann í upphafi dags um leið og foreldrar þeirra fara í vinnu. Ef skólanum er lokað og á þessi börn eru þau nánast fyrirvaralaust á ísköldum klaka yfir daginn. Þau skortir allt öryggi og skjól og bíða tjón á sál og líkama. Verða í hlutverki „saltfisks“ í verkföllum síðustu aldar.

Þetta er slæmt mál. Rétta þarf aftur hlut barna. Virða ber lög sem vernda þau. Greinarhöfundur telur að tryggja eigi betur með nýjum lögum skýran rétt skólabarna til dvalar í góðu andlegu skjóli í skólahúsinu þótt kennarar geri verkfall. Skólahúsið væri undir aga og stjórn þótt kennsla félli niður. Börnum væru styttar stundir án þess að gengið væri í væri í verk kennara. Ekki má aftur nota skólabörn sem „saltfisk“ í nýju kennaraverkfalli.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

allt
bílar
Alla laugardaga





**THORNTON WILDER (1897-1975) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Brennsluofn er rithöfundarins besti vinur.“*

***Thornton Wilder var bandarískur rithöfundur sem hlaut Pulitzer-verðlaunin 1938.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 7. DESEMBER 1983

# *Fyrsta aftakan með banvænni sprautu*

Á þessum degi árið 1983 fór fyrsta aftakan með banvænni sprautu fram í Huntsville-fangelsinu í Texas í Bandaríkjunum. Þá var Charles Brooks yngri, sem dæmdur hafði verið fyrir morð á bifvélavirkja, sprautaður í æð með natríumpentóþal. Eitrið er einnig þekkt sem „sannleikslyf“ þegar það er gefið í minni skömmtum.

Yfirvöld í Texas, þar sem langflestar aftökur fara fram í Bandaríkjunum, ákváðu að aftökur færu þar fram með lyfjagjöf þar sem það væri mannúðlegri aðferð en þær sem áður voru notaðar líkt og aftökur með gasi, rafmagni eða hengingu. Á næsta áratug tóku 32 ríki, alríkisstjórnin og bandaríski herinn upp þessa aðferð við aftökur.

Eftir nokkurra ára rannsóknir var ákveðið að aftökur skyldi framkvæma með því að dæla þremur mismunandi lyfjum í líkama hinna dæmdu. Eftir hið fyrsta missir fanginn meðvitund, hið næsta lamar lungun og þindina og hið þriðja veldur hjartastoppi og þar með dauða.



**AFTÖKUBEKKUR**

## MERKISATBURÐIR

**1835** Fyrstu lestarteinarnir eru opnaðir í Þýskalandi.

**1879** Jón Sigurðsson forseti andast í Kaupmannahöfn, 68 ára.

**1941** Japanir gera loftárás á Pearl Harbor í Kyrrahafi.

**1970** Íslensk kona fær nýra úr bróður sínum. Skurðaðgerðin er gerð í London og er það í fyrsta sinn sem nýrnaflutningur er gerður á Íslendingum.

**1975** Indónesar ráðast inn í Austur-Tímor.

**1988** Harður jarðskjálfti skekur Armeníu með þeim afleiðingum að 25 þúsund látast.

**2001** Áhöfn þyrlu varnarliðsins bjargar skipbrotsmanni úr Sigurborgu við mjög erfiðar aðstæður við Snæfellsnes.

---



*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Benedikt Björnsson**

vélstjóri, Gnoðarvogi 72, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Sigrún Hólmgeirsdóttir**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Páll Þ. Ólafsson**

áður til heimilis að Jökulgrunni 17, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 5. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fjölskylda hins látna.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Gríma Sveinbjörnsdóttir**

*Hlíðarvegi 8, Kópavogi,*

lést á heimili sínu mánudaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 13.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Stefnir Helgason**
**Birna Stefnisdóttir** **Aðalsteinn Steinþórsson**
**Brynja Sif Stefnisdóttir** **Agnar Strandberg**
**Sigurður Hrafn Stefnisson** **Hekla Ívarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Sigurður Hákonarson**

danskennari, Ástúni 8, Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu laugardaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 12. desember kl. 13.00.

**Ásdís Sigurðardóttir** **Kristinn J. Reimarsson**
**Halldór Bogi Sigurðsson**
**Kristófer Rúnar, Sylvía Ósk og Líney Lára**
**Stefán Stefánsson** **Dalía Marija Morkunaite**
**Pétur Jökull Hákonarson** **Kolbrún Ólafsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**

---

## AFMÆLI



Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður er 63 ára.



Jóhann Ársælsson alþingismaður er 62 ára.



Tom Waits tónlistarmaður er 56 ára.



Larry Bird körfuboltaþjálfari er 49 ára.



Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona er 43 ára.

## ANDLÁT

**Anna Baldvina Vilhjálmsdóttir Perpinias** er látin.

**Karl Markús Bende** lést á heimili sínu, Freyjugötu 34, Reykjavík, miðvikudaginn 30. nóvember.

**Dagbjörg Björnsdóttir,** Meistaravöllum 23, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 26. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Páll Hallgrímsson,** fyrrverandi sýslumaður á Selfossi, lést laugardaginn 3. desember.

**Sigurður Hákonarson,** danskennari, Ástúni 8, Kópavogi, varð bráðkvaddur á heimili sínu laugardaginn 3. desember.

**Elín Sigurðardóttir** lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 4. desember.

**Magnús Valur Þorsteinsson,** Gaukshólum 2, Reykjavík, lést á Líknardeild Landspítala Landakoti sunnudaginn 4. desember.

## JARÐARFARIR

13.00 Svava Sigríður Vilbergsdóttir, Bólstaðarhlíð 68, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 Viðar Sævaldur Vilhjálmsson, vélstjóri, Túngötu 11, Ólafsfirði, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

15.00 Guðrún Aradóttir, Aragötu 5, síðustu ár Skjóli, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

15.00 Magnús Már Sigurjónsson, Skólagerði 69, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110,**
**893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




**LÆTUR AF STÖRFUM** Ólafur hættir að vinna nú um áramótin en ætlar síður en svo að láta sér leiðast og vonast til að geta ferðast víða um lönd á næstu árum.

**ÓLAFUR KRISTJÁNSSON Í BOLUNGARVÍK:** ER SJÖTUGUR

# Í kvartreisu um heiminn

„Við erum í þessum töluðu orðum að sigla yfir til Brasilíu,“ segir Ólafur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur, á sjötugsafmæli sínu á Atlantshafinu. Fyrir viku héldu Ólafur og Herdís Eggertsdóttir eiginkona hans af stað í kvartreisu um heiminn, eins og Ólafur kallar það, á skemmtiferðaskipinu Cosa Viktoría. Þau hafa komið víða við en lagt var af stað frá Mílanó til Gíbraltar þaðan sem þau héldu til Lissabon og nú síðast Madeira. Þau ætla að flakka um heiminn næstu tvær vikur og snúa endurnærð til Íslands frá Rio de Janeiro.

Ólafur segir skipið algert ævintýraskip sem bjóði upp á allt sem hugurinn girnist. „Hér er hægt að fara á diskótek, klassíska tónleika og margt annað er í boði fyrir eldri menn sem vilja taka því rólega,“ segir Ólafur, sem ætlar að hafa það huggulegt í dag með góðum mat. „Maður verður bara að passa sig að borða ekki of mikið,“ segir hann hressilega og upplýsir blaðamann um að veðrið sé yndislegt og sjórinn spegilsléttur.

Ólafur sat á bæjarstjórastóli í Bolungarvíkur í sextán ár og lét þar af störfum árið 2002. Þá hafði hann verið í bæjarstjórn í 36 ár. Þrátt fyrir löglegan eftirlaunaaldur var Ólafur ekki af baki dottinn og gerðist framkvæmdastjóri heilbrigðisstofnunar bæjarins en því tímabili í ævi hans lýkur nú um áramótin þegar hann hættir þar.

Ólafur þarf þó síður en svo að láta sér leiðast. Þessi fyrrverandi skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur spilar á píanóið af mikilli gleði. „Við erum alltaf að leika okkur saman, ég, Villi Valli og Magnús Reynis, og nóg að gera,“ segir Ólafur kátur og vonast til að geta ferðast víðar á næstu árum. „Ég sé að það eru margir sem eru mun eldri en ég hérna um borð,“ segir hann glettinn og sér fram á skemmtilegt ævikvöld.

# Stofnfundur Félags aðstandenda aldraðra í Hafnarfirði

Boðað hefur verið til stofnfundar Félags aðstandenda aldraðra í Hafnarfirði fimmtudaginn 15. desember klukkan 20 í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Aðalhvatamenn stofnunar félagsins eru Reynir Ingibjartsson, kortaútgefandi í Hafnarfirði, og Margrét Guðmundsdóttir, innanhússarkitekt og myndlistarmaður, sem bæði hafa reynslu af því að fylgja öldruðum foreldrum inn og út af sjúkrastofnunum í lengri tíma. Þeim fannst því tími til kominn að stofnað yrði félag sem berjast skyldi fyrir réttindum og bættri aðstöðu aldraðra. Á fundinum munu flytja framsöguerindi þau Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, Sigþrúður Ingimundardóttir, hjúkrunarforstjóri Sólvangs, og Guðjón Baldursson, læknir á slysa- og bráðadeild í Fossvogi, auk þeirra Margrétar og Reynis.

Fundarstjóri verður Jóhann G. Bergþórsson verkfræðingur og er fundurinn opinn öllum sem áhuga hafa á málefnum aldraðra.



**FÉLAG AÐSTANDENDA ALDRAÐRA** Reynir Ingibjartsson kortaútgefandi er einn hvatamanna að stofnun félagsins.




LAUGARDALSHÖLL 31. MARS / JÓLAGJÖFIN HENNAR

# KATIE MELUA

## MIÐASALA HEFST Í DAG!

MIÐASALA Í SKÍFUNNI, BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI OG Á CONCERT.IS

MasterCard

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 511 2255
MIÐASALA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG Í BT ÚTI Á LANDI OG Á WWW.CONCERT.IS

CONCERT










## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar er á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 |
| 1 | 4 | 8 | 3 | 9 | 7 | 5 | 2 | 6 |
| 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 4 | 7 | 9 |
| 2 | 8 | 7 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 1 | | | |
| | 4 | | | | | 9 | 3 | 1 |
| | | 7 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 5 | 3 | | | |
| 5 | | 4 | | | | 8 | | 7 |
| | | | 9 | 7 | | | | |
| 2 | | | | | 9 | 4 | | |
| 8 | 7 | 9 | | | | | 1 | |
| | | | 6 | 2 | | | | |

# STUÐ MILLI STRÍÐA Gömul kynni endurnýjuð

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** HEFUR ÁKVEÐIÐ ÁRAMÓTAHEITIÐ SITT.



Áttaði mig á því þegar ég skottaðist í jógatíma á dögunum að ég hef ekki hreyft litla rassinn minn að ráði í marga marga mánuði. Er ekki frá því að hann sé orðinn enn flatari en hann var áður ef mögulegt er. Hef haldið samviskunni góðri með því að labba óhemju rösklega í strætóskýlið á morgnana og fara í einstaka göngutúr með Ronju hund. Þegar ég náði svo ekki í tærnar mínar í jógatímanum áttaði ég mig á því að strætóskýlisferðir og sjaldgæfar gönguferðir eru ekki nóg. Fann hvernig vöðvarnir titruðu og skulfu við hverja æfingu, líklega í áfalli við að finna þessa skringilegu tilfinningu sem þeir höfðu gleymt að væri til. Áreynsla. Þeim hefur líklega liðið eins og Karíusi og Baktusi þegar Jens burstaði tennurnar eftir langan tíma. „Ég er hræddur Karíus!“

Þetta með tærnar er reyndar nokkuð mikið mál fyrir mig. Ég er það stirð að eðlisfari að ég man eftir augnablikinu þegar ég gat í fyrsta sinn snert tærnar, með beinar lappir og sem sagt. Stór stund í mínu lífi. Ég gat samt ekki haldið um tærnar lengi, bara snert í eitt augnablik. Þá var ég byrjuð í jazzballett, tásnertingum fór bara fjölgandi á næstu árum og ég var ein stór hamingjusól. Horfði þó oft öfundaraugum á þær sem héldu þéttingsfast um ilina og beygðu jafnvel handlegginn á meðan ég hamaðist við að halda takinu á tánum.

Nú er hins vegar þannig komið fyrir mér að ég er ekki nálægt því að geta hlýjað sjálfri mér á tánum, kemst ekki lengur í splitt, magavöðvarnir virðast hafa gufað upp og ég er að deyja úr harðsperrum eftir léttan jógatíma. Áramótaheit mitt, kæru lesendur, er því augljóst. Snemma á árinu 2006 mun ég, Borghildur Gunnarsdóttir, komast í kynni við tærnar á mér að nýju eftir margra mánaða fjarveru og mikinn söknuð. Efa ég það ekki að mörg tár verði felld þegar við hittumst aftur og spurning hvort ekki eigi að festa atburðinn á filmu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sjokkrokkarinn **Marilyn Manson** hefur að sögn gengið að eiga unnustu sína til nokkurra ára, **Ditu Von Teese**. Athöfnin á að hafa farið fram á laugardaginn í bænum Kilsheelan á Írlandi. Samkvæmt heimildum var brúðurin í stórglæsilegum kjól hönnuðum af breska hönnuðinum **Vivian Westwood**. Brúðguminn var hins vegar klæddur í svört kjólföt frá **John Galliano**.



**Justin Timberlake** stendur þessa dagana í stífum æfingum hjá raddþjálfara. Ástæðan er víst sú að hann vill losna við háa rödd sína og fá dýpri og karlmannlegri tóna í stað hinnar skræku raddar sem hann er svo þekktur fyrir. Ástæðan ku einnig vera sú að hann vill hasla sér völl í kvikmyndum. Kunnugir segja að honum hafi tvívegis verið neitað um hlutverk í mynd á þeim forsendum að rödd hans sé of ungleg.



Nú er það ljóst, sjötta myndin um **Rocky Balboa** mun líklega líta dagsins ljós seint á næsta ári. **Sylvester Stallone** leikur hetjuna margfrægu og verður það væntanlega í allra síðasta sinn. Stallone lék hlutverkið síðast fyrir um fimmtán árum en sýndi samt sem áður að hann er í hörkuformi þegar tökur fóru fram fyrir heimsmeistarabardaga þeirra **Bernard Hopkins** og **Jermain Taylor**. Í myndinni leikur Stallone Rocky, sem hefur lagt hanskana á hilluna en ákveður að reyna einu sinni enn við titilbardaga.



Tvær stjörnur Lost-þáttanna margfrægu, sem sýndir hafa verið í Ríkissjónvarpinu við góðar undirtektir, voru handteknar fyrir að aka undir áhrifum áfengis um helgina. Leikkonurnar, þær **Michelle Rodrigues**, sem leikur Önu Luciu, og **Cynthia Watros**, sem leikur Libby, voru handteknar í hvorum sínum bílnum með um fimmtán mínútna millibili. Báðar voru færðar á lögreglustöð þar sem þær voru kærðar en sleppt gegn tryggingu eftir að hafa sofið úr sér.


# Flugstöð Leifs Eiríkssonar stækkuð
# Aukið rými – betri þjónusta



# Velkomin í stærri og endurbætta flugstöð sumarið 2007



FYRIR BREYTINGAR



EFTIR BREYTINGAR

**Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður stækkuð á næstu árum.** Verslunar- og þjónustusvæði farþega mun tvöfaldast og nýjar verslanir opna. Markmið stækkunar og breytinga í flugstöðinni er að bregðast við spám um óra fjölgun farþega á ferð um Keflavíkurflugvöll.

Breytingarnar valda óhjákvæmilega talsverðu raski og hafa nokkur áhrif á starfsemi í flugstöðinni. Brottfararfarþegar munu næstu mánuði fara í gegnum öryggisgæslu og inn á frísvæðið hægra megin við innritunarborðin í flugstöðinni en ekki vinstra megin eins og nú er.

Stjórnendur og starfsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. munu vinna markvisst að því í samstarfi við verktaka að framkvæmdirnar valdi farþegum sem allra minnstum óþægindum, en minna fólk á að gefa sér góðan tíma.

Nánari upplýsingar á **www.airport.is**

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.





# Ertu að leita að gjöf?
# – stæði fyrir alla



Á bíl í jólaösinni í miðborg Reykjavíkur. Hvað má bjóða þér? Miðastæði, stöðumæli eða bílahús. Viltu greiða með korti eða krónum, eða kannski gsm símanum þínum?

**Tímamiðar** úr miðamælum gilda áfram þegar lagt er við stöðumæli innan sama gjaldsvæðis.

**Ótakmarkaður tími** býðst á stöðumælum í miðborginni.

Í desember verða **bílahúsin opin klukkustund lengur en verslanir í miðborginni.** Gleðilega aðventu!

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður
... svo í borg sé leggjandi

**Kl. 21.00**
*Smekkleysa SM efnir til útgáfuhátíðar á NASA við Austurvöll. Fram koma **Hairdoctor, Kira Kira, Megasukk** og **Siggi Ármann** og kynna efni af nýjum breiðskífum sínum. Alfons X og Ben Frost snúa plötum milli atriða.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tregablandin fegurð Helga

Um næstu helgi lýkur sýningu Helga Þorgils Friðjónssonar í Listasafninu á Akureyri. Sýningunni, sem ber heitið Tregablandin fegurð, er ætlað að veita yfirlit yfir feril Helga á undanförnum árum og hefur að geyma mörg af hans áhrifamestu málverkum, auk vatnslitamynda og skúlptúra.



Helgi Þorgils hefur skipað sér í hóp okkar merkustu listmálara með afar sérstöku myndmáli og tækni sem orðið hefur æ fágaðri og hnitmiðaðri eftir því sem árin hafa liðið. Hann ruddi málverkinu nýja braut hér á landi laust upp úr 1980, eftir að þetta gamalgróna listform hafði lent í djúpri lægð á áttunda áratugnum, sem stundum hefur verið kallaður áratugur hugmyndalistarinnar.

Helgi hóf feril sinn með stórtækri framleiðslu á teikningum og teiknimyndabókum þar sem menn og dýr lifðu frjóu samlífi. Helgi Þorgils á því rætur í hugmyndalistinni og fullyrða má að myndmál hans eigi fremur uppruna sinn í fantasíum og furðum hugans en í áþreifanlegum veruleika.

Mikilvægasta framlag Helga felst í óskilgreinanlegri stemmningu myndanna sem aðeins er hægt að lýsa í þverstæðum, jafnt upphafinn heilagleiki sem stráksleg stríðni.

## > Ekki missa af ..

... jólatónleikum **KaSa-hópsins** sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn. Þar verða flutt verk eftir Mozart, Bach og Haydn ásamt jólalögum frá ýmsum löndum - og jólasveinninn kemur í heimsókn.

... tónleikum **Tríós Björns Thoroddsen** gítarleikara á Næsta bar í kvöld, þar sem Björn flytur jólalög ásamt **Kristjönu Stefánsdóttur** söngkonu og **Jóni Rafnssyni** bassaleikara.

... hljómsveitinni **Jan Mayen** sem treður upp á Dillon í kvöld og prófar á áheyrendum megnið af efni væntanlegrar plötu.

# Það besta við jólin

**„Það besta við jólin er að éta," segir Þórunn Guðmundsdóttir í samnefndu lagi, sem komið er út á geisladiski með fimmtán nýjum jólalögum sem hún hefur samið á síðustu árum.**



**ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR** Hún syngur um ýmsar hliðar jólanna á nýjum geisladiski sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þórunn er söngkennari og hefur auk þess starfað mikið með áhugaleikfélaginu Hugleik, meðal annars samdi hún söngleikinn Kolrössu sem sýndur var við miklar vinsældir fyrir nokkrum árum.

„Það er svo margt skrítið og skemmtilegt við jólin," segir Þórunn en tekur fram að hún sé engan veginn að gera lítið úr jólunum þótt hún bregði á leik í sumum laganna og slái á létta strengi. „Jólin eru stórkostlegt fyrirbæri en það eru svo margar hliðar á þeim ekki síst ýmislegt sem er óskiljanlegt eins og þetta með könnur uppi á stólunum og allar þessar verur sem taka upp á ótrúlegustu hlutum og virðast bara eiga heima á Íslandi."

Lögin á diskinum eru mjög fjölbreytileg, allt frá klassískum kórlögum og djasssveiflu til laga með þjóðlegum tóni sem gætu sem hægast verið rótgróin íslensk þjóðlög.

Þórunn Guðmundsdóttir hefur doktorspróf í söng og kennir sönglist í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Tónlistarskólanum í Reykjavík. Flest laganna syngur hún sjálf en við flutninginn nýtur hún aðstoðar samkennara sinna, Hjörleifs Valssonar fiðluleikara og Þrastar Þorbjörnssonar gítarleikara sem og Birgis Bragasonar bassaleikara og Ástvalds Traustasonar píanóleikara. Fyrrverandi nemendur Þórunnar, tenórarnir Eyjólfur Eyjólfsson og Bragi Bergþórsson, syngja hvor sitt lagið. Þá flytur Kammerkór Hafnarfjarðar þrjú lög á diskinum.

Sjálf segist Þórunn reyndar ekki hafa gert mikið af því að semja tónlist.

„Aðallega hefur það verið í tengslum við leikfélagið Hugleik. Þessi jólalög hef ég verið að semja undanfarin ár fyrir jólaskemmtanir sem Hugleikur hefur haldið, svona þrjú til fjögur lög á hverju ári. En núna er ég reyndar að semja óperu," upplýsir hún. Sú ópera á að heita Marþallarsaga og er fyrst og fremst hugsuð sem skólaópera fyrir nemendur sem eru langt komnir í söngnámi.

„Hún er byggð á gömlu íslensku ævintýri sem fjallar um hertogadóttur sem getur grátið gulli en það færir henni ekki endilega mikla gæfu."

# Áttu meistaraverk?

**Listasafn Íslands leitar að verkum eftir Snorra Arinbjarnar og Gunnlaug Blöndal.**



**TELPUR MEÐ BRÚÐU FRÁ 1943** Eftir Snorra Arinbjarnar.

Listasafn Íslands ætlar að halda sýningar snemma á næsta ári á verkum málaranna Snorra Arinbjarnar og Gunnlaugs Blöndal. Þetta verða tvær aðskildar sýningar en nú hefur staðið yfir heimildaöflun hjá safninu á verkum þessara málara.

Harpa Þórsdóttir, deildarstjóri sýningadeildar safnsins, segir aðspurð að safnið auglýsi reglulega eftir listaverkum í einkaeigu, sérstaklega þegar um yfirlitssýningar sé að ræða því þá sé mikilvægt að geta haft tilfinningu fyrir öllu því sem listamaðurinn hafi fengist við, lífsstarfi hans. „Ferill og allar tiltækar heimildir sem skrifaðar hafa verið um viðkomandi eru rannsakaðar og oft gefa slíkar sýningar tilefni til útgáfu bóka um viðkomandi listamann. Það stendur einmitt til í þessum tilvikum að gefa út veglegar sýningarskrár," segir Harpa.

Er fólk duglegt að láta vita af verkum sem það á? „Svona almennt litið held ég að flestir sem eiga listaverk eftir þjóðkunna listamenn skilji mikilvægi þess að verða við slíkri beiðni þegar hún kemur frá söfnum. Þetta snýst ekki um að fólk meti sjálft hvort verkið eigi erindi á sýningu heldur að það láti listasafnið vita að það eigi það sem ég kýs að kalla menningarverðmæti, sem varpar ljósi á menningarsögu okkar allra. Hvort verk fari á sýningu eða ekki er svo allt annar handleggur og ræðst af mörgum þáttum, stundum kærir fólk sig ekki um að lána listaverk til almennrar sýningar og það þarf alltaf að fara fram visst val eftir fyrir fram gefnum forsendum áður en sýningarstjóri velur listaverk inn á sýningu. En starfsfólk Listasafns Íslands er sífellt að vinna rannsóknarvinnu og vinna í gagnagrunna um listaverk þannig að við erum að skrásetja menningararfinn ef svo má að orði komast."

En eiga þá ekki allir sem eiga listaverk að hafa samband og láta skrá verkin hjá ykkur? „Nei, því miður gæti það ekki gengið upp. Við verðum að fá að ráða því hverju sinni hvaða listamenn eru til umfjöllunar, annað væri ógerningur fyrir okkur. Við erum aðeins að skrá verkin á okkar forsendum og allar slíkar skrásetningar eru trúnaðarmál milli safnsins og viðkomandi eiganda sem tilkynnir verkið. Við gætum ekki haft það öðruvísi og söfn geta aldrei orðið einhvers konar bankar upplýsinga um listaverk í einkaeigu, það gengur ekki upp. Það erum við hins vegar gagnvart okkar eigin listaverkum og erum einmitt að vinna mikla vinnu í því sambandi að gera alla safneign Listasafns Íslands aðgengilega á rafrænu formi."

Þeir sem eiga listaverk eftir málarana Snorra Arinbjarnar og Gunnlaug Blöndal sem hafa ekki verið tilkynnt til Listasafns Íslands eru beðnir um að hafa samband við Hörpu Þórsdóttur deildarstjóra sýningardeildar í Listasafni Íslands sem fyrst, harpa@listasafn.is og í síma 515 9600. - amb



**MÁLVERK AF KONU** Eftir Gunnlaug Blöndal.




# Nagli Jóns Gnarr

Naglinn er nýtt leikverk eftir Jón Gnarr sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í janúar. Þar fjallar Jón Gnarr á gráglettinn hátt um karlmennskuna á vorum dögum.

Naglinn stendur á tímamótum í lífi sínu. Hann er að nálgast fimmtugt og þarf að gangast undir læknisrannsókn. Það fær hann til að staldra við og skoða líf sitt. Til hvers hefur hann verið að strita í sveita síns andlits við að reyna að standa sig? Hvað þýðir það að vera karlmaður í dag?

Hvar stendur hann eftir að hafa átt fimm börn með þremur konum, tvígiftur, búinn að flísaleggja sjö baðherbergi og slá upp svo mörgum milliveggjum að hægt væri að byggja úr þeim samanlagt tvö 200 fermetra einbýlishús? Til hvers hefur hann verið að leggja á sig að vera heiðarlegur og hreinskilinn í samskiptum við samferðarfólk sitt þegar uppskeran virðist ekki vera önnur en sú að hægt er að henda honum á haugana eins og hverju öðru einskis nýtu skrani? Naglinn vill skilgreina karlmennskuna út frá karlmönnum. Naglinn vill að karlmenn láti sig varða þau málefni sem konur hafa hingað til sett á oddinn, eins og klám, ofbeldi, nauðganir, launamisrétti og velferð barna. Naglinn vill að karlmenn haldi áfram að vera karlmenn og konur haldi áfram að vera konur. Frumsýning á Naglanum er fyrirhuguð 20. janúar. Æfingar eru þegar hafnar, en með hlutverk Naglans fer Gunnar Sigurðsson. Jón Stefán Kristjánsson leikur síðan öll aukahlutverkin í sýningunni, sem eru um tuttugu talsins. Leikstjóri er Valgeir Skagfjörð.



**JÓN GNARR** Fjallar á gráglettinn hátt um karlmennskuna í nýju leikriti.

# Afnemum VSK af öllum DVD myndum

## TAX FREE DAGAR

*Nú er lag að versla jólagjafir fyrir alla. Þúsundir titla í boði! Allar nýjustu og vinsælustu myndirnar á ótrúlegu verði!*



**Nýtt** kortatímabil




1.606 kr – verð áður 1.999.-




1.606 kr – verð áður 1.999.-




1.606 kr – verð áður 1.999.-



1.204 kr – verð áður 1.499.-




10.441 kr – verð áður 12.999.-

Sex & the City. Allar seríurnar saman í glæsilegu gjafaboxi.



2.402 kr – verð áður 2.990.-

Vinsælasta barnaleikrit allra tíma nú fáanlegt á DVD




2.402 kr – verð áður 2.990.-

Nýjustu þættirnir úr Latabæjar seríunni



2.007 kr – verð áður 2.499.-




3.212 kr – verð áður 3.999.-

Friends seríurnar, allar 10 seríurnar fáanlegar




3.614 kr – verð áður 4.499.-

Cheers, fyrsta serían af Staupasteins þáttunum á 4 DVD diskum




3.614 kr – verð áður 4.499.-

Frasier, fyrsta serían um Frasier og félaga á 4 DVD diskum




1.606 kr – verð áður 1.999.-

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 12. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN








BORGARLEIKHÚSIÐ




**Stóra svið**

**Salka Valka**
Su 11/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

**Woyzeck**
Í kvöld kl. 20 UPPS Fö 9/12 kl. 20
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21

**Kalli á þakinu**
Su 11/12 kl. 14 Má 26/12 kl. 14
Su 8/1 kl. 14

**Brot af því besta!**
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum
fimmtudagskvöldið 8/12 kl. 20
Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Hreinn Vilhjálmsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn
Léttur jóladjass og kaffihúsastemning.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis

**Leikhópurinn Perlan**
Frumsýnir Jólasveinana í leikgerð eftir sögu Bergljótu Arnalds. Su 11/12 kl. 15. Miðaverð 1000 kr. Aðeins þessi eina sýning

**Nýja svið/Litla svið**

**Lífsins tré**
Su 11/12 kl. 20 Síðasta sýning!

**Þrjár systur e. Tsjekhov**
Nemendaleikhúsið, aðeins sýnt í desember
Fi 8/12 kl. 20 Lau10/12 kl. 20
Þr. 13/12 kl. 20 Fö 16/12 kl. 20
Lau 17/12 kl. 20 Su 18/12 kl. 20

**Manntafl**
Fö 9/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING
Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

**Carmen frumsýnt í janúar 2006**
Forsala laugardaginn 10/12
Miðaverð í forsölu 2.600, almennt miðaverð 3.600. Milli 14 og 16 verða sýnd atriði úr Carmen í forsal Borgarleikhússins. Kaffi og piparkökur í boði. Allir velkomnir.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF
Aukasýning sun. 11/12 **uppselt. Allra síðasta sýning.**

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Aukasýning lau. 10/12. **Allra síðasta sýning.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.

EDITH PIAF - söngdagskrá í tilefni 90 ára afmæli söngkonunnar
Mán. 19/12 kl. 21:00.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag mið. 7/12 kl. 10:00 **uppselt**, fim. 8/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, lau. 10/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 11/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, þri. 13/12 kl. 10:00 **uppselt** og kl. 11:15 **uppselt**, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 **uppselt**, lau. 17/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:15 **uppselt** og kl. 15:30 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 örfá sæti laus, mið. 28/12 kl. 13:00 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 8/12 kl. 23:00 Útgáfutónleikar Úlpu
Fös. 9/12 og 10/12 Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




KIRA KIRA

# Tónlistin endurheimt fyrir útgáfutónleika

Kira Kira kemur fram á útgáfutónleikum Smekkleysu sem verða haldnir á Nasa í kvöld klukkan 21.00. Aðrir sem koma fram eru Hairdoctor, Megasukk og Siggi Ármann. Alfons X og Ben Frost þeyta skífum á milli atriða.

Hópur tónlistarmanna leggur Kiru Kiru, sem heitir réttu nafni Kristín Björk Kristjánsdóttir, lið á tónleikunum. Þar á meðal er Rúna Esradóttir, kærasta Mugison, sem spilar á píanó og klukkuspil, Þráinn Óskarsson úr Hudson Wayne sem syngur og spilar á gítar og pumpuorgel og Sigtryggur Baldursson sem mundar trommukjuðana.

„Ég hóaði í nokkra góða vini sem ætla að spila músíkina með mér. Ég hef rekið mig á það á þessum tilraunaeldhússferðalögum um heiminn að það hefur verið langmesta stuðið þegar mér hefur tekist að kippa einhverjum með mér. Þegar maður er í heimabæ sínum liggur beint við að nota það tækifæri og safna liði,“ segir Kristín Björk.

Kristín, sem er einn af stofnendum Tilraunaeldhússins, gaf nýverið út sína fyrstu stóru plötu sem ber heitið Skotta. Um svipað leyti var fartölvu hennar stolið stútfullri af tónlist og óskaði hún þess að fá verðmætin aftur í Fréttablaðinu skömmu síðar. Tónlistin skilaði sér en ekki tókst að endurheimta tölvuna. „Það voru góðir menn sem sóttu hana ofan í undirdjúpin handa mér,“ segir Kristín. „Ég var alveg tilbúin að bretta upp ermarnar. Ég safnaði bara liði og var komin upp í níu manna hljómsveit áður en ég vissi af. Ég ætlaði ekkert að láta þennan draum kafna. Ég var í mörg ár að vinna í plötunni og hlakkaði til að halda útgáfuhúllumhæ. Ég ætlaði ekki að láta skjóta mig í kaf. En það er óneitanlega stórkostlegt að þetta sé komið til mín aftur,“ segir hún.

Að sögn Kristínar eru tónleikar hennar misjafnir í hvert skipti sem hún kemur fram. „Mér finnst skemmtilegt að búa alltaf til nýja og nýja pælingu fyrir hverja tónleika. Þó að við séum níu á útgáfutónleikunum verðum við kannski bara ég og Rúna á næstu tónleikum. Við höfum svolítið verið að hittast heima í stofu og bauka eitthvað,“ segir Kristín. Munu þær meðal annars koma fram 17. desember í Jólaseríu Tilraunaeldhússins sem hófst fyrir viku. Þar verður kántrístemningin í fyrirrúmi.

Miðaverð á útgáfutónleikana í kvöld er 500 krónur.

freyr@frettabladid.is


HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen

23. sýn. 10. des.
24. sýn. 29. des.

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is





ÉG ER MÍN EIGIN KONA

| | | |
|---|---|---|
| mið. | 07.12 | laus sæti |
| fim. | 08.12 | örfá sæti laus |
| fös. | 09.12 | **uppselt** |
| lau. | 10.12 | **uppselt** |
| sun. | 11.12 | laus sæti |

GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn


# Nornatími á Norðurlöndum

JPV Útgáfa hefur gengið frá sölu á útgáfurétti sakamálasögunnar Tíma nornarinnar, eftir Árna Þórarinsson, til Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi bókarinnar, segir útgefendur víða um heim hafa haft bókina til skoðunar undanfarið en þegar það fréttist að hún hefði hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna brugðust norrænir útgefendur skjótt við. Fleiri samningar við útlenda útgefendur eru á viðræðustigi þannig að allt útlit er fyrir að Tími nornarinnar muni koma út í fleiri löndum áður en yfir lýkur. Það mun hafa vakið athygli þeirra útgefenda sem hafa gefið Tíma nornarinnar gaum að einungis tvær íslenskar glæpasögur hafi fengið tilnefningu til bókmenntaverðlaunanna, en Kleifarvatn eftir Arnald Indriðason var tilnefnd í fyrra.



ÁRNI ÞÓRARINSSON RITHÖFUNDUR

Íslenskir gagnrýnendur hafa tekið Tíma nornarinnar vel og fyrsta prentun hennar er uppseld og önnur nýkomin. Tími nornarinnar er fjórða bók Árna um blaðamanninn Einar sem er lagið að róta sér í vandræði og leysa flókin sakamál. Að þessu sinni er Einar fluttur til Akureyrar og sinnir fréttaskrifum frá Norður- og Austurlandi og fyrr en varir er hann kominn á kaf í rannsókn tveggja morðmála og útistöður við handrukkara og eiturlyfjasala.







MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Sagandi konur sýna


FJÓRAR AF SEX Kanínan er hluti af sýningunni sem nú stendur yfir hjá Sævari Karli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Sagandi er hægur jafn vindur, samkvæmt orðabókinni,“ segir Ólöf Björg Björnsdóttir, ein af sex myndlistarkonum sem opnuðu um síðustu helgi sýningu í gallerí Sævars Karls við Bankastræti. Yfirskrift sýningarinnar er Sagandi, orð sem þær heilluðust af og sjá ýmsar merkingar í.

„Í þessu orði er bæði saga og andi,“ segir Ólöf Björg, en í sýningarskrá segir að orðið hvorki skilgreini sýninguna né setji henni mörk heldur geri það „tengingar og hvörf óljós þar sem fátt verður nokkurn tíma fullskilgreint og afmarkað“.

Þær hafa því býsna frjálsar hendur en Ólöf segir þær hafa lagt mikið upp úr því að hafa ljúfa og mjúka stemningu í sýningarsalnum.

„Við breyttum lýsingunni í salnum, settum upp aðra kastara til að fá þessa mýkt. Verkin verða ljóðrænni í þannig rými.“

Auk Ólafar eiga þær Hrund Jóhannesdóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Kolbrá Bragadóttir, Kristín Helga Káradóttir og Margrét M. Norðdahl verk á sýningunni.

„Hver okkar sýnir eitt verk en það getur verið samsett úr mörgum þáttum,“ segir Ólöf Björg, sem sjálf sýnir málverk af konu. Málverkið er í glerkassa og í kassanum er einnig lifandi kanína sem listakonan tekur með sér heim á kvöldin.

Á sýningunni gætir annars ýmissa grasa. Þar má líta málverk og skúlptúra af ýmsu tagi. Þannig sýnir Hrund öndvegissúlu, Hlaðgerður Íris kemur með framtíðarsýn, Kolbrá er með kynlausan Elvis, Kristín Helga með flæðarmál og Margrét með söfnunarseríu.

Ólöf Björg segir einlægnina ráða ríkjum í samstarfi þeirra. „Okkur er öllum alvara með því sem við erum að gera og svo magnast krafturinn þegar við komum saman í staðinn fyrir að vera alltaf hver í sínu horni að gera eitthvað.“

Sýningunni lýkur á aðfangadag og verður opin á sama tíma og verslun Sævars Karls.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

4 5 6 **7** 8 9 10

### Miðvikudagur

### TÓNLEIKAR

- 20.30 **Jón Jósep Snæbjörnsson** heldur tónleika í Akureyrarkirkju ásamt **Eyjólfi Kristjánssyni** og **Stúlknakór Akureyrarkirkju**. Á tónleikunum verða flutt lög af nýútkominni plötu Jónsa ásamt eldri lögum þeirra félaga. Einnig munu þeir syngja nokkur jólalög ásamt kórnum.
- 21.00 **Samkór Kópavogs** og **Samkór Reykjavíkur** halda sameiginlega tónleika í Grensáskirkju. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem kemur öllum í jólaskap. Kaffi og konfekt í hléi.
- 21.00 **Smekkleysa SM** efnir til útgáfuhátíðar á NASA við Austurvöll. Fram koma **Hairdoctor, Kira Kira, Megasukk** og **Siggi Ármann** og kynna efni af nýjum breiðskífum sínum. **Alfons X** og **Ben Frost** snúa plötum milli atriða.
- 21.00 **Tríó Björns Thoroddsen** heldur tónleika á Næsta bar í tilefni af nýútkomnum jóladisk tríósins, sem ber einfaldlega nafnið „Jól“. Tríóið skipa auk Björns, þau **Kristjana Stefánsdóttir** söngkona og **Jón Rafnsson** bassaleikari.
- Hljómsveitirnar **Indigo, Dikta** og **Shadow Parade** halda tónleika á Gauknum.
- **Jan Mayen** heldur opna æfingu á Dillon þar sem hljómsveitin flytur efni sem verður á næstu plötu hennar.

### FUNDIR

- 16.00 **Samtök um krabbameinsrannsóknir á Íslandi**, SKÍ, halda málþing í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, í tilefni af tíu ára afmæli sínu. Yfirskrift málþingsins er bólusetningar gegn leghálskrabbameini.

### BÆKUR

- 22.00 **Mike Pollock, Steinunn P. Hafstað** og **GAK** koma fram á ljóðakvöldi á Café Rosenberg. Opinn hljóðnemi að lestri loknum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ATVINNULEITIN HEFST HÉR!







Hvort sem þú ert einstaklingur í atvinnuleit eða stjórnandi að leita að góðum starfskrafti er **Allt – atvinna** lausnin fyrir þig.
**Allt – atvinna** er dreift með Fréttablaðinu inn á **95 þúsund heimili** alla sunnudaga .

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

Fíton/SÍA F1014629








Þráðlaust um jólin

Tryggðu gott samband með traustum þráðlausum síma

**Doro 430**

- Nýjung • SIM kortalesari
- Nýjung • Barnavöktun
- Heyrnatækjavernd
- SMS skilaboðasending og -móttaka

**Kr. 8.980,-**



**Panasonic 300**

- SMS skilaboðasending og -móttaka
- Ljós í takkaborði
- Innbyggður hátalari fyrir handfrjálsa notkun

**Kr. 9.980,-**



Til sölu í verslunum Símans, Símabæ Síðumúla 31, Bókaverslun Þórarins Húsavík og vefverslun Símans (www.vefverslun.is)

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Hverjir verða hvað?

**Brátt verða kynslóðaskipti í dægur- og stjórnmálalífi okkar Íslendinga. Gömul andlit draga sig smám saman í hlé og ný stíga fram í sviðsljósið til að dvelja þar í náinni framtíð. Það er ekki auðvelt að feta í fótspor þessa fólks sem hefur yljað okkur um hjartarætturnar svo árum eða áratugum skiptir. Þegar horft er yfir sviðið kemur hins vegar í ljós að við þurfum engu að kvíða því krónprinsar og -prinsessur eru á hverju strái. Þetta er því eingöngu spurning um hver hreppir hnossið.**




## ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON / DAGUR B. EGGERTSSON

*Í fljótu bragði hefðu margir ætlað Gísla Marteini Baldurssyni þetta hlutskipti. Ljósir lokkar nægja hins vegar ekki til að feta í fótspor forsetans. Dagur B. er menntamaður eins og forsetinn en þeir hafa báðir lokið ströngu háskólanámi. Þeir eru auk þess báðir á vinstri væng stjórnmálanna, sem hefur þótt ágætis stökkpallur á Bessastaði. Þó Dagur sé dökkhærður skemmir það ekki fyrir því báðir tveir skarta sérstakri hárgreiðslu sem hefur markað þeim sérstöðu meðal íslenskra stjórnmálamanna.*




## VALA MATT / SVALA BJÖRGVINS

*Vala Matt var vel sett sem arkitekt áður en hún heillaði íslensku þjóðina upp úr skónum á sokkabandsárum Stöðvar 2. Íslenskt þjóðlíf án hennar væri eins og harðfiskur án smjörs, þurrt og leiðinlegt. Vala er þó ekki eingöngu skemmtileg sjónvarpskona heldur einnig með eindæmum heillandi karakter. Í fljótu bragði er engin ung kona í íslenskum fjölmiðlum sem gæti tekið við af henni og það þurfti því að leita út fyrir hin þröngu heim sjónvarpsins en arftaki hennar fannst í poppsöngkonunni Svölu Björgvins. Þrátt fyrir að „meik“ tilraunir hennar hafi ekki gengið sem skyldi hefur Svala vakið athygli fyrir einstaka smekkvísi og ætti auðveldlega að geta orðið næsti „trendsetter“ Íslands þegar hún leggur loksins sönginn á hilluna. Ljósa hárið skemmir ekki fyrir samanburðinum.*




## RÚNAR JÚL / FROSTI LOGASON

*Rúni Júl hefur sýnt að það nægir ekki að vera bara sætur og kunna að spila á hljóðfæri. Menn þurfa að hafa toppstykkið í lagi, geta horfið til annarra starfa þegar tónlistaferillinn líður undir lok en geta haldið „coolinu“. Þetta er ekki hverjum gefið og margir tónlistarmenn rembast við að lifa á fornri frægð á meðan útgáfufyrirtæki Keflavíkurgoðsins gefur út Hjálma og Baggalút.*
*Sennilega verður bara einn Rúni Júl en sá sem kemst næst honum er Frosti Logason úr Mínus. Kunnugir segja að hann sé bæði heilinn og hjartað í hljómsveitinni en hann er auk þess dagskrárstjóri á Xinu. Þar að auki er margvíslegt sameiginlegt með einkalífi þessara rokkhunda því Frosti er oft nefndur á nafn sem hugsanlegur vonbiðill Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur fegurðardrottningar. Fáar sögur eru hins vegar til af afrekum gítarleikarans á knattspyrnuvellinum.*




## SVANHILDUR JAKOBSDÓTTIR / BIRGITTA HAUKDAL

*Svanhildur Jakobsdóttir er einhver glæsilegasta söngkona sinnar kynslóðar og heldur sér ótrúlega vel. Enn þann dag í dag heillar hún karlpeninginn upp úr skónum, unga jafnt sem aldna. Þrátt fyrir langan starfsaldur hefur Svanhildur, ólíkt mörgum öðrum konum í sinni stétt, aflað sér virðingar meðal kynsystra sinna en slíkt hefur reynst nánast ógjörningur þegar kemur að konum og sviðsljósinu. Aðeins ein stúlka sem er áberandi í mannlífinu í dag gæti orðið hugsanlegur arftaki hennar. Birgitta Haukdal hefur þennan stelpusjarma sem brætt hefur hjörtu táningsdrengja og hún er jákvæð fyrirmynd allra stúlkna sem sjá ekkert illt í henni. Þokki Birgittu virðist vera ótæmandi og ef að líkum lætur verður Birgitta með okkur um öld og ævi... líkt og Svanhildur.*




## GUÐNI ÁGÚSTSSON / BJÖRN INGI HRAFNSSON

*Þrátt fyrir augljósan metnað til að taka við af Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra verður það hlutskipt Björns Inga að verða landbúnaðarráðherra og taka við hlutverki Guðna Ágústssonar sem stuðboltinn í Framsókn. Björn Ingi hefur hinn sérstaka framsóknarhúmor alveg á hreinu og flaggar honum óspart í þáttum eins og Silfri Egils. Það myndi ekki vefjast fyrir Birni að hrósa íslensku mjólkinni, pylsunni og kúnni. Þá hefur Björn einnig einstakan sjarma sem gæti nýst honum á ferðalögum sínum um landið og nýtt heilsusamlegt útlit hans á eftir að heilla húsmæðurnar upp úr skónum.*
*Guðni Ágústsson hefur verið í framvarðarsveit Framsóknarflokksins og er eitt af aðaltrompum hans í kosningabaráttunni enda fáir stjórnmálamenn sem hafa meiri hæfileika til að laða fram bros á vörum kjósenda. Flokkurinn þarf ekki að kvíða að hann verði laus við glens og grín þegar Guðni stígur niður því Björn Ingi er verðugur arftaki hans.*




## HERMANN GUNNARSSON / EGILL GILLZENEGGER

*Þrátt fyrir yfirlýsta andúð á sjónvarpsþætti Hemma, Það var lagið, getur Egill ekki skorast undan ábyrgð sinni. Íþróttaferillinn, konurnar og djammið, þarf að segja meira? Egill ratar beina leið í sjónvarpið og þó hann stjórni að öllum líkindum ekki söngþætti gæti það verið „Fræga fólkið lyftir lóðum“ eða „Boxað í beinni“. Aukinn þroski mun veðra helsta rembinginn af kraftajötninum sem verður alltaf hrezz á kantinum. Þótt þjóðin voni auðvitað að Hemmi verði með henni sem lengst þarf hún ekki að kvíða að enginn komi í staðinn fyrir hannn því Gillzeneggerinn mun með bros á vör taka við krúnunni sem eftirlæti þjóðarinnar.*

# Auglýsa allt of mikið

Bandaríska söngkonan Whitney Houston hefur gagnrýnt ungar söngkonur á borð við Christinu Aguilera, Beyoncé Knowles og Britney Spears fyrir að vera of ginnkeyptar fyrir því að leika í auglýsingum.

Á meðan Aguilera hefur auglýst Pepsi grimmt og Knowles hefur auglýst skyndibitarisann McDonald's hefur Houston aldrei selt ímynd sína nema sem söngkona eða leikkona. „Þær eru vörumerki. Þær selja hvað sem er á meðan ég hef bara verið söng- og leikkona. Þær auglýsa allt of mikið," sagði Houston. ■



**WHITNEY HOUSTON** Söngkonan heimsfræga hefur gagnrýnt ungar söngkonur fyrir að auglýsa of mikið.

# „Gef mér!" syngur Andrea

Andrea Gylfadóttir hefur verið ráðin í hlutverk plöntunnar í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á söngleiknum Litlu Hryllingsbúðinni sem frumsýndur verður í febrúar.

„Þetta leggst vel í mig og ég geri þetta á minn hátt," segir Andrea. „Ég þurfti að hugsa mig aðeins um þar sem ég þarf að vera með annan fótinn á Akureyri en ákvað að slá til." Í fyrri uppsetningum hafa Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens ljáð plöntunni raddir sínar og segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri að ekki hafi hver sem er getað fetað í þeirra fótspor. „Það dugði ekkert minna en að fá sannkallaða kanónu sem Andrea Gylfa svo sannarlega er, enda ein af okkur bestu söngkonum. Okkur þótti líka spennandi að hafa kvenrödd, þannig að þetta er kvenplanta sem étur menn og það kallast á eitt og annað í þeim leiðum sem við ætlum í þessari uppsetningu."

Með önnur hlutverk fara Vigdís Hrefna Pálsdóttir sem leikur Auði, Jóhannes Haukur Jóhannesson sem leikur Ómar Konráð tannlækni, Guðjón Davíð Karlsson, Þráinn Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Idolstjarna og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. - bs



**ANDREA GYLFADÓTTIR** Kvíðir því ekki að feta í fótspor Bó og Bubba og ætlar að gera þetta með sínum hætti.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jennifer Aniston** er nú í miðjum klíðum við að kæra ljósmyndara sem hún segir að hafi ráðist illa inn á einkalíf sitt. Ljósmyndarinn Peter Brandt notaði myndavélafilmuna til þess að sjá inn á heimili hennar og taka myndir af henni í litlum klæðum. Jennifer ætlar ekki að láta hann né neinn annan komast upp með að hagnast á myndunum.



**Madonna** segir ást sína á skotveiði hafa dáið snögglega þegar fugl sem hún skaut drapst við fætur hennar. „Ég var æst í skotveiði fyrir nokkrum árum. Ég elskaði veiðigallann og allt í sambandi við veiðarnar. Svo lenti ég í því að einn fuglinn lá við fætur mér eftir að ég skaut hann. Fuglinn var ekki dáinn, þjáðist illilega og blóðið lak úr munni hans," sagði Madonna. „Ég hef ekki stundað skotveiði síðan."



**Sarah Jessica Parker** segist finna til með leikkonunum í þáttunum Desperate Housewives en þær mega þola sömu útreið frá fjölmiðlunum og Sarah og hinar leikkonurnar í Sex and the City áður fyrr. Sífellt voru sögusagnir á kreiki um að þær ættu í samskiptaörðugleikum og það sama þurfa Desperate Housewives að þola. „Maður heyrir aldrei slíkar sögur um karlkyns leikara. Það virðist vera áhugaverðara að lesa um kvenkyns leikkonur sem kemur ekki saman. En hreinlega er þetta algjört virðingarleysi gagnvart okkur konunum," sagði Sarah ósátt.



Leikarinn **Andy Serkis** virðist hafa bundist of sterkum böndum við górillur sem hann fylgdist með þegar hann lék í myndinni King Kong en ein górillan varð á endanum öfundsjúk út í Lorraine, konu Serkis. „Ég kynntist górillunum vel á nokkrum mánuðum því ég vildi læra af þeim. Svo þegar konan mín kom í heimsókn til mín varð Zarie, ein górillan, ekki sátt. Hún greip vatnsflösku og kastaði henni í Lorraine," sagði Serkis.




**Ekkert blað í morgun?**
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn





# Kynntu þér málið!

## Kynningarfundur um tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík

**Opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun kl. 17:00**

Um þessar mundir stendur yfir deiliskipulagsvinna í norðurhluta Kvosarinnar þar sem nýtt tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð mun rísa. Af því tilefni er boðað til opins fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 8. desember kl. 17:00 þar sem skipulagshugmyndir verða kynntar og borgarbúum gefst kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri.

Á fundinum mun fulltrúi Portus kynna hugmyndir um skipulag og uppbyggingu tónlistarhússins og ráðstefnumiðsöðvarinnar, formaður skipulagsráðs og fulltrúi Austurhafnar munu einnig ávarpa fundinn og sitja fyrir svörum.

Áætluð fundarlok eru kl. 18:30

Kvosin í dag



Reykjavíkurborg
skipulags- og byggingarsvið

www.reykjavik.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Geimsteinn lendir í Borgarleikahúsinu

**Útgáfufyrirtækið Geimsteinn með Rúnar Júlíusson í fararbroddi hertók Borgarleikhúsið á laugardagskvöldið. Goðið lét ekki sitt eftir liggja í tónlistarflutningi og sýndi þeim ungu hvernig á að gera þetta. Baggalútur, Deep Jimi and the Zep Creams og Hjálmar létu til sín taka og var góður rómur gerður að tónleikunum, sem sýndu svo ekki verður um villst að Keflavík er enn á kortinu og arfur Hljóma lifir góðu lífi.**



**MAÐURINN Í SVÖRTU** Rúnar Júl. var í flottu formi og klæddur í svart en goðið sýndi að það hefur engu gleymt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR



**KÁT MEÐ SUÐURNESIN** Björn Árnason, Guðmundur Guðmundsson, Sigurður Eyberg, Björk Þorsteinsdóttir, Einar Valgeirsson og Unnur Magnadóttir voru kampakát með Suðurnesjasveifluna.



**KNATTSPYRNUKAPPAR** Fótboltastrákarnir Haukur Ingi Guðnason, Jóhann Guðmundsson og Eysteinn Hauksson voru ánægðir ásamt Baldri Guðmundssyni.



**SUNGIÐ AF INNLIFUN** Steini í Hjálmum söng af mikilli innlifun í Borgarleikhúsinu en önnur breiðskífa reggísveitarinnar hefur fengið góða dóma.

# *Ómetanlegur stuðningur*

**Hljómsveitin Írafár hélt útgáfutónleika í Austurbæ á laugardaginn en samnefnd plata sveitarinnar kom nýverið út. Írafár hefur í samvinnu við Íslandsbanka haldið tónleika um land allt með það fyrir augum að styrkja Einstök börn. Allur ágóði af aðgangseyrinum rann til styrktar samtökunum og var Arnar Pálsson, formaður samtakanna, himinlifandi með þennan styrk en hann sagði þetta vera ómetanlegt fyrir samtök sem rekin eru með frjálsum framlögum einstaklinga. „Að fá svona er himnasending,“ sagði Arnar.**



**GLAÐUR Í BRAGÐI** Aðallagasmiður hljómsveitarinnar, Vignir Snær, var í góðum gír á tónleikunum.





**GLÆSILEG** Birgitta var að venju glæsileg og blómstraði á sviðinu í Austurbæ.



**TAKK BIRGITTA** Alexandra Diljá er mikill aðdáandi Birgittu og var allsendis ófeimin við að knúsa söngkonuna, sem auðvitað gaf henni þéttingsfast faðmlag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR



**FLOTT UMGJÖRÐ** Það var ekkert sparað þegar Írafár steig á sviðið í Austurbæ og var umgjörð tónleikanna með glæsilegasta móti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

# Dagskrárgerðarmenn breyttu Einari Áskeli í melludólg

Hæstiréttur Svíþjóðar hefur nú til umfjöllunar mál um það hvort dagskrárgerðarmenn sænska ríkisútvarpsins hafi mátt draga upp þá mynd af teiknimyndastráknum Einari Áskeli að hann sé melludólgur sem selji eiturlyf og berji eiturlyfjafíkla.

### Brot á höfundarrétti

Það var Gunilla Bergström, höfundur bókanna um Einar Áskel, sem kærði dagskrárgerðarmenn útvarpsþáttarins Pippirull fyrir að breyta verki sínu. „Einar Áskell er heiðarleg manneskja,“ fullyrti Gunnilla á miðvikudag þegar málið var tekið fyrir í Hæstarétti. „Mér finnst ekki rétt að gera Einar Áskel að dópsala, hvað þá með mínum texta sem var ekki hugsaður í þessu samhengi, heldur fyrir börn.“

Málið hefur staðið yfir í ein þrjú ár en Gunilla hefur bæði tapað í þingrétti sem og hofrétti, sem er miðdómsstig í hinu almenna dómskerfi. Gunilla var þá dæmd til að greiða um eina og hálfa milljón íslenskra króna í dómskostnað.

### Alfons melludólgur

Málið má rekja aftur til 2002 þegar Gunilla Bergström kærði dagskrárgerðarmenn Pippistrull fyrir brot á höfundarrétti þegar þeir klipptu saman brot úr leikriti um Einar Áskel og dönsku myndinni Pusher, sem fjallar um eiturlyf og ofbeldi. Einar Áskell heitir á frummálinu Alfons Åberg en á dönsku er alfons orð yfir melludólga, sem var hvatinn að gríni útvarpsmannanna. Í innslaginu selur Einar Áskell eiturlyf og lendir í slagsmálum við eiturlyfjafíkil.

Dagskrárgerðarmenn Pippistrull segja að leikþáttur þeirra sé sjálfstætt verk og það megi gera grín að þekktum persónum á borð við Einar Áskel. „Þekktir höfundar verða að þola gagnrýni, skopstælingu og háð,“ segir lögfræðingur SR, sænska ríkisútvarpsins.

### Stuldur eður ei?

Gunilla Bergström er þó ekki bara ósátt við að Einari Áskeli sé breytt í melludólg því hún telur að dagskrárgerðarmennirnir hafi stolið verkinu hennar þegar þeir klipptu upplestur leikarans Björns Gustafsson á upprunalegum texta úr bókinni saman við texta úr Pusher.

„Ég vil fá það staðfest hversu langt má ganga í að rífa verk listamanna úr samhengi. Einhvers staðar hljóta mörkin að liggja,“ sagði Gunnilla. „Ég lít svo á að þeir hafi stolið verkinu mínu þegar þeir rifu það úr samhengi og klipptu saman við annan texta.“ Óvíst er hvenær dómur Hæstiréttar fellur en Gunilla Bergström þarf líklega að bíða í nokkrar vikur eftir úrskurðinum.

kristjan@frettabladid.is



**EINAR ÁSKELL** Alfons Åberg eins og hann heitir á frummálinu. Alfons er orð yfir melludólga á dönsku og það var upphaf grínsins hjá dagskrárgerðarmönnum sænska ríkisútvarpsins.

## LEIÐRÉTTING

Við plötuumfjöllun sem birtist í Fréttablaðinu í gær um nýjustu plötu reggísveitarinnar Hjálma birtist rangt höfundarnafn. Rétt nafn er Borghildur Gunnarsdóttir. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

**2,4 MILLJÓNIR SÖFNUÐUST** Írafár hélt ellefu tónleika um allt land og tókst að safna tæpum tveimur og hálfri milljón íslenskra króna. Hljómsveitin afhenti formanni Einstakra barna, Arnari Pálssyni, ávísun með upphæðinni í Austurbæ.
















## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Dean Parisot**, leikstjóri nýjustu myndar **Jim Carrey**, Fun With Dick and Jane, telur að Carrey sé úr gúmmíi. Carrey féll sex metra niður af húsþaki við tökur á myndinni en kenndi sér einskis meins. Svo virtist sem hann hefði dottið á hausinn en síðan stóð hann upp eins og ekkert hefði í skorist. „Hann er í ótrúlegum tengslum við líkama sinn," sagði Parisot, stórundrandi á Carrey.



Brasilíska ofurfyrirsætan **Gisele Bündchen** var bæði hrædd og undrandi þegar hún sá að karlkyns aðdáandi sinn hafði húðflúrað mynd af henni á brjóstkassann á sér. Atvikið átti sér stað á tískusýningu í heimalandi fyrirsætunnar. „Hann verður með húðflúraða á sér mynd af mér alla ævi en hvað ef honum líkar ekki við mig á morgun?" sagði Gisele.



**Ben Affleck** þvertekur fyrir að hann og eiginkona hans **Jennifer Garner** auglýsi fyrir kaffihúsarisann Starbucks. Þau hjónin hafa hvað eftir annað sést með Starbucks-bolla á almannafæri.



# Veiðimaðurinn Uma

Bandaríska leikkonan Uma Thurman er í veiðihug. Hún hefur þó ekki í hyggju að fá sér skotleyfi heldur hyggst Kill Bill-leikkonan ná sér í kærasta. Hún hefur verið að hitta hóteleigandann Andre Balazs en tekur skýrt fram í viðtölum að hún sé ekki bundin í báða skó.

Uma hefur verið á lausu síðan hjónabandi hennar og Ethan Hawke lauk árið 2003. Uma segist vera frekar ráðvillt hvað stefnumótareglur varðar og segir erfitt fyrir konur á hennar aldri að komast í samband við hitt kynið. „Ég dáist að karlkyninu og nálgast karlmenn af ástríðu. Ég hef kynnt mér hegðun þeirra mjög gaumgæfilega og veit, líkt og veiðimaðurinn, hvernig bráðin hegðar sér," sagði Uma.



**UMA THURMAN** Er í veiðihug og hefur sagt að allir karlmenn komi til greina.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Eminem á toppinn

Ný safnplata frá rapparanum Eminem, Curtain Call - The Hits, fór beint á topp breska metsölulistans eftir aðeins tvo daga á lista.

Skákaði hún þar plötu Madonnu, Confessions on a Dance Floor, sem hefur notið mikilla vinsælda upp á síðkastið. Þetta er fjórða platan í röð frá Eminem sem fer beint á topp breska listans.

Safnplötunni fylgir aukadiskurinn Stan's Mixtape með áður óútgefnum lögum. Þar eru meðal annars lög sem Eminem hefur gert í samvinnu við aðra listamenn, þar á meðal The Notorious B.I.G og Jay-Z. Á safnplötunni sjálfri eru þrjú ný lög, þar á meðal When I'm Gone. Annars er þar að finna lög á borð við Stan, Lose Yourself, The Real Slim Shady og Just Lose It.



**EMINEM** Rapparinn Eminem hefur gefið út safnplötuna Curtain Call - The Hits.

# Stúfur aftur til byggða

Jólasafnplötunni Stúfur sem út kom fyrir síðustu jól hefur nú verið dreift á ný. Allur ágóði af sölu plötunnar rennur óskiptur til Mæðrastyrksnefndar, en í fyrra söfnuðust um hundrað þúsund krónur.

Hærra hlutfall af sölunni gengur til Mæðrastyrksnefndar því unnið hefur verið upp í alla kostnaðarliðina. KB Banki og Tónastöðin styrktu útgáfu plötunnar.

Á plötunni eru níu jólalög, þrjú frumsamin og sex tökulög, sem framvarðarsveit ungra hljómsveita á borð við Ókind, Lokbrá, Isidor og Hermigervill flytja.



**LOKBRÁ** Hljómsveitin Lokbrá á lag á jólasafnplötunni Stúfur. Á meðal sveita sem eiga lög á plötunni eru Ókind, Isidor og Hermigervill.

# Allt í rugli hjá Britney

Þeir eru sennilega fáir almannatengslafulltrúarnir núna sem ráðleggja ungu frægu pari að taka upp raunveruleikaþátt um hveitibrauðsdagana sína. Nick Lachey og Jessica Simpson eru skilin og bendir allt til þess að Britney Spears verði brátt einstæð móðir. Þrátt fyrir að hún sé nýbúinn að eignast barn er allt í kalda koli hjá henni og Kevin Federline samkvæmt breska blaðinu The Sun. Blaðið greinir einnig frá því að Spears hafi hent Federline út og látið draga rauða Ferrari-bifreið hans á brott.

Britney mætti með soninn Sean Preston á Billboard-verðlaunin en Kevin elti hana þangað og skráði sig inn á sama hótel. Hann hringdi síðan stanslaust og varð þetta ónæði til þess að Spears hætti við að koma fram.

Samkvæmt blaðinu er poppdrottningin orðin langþreytt á sífelldu djammi eiginmannsins síns, sem elskar bílinn sinn jafn mikið og hana. Heimildarmaður blaðsins segir að Britney sé í öngum sínum yfir því hvernig komið sé fyrir sér en þrátt fyrir ungan aldur eigi hún nú að baki misheppnað hjónaband.



**ÁST OG HAMINGJA** Parið virtist yfir sig ástfangið í upphafi en Adam var ekki lengi í Paradís og nú virðist sem öllu sé lokið hjá þeim Britney og Kevin.


# Aðalfundur hverfafélagsins í Grafarvogi

Aðalfundur Hverfafélags Samfylkingarinnar í Grafarvogi verður haldinn í Miðgarði, í kvöld og hefst kl. 20.
Á fundinn koma **Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri og **Stefán Jón Hafstein** borgarfulltrúi.
Þau hefja umræður um málefni Grafarvogs og önnur málefni borgarinnar.



Samfylkingarfélagar í Grafarvogi eru hvattir til að mæta!

Sjá nánar á www.sffr.is

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík


# Elton John giftir sig

Brúðkaup ársins í Bretlandi verður án nokkurs vafa þegar Elton John og David Furnish ganga að eiga hvorn annan þann 21. desember næstkomandi í Berkshire.

Berkshire hefur áður komist í heimsfréttirnar fyrir hjónavígslu því þar gengu Karl Bretaprins og Camilla Parker Bowles í hjónaband. Athöfnin sjálf verður mjög lítil en eingöngu móðir og stjúpfaðir Eltons auk foreldra Davids fá að vera viðstödd. Frá þessu öllu greinir götublaðið The Sun.

Það verður þó engu til sparað þegar kemur að veislunni því sjö hundruð manns hefur verið boðið í Old Windsor villuna. Meðal þeirra sem hafa fengið boðskort eru stöllurnar Liz Hurley og Victoria Beckham auk Rod Stewart.



**ELTON OG DAVID** Hafa lengi verið par og ætla að láta gefa sig saman 21. desember. Athöfnin verður lítil en veislugestir í Old Windsor verða í kringum sjö hundruð.

HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is







**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 3.20-5-6.50-8.10-10 | B.I. 10 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN VIP | KL. 5-8.10 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 5.45-8-10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 8 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 4 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 6 | |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 8 |
| THE DESCENT | KL. 10.20 |
| LORD OF WAR | KL. 8 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.10 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 8 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5-8 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | FORSÝNING KL. 8 | |
| NOEL | KL. 5.50-8-10.10 | |
| SERENITY | KL. 10.10 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-8-10 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 5.45-8-10.15 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6-8 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL.10 | |
| LORD OF WAR | KL. 5.30-8-10.20 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 | |

Háskólabíó


# Miðasala að hefjast

Miðasala á tónleika Katie Melua sem verða í Laugardalshöll 31. mars hefst á fimmtudag. Melua er ein vinsælasta söngkona heims um þessar mundir. Hún þykir einn helsti vonarneisti popp- og djasstónlistar og hefur þegar skipað sér í röð söluhæstu kvenna heims, aðeins 21 árs að aldri. Miðasalan á tónleikana fer fram í Skífunni, BT á landsbyggðinni og á concert.is. Aðeins er selt í sæti og því verður takmarkað magn miða í boði. ■



**KATIE MELUA** Söngkonan unga heldur tónleika í Höllinni 31. mars.

# Brotin standpína

**[ TÓNLIST ]**

UMFJÖLLUN

Stundum þegar ég hlusta á plötur eins og þessa velti ég því fyrir mér hvort það leynist einhver hliðarvídd einhvers staðar sem mér er ekki boðið að búa í. Ég get ekki ímyndað mér að það séu til manneskjur í sama heimi og ég sem virkilega sitja yfir þessari tónlist, hlusta af áhuga og fá ánægju af. Að minnsta kosti ekki fólk yfir átta ára aldri. Samt selst þessi plata örugglega í hundruðum þúsunda eintaka. Held að fæst þeirra verði spiluð oftar en tvisvar. Svo safna diskarnir ryki í tvo mánuði áður en eigandi þeirra reynir að selja þá fyrir hundrað kall í Kolaportinu.

Robbie hefur ekki alltaf verið svona slappur. Eftir að hann sparkaði lagahöfundinum Guy Chambers hefur hann verið eins og fótbrotinn spretthlaupari. Eða eins og brotin standpína.

En það eru ekki bara lagasmíðarnar sem eru litlausar og veikar, heldur eru lögin borin fram með bitlausustu og klisjulegustu útsetningum sem þið getið ímyndað ykkur. Robbie reynir meira að segja að syngja reggí í öðru lagi plötunnar. Kæmi mér ekki á óvart ef hann fengi hóp af morðóðum rastaförum á sig fyrir að reyna þetta.

Textarnir eru svo allir beint frá egói Robbie. Platan byrjar á setningunni; „Here I stand victorious, the only man who made you come!“. Aulahrollur, held að ég hafi bara ekki heyrt þá verri.

Öll lögin tólf snerta á hversu mikilli velgengni hann hefur fagnað á „erfiðri“ ævi sinni. En núna sé hann á toppnum og algjörlega með stjórn á sínum eigin örlögum. Hvern heldur hann eiginlega að hann sé að plata!? Ég sé hann a.m.k. aldrei í blöðunum án þess að vera að væla yfir þunglyndi og hversu erfitt það sé að vera poppstjarna. Svo sannarlega undarleg leið til þess að selja plötur, vekja upp samúð hjá aðdáendum sínum, búa svo til tónlist sem er uppblásnari en vindsæng, hirða peningana og halda svo áfram að vera í fýlu. Eins og líkamlega heilbrigður milljónamæringur sem heimtar spítalarúm einu sinni á ári bara til þess að fá gjafirnar og einhvern til þess að vorkenna sér.

Í guðanna bænum Robbie, hringdu aftur í Guy Chambers og biddu hann afsökunar. Það er ekki nóg að hafa góða rödd, útlit og sviðsframkomu til þess að halda stjörnuskini sínu. Aðalatriðið er að gefa út góð lög, og ég held að það sé ekki eitt einasta lag á þessari plötu sem hreyfði við mér... ekki einu sinni örlítið.

Aftur, ég bið þig, hringdu í Guy! Þá neyðist ég ekki til þess að þurfa að pína mig að hlusta á plötur eins og þessa í gegn, þrisvar!

Já, kæru lesendur, það sem ég geri ekki fyrir ykkur.

**Birgir Örn Steinarsson**



**ROBBIE WILLIAMS:**

INTENSIVE CARE

**Niðurstaða:** Uppáhald miðaldra húsmæðra er löngu orðinn getulaus. Það væri hægt að nota þessa nýju plötu Robbie sem pyntingartæki til að knýja fram játningar stríðsglæpamanna. Flestir myndu brotna ef þeir þyrftu að hlusta á þessa plötu á repeat.




Komdu tímanlega
með jólakortin

PÓSTURINN
allur pakkinn

Síðasti öruggi skiladagur

á jólakortum til landa utan Evrópu
er fimmtudagurinn 08.12.

á jólakortum til Evrópu
er fimmtudagurinn 15.12.

á jólakortum innanlands
er miðvikudagurinn 21.12.

Finndu pósthúsið næst þér á www.postur.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - ISP 28419 12/2005



## Allt að verða klárt

Hólmar Örn Rúnarsson er kominn til Svíþjóðar þar sem hann ræðir um samning við forráðamenn Trelleborg. Viðræður hefjast af kappi í dag og ef vel gengur skrifar Hólmar undir samning í kvöld.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞÓR: FJÁRHAGSVANDRÆÐI KALLA Á FRUMLEGAR LAUSNAR

# *Auglýst eftir fjárframlögum á heimasíðunni*





Íþróttafélagið Þór á Akureyri er í vondum málum þessa dagana enda skuldar félagið mikla peninga og bendir margt til þess að það sé á leið í gjaldþrot. Hörðustu félagsmennirnir hafa ekki lagt árar í bát og nýjasta útspil þeirra er að biðla til hins almenna félagsmanns um að styrkja félagið með fjárframlögum. Auglýst er eftir frjálsum framlögum sem munu fara í að greiða upp gamla skuld vegna vörsluskatta hjá sýslumanni.

“Það hefur lítið verið um framlög en þó eitthvað. Margt smátt gerir eitt stórt en betur má ef duga skal,” sagði Unnsteinn Jónsson, formaður knattspyrnudeildar félagsins, sem skrifar fréttina á heimasíðu Þórs þar sem óskað er eftir fjárframlögunum. “Það hafa ekki verið rukkuð árgjöld í nokkurn tíma og félagið á því eitthvað inni hjá félagsmönnum. Hinn almenni félagsmaður verður að gera meira en að ræða um hlutina. Verkin verða líka að tala.”

Það segir sína sögu um stöðuna á félaginu þegar byrjað er að auglýsa eftir peningum á heimasíðunni. “Félagið er illa statt og menn verða að vinna í því að komast út úr þessari stöðu með öllum tiltækum ráðum. Félagsmenn verða að byrja á því að líta í eigin barm svo það sé ekki bara krafa á aðra að styrkja. Við getum illa verið að krefjast peninga frá bænum þegar svona tekjustofn er ónotaður,” sagði Unnsteinn en félagsheimili Þórs, Hamar, er komið á uppboð og verður selt undan félaginu fari svo að ekki safnist nægir peningar. Þeim sem vilja styrkja félagið er bent á að kíkja á heimasíðu Þórs, thorsport.is.

## > Páll eftirsóttur



Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður Páll Einarsson ekki í neinum vandræðum með að finna sér nýtt félagið. Hans gamli þjálfari, Ásgeir Elíasson, er talinn vilja fá hann í Fram en Páll hefur meiri áhuga á að leika í efstu deild. Heyrst hefur að meðal þeirra liða sem séu að spá í Pál séu Breiðablik, Víkingur, Grindavík og fleiri. Fylkir til að mynda gæti vel notað reynslubolta eins og Pál á miðjuna og einnig hefur heyrst að ÍBV sé að reyna að lokka hann til Eyja.


fiac

LOFTPRESSUR





MIKIÐ ÚRVAL
FRÁBÆR VERÐ

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070

RAFSTÖÐVAR



HARRINGTON
m/HONDA MÓTOR
2,7 kvA kr. 59.750
3,75 kvA kr. 92.000
5,0 kvA kr. 110.000

ALL-KEEP
m/DIESLMÓTOR
og rafstarti
5 kvA kr.165.000
8 kvA kr.235.000

ÞÓR HF

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Er enginn vandræðastrákur

**Ágúst Björgvinsson, þjálfari kvennaliðs Hauka í körfuknattleik, segir tveggja leikja bann fyrir stólakastið sanngjarnt. Unndór Sigurðsson, þjálfari Grindavíkur, er ekki á sama máli og furðar sig á dómi aganefndar.**

**KÖRFUBOLTI** Forsaga málsins er sú að Ágústi var vísað af velli í leik Hauka og Grindvíkinga suður með sjó á dögunum. Var hann ekki sáttur við þann dóm og í bræði sinni kastaði hann hvítum plaststól upp í loftið og inn á völlinn með þeim afleiðingum að hann lenti í einum leikmanna Grindavikur, sem ekki varð meint af þó eitthvað hafi séð á henni. Niðurstaða aganefndar í málinu var tveggja leikja bann.

“Ég hef aldrei áður verið inni á borði aganefndar áður og ég er enginn vandræðastrákur. Ég held að þetta sé nokkuð sanngjarnt miðað við fyrsta brot. Svo missi ég af svaka leik og því er þetta fyrir mér eins og fimm leikja bann,” sagði Ágúst við Fréttablaðið í gær en hann verður í banni um helgina er Haukar spila í úrslitum Powerade-bikarsins.

Unndór Sigurðsson, kollegi Ágústs, er ekki á sama máli og Ágúst og segir dóminn undarlegan.

“Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta ansi skrítið. Menn hafa oft fengið meiri dóma fyrir minna. Páll Axel fékk einu sinni þrjá leiki í unglingaflokki en hann notaði bara orðin. Fékk hann virkilega bara tvo leiki?” sagði Unndór, sem var mjög hissa enda segir hann að þessi uppákoma hafi verið ansi sérstök. “Ég bjóst við að hann fengi svona fjóra leiki í bann. Hann tekur upp stól og þó þetta hafi kannski ekki verið viljandi þá verður hann að passa sig og þarna hefði getað farið verr.”

Það er ljóst að körfuboltaáhugamenn eiga eftir að deila mikið um þetta bann og Unndór er ekki viss um hversu gott fordæmi sé verið að setja með þessum dómi.



**TVEGGJA LEIKJA BANN** Ágúst Björgvinsson var í gær dæmdur í tveggja leikja bann fyrir að kasta stól inn á völlinn í leik Hauka og Grindavíkur.

“Menn þruma ekki stól inn á völlinn. Það er annað að sparka honum í vegg eða eitthvað álíka. Þetta er undarlegur dómur sem kemur mér á óvart. Þjálfarar eru haus liðsins og þeir verða því að hemja sig meira en aðrir,” sagði Unndór að lokum.

**henry@frettabladid.is**



**BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON** Brynjar mun þurfa að berjast fyrir sæti sínu þegar hann snýr aftur í aðallið Reading.

Brynjar Gunnarsson:

# Mun berjast fyrir sæti sínu

**FÓTBOLTI** Brynjar Björn Gunnarsson mun í kvöld leika með varaliði Reading gegn Crawley. Hann hefur verið meiddur að undanförnu en vonast er til þess að hann verði tilbúinn fyrir mikið leikjaálag í kringum jólin.

Reading hefur leikið einstaklega vel að undanförnu og er ljóst að það verður erfitt fyrir Brynjar að vinna sér sæti í byrjunarliðinu að nýju.

Steve Coppell, knattspyrnustjóri Reading, vonast til þess að Brynjar verði tilbúinn í slaginn áður en langt um líður. „Brynjar hefur leikið vel en á móti kemur að allir miðjumennirnir hafa leikið einstaklega vel að undanförnu og það verður því gott fyrir félagið þegar Brynjar snýr aftur. Þá lendi ég í vandræðum með að velja í liðið,“ sagði Coppell á opinberri heimasíðu Reading. Félagi Brynjars hjá Reading, Ívar Ingimarsson, hefur leikið einstaklega vel að undanförnu og eftir fund með Eyjólfi Sverrissyni ákvað hann að gefa kost á sér í íslenska landsliðið á nýjan leik, en hann gaf ekki kost á sér eftir að hafa lent upp á kant við Loga Ólafsson og Ásgeir Sigurvinsson, þáverandi landsliðsþjálfara.

**- mh**

Gleðifréttir fyrir Þór:

# Hlynur byrjaður að æfa

**FÓTBOLTI** Gamla landsliðskempan Hlynur Birgisson er byrjuð að æfa með 1. deildarliði Þórs á nýjan leik og mun að óbreyttu leika með liðinu næsta sumar en Hlynur hafði áætlað að hætta að leika með liðinu.

„Liðið verður byggt upp á ungum heimamönnum og því veitir ekki af gömlum jálkum eins og mér með,“ sagði Hlynur sem rennur blóðið til skyldunnar og er meira en tilí að gefa eitthvað til baka til félagsins sem ól hann upp.

„Ég er enn í fínu líkamlegu ástandi og því verður vonandi einhver hjálp í mér. Ef ekki þá hendir Orri mér bara á bekkinn,“ sagði Hlynur en þjálfari liðsins, Lárus Orri Sigurðsson, stefnir einnig á að spila með liðinu. en ljóst er að reynsla þeirra tveggja kemur til með að vega þungt fyrir Þórsara næsta sumar.

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir stefna báðir á að leika á ný með ÍA:

# Rómantík í því að koma heim og klára ferilinn

**FÓTBOLTI** Bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafa ákveðið að snúa á heimaslóðir og ljúka ferlinum með uppeldisfélagi sínu ÍA. Nokkur óvissa er með þátttöku Bjarka enda hefur hann verið meiddur lengi en að því gefnu að hann verði heill mun hann leika með ÍA ásamt bróður sínum.

„Er ekki rómantík í því að koma heim aftur?“ sagði Arnar léttur í gær. „Þetta hefur verið á bak við eyrað á mér í nokkurn tíma og í raun kom aðeins til greina að spila með ÍA eða Val. Ég er að loka hringnum eins og ég hafði alltaf talað um að gera.“

Arnar er annar Skagamaðurinn sem ákveður að koma heim en Þórður Guðjónsson hefur þegar samið við Skagamenn. „Við félagarnir höfðum alltaf talað um að enda þetta saman og ég er mjög spenntur fyrir þessu,“ sagði Arnar, sem gerir ekki ráð fyrir því að lenda í vandræðum með samningamálin enda ætlar hann ekki að fara fram á háar fjárhæðir frá ÍA. „Það er algjört formsatriði að ganga frá samningi sem verður til eins árs. Svo sér maður til eftir það.“

**- hbg**



**SAMEINAÐIR BRÆÐUR** Arnar og Bjarki stefna báðir að því að leika með ÍA næsta sumar. Óvissa er með þátttöku Bjarka sökum líkamlegs ástands hans.

# TYPPATAL
MEÐ AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



***Einstaklega fyndið!***
*Fréttablaðið.*

***„... bæði fræðandi og bráðfyndin.“***
*Svarthöfði, DV.*

***Hæ hó, guð minn almáttugur: salurinn lá, hlátursgusurnar voru ómældar og menn svöruðu glaðir spurningum um ákveðið líffæri. Er ekki í lagi með þessa þjóð?***
*Elísbet Brekkan, DV.*

***„Samband Auðuns við salinn var gott, það er kraftur og snerpa í flutningnum.“***
*Þorgeir Tryggvason, Morgunblaðið*

## SÝNINGAR

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 8. desember | - NASA við Austurvöll* |
| Föstudagur | 9. desember | - Höllin Vestmannaeyjum |
| Annar í jólum | 26. desember | - NASA við Austurvöll |
| Þriðjudagur | 27. desember | - Kaffi Krókur Sauðárkróki |
| Fimmtudagur | 29. desember | - NASA við Austurvöll |
| Föstudagur | 30. desember | - NASA við Austurvöll |

Sýningar hefjast kl. 20:30 *örfá sæti laus

**Miðasala í verslunum SKÍFUNNAR og á midi.is**

Tilkynnt var í gær um skiptingu í styrkleikaflokka á HM:

# England mjög óvænt í fyrsta styrkleikaflokki

**FÓTBOLTI** England er í fyrsta styrkleikaflokki þeirra þjóða sem hafa tryggt sér keppnisrétt á HM í Þýskalandi en talið var líklegt að liðið þyrfti að sætta sig við að vera í öðrum styrkleikaflokki. „Þetta eru frábærar fréttir fyrir okkur. Ég tel þetta líka rétt þar sem leikmannahópur okkar er virkilega sterkur og nokkrir af bestu leikmönnum heims eru þar á meðal. Fólk má ekki gleyma því að við unnum okkar riðil með sannfærandi hætti,“ sagði Sven Göran Eriksson þegar það lá fyrir að England yrði í efsta styrkleikaflokki.

Auk Englands eru Brasilía, Spánn, Þýskaland, Mexíkó, Frakkland, Argentína og Ítalía í efsta flokki. Þessar þjóðir geta ekki lent saman í riðli á heimsmeistaramótinu og því er einstaklega mikilvægt að vera á meðal þeirra þjóða sem settar eru í efsta styrkleikaflokk.

Flokkarnir eru fjórir í allt og geta þær þjóðir sem eru í flokkunum ekki lent saman í riðli. Í flokki þrjú eru bara Evrópuþjóðir en í flokkum tvö og fjögur eru hins vegar þær þjóðir sem eru fyrir utan flokk eitt og þrjú, án þess að þeim sem raðað fyrir eftir styrkleika. Landslið Serbíu er í sérflokki þar sem sú regla gildir að aldrei megi fleiri en tvær Evrópuþjóðir vera saman í riðli. **- mh**



**SVEN GÖRAN ERIKSSON** Sven Göran var afar ánægður með að England væri flokkað á meðal sterkustu landsliða.

**SKIPTING Í FLOKKA**

**FYRSTI FLOKKUR**
ÞÝSKALAND
**BRASILÍA**
ARGENTÍNA
**ENGLAND**
FRAKKLAND
**ÍTALÍA**
MEXÍKÓ
**SPÁNN**

**ANNAR FLOKKUR**
ÁSTRALÍA
**ANGÓLA**
GANA
**FÍLABEINSSTRÖNDIN**
TÓGÓ
**TÚNIS**
EKVADOR
**PARAGVÆ**

**ÞRIÐJI FLOKKUR**
KRÓATÍA
**TÉKKLAND**
HOLLAND
**PÓLLAND**
PORTÚGAL
**SVÍÞJÓÐ**
SVISS
**ÚKRAÍNA**

**FJÓRÐI FLOKKUR**
ÍRAN
**JAPAN**
SÁDI-ARABÍA
**SUÐUR-KÓREA**
KOSTA RÍKA
**TRINIDAD OG TÓBAGÓ**
BANDARÍKIN

**SÉRSTAKUR FLOKKUR**
SERBÍA


Auglýstu í Birtu



birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS

3 glæsileg jólablöð

2 desember - tíska, snyrtivörur og jólagjafir
9 desember - allt um bækur og jólagjafir
16 desember - jólamatur og jólagjafir

Mest lesna tímaritið tryggir athygli fyrir auglýsendur.
Vikulestur tryggir líftíma auglýsingarinnar.
Jólin eru byrjuð í Birtu

Öflugasta sjónvarpsdagskráin

Áhugasamir hafið samband við sölumenn:
Laila 550 5848 laila@365.is - Kittý 550 5854 kitty@365.is
Ester 550 5828 ester@365.is


# Man. Utd. verður að sigra Benfica í Portúgal

**Öll liðin í D-riðli Meistaradeildar Evrópu eiga möguleika á því að komast áfram í næstu umferð. Manchester United þarf á sigri að halda gegn Benfica.**

**FÓTBOLTI** „Ég er sannfærður um að við munum vinna leikinn gegn Benfica,“ sagði Portúgalinn Carlos Queiroz, aðstoðarmaður Alex Ferguson, knattspyrnustjóra Manchester United, en liðið þarf nauðsynlega á sigri að halda í kvöld til þess að komast áfram í næstu umferð í Meistaradeild Evrópu.

Queiroz þekkir leikstíl Benfica vel en hann fylgist vel með knattspyrnunni í heimalandi sínu. „Þetta verður erfiður leikur en við erum með leikmenn sem spila aldrei betur en þegar mest liggur við. Þó allir leikir séu stórleikir fyrir mér veit ég að leikmenn eru með hugann við þennan leik og þeir munu mæta einbeittir til leiks, enda kemur ekkert annað til greina en sigur.“

Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, segist vel finna fyrir pressunni fyrir leikinn en vonast til þess að leikmenn sínir bregðist við með réttum hætti. „Leikir eins og þessir skipta miklu máli fyrir leikmenn. Ég hef alltaf gert leikmönnum mínum það ljóst fyrir svona leiki að það hjálpi þeim enginn þegar út á völlinn er komið. Annað hvort eru menn tilbúnir til þess að standast pressuna eða ekki. Það er mitt hlutverk að velja þá leikmenn sem ég tel líklegasta til þess að standast pressuna, og yfirleitt hefur liði mínu gengið vel í mikilvægustu leikjunum.“

Sú ótrúlega staða er uppi í D-riðli að öll liðin í riðlinum eiga möguleika á því að komast áfram í næstu umferð, Villarreal er efst í riðlinum með sjö stig en Benfica neðst í riðlinum með fimm.

Ronald Koeman, þjálfari Benfica, er sannfærður um að lið sitt geti komist áfram í næstu umferð. „Ef ég hefði ekki trú á mínu liði í þessum leik ætti ég ekki að vera þjálfa. Svona leikir koma aðeins á nokkurra ára fresti og nú reynir á leikmennina og mig sjálfan. Við munum leggja hart að okkur og auðvitað ætlum við okkur áfram í næstu umferð.“

**magnush@frettabladid.is**



**WAYNE ROONEY** Rooney hefur leikið stórkostlega fyrir Manchester United að undanförnu og verður eflaust í lykilhlutverki í kvöld.

**MEISTARADEILD EVRÓPU**

**LEIKIR Í A-RIÐLI**

CLUB BRUGGE - BAYERN MÜNCHEN
**RAPID VÍN - JUVENTUS**

**STAÐAN Í A-RIÐLI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B. MÜNCHEN | 5 | 4 | 0 | 1 | 9 | 3 | 12 |
| JUVENTUS | 5 | 4 | 0 | 1 | 9 | 3 | 12 |
| CLUB BRUGGE | 5 | 2 | 0 | 3 | 5 | 6 | 6 |
| RAPID VÍN | 5 | 0 | 0 | 5 | 2 | 12 | 0 |

**LEIKIR Í B-RIÐLI**

SPARTA PRAG - THUN
**ARSENAL - AJAX**

**STAÐAN Í B-RIÐLI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ARSENAL | 5 | 5 | 0 | 0 | 10 | 2 | 15 |
| AJAX | 5 | 3 | 1 | 1 | 10 | 6 | 10 |
| THUN | 5 | 1 | 0 | 4 | 4 | 9 | 3 |
| SPARTA PRAG | 5 | 0 | 1 | 4 | 2 | 9 | 1 |

**LEIKIR Í C-RIÐLI**

**UDINESE - BARCELONA**
WERDER BREMEN - PANATHINAIKOS

**STAÐAN Í C-RIÐLI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BARCELONA | 5 | 4 | 1 | 0 | 14 | 2 | 13 |
| UDINESE | 5 | 2 | 1 | 2 | 10 | 10 | 7 |
| PANATHINAIKOS | 5 | 1 | 1 | 3 | 3 | 11 | 4 |
| WER. BREMEN | 5 | 1 | 1 | 3 | 7 | 11 | 4 |

**LEIKIR Í D-RIÐLI**

VILLARREAL - LILLE
**BENFICA - MANCHESTER UNITED**

**STAÐAN Í D-RIÐLI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| VILLARREAL | 5 | 1 | 4 | 0 | 2 | 1 | 7 |
| LILLE | 5 | 1 | 3 | 1 | 1 | 1 | 6 |
| MAN. UTD. | 5 | 1 | 3 | 1 | 2 | 2 | 6 |
| BENFICA | 5 | 1 | 2 | 2 | 3 | 4 | 5 |

Rúnar Sigtryggsson um leikinn í SS-bikarkeppninni:

# Berjumst til sigurs

**HANDBOLTI** „Við erum hóflega bjartsýnir enda verður þetta erfiður leikur. Stjarnan hefur verið á góðu skriði að undanförnu og við verðum að eiga góðan dag ef við ætlum okkur að komast áfram í næstu umferð,“ sagði Rúnar Sigtryggsson, lykilmaður í liði Þórs, en Þór tekur á móti Stjörnunni á heimavelli sínum í kvöld í SS-bikarkeppni karla í handbolta. „Það hafa verið veikindi í okkar herbúðum en vonandi verða allir leikmenn orðnir klárir í slaginn.

Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnunnar, á von á erfiðum leik en Þór lagði Stjörnuna í deildarleik fyrr í vetur. „Við vitum alveg að þetta verður hörkuleikur. Þórsliðið er sterkt á heimavelli og við verðum að læra af leiknum fyrr í vetur. Þá héldum við ekki einbeitingunni og þess vegna töpuðum við leiknum. En að undanförnu höfum við verið að spila ágætlega og höfum verið frekar óheppnir að vinna ekki bæði Val og Hauka. Leikmenn eru alltaf að ná betur og betur saman, og það á vonandi eftir að skila sér í næstu leikjum. En það er alveg ljóst að leikurinn gegn Þór verður prófraun á leikmenn og við verðum að standa okkur betur en við gerðum fyrr í vetur gegn Þór á Akureyri.“

FH og ÍBV eigast við í hinum leik kvöldsins í SS-bikarkeppninni og má búast við jöfnum og spennandi leik, en bæði lið hafa verið nokkuð frá sínu besta í vetur.

Alpay til vandræða:

# Í fjögurra leikja bann

**FÓTBOLTI** Tyrkneski varnarmaðurinn Alpay var í gær dæmdur í fjögurra leikja bann vegna olnbogaskots sem hann gaf Guy Demel, leikmanni Hamborgar, en Alpay leikur með Köln.

Reglulega berast fréttir af vandræðaganginum í Alpay en hann bíður nú dóms vegna slagsmála sem hann tók þátt í eftir landsleik Tyrklands og Sviss, en þar slóst Alpay heiftarlega við nokkra leikmenn Sviss.

Hann var á sínum tíma rekinn frá enska úrvalsdeildarfélaginu Aston Villa fyrir að blóta David Beckham í sand og ösku eftir að hann brenndi af vítaspyrnu.

Staða Alpay hjá Köln þykir ótrygg eftir þennan dóm. **- mh**


JÓLAGJÖFIN Í ÁR
PSP
Grand Theft Auto Liberty City Stories
PSP
PURSUIT FORCE
Ótrúlega magnað!
4.499 PSP LEIKUR
4.999 PSP LEIKUR
18 STRANGLEGA BANNAÐUR!
SONY
Þessi verður vinsæl í jólapakkann!
BT
POWER
22.999
PSP
Þetta fylgir með PSP
• Taska
• Leðuról
• Headset
• 32 mb minniskort
• demo diskur og linsuklútur
SPILAÐU LEIKI • HORFÐU Á MYNDIR • HLUSTAÐU Á TÓNLIST • FARÐU Á NETIÐ
PSP LEIKIR
PSP MYNDIR
4.999
4.799
4.999
4.999
4.999
4.999
1.999
1.999
1.999
1.999
ER AÐ LENDA
BT
Einnig fáanlegt á PSP!
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444





# Markalaust í stórslagnum á Stamford Bridge

**Leikmönnum Chelsea og Liverpool tókst ekki að skora á Brúnni í gær. Liverpool vann því riðilinn. Schalke sat eftir í hinum æsispennandi E-riðli.**

**FÓTBOLTI** Það gekk mikið á þegar lokaumferðin í fjórum riðlum Meistaradeildarinnar fór fram í gær. Mikil spenna var í E-riðli þar sem Schalke sat eftir með sárt ennið.

Auga okkar Íslendinga voru klárlega á viðureign Chelsea og Liverpool. Bæði lið voru komin áfram í keppninni og því var spilað upp á efsta sætið í riðlinum sem og heiðurinn.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea en hann lét lítið til sín taka í fyrri hálfleik rétt eins og aðrir leikmenn liðanna enda var fyrri hálfleikur ákaflega dapur og tíðindalítill. Eiður fékk á sig slæma tæklingu í hálfleiknum en hann slapp betur en á horfðist í fyrstu og gat haldið áfram leik.

Heimamenn í Chelsea byrjuðu síðari hálfleikinn mun betur og pressuðu nokkuð stíft. Skal engan undra þar sem Lundúnaliðið var stigi á eftir Liverpool og þurfti því á sigri að halda til að ná efsta sæti í riðlinum.

Eiður fékk ágætt færi eftir tíu mínútna leik en bakfallsspyrna hans fór yfir markið. Reyndar var Eiður dæmdur rangstæður en sjónvarpsmyndir sýndu að sá dómur var tóm vitleysa.

Leikurinn minnti um margt á hasarinn í leikjum liðanna í fyrra. Chelsea sótti án afláts en Liverpool varðist meistaralega allt til enda leiksins. Fór svo að lokum að ekkert mark var skorað í leiknum. Chelsea varð því að sætta sig við annað sætið í riðlinum og fær fyrir vikið gríðarsterkt lið sem andstæðing í næstu umferð keppninnar.

Glasgow Rangers kom nokkuð á óvart með að tryggja sér farseðil áfram en liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Inter í Glasgow en á sama tíma gerðu Artmedia og Porto markalaust í jafntefli í Bratislava. Lyon gulltryggði sigur sinn í F-riðli á meðan Madrid olli vonbrigðum enn eina ferðina.




**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í leiknum á Stamford Bridge í gær. John Terry, fyrirliði Chelsea, sést hér í baráttu við Spánverjann Luis Garcia hjá Liverpool.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MARK HJÁ ÞORRA** Þorri Björn Gunnarsson skorar hér mark í maraþonleiknum í Safamýri í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikil dramatík í leik Fram og Fylkis:

# Fram vann eftir tvíframlengdan leik

**HANDBOLTI** Það var háspenna/lífshætta í Safamýrinni í gær þegar heimamenn í Fram tóku á móti Fylki í átta liða úrslitum SS-bikarsins. Leikurinn var bráðfjörugur og áhorfendur fengu svo sannarlega eitthvað fyrir peninginn því úrslit réðust ekki fyrr en eftir tvær framlengingar. Þar reyndist Fram sterkara og vann eins marks sigur, 36-35.

Fram byrjaði leikinn mun betur og hreinlega kafsigldi gestina í upphafi leiksins en eftir fimmtán mínútur var staðan orðin 8-1 fyrir Fram. Eftir það var Fylkir alltaf að elta og náði að saxa muninn niður í þrjú mörk fyrir leikhlé, 15-12.

Sami eltingarleikurinn var í síðari hálfleik en þegar nær dró lokum leiks héldust liðin í hendur og fór svo að jafnt var á með liðunum eftir venjulegam leiktíma, 28-28.

Mikið fjör var í framlengingunni og taugar leikmanna þandar til hins ítrasta. Hver mistök skiptu máli. Liðin héldust áfram í hendur í framlengingunni og svo þétt var handtakið að framlengja varð á ný eftir viðbótar tíu mínúturnar. Staðan 32-32.

Það var komin nokkur þreyta í leikmenn í síðari framlengingunni en samt var ekkert gefið eftir. Eftir fyrri hálfleik framlengingarinnar var staðan jöfn, 34-34, og var Heimir Örn Árnason Fylkismaður þá kominn með fimmtán mörk en Framarinn Sergey Serenko tólf.

Allt var á suðupunkti í síðari hálfleiknum en það var Sigfús Sigfússon sem tryggði Fram sigur með marki einni og hálfri mínútu fyrir leikslok. Varnirnar héldu það sem eftir lifði í þessum ótrúlega handboltaleik.

**- hbg, - mh**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL**

AC MILAN - SCHALKE 3-2
**Pirlo (42.)** Kaká (52., 60.) - Polusen (44.), Lincoln (66.)
**PSV - FENERBAHCE 2-0**
**Cocu (14.),** Far´fan (85.)

**AC MILAN OG PSV KOMUST ÁFRAM Í KEPPNINNI.**

**F-RIÐILL**

**LYON - ROSENBORG 2-1**
**Fred (90.),** Benzema (33.)- Braaten (68.).
OLYMPIAKOS - REAL MADRID 2-1
**Bulut (50.),** Rivaldo (87.)- Sergio Ramos (7.)

**LYON OG REAL MADRID KOMUST ÁFRAM Í KEPPNINNI.**

**G-RIÐILL**

CHELSEA - LIVERPOOL 0-0

**REAL BETIS - ANDERLECHT 0-1**
- **Komapny** (44.)

**LIVERPOOL OG CHELSEA KOMUST ÁFRAM Í KEPPNINNI.**

**H-RIÐILL**

RANGERS - INTER 1-1
**Lovenkrands (38.)** - Adriano (30.)
**ARTMEDIA - PORTO 0-0**

**INTER OG RANGERS KOMUST ÁFRAM Í KEPPNINNI.**

*SS-bikarinn í handbolta:*

FRAM-FYLKIR 36-35 (28-28)
**Mörk Fram:** Sergey Serenko 13, Jón Björgvin Pétursson 6, Haraldur Þorvarðarson 6, Jóhann Gunnar Einarsson 4, Sigfús Sigfússon 3, Stefán Baldvin Stefánsson 2.
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 16, Magnús Erlendsson 3/2.
**Mörk Fylkis:** Heimir Örn Árnason 15, Arnar Jón Agnarsson 11, Ingólfur Axelsson 4, Eymar Kruger 2, Arnar Þór Sæþórsson 2, Guðlaugur Arnarsson 1.
**Varin skot:** Guðmundur Geirsson 17.
HK-HAUKAR 23-28


4.800 kr. á mánuði til 6. febrúar
JÓLATILBOÐ
Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
Harry Potter
515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Englishmen, you're all so fucking pompous. None of you have got any balls.“**

**Svar:** Dauðinn úr kvikmyndinni The Meaning of Life árið 1983.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON LÆTUR JÓLIN SKEMMA SJÓNVARPSÁNÆGJUNA.

# *Fimm mikilvægustu mínútur dagsins*

Þegar ég var krakki létu flestir sér nægja einföld jóladagatöl með myndum af Jesúbarninu í jötunni, jólasveinum, jólastjörnum, jólapökkum og þess háttar. Mestu flottræflarnir fengu súkkulaðidagatöl með leiðinlegum myndum af fótboltum og öðru drasli ásamt ógeðslega vondum súkkulaðimolum. Þetta er auðvitað löngu breytt og nú þurfa öll börn að horfa á jóladagatöl í sjónvarpinu.

Það er greinilegt að þetta fyrirbæri hefur slegið í gegn hjá ungviðinu sem er komið með einhvern dreka og rottu á heilann og það er bara 7. desember. Skuggahliðin á þessu er þó sú að þetta er foreldrum til mikillar bölvunnar þar sem heimilislífið fer allt að hverfast um þessar fimm mínútur á dag. Desember er vitaskuld galinn mánuður hjá flestu fjölskyldufólki. Fólk er á stöðugum þeytingi og það er í mörg horn að líta en vei þeim foreldrum sem ekki gæta þess að vera búnir að planta gríslingunum fyrir framan sjónvarpið klukkan 19. Ég fæ því ekki betur séð en þessi uppfinning sé enn einn hvimleiður fylgifiskur jólaundirbúningsins og fyrst og fremst til þess fallinn að ala á óeiningu og pirringi hjá barnafjölskyldum.


Þessi fyrirbæri halda börnum dáleiddum fyrir framan sjónvarpið í desember.

Það gråbölvaðasta við jólin og sjónvarpsgláp almennt eru samt auglýsingatímarnir, sem lengjast með hverjum deginum. Þetta er sérstaklega hvimleitt á stöðvum þar sem auglýsingum er skotið inn í miðja dagskrárliði. Þetta er mátulega pirrandi aðra mánuði ársins þegar atburðarásin í Law&Order er rofin ítrekað með 4-5 auglýsingum. Nú eru auglýsingahléin hins vegar svo löng að maður er algerlega dottinn úr sambandi við þáttinn þegar hann hefst á ný, ef maður er ekki hreinlega búinn að gleyma því á hvað maður var að horfa.


22.40 *Fræðsla*
VIVALDI GRÍMULAUS


22.10 *Spenna*
MISSING


21.50 *Drama*
RESCUE ME


20.00 *Matur*
JAMIE OLIVER'S SCHOOL DINNERS


19.30 *Fótbolti*
BENFICA – MAN. UTD

## SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (6:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Disneystundin **17.56** Lílo og Stitch (50:65) **18.18** Sígildar teiknimyndir (12:42) **18.25** Mikki mús (12:13)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan** (7:24)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (12:22)** (ER, Ser. XI)
**21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (4:6)** (The Catherine Tate Show)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Vivaldi grímulaus** (Vivaldi Unmasked) Bresk heimildamynd þar sem hljómsveitarstjórinn Charles Hazlewood segir frá tónskáldinu Antonio Vivaldi og frægasta tónverki hans, Árstíðunum, sem lá gleymt og grafið í 200 ár. Myndin verður endursýnd kl. 14.20 á sunnudag.

**23.40** Skuggabörn **0.25** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Sjálfstætt fólk **14.30** Wife Swap 2 **15.15** Kevin Hill **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Galdrabókin (7:24)** Nýtt íslenskt jóladagatal.
**19.45 The Simpsons (22:23)**
**20.10 Strákarnir**
**20.40 Supernanny US (5:11)** (Ofurfóstran í Bandaríkjunum)
**21.25 Oprah (15:145)** (Oprah 2005 – 2006) Spánnýir þættir með hinni einu sönnu Opruh.
**22.10 Missing (5:18)** (Mannshvörf) Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.
**22.55 Strong Medicine (9:22)** (Samkvæmt læknisráði 4)

**23.45** Stelpurnar **0.10** Footballer's Wives (B. börnum) **1.00** Numbers (B. börnum) **1.45** White Oleander (Bönnuð börnum) **3.35** Fréttir og Ísland í dag **4.40** Ísland í bítið **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki!!
**19.30 Game TV**
**20.00 Friends 5 (8:23)**
**20.30 Party at the Palms (3:12)** Playboy fyrirsætan Jenny McCarthy fer með áhorfendurna út á lífið í Las Vegas.
**21.00 So You Think You Can Dance (10:12)**
**21.50 Rescue Me (10:13)** (Brains) Frábær þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf eitthvað er í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem er að angra þá.
**22.35 Laguna Beach (10:11)**

**23.00** Fabulous Life of (4:20) **23.25** Friends 5 (8:23) (e) **23.50** The Newlyweds (3:30) **0.15** Tru Calling (3:20)

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Will & Grace (e)**
**20.00 Jamie Oliver's School Dinners** Þessum þætti fer Jamie Oliver í heimsókn í Greenwich grunnskólann í London til þess að athuga hvort að honum takist að búa til hollan og næringarríkan mat sem krakkarnir borða án þess að kvarta.
**21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý.
**22.00 Law & Order: SVU** Það er ráðist á unga og upprennandi sjónvarpsstjörnu og sá sem liggur undir grun er frægur útvarpsmaður.
**22.50 Sex and the City – 2. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**15.40** UEFA Champions League **17.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Ensku mörkin**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaradeildin – upphitun)
**19.30 UEFA Champions League** (Benfica – Man. Utd.) Bein útsending frá 6. umferð Meistaradeildar Evrópu. Meðal liða sem mætast eru Rapid Vín – Juventus, Club Brugge – Bayern München, Sparta Prag – Thun, Arsenal – Ajax, Udinese – Barcelona, Werder Bremen – Panathinaikos, Villarreal – Lille og Benfica – Man.Utd.
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2)
**22.20 UEFA Champions League** (Udinese – Barcelona)

**0.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spirit: Stallion of the Cimarron **8.00** Mr. Deeds **10.00** The Man Who Sued God **12.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **14.00** Spirit: Stallion of the Cimarron **16.00** Mr. Deeds **18.00** The Man Who Sued God **20.00** **Legally Blonde 2: Red, White & Blonde** (Löggilt ljóska 2) **22.00** **Some Girl** (Stelpur á lausu) Hér segir frá kunningjahópi í Los Angeles á þrítugsaldri. **0.00** Dead Men Don't Wear Plaid (Bönnuð börnum) **2.00** The Tuxedo (Bönnuð börnum) **4.00** Some Girl (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Big Hair Gone Bad **14.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **15.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **16.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **17.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** 101 Most Shocking Moments in... **22.00** Party @ the Palms **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Style Star **1.00** Party @ the Palms **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** E! Entertainment Specials

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Blackburn – Everton frá 3.12 **16.00** Charlton – Man. City frá 4.12 **18.00** Liverpool – Wigan frá 3.12

**20.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd.
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Man. Utd. – Portsmouth frá 3.12** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.

**0.00** Birmingham – West Ham frá 5.12 **2.00** Dagskrárlok


# ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?



Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**You Think You Can Dance** **Sirkus kl. 22.30**

### *Dansarar leika listir sínar*

Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Banaríkjanna. Vel valdir dansarar fá að vinna með færustu danshöfundum landsins og þurfa þau að sanna snilli sína fyrir þjóðinni en aðeins einn mun standa eftir sem sigurvegari keppninnar. Þættirnir slógu rækilega í gegn Bandaríkjunum í sumar. Í síðasta þætti duttu Ryan og Destini út en Ryan hefur verið talinn einn af skemmtilegri keppendum þáttanna enda þekktur fyrir einstakar brellur. Í þættinum í kvöld kemur fram hver fer út af fjórum neðstu keppendunum.



Nick og Kamilah í heitum dansi.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Hermann **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Mike Skinner **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**07.00**
*Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþr
**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.

20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**23.00** Frontline **23.45** Kvölddagskrá **0.50** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.15** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **13.15** Biathlon: World Cup Hochfilzen Germany **15.00** Rally: World Championship Review **16.00** Car Racing: the Race of Champions **17.30** Biathlon: World Cup Hochfilzen Germany **18.45** Olympic Games: Olympic Torch Relay **19.00** Sailing: Inside Alinghi **19.05** All Sports: Wednesday Selection **19.15** Equestrianism: Show Jumping Brussels **20.15** Golf: Challenge Tour **20.45** Sailing: Maxi Yacht Rolex Cup **21.15** Sailing: Volvo Ocean Race **21.45** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **22.00** Biathlon: World Cup Hochfilzen Germany **23.00** Fight Sport: Shooto **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Binka **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Stitch Up **16.00** How to Be a Gardener **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** Growing Up and Up **21.00** Diana: The People's Princess **21.50** Table 12 **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** Coupling **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** Renaissance **2.00** Art and Its Histories

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Africa's Secret Seven **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Megastructures **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastructures **19.00** Africa's Secret Seven **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Megastructures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** Weird Nature **20.30** Supernatural **21.00** Miami Animal Police **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Weird Nature **1.30** Supernatural **2.00** The Snake Buster

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See MTV **14.00** Pimp My Ride **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Switched On MTV **17.00** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** The Trip **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Punk'd **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** The Lick **0.00** Just See MTV





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sorento og vandaðir aukahlutir**
Nú bjóðum við KIA Sorento V6 með Garmin leiðsögukerfi (street pilot) og 31" heilsársdekkjum – aukahlutapakka að verðmæti 134.000 kr. – takmarkað magn!





*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA MOTORS

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

*...fær Egill Gillzenegger fyrir að hafa skrifað heila bók á þremur vikum.*

## ÞRÍR SPURÐIR TRÚIR ÞÚ Á JÓLASVEININN?

**Ætti sveinki að setja í skóinn til tvítugs?**

Ég ætla bara að segja já. Ég myndi helst vilja að jólasveinninn setti í skóinn hjá fólki til tvítugs eða jafnvel lengur. Hann ætti kannski að fara á sálfræðinámskeið og finna út úr því hverjir þurfa á því að halda að fá í skóinn langt fram eftir aldri. Reyndar er ekki bara einn jólasveinn hjá mér, ég vil ekki hafa þá færri en þrettán.



ANDREA JÓNSDÓTTIR ÚTVARPSKONA.

**Þeir leynast alls staðar**

Að sjálfsögðu trúi ég á jólasveininn. Ég hef reyndar ekki alltaf gert það en ég hef komist að því að þeir eru margir jólasveinarnir sem leynast okkar á milli. Þeir eru af öllum gerðum og sortum.



KRISTJÁN HELGASON SÖNGVARI.



SÆUNN ÓLAFSDÓTTIR RITHÖFUNDUR.

**Trúin hefur komið og farið**

Já, ég geri það að sjálfsögðu þótt trúin hafi komið og farið á tímabilum í mínu lífi. En trúin styrktist eftir að ég eignaðist börnin mín og núna þegar ég á fjögurra og sex ára gömul börn þá trúi ég að sjálfsögðu á íslensku jólasveinana þrettán.



**LÁRÉTT**
**2** á eftir **6** klafi **8** tæra **9** kóf **11** til **12** langt op **14** skammstöfun **16** tímaeining **17** eyða **18** sigti **20** frú **21** hnappur.
**LÓÐRÉTT**
**1** tónlistarstíll **3** tveir eins **4** allir bókstafirnir í röð **5** saur **7** hitaeining **10** framkoma **13** þakbrún **15** varla **16** kærleikur **19** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** næst, **6** ok, **8** æta, **9** kaf, **11** að, **12** klauf, **14** ostrv, **16** ár, **17** sóa, **18** sía, **20** fr, **21** tala. **LÓÐRÉTT: 1** rokk, **3** ææ, **4** stafróf, **5** tað, **7** kaloría, **10** fas, **13** ufs, **15** vart, **16** ást, **19** al.






ÁSGEIR KOLBEINS: HÆTTUR HJÁ FM 957

# Vill skoða nýja víddir

Ásgeir Kolbeinsson hefur sagt stöðu sinni lausri sem dagskrárstjóri FM 957 en þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið. Uppsögnin kom starfsfólki og stjórnendum stöðvarinnar nokkuð í opna skjöldu þar sem hún hefur verið að auka við vinsældir sínar jafnt og þétt á undanförnum mánuðum. „Það eru ekki margir sem vilja hverfa á brott þegar vel gengur,“ sagði Ásgeir en hann tók við starfinu fyrir hálfu ári síðan þegar mannabreytingar áttu sér stað hjá útvarpsstöðinni.

Hann segist hafa lagt til margvíslegar breytingar og komið með nýja strauma og stefnur sem mæltust vel fyrir. „Það má kannski segja að ég sé búinn að koma henni á það ról sem ég vildi sjá hana á,“ útskýrir hann. „Það voru ákveðnar hugsjónir sem ég vildi að yrðu hafðar að leiðarljósi hjá stöðinni en á þessum harða fjölmiðlamarkaði geta minnstu mistök sett allt út af sporinu,“ bætir Ásgeir við og segist hverfa sáttur frá borði.

Ásgeir segir þetta þó ekki hafa verið neina skyndiákvörðun því hún hafi verið að gerjast hjá honum í góðan mánuð. „Ég mun verða hér næstu vikurnar til að koma nýju fólki inn í starfið,“ segir Ásgeir en hann á sér þó engan draumaarftaka. „Bara einhvern sem heldur stöðinni á þeirri braut sem hún hefur verið á.“ Hann tekur þó skýrt fram að brotthvarfið verið í mesta bróðerni og engum hurðum verið skellt. Ásgeir Kolbeinsson hefur verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið. Hann stýrir þættinum Sirkus Reykjavík á sjónvarpsstöðinni og mun áfram vera umsjónarmaður hans næstu þrjá mánuði.

Ásgeir vildi ekkert segja hvað tæki við hjá sér næst og útilokaði ekki brotthvarf úr sviðsljósi fjölmiðlanna. „Mig langar til að skipta um starfsumhverfi og skoða nýjar víddir.“ sagði hann dulur og lét ekkert uppi. „Ég mun engu að síður taka mér nokkrar vikur í að íhuga málið,“ sagði Ásgeir og viðurkenndi að honum hefðu boðist nokkur spennandi störf. Hann sagði þó ekkert launungarmál að hann langaði til að starfa á sviði fjölmiðla og viðurkenndi að það væri sú braut sem hann vildi feta enn frekar.

freyrgigja@frettabladid.is



**ÁSGEIR KOLBEINS** Hefur verið áberandi í íslenskum fjölmiðlum að undanförnu. Hann er hættur sem dagskrárstjóri FM957 en ákvörðun hans hefur komið mörgum á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hópur fólks á vegum skákfélagsins Hróksins, Barnaheilla á Íslandi, Rauða krossins og Kalak, vinafélags Íslands og Grænlands, er staddur á Austur-Grænlandi þessa dagana. Tilgangur ferðarinnar er að færa 500 grænlenskum grunnskólabörnum skáksett sem Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins, safnaði fyrir með skákmaraþoni fyrr í vetur. Stefán Þór Herbertsson, formaður Kalak, er leiðangursstjóri en hópurinn nýtur einnig aðstoðar „ísmannsins“ Sigurðar Péturssonar, sem sigldi meðal annars með Hrafn og Henrik Danielsen, skólastjóra Hróksins, til heimabæjar síns Kuummiit þar sem þeir glöddu unga fólkið með skáksettum, íslensku nammi og jóladagatölum. Þegar hópurinn fór frá Reykjavíkurflugvelli á laugardag lýsti Hrafn því yfir að þetta væri ferð lífs hans. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kvaddi hópinn á flugvellinum og Hrafn notaði tækifærið til þess að gefa forsetanum, After the Rain, nýjan geisladisk Ragnheiðar Gröndal. Hrafn er einlægur aðdáandi Ragnheiðar en hún söng í fertugsafmæli hans í síðasta mánuði. Hrafn fer ekki leynt með aðdáun sína á söng Ragnheiðar og mun einnig hafa fært Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra eintak af diskinum í síðustu viku. -ÞÞ












# Íslenskir Stónsarar á Gauknum

Á fimmtudaginn ætla hinir íslensku Stónsarar að koma fram á Gauk á Stöng í tilefni af útkomu nýrrar bókar um Rolling Stones í þýðingu Birgis Baldurssonar. Er sveitin skipuð einvalaliði en þýðandinn sjálfur mun lemja húðirnar. „Þetta verður fallegt,“ sagði hann. „Það er smitandi ánægja milli hljómsveitameðlima,“ bætir hann við en sveitina skipa auk hans Björgvin Gíslason, Eðvarð Lárusson, Tómas Tómasson og Einar Rúnarsson en það er sjálfur Helgi Björns sem bregður sér í líki Mick Jagger. „Reyndar hefur honum ekki gefist tækifæri til að æfa með okkur en við rennum yfir dagskrána á fimmtudaginn,“ segir Birgir óhræddur en þetta er einmitt í ætt við ferlið hjá Rolling Stones sem æfa frekar lítið. „Þetta felst ekki í að apa allt „orðrétt“ upp eftir þeim heldur spila frekar í anda þeirra,“ segir Birgir. „Það getur enginn leikið á gítar eins og Keith en það er hægt að spila í anda hans.“

Birgir segir að Rolling Stones hafi haft mikil áhrif á rokktónlistina og ekkert síðri en fjórmenningarnir í Bítlunum. „Þeir nálguðust tónsmíðina eins og djassinn og litu á lagasmiðar sem ramma og það væri síðan hægt að vinna eftir honum,“ útskýrir hann en Rolling Stones sóttu mikið í arf hinna svörtu blúsara, Motown og kántrítónlistina. „Stones flytur rokk eins og það kemur af skepnunni sjálfri.“

Þýðandinn segist hafa skemmt sér konunglega yfir því að þýða bókina og margt hafi komið honum á óvart. Honum finnst þó ólíklegt að hann drekki einn Jack Daniels með engiferöli, morgunmat Keith Richards, áður en hann stígur á sviðið. „Hann sagði reyndar eftir að hafa þurrkað sig upp af heróíni að allt annað væri barnaleikur,“ útskýrir Birgir en segist jafnframt þurfa á öllu sínu að halda ef ekki eigi að fara illa.

- fgg



**BIRGIR BALDURSSON** Ætlar að tromma í anda Charlie Watts en ekki reyna að apa allt upp eftir honum því það er ekki hægt.


JÓLAPAKKAR
Í HLJÓÐFÆRAHÚSINU!
MBOX 2 – HEIMASTÚDÍÓ
Draumapakki fyrir alla tónlistarmenn!
Pro Tools upptökuforrit og fjöldi annara forrita fylgir.
MBOX2 með Protools
Verð frá
41.900,–
FENDER KASSAGÍTAR MEÐ ÖLLU
Fender
Fender kassagítar
Kassagítar, ól, strengir, gítarstillir, neglur og kennsludiskur
14.999,–
YAMAHA HLJÓMBORÐ
E-303
27.900,–
eða 4.819,– á mán. miðað við 6 vaxtalausar greiðslur
PSR 293
34.900,–
eða 5.992,– á mán. miðað við 6 vaxtalausar greiðslur
Statíf og "Hljómar í Bókstaflegum skilningi" ný kennslubók eftir Ástvald Traustason fylgir.
YAMAHA
PACIFIC EZ TROMMUSETT
Kennslubókin "Trommleikur frá byrjun" fylgir.
Pacific EZ
með diskum
36.500,–
RAFMAGNSGÍTAR OG MAGNARI
Fender magnari og Squier stratocaster
34.900,–
Squier Strat. Rafmagnsgítar frá FENDER og Fender G-Dec magnari með innyggðum tuner, undirspili, effectum, upptöku ofl.
YAMAHA KASSAGÍTARAR
YAMAHA
Yamaha
Kassagítarar frá
21.900,–
RODRIGUES KLASSÍSKIR GÍTARAR
Rodrigues frá spáni
Kassagítarar frá
16.900,–
YAMAHA BLÁSTURSHLJÓÐFÆRI
YAMAHA
Yamaha
Blásturshljóðfæri í miklu úrvali
Þverflautur frá
39.900,–
Trompetar frá
39.900,–
Alto saxófónn frá
79.900,–
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



BAKÞANKAR
SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

# *Um hóf og öfgar*

Hvernig sem ég reyni tekst mér aldrei að gera neitt í hófi. Allt sem ég tek mér fyrir hendur verður á einhvern hátt öfgakennt. Ég er líka búin að læra að sætta mig við að svona er ég og mér verður ekki breytt úr þessu. Að minnsta kosti ekki mikið. Mér er smám saman að takast að líta á þetta karaktereinkenni mitt sem kost en ekki galla því það sem ég tek mér fyrir hendur geri ég vel, annars gæti ég bara sleppt því.

**SEM** betur fer er ég líka farin að geta gert grín að sjálfri mér fyrir öfgarnar. Það er dálítið hlægilegt að standa fyrir framan bókahillurnar mínar því í þeim get ég rekið fjölmörg tímabil í lífi mínu. Ég þarf nefnilega að gerast sérfræðingur í öllu því sem ég geri og sanka iðulega að mér fjöldanum öllum af bókum um það verkefni sem efst er á baugi hjá mér á hverjum tíma.

**ÉG** á örugglega hátt í hundrað matreiðslubækur því fyrir tíu árum fékk ég áhuga á eldamennsku. Ég á bækur um allar mögulegar tegundir matreiðslu, því auðvitað þurfti ég að gerast sérfróð um matreiðslumenningu sem flestra heimshorna. Svo hætti ég að elda því ég keypti hús með garði í algjörri órækt. Þá keypti ég garðyrkjubækur.

**ÉG** réðst í garðyrkju af svo mikilli ástríðu og krafti að annað eins hafði ekki sést í hverfinu. Reyndar bjó ég í London á þeim tíma og viðmið ensku nágranna minna að sjálfsögðu langt frá íslenskum víkingaviðmiðum. Ég vissi allt um garðplöntur, matjurtir og blóm og hvaða plöntur hentuðu best. Þá var bara að bíða eftir því að allt sem ég hefði gróðursett yxi, þannig að ég ákvað að fá mér hund.

**ÉG** keypti fyrst nokkrar yfirlitsbækur um hunda til þess að kynna mér hvaða hundategund myndi henta mér. Svo þegar ég var búin að gera lista yfir um fimm tegundir sem mér leist vel á keypti ég bækur um þessar tegundir. Svo valdi ég hundinn og svo keypti ég bækur um hundauppeldi. Nokkrar. Og svo fór ég að ala upp hund. Eins og áður var allt gert samkvæmt bókinni.

**OG** nú er það heilsufæði sem á hug minn allan. Ég verð nú að segjast vera sjálfri mér samkvæm í þessu nýjasta æði mínu. Ég er orðin grænmetisæta og sérfræðingur í baunaréttum, búin að fjárfesta í rándýrri ávaxta- og grænmetispressu sem ég nota í gríð og erg og fjöldanum af bókum um heilsufæði. Hvað skyldi koma næst?




